# Greinargerð fagsviða og B-hluta fyrirtækja

## með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025

Lagt fram í borgarráði 31. október 2024

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar

Október 2024

# EFNISYFIRLIT

## A-hluti

Fjármála- og áhættustýringarsvið ... 7

Mannauðs- og starfsumhverfissvið ... 15

Menningar- og íþróttasvið ... 23

Skóla- og frístundasvið ... 35

Umhverfis- og skipulagssvið ... 45

Velferðarsvið ... 65

Þjónustu- og nýsköpunarsvið ... 81

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ... 95

Sameiginlegur kostnaður ... 105

Eignasjóður ... 107

Framlög til b-hluta fyrirtækja ... 113

## B-hluti

Faxaflóahafnir sf. ... 115

Félagsbústaðir ... 123

Malbikunarstöðin Höfði hf. ... 131

Orkuveita Reykjavíkur ... 135

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ... 151

Strætó bs. ... 159

Sorpa bs. ... 165

Jafnlaunastofa sf. ... 175

# A-HLUTI



# FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ

## LEIÐARLJÓS

*Fjármála- og áhættustýringarsvið er fjölbreyttur hópur framúrskarandi starfsfólks sem leysir margbreytileg og krefjandi verkefni af heilindum í krafti tækni, með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi. Starfsemin er framsækin og er Reykjavíkurborg til heilla.*

## SKIPURIT




## HLUTVERK

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar.

Sviðið skiptist í sex skrifstofur sem hafa skýrt umboð og eftirlitshlutverk með fjármálum og fjármálastjórn borgarinnar, aðhaldi í rekstri, fjármálaráðgjöf og hagnýtingu gagna m.a. til að fylgjast með frávikum og kostnaðarmyndun. Hlutverk sviðsins er að fara með skilvirkt tekjueftirlit og eigendafyrirsvar gagnvart fasteignum borgarinnar. Sviðið nýtir gögn, frávikagreiningar, verkefnastjórnun og teymisvinnu þvert á skrifstofur og svið eftir þörfum hverju sinni. Breytingar á skipuriti sviðsins sem tóku gildi 1. janúar 2024 fólu í sér tilfærslu verkefna á milli fag- og kjarnasviða Reykjavíkurborgar með það að markmiði að ná fram jafnvægi í umfangi og skýrari afmörkun kjarnaverkefna sviðsins og að auka samlegð verkefna. Í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í upphafi kjörtímabils og gildir til ársins 2027 er lögð áhersla á skýra sýn á græna og vaxandi borg, sjálfbærni í rekstri og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar. Til þess að sjálfbærnimarkmið borgarinnar og aðrar áherslur fjármálastefnu Reykjavíkurborgar nái fram að ganga þurfa að vera til staðar skýr markmið, öflug og áreiðanleg fjármálastjórn, virkt eftirlit og öflug áhættustýring.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025*

| | Raun 2023 | Esk. áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 53.133 | 57.520 | 56.960 |
| **Tekjur samtals** | **53.133** | **57.520** | **56.960** |
| Laun og launatengd gjöld | 936.729 | 983.410 | 1.045.925 |
| Annar kostnaður | 180.884 | 217.843 | 263.420 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **1.117.614** | **1.201.253** | **1.309.346** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **1.064.481** | **1.143.733** | **1.252.386** |

*Rekstur Eignaskrifstofu færist í Eignasjóði og er undanskilinn í þeim tölum sem hér birtast.

## STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útkomuspá 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi stöðugilda | 75,6 | 71,6 | 80,3 |
| **Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:** | | | |
| Skrifstofa sviðsstjóra | 14,5 | 8,6 | 11,0 |
| Áhættustjóri * | 4,0 | 1,0 | 1,0 |
| Skrifstofa áætlana og hagmála | 7,9 | 6,0 | 6,0 |
| Skrifstofa bókhalds og uppgjörs | 24,2 | 28,5 | 30,3 |
| Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu | 7,7 | 8,5 | 9,0 |
| Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar | 8,3 | 10,5 | 14,0 |
| Eignaskrifstofa ** | 9,0 | 8,5 | 9,0 |

*Skrifstofa áhættustýringar árið 2023

** Rekstur Eignaskrifstofu færist í Eignasjóði.

## SKIPTING REKSTRAR 2025



# MEGINMARKMIÐ, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Markmið fjármála- og áhættustýringarsviðs er að fjármunum borgarinnar sé stjórnað á skilvirkan hátt með fjárhagslegu gagnsæi, ábyrgð og öflugri yfirsýn. Að stuðlað sé að árangurstengdri fjárhagsáætlunargerð, eftirfylgni, stjórnendum og starfsfólki sé veitt aðhald til að geta tekið réttar fjárhagsákvarðanir og að byggt verði undir fjárhagslega sjálfbærni Reykjavíkurborgar. Framtíðarsýn sviðsins er að þar starfi fjölbreyttur hópur framúrskarandi starfsfólks sem leysir margbreytileg og krefjandi verkefni af hendi af heilindum og í krafti tækni, með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi. Að starfsemin sé framsækin og Reykjavíkurborg til heilla.

*Meginmarkmið nýrrar umbótastefnu fjármála- og áhættustýringarsviðs eru:*

*Að starfrækja skilvirka fjármálaþjónustu - með áherslu á:*

TRAUSTA FERLA | NÚTÍMALEG KERFI | AUKNA SJÁLFVIRKNI | SKÝRA MÆLIKVARÐA

*Að stunda öfluga framþróun - með áherslu á:*

ÞVERFAGLEGA SAMVINNU | FRJÓTT UMHVERFI | MIÐLUN ÞEKKINGAR | EINN VINNUSTAÐ

*Að styðja við farsæla ákvarðanatöku - með áherslu á:*

ÖFLUGAR UPPLÝSINGAR | SKÝRAR BOÐLEIÐIR | MARKVISSAR GREININGAR | VIRKA STÝRINGU

*Í því felst m.a:*

- *Að veita vandaða og vel skilgreinda þjónustu*
- *Áhersla á sjálfvirkni í meðferð, skráningu og umsýslu gagna*
- *Áhersla á myndræna, skýra og aðgengilega þjónustuferla*
- *Notkun staðlaðra lausna og þróun kerfa á grunni örra tækninýjunga*
- *Að setja fram mælanleg markmið um hraða, gæði og þjónustustig*
- *Að byggja upp getu til að vinna í þverfaglegu teymisstarfi*
- *Að varðveita þekkingu og reynslu og miðla henni á skipulagðan hátt*
- *Að vinna í auknum mæli í verkefnadrifnu vinnuumhverfi*
- *Að vera einn vinnustaður með sömu viðmið, gagnrýnin á eldri hefðir*
- *Að veita áreiðanlegar og reglubundnar upplýsingar með tímanlegum gögnum*
- *Að beina öllum beiðnum í einn skýran farveg*
- *Að miðla reglubundnum og stöðluðum greiningum sem styðja við ákvarðanatöku*
- *Að samræma fjármálastjórn borgarinnar með skýru verklagi, líkanagerð, áhættustýringu og eftirfylgni.*

Á næsta ári verður áfram unnið að því að ná fram meginmarkmiðum skipulagsbreytinganna, en þau eru:

- *Að ná fram jafnvægi í umfangi og afmörkun kjarnaverkefna sviðsins og aukinni samlegð lykilþátta sem væru liður í því að efla vinnu með gögn og greiningar.*
- *Að efla áhættustýringu með tengingu við sérfræðinga þvert á skrifstofur.*
- *Að treysta grundvöll fjárhags-, áætlana- og haglíkana.*
- *Að styrkja umboð sviðsins varðandi eftirlit og aðhald í rekstri.*
- *Að straumlínulaga og efla faglegt starf í skyldum verkefnum með tilfærslu tiltekinna verkefna og veita þannig betri þjónustu með skýrum boðleiðum.*
- *Með aðskilnaði á eftirliti og áætlanagerð yrði skapað aukið svigrúm til eftirlits sem byggi á hagnýtingu gagna og upplýsinga og koma á skilvirkum ferlum til að fylgjast með frávikum og kostnaðarmyndun.*
- *Að efla vægi fjármálaráðgjafar og hagnýtingu gagna í starfsemi sviðsins.*
- *Koma á skilvirku tekjueftirliti og frávikagreiningum.*
- *Auka vægi verkefnisstjórnunar og teymisvinnu þvert á sviðið eftir þörfum hverju sinni.*

Meginmarkmið sviðsins um skilvirka fjármálaþjónustu, öfluga framþróun og farsæla ákvarðanatöku kalla á skýra verkaskiptingu en með þverfaglegri nálgun, þegar svo ber undir, þar sem aukin áhersla er lögð á teymisstarf innan sviðsins til að koma áhersluverkefnum í framkvæmd og bæta jafnvægi milli skrifstofa á álagstímum í starfsemi sviðsins. Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur áherslu á að sinna kjarnaverkefnum sviðsins, með áherslu á hraða, gæði, góða þjónustu og hámarks árangur, þar sem boðleiðir verða styttri með skilvirkari þjónustu fyrir alla hagaðila.

## Skrifstofa áætlana og hagmála

Á skrifstofu áætlana og hagmála eru eftirfarandi málaflokkar: fjárhagsáætlanagerð, gerð spá- og sjálfbærnilíkana, umsjón með gagnastrúktúr, hagnýting gagna og rekstur mælaborða. Skrifstofan gegnir veigamiklu hlutverki í áhættustýringu þvert á borgina með aðgengi að sérfræðingum skrifstofunnar sem koma að vinnslu hinna ýmsu verkefna áhættustýringar. Þá falla sviðsmyndagreiningar og gerð fjárhagsmælikvarða undir verksvið skrifstofunnar. Lögð er aukin áhersla á greiningar og uppsetningu mælaborða svo hægt sé að fylgjast með fjárhagsþróun í ólíkum málaflokkum, tölfræði og útreikningum er varða markmið borgarinnar um fjárhagslega sjálfbærni. Þar er um að ræða verkefni sem eru afar mikilvæg fyrir markvissa stefnumótun og markmiðasetningu inn á fagsviðum og í öllu nefndarstarfi innan borgarinnar. Skrifstofan ber því ábyrgð á gagnaumsjón sviðsins, þróun mælaborða, spálíkana, áhættumatsramma, framkvæmd greininga sem endurreiknast og uppfærast sjálfkrafa út frá skilgreindum forsendum og miðlun á fjárhagsupplýsingum fjármála- og áhættustýringarsviðs í heild sinni.

## Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar leggur áherslu á fjármála- og rekstrarráðgjöf til fagsviða og eftir atvikum stofnana. Í því felst m.a. að rýna tækifæri til aukinnar hagkvæmni í rekstri, innkauparáðgjöf, rekstur innkaupaferla, almennt rekstrareftirlit og frávikagreining. Hlutverk skrifstofunnar er að veita sviðum og stofnunum stuðning og aðhald við fjármálastjórn með innleiðingu og notkun á gagnsæjum og skilvirkum rekstrarlíkönum. Þá ber skrifstofan ábyrgð á stjórn útboðsmála og leiðir samræmda nálgun í allri fjármálastjórnun borgarinnar. Skrifstofan leggur áhættustýringu lið á grundvelli starfsáætlunar þar um.

## Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu

Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu sinnir fjárstýringu, innheimtu, greiðslumiðlun og tekjueftirliti sem er nýtt verkefni hjá skrifstofunni. Þá sinnir skrifstofan lausafjárstýringu, skuldabréfaútboðum, lánastýringu, gerð samninga við fjármálafyrirtæki, innheimtu krafna, samskiptum við innheimtu- og færsluhirðingarfyrirtæki, álagningu og umsýslu fasteignagjalda Skrifstofan leggur áhættustýringu lið á grundvelli starfsáætlunar áhættustjóra. Með nýju skipulagi leggur skrifstofan áherslu á að vinna betur með gögn og auka vægi verkefnisstjórnunar og teymisvinnu til þess að styðja við farsæla ákvarðanatöku.

## Skrifstofa eigna

Skrifstofa eigna sinnir fjölmörgum verkefnum er snúa að fasteignum borgarinnar. Verkefni skrifstofunnar lúta að eigendafyrirsvari eignasjóðs sem er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 400 fasteignir. Eignasjóður fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar, lönd, lóðir,

samgöngumannvirki og aðrar fasteignir. Þá hefur skrifstofan með höndum eignaumsjón, þróar og innleiðir mælikvarða í samráði við skrifstofu áætlana og hagmála til samanburðar á rekstri fasteigna og gerir þá aðgengilega til stýringar. Ber ábyrgð á gerð fjárfestingaráætlunar og hefur eftirlit með framkvæmd á kostnaði. Lagt verður upp með að setja af stað vinnu við að rýna núverandi skipulag eignaumsjónar og kanna hvort breytingar á hlutverki eignaskrifstofu yrði til bóta fyrir Reykjavíkurborg.

## Skrifstofa bókhalds- og uppgjörs

Meginverkefni skrifstofu bókhalds og uppgjörs eru bókhald, uppgjör og afstemmingar. Skrifstofan sinnir reglubundnum uppgjörum A-hluta og samstæðu og ber ábyrgð á gerð ársreiknings Reykjavíkurborgar ásamt skýrslum og greinargerðum. Skrifstofan leiðir samskipti við endurskoðunarnefnd og ytri endurskoðendur og ber ábyrgð á skilum fjárhagsgagna til ytri aðila. Þá sinnir skrifstofan bókhaldi og afstemmingum, en í því felst m.a. móttaka og skráning reikninga, afstemming birgjareikninga og innkaupakorta, bókun tekjuskráninga, umsjón með ferðaheimildum, verktakamiðum auk annarra hefðbundinna verkefna sem tilheyra öllu jafna bókhaldi. Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af innleiðingu rafrænna reikninga og stefnt að því að umfang þeirra verði um 90% á komandi ári. Enn er unnið að því að fækka innkaupakortum með breyttum áherslum í innkaupum og skilvirkum rafrænum lausnum.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofa sviðsstjóra sinnir málefnum er varða stjórnsýslu og fjárhagsleg samskipti við B-hluta félög ásamt mannauðsmálum sviðsins, stefnumótun og breytingastjórnun. Sérstök áhersla er á að efla fjárhagslegt samtal fjármála- og áhættustýringarsviðs við B-hluta félögin og byggðasamlögin.

Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er innleiðing á heildarstefnu sviðsins, sem er umbótastefna með áherslu á stafræna þróun og almenna þróun á starfseminni. *Fjármálatæknistofa* á skrifstofu sviðsstjóra fer með umsjón umbreytingaverkefna og leiðir verkefnastjórnun og fyrirkomulag teymisvinnu á sviðinu. Áherslur í innleiðingu stefnu á komandi ári verða meðal annars að tryggja stöðugar umbætur með því að skilgreina og auka aðgengi að grunngögnum og bera kennsl á stafræn umbótaverkefni með heildstæðri kortlagningu. Einnig verður lögð áhersla á að efla umbótahugsun og teymishugsun meðal starfsfólks sviðsins með ýmsum hætti. Verkefni fjármálatæknistofu eru jafnframt utanumhald með losunarbókhaldi frá rekstri Reykjavíkurborgar, verkefni sem tengjast málaflokki græns hagkerfis og þróun á framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga í samræmi við auknar lagalegar áherslur í þeim málaflokki.

Þá er markmið skrifstofunnar að stuðla að faglegri og áreiðanlegri stjórnsýslu erinda, styðja við stjórnendur og starfsemi sviðsins með það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu til fagsviða og stofnana borgarinnar. Stuðningur við yfirstjórn á sviði fjármála og eftirfylgni með fjármálastefnu borgarinnar og fjárhagsáætlun eru mikilvæg verkefni þar sem áhersla er lögð á að ná markmiðum Græna plansins varðandi efnahags-, umhverfis- og samfélagslega sjálfbærni og þá sóknaráætlun sem lagt hefur verið upp með til ársins 2030.

## Áhættustjóri

Áhættustjóri Reykjavíkurborgar starfar á fjármála- og áhættustýringarsviði undir stjórn sviðsstjóra sviðsins og er hluti af framkvæmdastjórn sviðsins. Hann vinnur í samræmi við áhættustefnu borgarinnar og leggur áherslu á megindlega (e. quantitative) áhættustýringu, með það marki að tryggja fjárhagslegan stöðugleika og vernda hagsmuni borgarinnar. Verkefni áhættustjóra eru skilgreind af áhættunefnd Reykjavíkur, þar sem sitja borgarstjóri, formaður borgarráðs, borgarritari og sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Markmið áhættustýringar er að greina, meta og stýra áhættu til að tryggja skilvirka nýtingu fjármagns, draga úr líkum á fjárhagslegum áföllum og auka fyrirsjáanleika í rekstri. Áhættustjóri fylgist með margvíslegum áhættuþáttum sem tengjast bæði fjárhagslegum og rekstrarlegum þáttum borgarinnar. Þessir þættir fela meðal annars í sér:

**Mótaðilaáhættu:** Þær áhættur sem tengjast samningsaðilum borgarinnar og getu þeirra til að standa við skuldbindingar sínar.

**Lausafjáráhættu:** Greining á getu borgarinnar til að mæta greiðsluskuldbindingum, þar með talið hættuna á lausafjárskorti.

**Markaðsáhættu:** Áhættur sem tengjast sveiflum í markaðsaðstæðum, eins og verðbólgu og vöxtum, sem geta haft áhrif á fjármagn og fjárfestingar borgarinnar.

**Rekstraráhættu:** Áhættur tengdar rekstri borgarinnar, s.s. mannauðsmál, tækni og upplýsingakerfi.

**Tekju- og útgjaldaáhættu:** Greining á sveiflum í tekjum og kostnaði sem geta haft áhrif á fjárhagsstöðu borgarinnar.

Til að taka upplýstar ákvarðanir nýtir áhættustjóri fjölbreyttar greiningaraðferðir og tæki. Meðal annars er tölfræðilegar kostnaðar- og ábatagreiningar til að meta hvenær best er að draga úr áhættu og hvort fyrirbyggjandi aðgerðir borgi sig. Ef kostnaður við að fyrirbyggja áhættu er lægri en mögulegt tjón, er hagkvæmt að grípa til varna. Ef ekki, geta gögn sýnt að betra sé að taka áhættuna – en sú ákvörðun er ætíð tekin í samráði við æðstu stjórnendur borgarinnar.

Hermanir eru einnig mikilvæg tæki sem áhættustjóri beitir reglulega til að kortleggja óvissu. Með því að keyra fjölmargar sviðsmyndir, má greina ólíkar útkomur og sjá hvort og hvernig sé best að bregðast við. Ef hermun sýnir að óæskilegt ástand sé líklegt, má grípa inn í tímanlega og forðast óvænt áföll.

Að lokum eru notuð ýmis spálíkön, tölfræðilegar greiningar og ófjárhagslegir mælikvarðar til að ná sem víðtækastri sýn á áhættulandslag borgarinnar. Með markvissri áhættustýringu er tryggt að áhersla sé lögð á skilvirka ákvarðanatöku, verndun fjármuna borgarinnar og hagsmuni íbúa.

# KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun á fjármunum borgarinnar mismunandi áhrif á tækifæri þeirra til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti

mismunandi þörfum sem best. Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við alla fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að jafnrétti. Kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg er stýrt í samvinnu milli fjármála- og áhættustýringasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Helstu verkfæri í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru annars vegar greining þjónustuþátta og hins vegar jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum á samþykktri fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna í áætlun komandi árs.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð ber ábyrgð á því að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Á fag- og kjarnasviðum borgarinnar eru starfræktir starfshópar sem hafa það hlutverk að fylgja eftir greiningu þjónustuþátta og vinnslu jafnréttisskimana og – mata á sínu sviði.

Reykjavíkurborg hefur átt í góðu samstarfi við innlenda sem og erlenda aðila varðandi vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun. Sem dæmi má nefna samstarf við Háskóla Íslands varðandi greiningar á verkefnum sem tengjast innleiðingu borgarinnar á KFS. Undirritaður hefur verið samningur um áframhaldandi samstarf á þessu sviði.



# MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ

## SKIPURIT




## HLUTVERK

Mannauðs- og starfsumhverfissvið fer með forystuhlutverk og hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Sviðið annast kjarasamningsgerð fyrir Reykjavíkurborg og fer með fyrirsvar gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðarins. Sviðið ber ábyrgð á launavinnslu og rekstri mannauðs- og launakerfa borgarinnar.

Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnumörkun í mannauðsmálum með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fag- og kjarnasvið borgarinnar. Jafnframt fer sviðið með stefnumörkun í mannauðs- og launamálum borgarinnar og samræmingu verklags og ferla á því sviði. Þá fer sviðið með virkt eftirlit, ráðgjöf og stuðning við að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu. Auk þess annast sviðið mannauðsþjónustu fyrir fjármála- og áhættustýringarsvið og miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi.

Rík áhersla er lögð á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur sviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og stuðla að því að starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað í öllum sínum fjölbreytileika.

Sýn sviðsins er að vera með öfluga mannauðsþjónustu í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsfólk og stjórnendur sem geti þjónað borgarbúum á þann hátt sem ávinnur sér virðingu og traust samfélagsins. Jafnframt að starfsfólk borgarinnar hafi þá hæfni og færni sem þarf til mæta ábyrgð í starfi og veita bestu mögulegu þjónustu, bæði út á við gagnvart íbúum og inn á við, gagnvart starfsfólki og starfsemi borgarinnar.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

| | Raun 2023 | Esk. áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 26.255 | 26.004 | 31.301 |
| **Tekjur samtals** | 26.255 | 26.004 | 31.301 |
| Laun og launatengd gjöld | 652.169 | 745.886 | 776.032 |
| Annar kostnaður | 177.144 | 174.211 | 127.308 |
| **Rekstrargjöld samtals** | 829.312 | 920.097 | 903.341 |
| **Rekstrarniðurstaða** | 803.057 | 894.093 | 872.040 |

## STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 20 | 53 | 53 |
| Fjöldi stöðugilda | 19 | 51 | 51 |
| Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum: | | | |
| Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis | 6 | 8 | 8 |
| Skrifstofa ráðninga og mönnunar | 3 | 4 | 4 |
| Verkefnastofa starfsmats | 1 | 1 | 1 |
| Skrifstofa kjaramála | 4 | 7 | 7 |
| Skrifstofa sviðsstjóra | 6 | 6 | 6 |
| Launaskrifstofa | | 27 | 27 |

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Rekstur mannauðs og starfsumhverfissviðs er áætlaður 872 m.kr. árið 2025. Endurskoðuð áætlun 2024 gerir ráð fyrir að útgjöld nemi  894 m.kr. þannig að fjárheimildir lækka um 22 m.kr.

Rekstrarútgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:



Stærsti hluti rekstrarútgjalda á mannauðs- og starfsumhverfissviði, fyrir utan laun, eru rekstur mannauðs- og launakerfa, margþætt fræðsla fyrir allt starfsfólk borgarinnar, íslenskukennsla, forystunám fyrir stjórnendur borgarinnar, stjórnendadagur borgarinnar og rekstur jafnlaunakerfis.

Stærstu breytingar á ramma sviðsins eru vegna þeirra skipulagsbreytinga sem tóku gildi 1. janúar 2024 þegar launaskrifstofa og rekstur mannauðs- og launakerfa fluttist á mannauðs- og starfsumhverfissvið. En þá færðust 30 stg. á sviðið og síðan bættust við fjármagn fyrir 2 stg. vegna aðgerðaráætlunar Heilsustefnu sem fara í stuðnings- og ráðgjafateymi. Aðrar breytingar á ramma sviðsins eru vegna innri leigu og  kjarasamningsbundinna launahækkana.

## MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er kjarnasvið sem hefur það hlutverk að móta stefnur og verklag á sviði mannauðsmála, ber ábyrgð á launavinnslu borgarinnar, sér um rekstur mannauðs- og launakerfa og halda utan um verkefni sem ganga þvert á borgarkerfið. Þannig á sviðið að stuðla að því að samhæfa og samræma vinnubrögð á sviði mannauðsmála og að greidd séu rétt laun á réttum tíma. Áherslur í mannauðsmálum á árinu 2025 taka mið af leiðarljósum og áherslum mannauðsstefnu borgarinnar og styðja við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um að borgin verði vinnustaður með aðdráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa. Reykjavíkurborg leggur áherslu á jákvætt og öruggt starfsumhverfi þar sem gagnkvæm virðing ríkir í öllum samskiptum. Borgin vill einnig stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks og leggur áherslu á stuttar boðleiðir og virkt upplýsingastreymi. Áherslur þessar birtast í hinum ýmsu verkefnum á sviði mannauðsmála. Á árinu 2025 verður unnið að því að festa í sessi nýtt verklag við fræðslu, ráðningar og skráningu vinnuslysa og annarra öryggistengdra atvika, í kjölfar innleiðingar á nýju fræðslukerfi, nýju umsóknakerfi og nýju atvikaskráningarkerfi. Unnið verður markvisst að vinnuvernd, öryggismálum og heilsueflingu byggt á aðgerðaáætlunum öryggisstefnu vinnustaðarins, nýrri heilsustefnu, nýrri EKKO stefnu og uppfærðri viðverustefnu. Haldið verður áfram að greina þjónustuferla og tækifæri til stafrænnar umbreytingar og aukinnar skilvirkni, meðal annars með því að leita leiða til að fara frá eyðublöðum yfir í rafrænar umsóknir og skil á gögnum. Útboð og val á nýju launakerfi verður fyrirferðarmikið verkefni á árinu 2025. Unnið verður að auknum stuðningi við stjórnendur borgarinnar, meðal annars með nýrri stafrænni nýliðafræðslu fyrir stjórnendur og gerð stjórnendastefnu borgarinnar. Stefnt er að því að þróunarverkefni um sveigjanleg starfslok vegna aldurs fari í gang á árinu 2025.  Áfram verður unnið að innleiðingu jafnlaunakerfis og jafnlaunastefnu og að aðgerðum til að draga úr ómálefnalegum launamun. Einnig verður unnið áfram að auknum stuðningi við starfsfólk af erlendum uppruna með áherslu á íslenskukennslu og stuðning við stjórnendur þeirra. Þá verður áfram lögð mikil áhersla á endurskoðun og innleiðingu samræmdra verkferla á sviði mannauðsmála og markvissa vinnu við að bæta leiðbeiningar og verklag, skráningu í kerfi til að bæta tölulegrar upplýsingar. Áhersla verður lögð á að vinna öll verkefni í virku og góðu samstarf við fag- og kjarnasvið og miðlæga stjórnsýslu.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Á árinu 2025 verður áfram lögð áhersla á markvissa uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að starfsemi Reykjavíkurborgar einkennist af fagmennsku, framsækni og snöggu viðbragði þegar aðstæður kalla á. Haldið verður áfram að greina frekari tækifæri í starfsemi sviðsins og í mannauðsmálum borgarinnar í þeirri stafrænu vegferð sem borgin er á. Meðal annars verður áfram áhersla á að greina þjónustuferla og tækifæri til stafrænnar umbreytingar og aukinnar skilvirkni, meðal annars með því að leita leiða til að fara frá eyðublöðum yfir í rafrænar umsóknir og skil á gögnum. Þau eyðublöð sem þurfa að vera til verða síðan uppfærð og breytt m.a. þannig að hægt verði að undirrita þau rafrænt. Áhersla verður einnig á að rýna þær breytingar sem tæknin er að hafa á störf og starfsumhverfi og hvernig þurfi að bregðast þurfi við því. Horfa þarf til framtíðar og tryggja að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri færni og tækni sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu og sé tilbúið í að takast á við fjölbreyttar áskoranir. Til að fá fram enn markvissari upplýsingar um viðhorf og líðan starfsfólks og stjórnenda verður unnið að þróun viðhorfskannana meðal starfsfólks og sérstaklega verður hugað að nýju stjórnendamati. Þá verður endurskoðað/breytt fyrirkomulag við mat á störfum stjórnenda innleitt í tengslum við breytingu á þeim hópi sem heyra undir kjaranefnd borgarinnar og þá fyrirætlun að stærstur hluti hans færist undir kjarasamninga. Þá verður unnið að endurskoðun og uppfærslu á starfsmatskerfi borgarinnar í samvinnu við Jafnlaunastofu og Samband íslenskra sveitarfélaga auk hlutaðeigandi stéttarfélaga. Skrifstofan mun halda utan um og leiða þróunarverkefni sem snýr að sveigjanlegum starfslokum vegna aldurs sem hefur verið í undirbúningi. Áfram verður lögð rík áhersla á samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fag- og kjarnasviða með það að markmiði að stuðla að fagmennsku, skilvirkni og samræmingu mannauðsþjónustu hjá Reykjavíkurborg. Lögð verður áframhaldandi áhersla á gerð samræmdra verkferla og leiðbeininga í mannauðsmálum fyrir borgina í heild sinni m.a. hvað varðar framkvæmd skipulagsbreytinga og úrlausnir mála er varða réttindi og skyldur starfsfólks auk þess sem efni á innri vef sem veitir upplýsingar um það efni verður endurskoðað og uppfært. Þá verður áfram lögð áhersla á upplýsingagjöf, ráðgjöf og fræðslu á sviði vinnuréttar, fyrir stjórnendur, mannauðsfólk og annað starfsfólk. Áfram verður unnið gegn launamuni starfsfólks hjá borginni á árinu 2025 m.t.t. kyns og annarra ómálefnalegra þátta og unnið að endurbótum á ýmsum þáttum jafnlaunakerfis, launagreiningum og öðrum jafnlaunaverkefnum m.a. í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85. Starfsfólk Reykjavíkurborgar gegnir lykilhlutverki í þjónustu við borgarbúa og þurfa stjórnendur að búa yfir hæfni og þekkingu til að geta tekist á við síbreytilegt starfsumhverfi. Á árinu 2025 verður unnið að endurskoðun á mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar sem gildir til ársins 2025. Samhliða verður unnið að gerð stjórnendastefnu Reykjavíkurborgar og þannig lögð áhersla á eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir stjórnendur þar sem rík tækifæri eru fyrir hendi til að eflast og þróast í starfi.

## Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis

Á sviði starfsþróunar og starfsumhverfis verða stærstu verkefni ársins 2025 áframhaldandi eftirfylgni stefnumörkunar á sviði mannauðsmála, en þar er einkum um að ræða öryggisstefnu, fræðslustefnu, heilsustefnu, viðverustefnu og stefnu gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Nátengd þessum stefnuinnleiðingum eru tvö stór upplýsingatækniverkefni, annars vegar uppfærsla á Torginu, stafrænu

fræðslukerfi Reykjavíkurborgar, og hins vegar innleiðing á nýju atvikaskráningarkerfi. Þá liggur fyrir að nauðsynlegt er að skipta út samskiptamiðlinum Workplace, og mun það verkefni verða stórt á árinu 2025. Loks eru smærri upplýsingatækniverkefni s.s. þróun á aukinni sjálfsafgreiðslu starfsfólks gegnum Starfsmannagátt á innri vefnum Fróða og viðhald og uppfærsla á þeim vef. Í samræmi við fræðslustefnu verður unnið að því að þróa fræðsluefni á rafrænu formi og bæta aðgengi alls starfsfólks að fræðslu, auk þess sem í fyrsta sinn verður í boði nýliðafræðsla stjórnenda á stafrænu formi. Meðal stórra verkefna tengt öryggisstefnu er að innleiða áætlun vegna ofbeldis gegn starfsfólki og að innleiða samræmdar öryggis- og heilbrigðisáætlanir fyrir stærstu fagsviðin. Helstu verkefni heilsustefnu og viðverustefnu eru að efla andlega og félagslega heilsu með stuðningi og fræðslu, og ný verkefni s.s. á sviði stoðkerfismála og matarmála, auk þess að halda áfram þjálfun stjórnenda í viðverustjórnun. Þá verður unnið að eftirfylgni við uppfærða stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi og boðið upp á nýja fræðslu á því sviði. Í málefnum starfsfólks af erlendum uppruna verður lögð áhersla á að auka aðgengi að íslenskukennslu, bæði á staðnámskeiðum og í stafrænu formi, og festa í sessi innleiðingu tungumálaviðmið í ráðningum. Auk þessa verður unnið áfram að þróun og samræmingu verklags á sviði starfsumhverfis og starfsþróunar.

## Skrifstofa kjaramála

Á skrifstofu kjaramála hafa kjarasamningsviðræður verið fyrirferðarmiklar á árinu 2024 ásamt því að ákveðnar skipulagsbreytingar áttu sér stað. Skipulagsbreytingarnar voru meðal annars þær að rekstur launahluta SAP og Vinnustundar voru færðar undir skrifstofuna með tilheyrandi stöðugildum og ábyrgð. Kjarasamningar Reykjavíkurborgar losnuðu allir á árinu 2024 og hófust viðræður af fullum þunga snemma á árinu, en megin inntak gerðara samninga hefur verið launahækkanir sem taka mið af nýgerðum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, svokölluðum "stöðugleika- og velferðarsamningum". Einnig hefur betri vinnutími og stytting vinnuvikunnar verið innleidd í megintexta þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið og verður nýr vinnutímakafli í innleiðingu á árinu 2025 með 36 stunda vinnuviku. Þá verður áfram unnið að eftirfylgni þeirra breytinga sem orðið hafa á *fastlaunasamningum* Reykjavíkurborgar á síðustu árum, með innleiðingu á *öðrum launum*, í samvinnu við svið borgarinnar, launaskrifstofu og nefnd um jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar. Þá er fyrirhuguð áframhaldandi vinna á árinu á vettvangi svokallaðrar 7. gr. nefndar (eða nefndar um jöfnun launa milli markaða) vegna vinnu við samkomulag opinberra launagreiðenda og opinberra bandalaga um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna frá 19. september 2016. Á árinu 2025 verður unnið að áframhaldandi þróun á rekstri launa- og mannauðskerfa í samstarfi við aðrar skrifstofur sviðsins. Samhliða verður áfram unnið ötullega að öðrum verkefnum skrifstofunnar, þ.m.t. fyrirsvari gagnvart aðilum vinnumarkaðarins, ráðgjöf og fræðslu á sviði vinnuréttar og kjaramála, túlkun kjarasamninga, launaeftirliti o.fl. Áfram verður lögð áhersla á aukna upplýsingagjöf og fræðslu um efni kjarasamninga og ráðgjafar á sviði vinnuréttar sem og markvissar launagreiningar.

## Skrifstofa ráðninga og mönnunar

Áhersla skrifstofu ráðninga og mönnunar hefur verið að innleiða umsóknarkerfið Ráðný, sem staðið hefur yfir undanfarin misseri og mun klárast að fullu á árinu 2025. Skrifstofan mun áfram leggja áherslu á fræðslu varðandi ráðningarferla og kynna nýuppfærða Gæðahandbók ráðninga sem er mikilvægt tæki til að tryggja fagmennsku og jafnræði í ráðningum. Einnig er skrifstofan í virku samtali, ráðgjöf og aðstoð við fag- og kjarnasvið varðandi ráðningarmál og veitir stjórnendum í miðlægri stjórnsýslu ráðgjöf og stuðning í ráðningar- og launasetningarmálum. Skrifstofa ráðninga og mönnunar vinnur að umbótaverkefnum tengdum mannauðsgögnum í SAP mannauðs- og launakerfinu og mun á árinu 2025 m.a. vinna að þarfagreiningu og undirbúningi útboðs á nýju kerfi, ásamt öðrum skrifstofum sviðsins. Áhersla verður á gerð færnispár/mannaaflaspár til næstu fimm ára og skrifstofan vinnur einnig með ímynd Reykjavíkurborgar sem eftirsóknarverðs vinnustaðar og hefur yfirsýn og gegnir samræmingarhlutverki vegna sumarstarfa borgarinnar. Farið verður í kortlagningu og fjölgun starfa fyrir fólk með skerta starfsgetu skv. aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum. Afleysingarstofa hefur það hlutverk að mæta þörf starfsstaða fyrir skammtíma afleysingar, mest á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Skrifstofan hefur yfirsýn yfir starfsheiti borgarinnar og stofnun nýrra starfa og vinnur náið með Verkefnastofu starfsmats að fjölbreyttum verkefnum tengdum starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar.

## Launaskrifstofa

Um síðustu áramót færðist launaskrifstofa Reykjavíkurborgar frá fjármála- og áhættustýringasviði til mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að launaskrifstofan myndi flytjast í Ráðhúsið og ljóst er að mikil samlegðaráhrif eru að því að hafa starfsemina undir sama þaki enda nátengdir málaflokkar sem unnið er að og ótal tækifæri til frekari skilvirkni og hagræðingar í starfseminni þegar fram í sækir en m.a. með innleiðingunni á rafræna ráðningarkerfinu sem hefur í för með sér mikla einföldun á núverandi framkvæmd við gerð ráðningarsamninga og skil á gögnum til launaskrifstofu.

Á launaskrifstofu hefur helsta verkefnið á árinu 2024 verið að klára innleiðingu þjónustugátt stjórnenda, svokallað Jira beiðnakerfi, en þetta hefur í för með sér betri yfirsýn yfir verkefni og beiðnir flokkast sjálfkrafa í fyrir fram ákveðna flokka með tilheyrandi hagræðingu fyrir starfsfólk og skilvirkni í þjónustu til stjórnenda. Á árinu 2025 verður áfram þróuð svk. starfsmannagátt sem léttir á stjórnendum borgarinnar þar sem starfsfólk getur sjálft sótt um vissa þætti hlunninda. Samhliða þessu breytingum hefur verið unnið að uppfærslu verklags við skráningu í launakerfi til að tryggja sem gæði tölfræðilegra upplýsinga úr launakerfi og mun það halda áfram á árinu 2025. Fyrir utan hefðbundna launavinnslu að þá hefur framkvæmd kjarasamninga verið fyrirferðarmikil í starfseminni og er vel á veg komin en einnig heilmikið fram undan líka sem vonandi næst að klára að fullu fyrir áramót. Á árinu 2025 er í farvatninu stórt og mikið verkefni en útboð og innleiðing nýs launakerfis hefur verið í undirbúningi á árinu og framundan er að fara í kröfulýsingu og setja af stað almennt útboðsferli.

## Jafnlaunastofa - Verkefnastofa starfsmats

Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga eiga Jafnlaunastofu sem hefur það hlutverk að veita sveitarfélögum stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á virðismat starfa út frá starfsmatskerfi sem nær utan um kvennastörf til jafns við karlastörf. Jafnlaunastofu er ætlað að vinna að launajafnréttismálum í stærra samhengi en áður út frá jafnvirðisnálgun laganna. Verkefnastofa Starfsmats er staðsett á undir Jafnlaunastofu sf. og á árinu 2025 mun Verkefnastofa halda utan um heildarúttekt annars vegar á verkferlum, vinnulagi, viðtalsferlum, samþykktarferlum og öðrum ferlum starfsmatsins með tillita til markmiða kerfisins um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf og hins vegar á stjórnskipulagi kerfisins og getu þess til að mæta hagsmunum hagaðila. Úttektin verður unnið undir stjórn Faglegar stjórnar starfsmatskerfisins SAMSTARFS sem er skipuð fulltrúum Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtökum stéttarfélaga.

# KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur áherslu á að þjónusta sviðsins sé í samræmi við jafnlaunastefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykkta fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beitt á allar þær tillögur sem lagðar voru fram frá mannauðs- og starfsumhverfissviði á árinu 2024. Með því að koma jafnréttisskimun inn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustuþátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannauðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa starfsfólks. Þau verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru markvissar launagreiningar, jafnlaunavottun og sérstaklega hafa verið greindar leiðir til að útrýma launamun á grundvelli ríkisfangs. Á árinu 2025 verður unnið að því að greina inntak og framsetningu starfslýsinga hjá Reykjavíkurborg m.t.t. kyns. Mikilvægt er að skoða hvort kynjahalla sé að finna í starfslýsingum þar sem starfslýsingar eru meðal þeirra gagna sem notaðar eru við mat á störfum í starfsmati.



# MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTASVIÐ

## LEIÐARLJÓS

*Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til menningar, íþrótta- og útivistarlífs þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.*

## Skipulag

Helstu markmið með nýlega sameinuðu sviði og skipuriti sem er í vinnslu eru eftirfarandi:

- Að skipurit styðji við aukna áherslu á nýsköpun og umbætur á þjónustu þvert á málefni og viðfangsefni.
- Að skipurit nái fram mikilvægi þjónustuþátta en á sama tíma náist fram virk þverfagleg teymisvinna eftir þörfum og viðfangsefnum hverju sinni.
- Að skipurit styðji við sértæk áherslumál með víðtækri aðkomu stofnana.
- Að skipurit styrki málaflokka menningar, íþrótta og útivistar.
- Að skipurit sé gegnsætt og stuðli að stuttum boðleiðum ásamt því að auðvelda samskipti og samræmingu vinnubragða.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

Í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2025, hækka gjaldskrár MÍR um 3,5%. Samningar sviðsins við þriðja aðila eru bættir miðað við vísitölu neysluverðs 3,2% og launavísitölu 5,0%. Fjárheimildir launa hækka í takt við þekkta kjarasamninga. Sviðið hefur sett hagræðingarkröfu á launakostnað á sviðinu til að mæta nýjum verkefnum og annar rekstrarkostnaður er verðbættur um 3,2% fyrir árið 2025. Sviðið stendur frammi fyrir þeirri áskorun að veita áfram góða þjónustu þó raungildi fjárheimilda fari lækkandi milli ára. Til samræmis við fjárheimildir þarf að draga úr þjónustu í bland við gjaldskrárhækkanir.

**Breytingar á fjárhagsáætlun**. Viðbætur sem koma inn í fjárhagsáætlun MÍR árið 2025 þegar að Miðstöð útilífs og útináms og Klébergslaug voru fluttar frá SFS yfir á MÍR. Þá var viðbótarfjármagn upp á 29 mkr í styrki sviðsins til að greiða skólum fyrir afnot af skólaíþróttahúsum eftir kl 16:00 og um helgar. Þá voru styrkir til íþróttastarfs aldraðra hækkað og tekið var upp gjald fyrir aldraða í sundlaugarnar. Fjármagn til listaverkakaupa var hækkað um 8 mkr og menningastyrkir voru hækkaðir um 15 mkr. Þá þurfti MÍR að hagræða fyrir 16 mkr sem að runnu í nýtt stöðugildi hjá fjármálaskrifstofu.

Fjárhagsrammi MÍR 2024 og 2025.

| | Raun 2023 | Esk. áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 2.745.404 | 2.599.098 | 2.736.251 |
| **Tekjur samtals** | **2.745.404** | **2.599.098** | **2.736.251** |
| Laun og launatengd gjöld | 5.680.607 | 6.011.939 | 6.273.286 |
| Annar kostnaður | 14.914.430 | 16.293.515 | 17.148.356 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **20.595.036** | **22.305.454** | **23.421.642** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **17.849.633** | **19.706.356** | **20.685.392** |

# STARFSFÓLK

| | Útkomuspá 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|
| **Fjöldi stöðugilda** | **460,07** | **463,78** |
| Yfirstjórn MÍR | 21,45 | 21,45 |
| Söfn | 139,57 | 140,47 |
| Menningarborg | 0 | 0 |
| Íþróttaborg | 5,39 | 2,88 |
| Útilífsborg | 41,64 | 42,11 |
| Sundlaugar | 166,9 | 170,25 |
| Skíðasvæði | 16,71 | 18,21 |
| Hitt húsið | 64,41 | 64,41 |
| Kynningarmál, sérverkefni og annað | 4 | 4 |

# KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN (KFS)

MÍR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrennis nýtist öllum hópum, tekið sé tillit til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustuþátta með aðferðafræði KFS. Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess ávallt gætt að hægt sé að nálgast gögn á kyngreinalegan hátt. Þar af leiðandi er hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðarfræðinnar á sviðinu. Stjórnendur MÍR hafa fengið kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð árið 2025. Á sviðinu hefur verið framkvæmt jafnréttismat og jafnréttisskimun fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

# SKIPTING REKSTRAR 2024

## Hlutfalsleg skipting á rekstrarramma MÍR




# HLUTVERK

Hlutverk MÍR er að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningarmálum annars vegar og íþróttamálum hins vegar. Rekstur MÍR er borinn uppi af hæfu og áhugasömu starfsfólki sem af metnaði stendur að baki því menningar, íþrótta- og útilífsstarfi sem MÍR stendur fyrir. Hlutverk MÍR á sviði menningarmála er að hafa yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og sérverkefnanna, Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO og Tónlistarborgar Reykjavíkur.

Hlutverk MÍR á sviði íþróttamála er rekstur sundlauga, Hins Hússins, Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldugarðsins, íþróttamannvirkja, íþróttavalla og skíðasvæða. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar umsjón með málefnum sem tengjast Leikfélagi Reykjavíkur, Borgarleikhúsi, tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig sér MÍR um samstarfssamninga, styrki og samskipti vegna íþrótta- og æskulýðsfélaga og lista- og menningarlífs og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra. Umsýsla og samningagerð vegna Frístundakortsins er hjá MÍR.

# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Menningar- og íþróttasvið er með fjölbreytta starfsemi á sviði íþrótta, menningar, útilífs, lýðheilsu og forvarna. Þó nokkrar breytingar hafa orðið á starfsemi sviðsins þar sem miðstöð útvistar og útináms kom yfir til MÍR frá SFS í ársbyrjun 2024 og Klébergslaug færðist frá SFS til MÍR í september 2024. Nýtt bókasafn opnaði í Klébergi í maí 2023 og fékkst endanleg fjárveiting fyrir því inn í ramma 2025. Starfsstaðir sviðsins eru þar með orðnir 32 með fjölbreyttri starfsemi í 8 sundlaugum (íþróttaborginni), 8 bókasöfnum, 3 listasöfnum, 4 borgarsögusöfnum auk Viðeyjar. Einnig er Hitt húsið, skíðasvæðin Bláfjöll/Skálafell og íþróttahús KHÍ og skrifstofa MÍR þar sem menningarborgin er einnig starfrækt með

bókmenntaborginni og tónlistaborginni. Í útilífsborginni eru 5 starfsstaðir, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, miðstöð útivistar- og útináms, skíðabrekkurnar í borginni auk Ylstrandar og Siglunes í Nauthólsvík.

## Þróunar- og upplýsingamál

Á árinu 2023 var fræðslukerfið Torgið innleitt á sviðinu og nú þegar hefur nær helmingur starfsfólks sviðsins nýtt sér það eða 45%. Innleiðing nýs frístundvefs er á lokametrum og stefnt er að því að hann fari í loftið á fjórða ársfjórðungi 2024. Farið var í tilraunaverkefni með símalausn fyrir MÍR-kort og útboðsgögn eru í vinnslu. Tveir nýir vefir voru settir í loftið árið 2023, þ.e. www.borgarsogusafn.is og www.listasafnreykjavikur.is. Heildarendurskoðun á vefsíðum sviðsins er á frumstigi. Í vinnslu er tilraunaverkefni sem miðar að því að gera íþróttahús sjálfvirk og mannlaus eftir skólatíma með innleiðingu rafræns aðgangsstýringakerfis og rafrænnar vöktunar. Á árinu var hafist handa við innleiðingu nýs þrifakerfis í sundlaugar og stefnt er að því að þrjár laugar verði tilbúnar á fjórða ársfjórðungi 2024.

Vinna hófst við að tengja kerfi skíðasvæða beint við bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar, breyta innheimtuferlum og bæta aðgengi að gögnum. Útgáfa sundkorta fyrir þjónustuþega velferðarsviðs var færð frá sviðinu yfir til þjónustumiðstöðva sem styttir biðtíma verulega, bætir þjónustu og kemur í veg fyrir að sendar séu viðkvæmar persónuupplýsingar í tölvupósti. Sviðið tók þátt í vali á nýju kannanakerfi og þjónustukannanir hafa þegar hafist í gegnum það sem opnar mörg ný tækifæri. Kortlagning á kynningarstarfsemi sviðsins er hafin, þar á meðal á helstu viðburðum sem sviðið stendur fyrir eða tekur þátt í. Vinnsluskrár kerfa voru yfirfarnar, samræmdar og fluttar í nýtt kerfi sem innleitt var á árinu. Áfram er unnið markvisst að gerð vinnsluskráa fyrir alla starfsstaði.

## Frístundakortið

Nýting Frístundakortsins hefur haldið áfram að aukast eftir að fjárhæðin var hækkuð í 75.000 kr. og er nú komin í um 80%. Fjármögnun byggir þó enn á 76% nýtingu og þegar í janúar varð ljóst að fjárheimildir myndu ekki duga til að mæta ráðstöfunum forráðamanna. Engar breytingar voru gerðar á reglum kortsins á árinu 2024 en unnið er markvisst að því að bæta aðgengi þeirra hópa sem nýta Frístundakortið minna, meðal annars með aukinni fræðslu og samstarfi við Þjónustumiðstöðvar Velferðarsviðs. Fjöldi erlendra aðila sem hefur viljað kynna sér Frístundakortið heldur áfram að aukast. Á árinu 2024 höfum við tekið á móti 18 hópum frá 7 mismunandi löndum og bæði Svíþjóð og Lettland stefna að því að taka upp Frístundakort að fyrirmynd Reykjavíkur.

## Bókmenntaborg UNESCO

Bókmenntaborgin leggur áherslu á þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi grasrót, í öðru lagi erlenda höfunda á Íslandi og í þriðja lagi alþjóðasamstarf. Bókmenntaborgin hefur lagt aukin þunga á grasrótarstarf að undanförnu sem verður fram haldið. Helst ber þar að nefna fernar orðlista- og upplestrarraðir sem hver hefur eigin áherslur;

1. Ljóð og vinir (rótgrónir höfundar).

2. Reykjavík Poetics (erlend skáld á Íslandi).

3. Yrkjur (nýliðun/grasrót).

4. Reykjavík Open – Orðið er frjálst („open mic“ kvöld).

Bókmenntaborgin bregst áfram við takmörkuðum birtingarvettvangi fyrir smásögur með vefritinu *Stelkur* sem birtir ritstýrð skrif ársfjórðungslega. Verkefnastjóri Bókmenntaborgarinnar situr nú í stjórn samstarfsnets bókmenntaborga (næstráðandi framkvæmdastjóra / e. Deputy coordinator), því fylgir aukin alþjóðleg stjórnsýsla og tækifæri til alþjóðasamstarfs.

## Tónlistarborgin

Tónlistarborgin heldur áfram sínum helstu verkefnum, sjálfstæðum eða í samstarfi við ýmsar stofnanir. Þar á meðal Tónlistarmiðstöð, Hörpu, Íslandsstofu, Hitt Húsið og Music Cities Network. Ný verkefni fá að blómstra áfram en þar ber helst að nefna stuðning við grasrót reykvísks tónlistarlífs í gegnum tónleikaröðina Upprásina. Velgengni tónleikaraðarinnar varð til þess að ákveðið hefur verið að halda henni áfram út starfsárið 2025. Vorið 2024 tók verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar við stjórnarsæti í alþjóðlegum samtökum tónlistarborgar sem nefnist Music Cities Network.

## Menningarborgin

Undir hatti menningarborgarinnar er almenn stjórnsýsla menningarmála. Hlutverk menningarborgarinnar er að vera í samtali við og styðja við sjálfsprottið menningarlíf, sinna grasrótinni og tryggja frjóan jarðveg fyrir blómlegt menningarlíf um alla borg. Menningarborgin á að vera fjöltengið við menningarlífið í borginni. Menningarborgin heldur utan um styrki, samstarfs- og rekstrarsamninga á sviði menningarmála, borgarhátíðir sem valdar eru á þriggja ára fresti, listamannadvölina í Kjarvalsstofu í París og þrenn bókmenntaverðlaun auk útnefningar Borgarlistamanns Reykjavíkur ár hvert. Undir menningarborgina heyra verkefnin Tónlistarborgin Reykjavík og Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og verkefnastjóri barnamenningar í 25% stöðu á móti 75% stöðu hjá SFS sem kemur meðal annars að skipulagningu Barnamenningarhátíðar og vinnur að barnamenningu með söfnunum og menningarhúsum.

Menningarborgin er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi en Bókmenntaborgin er aðili að UNESCO Creative Cities Network og Tónlistarborgin er aðili að Music Cities Network. Að auki tekur menningarborgin þátt í samstarfsneti Eurocities og í óformlegu tengslaneti höfuðborga Norðurlandanna á sviði menningarmála. Árið 2024 verður starfsemi menningarborgarinnar, áður kölluð skrifstofa menningarmála, með hefðbundnum hætti. Þegar kemur að styrkjum og samstarfssamningum sem eru stór hluti af starfsemi menningarborgarinnar er mikilvægt að heildarupphæð sem veitt er í árlega styrki til menningarmála verði tryggð áframhaldandi hækkun næstu tvö ár en styrkjapotturinn var hækkaður um rúmar 45 m.kr. árið 2023. Einnig eru rekstrarsamningar við sjálfstæðar menningarstofnanir ekki vísitölutengdir og hafa staðið í stað um nokkurt skeið. Leita þarf leiða til að leiðrétta þessa samninga til að koma í veg fyrir óafturkræf áhrif verðbólgu á þessar stofnanir.

## Íþróttaborgin

Skrifstofa íþróttaborgarinnar ber yfirábyrgð á rekstri sundlauganna og rekstri íþróttamannvirkja í eigu borgarinnar. Einnig er þar haldið utan um sértæk verkefni á sviði íþrótta og tómstunda. Skrifstofan gegnir jafnframt samræmingarhlutverki gagnvart stofnunum og fylgir eftir stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur. Skrifstofan heldur utan um samskipti við íþrótta- og tómstundafélög, styrkjamál og rekstrarsamninga ásamt tækni- og viðhaldsmál íþróttamannvirkja í eigu borgarinnar.

Gerður var nýr þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR) sem tók gildi 1. janúar 2024. Markmið samningsins eru eftir sem áður að efla íþróttastarfið í Reykjavík með því að skapa bestu aðstæður til ástundunar. Hér er einkum verið að horfa til barna- og unglingastarfs, afreksstarfs, almenningsíþrótta og hreyfingu eldri borgara. Samningurinn tekur til styrkja vegna æfinga og keppni félaganna í mannvirkjum borgarinnar sem og vegna launakostnaðar íþróttafulltrúa í fullu starfi. Þá tekur samningurinn til styrkja vegna niðurgreiðslu á íþróttaakstri yngstu barnanna frá Frístundaheimilum á æfingar. Skrifstofustjóri Íþróttaborgarinnar og framkvæmdastjóri ÍBR annast samskipti við forsvarsmenn félaganna. MÍR ber leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþrótta– og tómstundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþrótta- og sýningahöllinni í Laugardal og íþróttahúsi í Norðlingaholti. MÍR gerir sjálfstæða samninga við hvert félag um greiðslur vegna afnota af mannvirkjum í eigu þeirra. Íþróttaborgin er með 15 upphitaða og flóðlýsta gervigrasvelli í fullri stærð. Í ár voru endurnýjaðir þrír vellir, æfingavellir Fram, Fylkis og KR. Nú liggur fyrir ósk um endurnýjun þriggja valla árið 2025, sem komnir eru á tíma, æfingavellir ÍR, Leiknis og Víkings.

Sundlaugarnar eru stór þáttur í heilsueflingu borgarbúa og styðja við heilsueflandi samfélag. Það er því mikilvægt að þjónusta og tækjakostur sundlauganna séu í samræmi við þær þarfir. Þrátt fyrir töluverðar endurbætur og viðgerðir í sundlaugum borgarinnar undanfarin ár er margt sem enn þarf að huga að. Miklar framkvæmdir standa fyrir dyrum í Sundhöll sem er elsta laugin. Með breyttum öryggiskröfum þarf að ráðast í töluverðar breytingar á því mannvirki. Forsagnarvinnu við breytingar á laugarkeri og útisvæði Laugardalslaugar er að mestu lokið og mun í kjölfarið fara fram hönnunarsamkeppni og útboð. Að því loknu verður ráðist í miklar framkvæmdir í Laugardalnum. Fara þarf í framkvæmdir á sauna klefum og skápum í búningsklefum Vesturbæjarlaugar, laga glerhjúp í innilaug Árbæjarlaugar og setja kerfisloft í búningsklefa. Brýnt er að fara í endurnýjun á tækjabúnaði í kjallara Breiðholtslaugar sem stenst ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar í dag en sú framkvæmd hefur staðið til í töluverðan tíma. Ný rennibraut opnaði á vormánuðum í Dalslaug sem hefur eflaust átt stóran þátt í aukinni aðsókn þar. Umhverfismál eru mikilvæg í öllum rekstri og einn helsti ávinningur í umhverfismálum sundlauganna er framleiðsla á klór. Fjórar sundlaugar framleiða sinn eigin klór en auk jákvæðra umhverfisáhrifa er gríðarlegur sparnaður með slíkri framleiðslu til lengri tíma litið. Öryggismál verða áfram stór þáttur í starfsemi sundlauganna, einkum það sem snýr að mannvirkjum og þjálfun starfsmanna sem þurfa að standast kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Hafin er rýni á skilvirkari stjórnun sundlauga og unnið verður að innleiðingu á þjónustustefnu á komandi ári.

## Útilífsborgin

Hlutverk útilífsborgarinnar er að stuðla að aukinni þátttöku borgarbúa í almennri útiveru og hreyfingu og stuðla þannig að bættri lýðheilsu. Mikilvægt er að bæta og efla þjónustu og aðstæður til útilífs í borginni og þar með koma til móts við ólík áhugasvið fólks til útivistar. Þá þarf að styðja við sérgreinasambönd/frjáls félög sem vinna með útivist í sínu starfi, skapa vettvang til að auka gæði og framboð útivistar og útináms í skóla- og frístundastarfi og auka þekkingu fagfólks í skóla- og frístundastarfi á útivist og útinámi. Í húsdýragarðinum og með tilkomu dýraþjónustunnar og meindýravarna til útilífsborgarinnar er mikilvægt að leggja aukinn þunga í fræðslu um umhverfistengd málefni og dýrahald. Loks er mikilvægt að huga að því að efla rannsóknir og greiningu tengt útilífi og er samstarf við háskólasamfélagið mikilvægt í því sambandi. Fjölmörg sóknarfæri liggja fyrir til framtíðaruppbyggingar og eflingar á útilífi í borginni. Tækifærin liggja meðal annars í að þróa enn frekar og efla þær starfseiningar hjá MÍR sem tilheyra útilífsborginni og tryggja þessari starfsemi fastari sess í starfsemi sviðsins. Útilífsborgin heldur utan um samskipti við íþrótta- og tómstundafélög sem tengjast útilífi á einhvern hátt í borgarlandi. Þetta eru meðal annars skíða-, skauta- og hjólreiðafélög sem og félög tengd jaðarsporti og siglingum. Útilífsborgin heldur utan um styrkjamál og rekstrarsamninga við þessi félög auk þess sem stefnt verður á enn frekari stuðning við sjálfsprottna útivista-, hjóla- og gönguhópa í Reykjavík. Ljóst er að skoða þarf á næstu misserum aðstöðumál ýmissa íþróttafélaga sem hafa einhverja skírskotun til útivistar og eru á hrakhólum með aðstöðu fyrir sína starfsemi. Sem dæmi má nefna Klifurfélag Reykjavíkur sem er ört vaxandi félag og heldur úti blómlegri starfsemi. Aðstaða þeirra er í tímabundnu húsnæði í Ármúla og sem hentar ekki starfseminni. Þá þarf að huga að inniaðstöðu fyrir hjólabrettaiðkendur og auk aðstöðu Siglingaklúbbs Brokeyjar í Skerjafirði. Mikil samlegð og hagkvæmni felst í því að finna sameiginlegt húsnæði fyrir ýmis smærri sem og stærri félög sem eru í húsnæðisvanda. Með því að leysa vanda þessara félaga skapast jafnframt tækifæri fyrir þau að þróa starfsemina enn frekar meðal annars með auknum tilboðum til barna og ungmenna.

Í Fjölskyldugarðinum er rekin skemmtigarður með opnum svæðum ásamt skemmti- og leiktækjum sem mörg hver eru gagnvirk og valin með öll aldursstig og kyn í huga. Talsverð fjárfesting átti sér stað í þessum hluta Fjölskyldugarðsins á árunum 2014 – 2019. Mikilvægt er að vinna áfram í að gera garðinn áhugaverðari og meira spennandi valkost fyrir börn og fjölskyldur. Tækifærin liggja meðal annars í því að bæta opnu svæðin í garðinum, koma vannýttum svæðum í notkun og endurnýja og bæta við leiktækjum stórum og smáum. Í Húsdýragarðinum eru haldin íslensk húsdýr og dýr sem lifa villt í íslenskri náttúru, auk framandi smádýra. Mikil tækifæri til eru staðar tengt fræðslu um dýr, dýrahald, vistfræði og umhverfismál. Þá þarf að huga að innviðum í húsdýragarðinum en lítil fjárfesting hefur verið í þessum hluta garðsins í gegnum árin. Mikilvægt er að aðstaða í verði færð í samræmi við lög og reglur og kröfur samfélagsins til dýrahalds og unnið verði skipulega að þessu marki á komandi árum. Húsdýragarðurinn á nú í vaxandi samstarfi við Árbæjarsafn um dýrahald þar á bæ og þar eru ýmsir möguleikar til staðar til frekari þróunar starfseminnar. Dýraþjónusta Reykjavíkur tók til starfa í garðinum árið 2021 en þá fluttust verkefni tengd gæludýrahaldi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur yfir til Húsdýragarðsins og eru einingarnar nú reknar saman. Í upphafi árs 2024 fluttist síðan starfsemi meindýravarna til

Dýraþjónustunnar frá USK. Dýraþjónustan heldur utan um vaxandi fjölda lögbundinna verkefna borgarinnar sem tengjast dýrahaldi og meindýravörnum meðal annars í umboði Heilbrigðisnefndar og sinnir auk þess almenningsfræðslu um dýrahald í þéttbýli. Unnið verður að enn frekari samþættingu þessara starfseininga þar sem áherslan er lögð á samlegð og bætta þjónustu við íbúa sem og stofnanir borgarinnar. Stefnt er að því að hefja stefnumótunarvinnu fyrir Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn til næstu ára og gerð aðgerðaráætlunar varðandi áframhaldandi uppbyggingu garðsins til framtíðar. Auk aðkallandi uppbyggingar húsnæðis liggur fyrir mikil viðhaldsþörf á aðstöðu og umhverfi garðsins. Má þar nefna endurnýjun göngustíga, girðinga og viðhalds á núverandi húsnæði sem verulega er farið að láta á sjá á víða í garðinum. Gjaldsskrá fjölskyldugarðsins er nú einnig í endurskoðun. Mikilvægt er að ná þar fram einföldun og hagræði en jafnframt breytingum sem stuðla að stöðugri tekjuöflun og auknum fyrirsjáanleika til lengri tíma litið.

Um áramótin 2024 fluttist starfsemi Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ) frá SFS yfir á MÍR undir Útilífsborgina. Gerður var sérstakur þjónustusamningur við SFS um útinám fyrir leik-, grunnskóla og frístundastarf auk námskeiða fyrir kennara og leiðbeinendur. Með sameiningu barna- og fræðslustarfs í Húsdýragarði, Siglunesi og hjá MÚÚ skapast aukin tækifæri til þróunar og samlegðar námskeiðahalds tengt útilífi, útinámi og umhverfismálum í borginni. Nauthólsvík er sannkölluð útivistarperla höfuðborgarsvæðisins. Þúsundir borgarbúa og ferðamanna leggja leið sína í víkina á hverju ári. Sjósundsfólk nýtir aðstöðu Ylstrandarinnar en mikil aukning hefur verið á sjósundsiðkun undanfarin misseri og fer þessi hópur ört stækkandi. Þá hefur Nauthólsvíkin í gegnum tíðina verið eitt aðalsvæði fyrir seglbáta og þar eru siglinganámskeið fyrir börn og ungmenni haldin. Skoða þarf hvort hagkvæmt geti reynst að samþætta starfsemi siglingaklúbbsins Siglunes sem rekin er af Útilífsborginni og siglingaklúbbsins Brokeyjar. Stefnt er að því að mynda starfshóp sem hefur það hlutverk að móta framtíðarsýn með tilliti til siglingastarfsemi á svæðinu og framtíðaruppbyggingu á aðstöðu. Þá þarf einnig að skoða önnur tækifæri sem þetta svæði býður upp á fyrir útivistarfólk. Uppbyggingu fjölnota aðstöðu sem nýst gæti íþrótta- og félagasamtökum tengdum útivist en sum þessara félaga hafa verið á hrakhólum með sín aðstöðumál. Tækifæri munu skapast til að nýta aðstöðu Sigluness við fjölbreytt námskeiðahald allt árið um kring sem hingað til hefur eingöngu verið gert yfir sumarmánuðina. Huga þarf að framtíðar aðstöðu fyrir fjölbreytta starfsemi við sjávarsíðuna á þessum fallega stað og með tilliti til þeirra tækifæra sem til staðar eru til að gera svæðið enn fjölbreyttara til afþreyingar fyrir borgarbúa. Með sameiningu á starfsemi Sigluness við starf MÚÚ og Fjölskyldugarðs hefur orðið til öflugur hópur starfsfólks með mikla þekkingu á siglingum og almennri útivist.

Skíðabrekkur í hverfum borgarinnar eru vinsælar og mikil sóknarfæri eru til staðar til að gera þessi svæði enn betri fyrir skíðaiðkun í framtíðinni. Stefnt er að því að klára landmótun fyrir Vetrargarðinn í Breiðholti á næsta ári auk bílastæða- og stígagerðar. Þá þarf að huga að næstu skrefum er lúta að mannvirkjagerð, lýsingu og lyftubúnaði fyrir garðinn. Með tilkomu Vetrargarðsins mun þjónusta og aðstaða til skíðaiðkunar innan borgarmarkanna bætast verulega sem ýtir enn frekar undir útiveru barna, ungmenna sem og fullorðinna. Töluverð þróun hefur átt sér stað í skíðagöngu innan borgarmarkanna. Á góðum vetrardögum fyllist Heiðmörk, Rauðavatn og Hólmsheiði af fólki til að fer á gönguskíði sér til heilsubótar.

Stefnt er að því að gera samning við „Sporið“ um vöktun og lagningu gönguskíðaspora í Hólmsheiðinni og á Rauðavatni þegar aðstæður leyfa. Þá er samtal hafið við skrifstofu opinna svæða hjá USK um að hreinsa og lagfæra enn frekar gönguskíðaleiðir á Hólmsheiðinni, merkja þær og tryggja aðgengi og snjóruðning að bílastæðum við svæðin. Í borginni er ört vaxandi hópur skautaiðkenda sem hafa áhuga á að njóta útiveru á skautum meðal annars á Rauðavatni og á Tjörninni. Til að koma til móts við þennan hóp fólks þarf að skoða möguleika á að leggja og viðhalda skautasvellum og leiðum þegar aðstæður eru fyrir hendi að vetrarlagi, líkt og gert er fyrir gönguskíðaiðkendur.

## Borgarbókasafnið

Ný stefna fyrir Borgarbókasafnið lítur dagsins ljós á haustdögum 2024 ásamt markvissri aðgerðaráætlun og verður áhersla áfram á samfélags- og þátttökuverkefni. Auk þess verður læsi, lestrarhvatning og upplýsingalæsi sett í forgrunn. Með nýrri aðgerðaráætlun verða settir inn mælikvarðar sem mæla enn betur árangur og upplifun af þjónustu safnsins. Áfram verður lögð áhersla á að kynna markvisst húsnæði og aðstöðu Borgarbókasafns fyrir einstaklinga og félagasamtök sem bjóða upp á dagskrá sem fellur vel að stefnu og markmiðum Borgarbókasafnsins.

Í Gerðubergi fer af stað nýtt tilraunaverkefni um hringrásarmiðstöð í samvinnu við USK og Sorpu sem opnar í september 2024 og munu viðburðir í Gerðubergi taka mið af því. Gert verður átak í að fjölga bókum á erlendum tungumálum fyrir börn og unglinga til þess að koma til móts við þarfir fólks með annað tungumál en íslensku. Stofnað hefur verið teymi innan safnsins sem leggur áherslu á lestrarhvatningu og fræðslu fyrir börn og unglinga þar sem lögð er sérstök áhersla á lestrarhvetjandi verkefni og að styðja við læsi. Vinna við nýja heimasíðu safnsins hefst í september 2024. Uppfæra þarf heimsíðu úr Drupal 7 yfir í Drupal 10 og kallar sú uppfærsla á miklar breytingar og kostnað ásamt vinnu fyrir starfsfólk miðlægrar deildar. Mikil áhersla verður á að ný heimasíða geti boðið upp á jafngóða eða betri sjálfsafgreiðslu og miðlun á því fjölbreytta starfi sem fer fram á öllum söfnum Borgarbókasafnsins. Hönnunarfasi Grófarhúss er í fullum gangi og unnið verður þétt með hönnunarteyminu að fullnaðarhönnun hússins út árið 2025 en áætlað er að framkvæmdir hefjist fyrri part árs 2026. Þarfagreining vegna tímabundinnar aðstöðu verður lögð fram á haustdögum 2024 og hafinn er undirbúningur að því stóra verkefni að flytja safnefni, búnað og starfsfólk í annað og tímabundið húsnæði.

## Listasafn Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur er lifandi og framsækinn vettvangur þar sem kynnast má fjölbreyttri myndlist í áhugavekjandi umhverfi enda hlaut safnið Safnaverðlaunin 2024 fyrir framsækið miðlunarstarf. Safnið stendur fyrir fjölbreyttu sýningahaldi og varðveitir umfangsmikla listaverkaeign Reykjavíkurborgar. Góð aðsókn er að sýningum og viðburðum og ástæða til bjartsýni þegar horft er til ársins 2025. Settar verða upp nýjar sýningar með verkum starfandi listamanna en að auki verður safneigninni gert hátt undir höfði meðal annars með þematengdum sýningum og uppsetningu á umfangsmikilli myndbandsinnsetningu, *Heimsljós* eftir Ragnar Kjartansson og Erró-sýningum. Auk þess sem fastasýning á verkum Kjarvals og annarra 20. aldar listamanna er á Kjarvalsstöðum. Í Ásmundarsafni verður sett upp yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar þar sem minningin safnhúsið sem vinnustofu er endurvakin en hluti

safnsins verður að tilraunakenndum vettvangi starfandi listamanna. Umfangsmesta sýningarverkefni ársins verður yfirlitssýning á verkum Steinu Vasulka (f. Steinunn Bjarnadóttir 1940) en hún telst á meðal frumkvöðla vídeólistar á heimsvísu. Sýningin er samstarfsverkefni við erlend söfn og Listasafn Íslands en viðamikill ferill Steinu verður kynntur samtímis þar og í Hafnarhúsi.

Á Kjarvalsstöðum verða tvær yfirlitssýningar og fylgja þeim báðum útgáfur. Á árinu verður jafnframt opnuð sýning á verkum úr Erró-safni í Ibere Camargo-safninu í Brasilíu. Stöðugt er unnið með safnkostinn; skráning, ljósmyndun og forvarsla en auk þess er umsýsla mikil vegna sýninga og útlána í opinber rými borgarinnar. Safnið hefur yfir að ráða góðu varðveislurými fyrir stærri listaverk en glímir við mikil þrengsli í öðrum listaverkageymslum. Áfram verður unnið að viðhaldi útilistaverka í borginni. Innan safnsins er jafnframt unnið að nýjum listaverkum í almannarými í tengslum við samninga borgarinnar um uppbyggingareiti og ný byggingarsvæði. Sem fyrr er inngilding höfð að leiðarljósi bæði almennt og í sérverkefnum sem lúta að því að hópar sem síður hafa sótt safnið heim njóti aðgangs. Áfram verður boðið upp á fjölbreytta safnkennslu og tekið á móti nemendum á öllum skólastigum auk þess sem boðið er upp á sérstaka dagskrá fyrir börn og fjölskyldur en bæta þarf aðstöðu fyrir þessa hópa í safnhúsunum. Áhersla er á að nýta samfélagsmiðla til kynningar og markaðsstarfs gagnvart innlendum sem erlendum gestum og markvisst unnið að því að tryggja safnið í sessi á meðal nýrra kynslóða. Þó erlendir ferðamenn skapi stóran hluta sértekna safnsins og safnið eigi mikinn þátt í að skapa gæða upplifun ferðamanna í borginni. Ekki er síður mikilvægt að borgarbúar líti á safnið sem sjálfsagðan viðkomustað og er stuðlað að því jafnt með fræðslu og viðburðum en einnig með samstarfi við ólíka hópa í borginni.

## Borgarsögusafn Reykjavíkur

Almennt var góð aðsókn í Borgarsögusafnið árið 2024. Ákveðnar vísbendingar eru þó um minni vöxt en ráð var fyrir gert í komum erlendra gesta á safnið og mikilvægt er að tekjuáætlun ársins 2025 taki mið af því. Viðburðadagskrá var hnitmiðuð en að sama skapi fjölbreytt og gekk vel og standa væntingar til þess að svo verði áfram á komandi ári. Sama má segja um safnfræðslu og margbreytileg samfélagsverkefni sem hafa að leiðarljósi að þjóna betur ólíkum hópum samfélagsins í takt við menningarstefnu Reykjavíkur. Fjárhagsáætlun ársins 2025 gerir ráð fyrir að grunnrekstur verði í góðu jafnvægi og verkefni á starfsáætlun taka mið af styrkjum sem sótt er um í samkeppnissjóð á borð við Safnasjóð og Fornminjasjóð. Borgarsögusafn hefur iðulega uppskorið vel á því sviði og fjöldi verkefna eru í vinnslu og hafa raungerst vegna þess. Þá verður einnig byggt á grunnvinnu sem staðið hefur yfir undanfarin misseri og má í því sambandi nefna bættan aðbúnað safnmuna í varðveisluhúsum og fjargeymslu, aukna skráningu safnskosts og frekari þróun á gagnagrunninum www.sarpur.is. Borgarsögusafn er leiðandi í þeirri vinnu á landsvísu. Áfram verður unnið að nýrri vefsíðu safnsins meðal annars með bættum myndavef.

Á dagskrá er að bæta þjónustu safnsins á ýmsan máta, svo sem með samræmdri upplýsingagjöf til gesta safnsins, á vef safnsins og með uppfærslu á mörkun þess til að skerpa á markaðssetningu. Þá verður unnið að því að styrkja enn fremur upplifun gesta á hverjum áfangastað safnsins og undirstrika sérstöðu hvers og eins. Fjöldi sýninga er á dagskrá safnsins líkt og ár hvert en sýningaveltan er mest á

Ljósmyndasafninu þar sem þrjár stórar sýningar eru á döfinni. Einnig er samstarfsverkefni við Ljósmyndaskóla Íslands og Blaðaljósmyndarafélag Íslands. Fjöldi annarra samstarfsverkefna eru ráðgerð á árinu svo sem varðandi skátamót í Viðey, Háskóla Íslands varðandi kennslu og við Sögufélagið um ýmsa útgáfu. Önnur verkefni á dagskrá eru til að mynda þátttaka í mótun framtíðarsýnar fyrir Viðey, samstarf við USK varðandi fornleifaskráningu, byggðakannanir og umsagnir.

## Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Skíðasvæðin fengu afhent snjóframleiðslukerfi í desember 2023. Snjóframleiðslukerfið nær yfir helming alls svæðisins í Bláfjöllum. Ári áður höfðu Skíðasvæðin fengið afhentar tvær nýjar stólalyftur í Bláfjöllum. Veturinn 2023-2024 komu fleiri gestir í Bláfjöll en nokkru sinni áður. Rétt rúmlega 100.000 gestir fóru með lyftum í Bláfjöllum og rúmlega 3000 manns fóru á gönguskíði. Opnunardagar voru í meðallagi sl.10 ára eða 60 samtals. Með tilkomu snjóframleiðslunnar þá tryggði hún Skíðasvæðunum opnunardaga á verulega mikilvægum dögum aðsóknarlega séð, þ.e. dögunum á milli jóla og nýárs og í byrjun nýs árs. Meiri flutningsgeta stólalyftna, fyrri opnun vegna snjóframleiðslu og hagstæð veðurskilyrði urðu til þess að gestamet var slegið í Bláfjöllum. Þetta leiðir líklegast til aukinnar aðsóknar í framtíðinni. Veðuraðstæður munu þó ávallt hafa áhrif á aðsókn. Fyrir lá ákvörðun samstarfsnefndar Skíðasvæðanna um að Skálafell yrði ekki opnað veturinn 2024. Engin ákvörðun liggur enn fyrir varðandi árið 2025.

## Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, endurspegla menningu ungs fólks, veita upplýsingar og ráðgjöf, styrkja stöðu ungs fólks á vinnumarkaði og vera vettvangur fyrir félagsleg úrræði. Starfsemi Hins Hússins fer fram á Rafstöðvarvegi 7-9, en þar fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Mörg verkefna Hins Hússins fara fram utan Elliðaárdalsins. Þar á meðal Jafningjafræðara sem fara með fræðslu í framhaldsskólana á veturna og í Vinnuskólann á sumrin. Músíktilraunir eru haldnar í Hörpu og Unglistin fer meðal annars fram í Borgarleikhúsinu. Götuleikhúsið og Listhópar sýna listir sínar fyrir almenningi á götum úti í miðborginni.

Helstu verkefni Hins Hússins eru eftirfarandi: Áttavitinn – Jafningjafræðsla Hins Hússins – Götuleikhús Hins Hússins – Listhópar Hins Hússins – Atvinnuráðgjöf – Virkninámskeið – Músíktilraunir – Klúbbastarf fyrir félagslega einangruð ungmenni – Unglist - Listahátíð ungs fólks – Frítímastarf fatlaðra – Starf með ungu flóttafólki – Opið hús – Skipulögð kvölddagskrá - Námskeið t.d í hljóðvinnslu og kvikmyndagerð.

Ungmenni og óformlegir hópar ungmenna nýta sér aðstöðu Hins Hússins til lengri eða skemmri tíma, meðal annars fyrir hljóðupptökur, fundi, námskeið, æfingar, ráðstefnur og fleira. Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) hefur fasta aðstöðu í Hinu húsinu, en jafnframt geta starfsstaðir Reykjavíkurborgar leigt rými fyrir fundarhöld, starfsdaga og ráðstefnur. Fjárhagsáætlun Hins Hússins fyrir árið 2025 er 692.445.453 m.kr. Þar af er áætlun fyrir frítímastarf fatlaðra 376.643.799 m.kr.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| Aðsóknartölur | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Gestafjöldi á söfnum Listasafns Reykjavíkur í þús. | 254 | 250 | 240 |
| Gestafjöldi á söfnum Borgarbókasafns í þús. | 495 | 470 | 480 |
| Gestafjöldi í Fjölskyldugarðinn í þús. | 192 | 180 | 190 |
| Gestafjöldi í söfn Borgarsögusafns í þús | 148 | 140 | 160 |
| Gestafjöldi samtalsí sundlaugum Reykjavíkur í þús. | 2.456 | 2.460 | 2.470 |
| Gestafjöldi í Ylströndinni í þús. | 77 | 73 | 75 |
| Gestafjöldi í Bláfjöllum í þús. | 100 | 90 | 90 |
| Gestafjöldi i Skálafelli | 0 | 0 | 0 |
| **Frístundakort** | **Raun 2023** | **Útkomuspá/ Áætlun 2024** | **Áætlun 2025** |
| Fjöldi 6-18 ára barna sem ráðstafar Frístundakorti | 82% | 84% | 84% |
| Hlutfallsleg nýting á fjármagni | 74% | 77% | 77% |
| Fjöldi félaga með aðild að Frístundakorti | 259 | 260 | 260 |
| Frístundakort ráðstafað til íþróttafélaga | 59% | 60% | 60% |
| Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi | 19% | 19% | 19% |
| Frístundakorti ráðstafað í líkamsrækt | 11% | 12% | 10% |
| Frístundakorti ráðstafað til Frístundaheimilia | 4% | 4% | 4% |
| Frístundakorti ráðstafað í annað félagsstarf | 7% | 7% | 7% |



# SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

## LEIÐARLJÓS

*Barnið sem virkur þátttakandi - Fagmennska og samstarf í öndvegi*

## SKIPURIT-DRÖG




## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

| | Raun 2023 | Esk. áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 6.178.185 | 5.482.818 | 4.463.910 |
| **Tekjur samtals** | **6.178.185** | **5.482.818** | **4.463.910** |
| Laun og launatengd gjöld | 51.642.491 | 51.695.039 | 52.853.625 |
| Annar kostnaður | 28.744.029 | 29.124.530 | 31.769.810 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **80.386.520** | **80.819.569** | **84.623.435** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **74.208.336** | **75.336.751** | **80.159.525** |

## STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útk.spá 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 6.128 | 6.103 | 6.034 |
| Fjöldi stöðugilda | 4.729 | 4.837 | 4.783 |
| **Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:** | | | |
| Leikskólar | 1.753 | 1.725 | 1.758 |
| Grunnskólar | 2.362 | 2.506 | 2.453 |
| Frístundamiðstöðvar | 431 | 428 | 390 |
| Skólahljómsveitir | 35 | 35 | 35 |
| Miðja máls og læsis | 11 | 13 | 13 |
| Betri borg fyrir börn | 72 | 68 | 72 |
| Yfirstjórn SFS og miðlæg þjónusta | 65 | 62 | 62 |
| | | | |
| Börn í borgarreknum leikskólum | 5.424 | 5.474 | 5.632 |
| Börn í borgarreknum grunnskólum | 14.474 | 14.531 | 14.491 |

## SKIPTING REKSTRAR 2025




## HLUTVERK

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða skóla- og frístundaþjónustu í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveitum og fleiri stofnunum í öllum hverfum borgarinnar. Unnið er skv. þeim lögum og reglugerðum sem málaflokkinn varðar. Allt faglegt starf í uppeldi og menntun barna og ungmenna byggir á Menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030; *Látum draumana rætast*. Menntastefnan og aðrar stefnur sem sviðið vinnur eftir koma saman í Græna planinu, heildarstefnu Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Tvö leiðarljós vísa veginn, hið fyrra er „Barnið sem virkur þátttakandi“ og hið síðara er „fagmennska og samstarf í öndvegi“. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm; Félagsfærni, Sjálfsefling, Læsi, Sköpun og Heilbrigði.

Samhliða samþykkt Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 var mótuð áætlun um almennar aðgerðir til stuðnings starfsstöðum í innleiðingarferlinu. Hver áætlun er gerð til þriggja ára, fyrst fyrir árin 2019-2021 og svo fyrir árin 2022-2024 sem er að ljúka.  Nú stendur yfir vinna við val á aðgerðum fyrir tímabilið 2025-2027. Samráðshópur skipaður fulltrúum helstu haghafa skóla- og frístundasamfélagsins í Reykjavík, kjörinna fulltrúa og ráðgjafa er að leggja mat á framgang innleiðingar menntastefnu borgarinnar og áforma næstu skref. Hópnum er ætlað að tryggja að áherslur nýrrar aðgerðaráætlunar taki mið af þeirri gerjun sem átt hefur sér stað í menntamálum sem og því breytta umhverfi sem börn búa nú við.

Vinnan hófst á því að ýmsir sérfræðingar fjölluðu um stöðu innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur, breytingar og rannsóknir í menntaumhverfinu. Sjónum var einkum beint að inngildingu, fjölmenningu og farsæld, læsi í víðum skilningi og stafrænni umbreytingu. Liður í þeirri vinnu var m.a. að spegla menntastefnu Reykjavíkur við útkomu PISA og annarra rannsókna og að setja fram umbótaaðgerð sem styrkir stöðu reykvískra barna í þeim þáttum menntunar sem þörf er á að bæta. Leitað var eftir svörum til starfsstaða sviðsins á eftirfarandi spurningum: Hvaða 2 – 3 atriði virka vel í okkar starfi og þarf ekki að breyta? Hvaða 2 – 3 atriðum þurfum við að breyta í okkar skóla/starfsstað? Hvaða 2 – 3 atriði þurfa að breytast í aðstæðum barna í samfélaginu? Eru einhver mikilvæg atriði sem þið viljið koma á framfæri vegna innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur? Frá ungmennum koma áherslur og hugmyndir frá U-LYNC ráðstefnu ungmenna sem var haldinn 20.-23. mars 2024 í Reykjavík.  Um er að ræða verkefnið *Borgarlíf ungs fólks á Norðurlöndunum: Áskoranir og tækifæri* sem er norrænt ungmennaátak sem miðar að því að styðja og skapa vettvang fyrir raddir ungs fólks. Ungmennin horfðu til fjölbreyttra og skapandi lausna sem endurspegla áhuga þeirra á að skapa sjálfbært, inngildandi og þrautseigt samfélag. Þau völdu eftirfarandi fimm þemu: Ungmennaþátttaka; Andleg heilsa; Menntun; Sjálfbærni og Fjölbreytileiki og lögðu fram hugmyndir um aðgerðir til að takast á við þær áskoranir.

Markmiðið með ofangreindri vinnu er að fá heildarmynd yfir stöðu mála og varpa ljósi á þá þætti sem mikilvægt er að leggja áherslu á til næstu þriggja ára. Verkefni samráðshópsins er að vinna með það efni sem hefur verið kynnt og að ná fram fáum en hnitmiðuðum aðgerðum sem ávarpa þá þætti sem brýnast er að takast á við með markvissum hætti í almennum aðgerðum til næstu þriggja ára. Ný áætlun um almennar aðgerðir 2025-2027 myndar kjarnann í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs.

Áfram er unnið að innleiðingu á verkefninu Betri borg fyrir börn í Reykjavík (BBB), sem er er liður í breyttum vinnubrögðum þar sem lögð er áhersla á að þétta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs með það að markmiði að samhæfa og bæta þjónustu við notendur, börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Jafnframt er markmiðið að bæta stjórnun og auka stuðning við stjórnendur og starfsstaði skóla- og frístundasviðs í borgarhlutum með aðkomu fagstjóra leik- og grunnskóla, stjórnendum frístundamiðstöðva og mannauðs- og fjármálaráðgjafa.

Á árinu 2024 var sett af stað þróunarverkefni á landsvísu um *samræmt verklag um móttöku og þjónustu við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, MEMM.* Miðja máls og læsis (MML) sem er þekkingarteymi Reykjavíkurborgar sem veitir kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi málþroska, læsi, kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, fjöltyngi og fjölmenningu er hluti af þróunarverkefninu. Starfsfólk MML verður áfram starfsfólk Reykjavíkurborgar en gert er ráð fyrir að MML starfi að mestu í sama húsnæði og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) a.m.k. tvö næstu árin. Markmið þróunarverkefnisins er að þróa og tryggja skóla- og frístundasamfélaginu öfluga grunnmenntun verðandi kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi, markvissa starfsþróun, ráðgjöf, námsgögn og verkfæri sem nýtast til að mæta betur börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn ásamt því að stuðla að aukinni inngildingu og gagnkvæmri aðlögun í skóla- og frístundasamfélaginu. Þá verða í ferlinu mótuð stuðningsúrræði sem einkum er ætlað að bregðast við flóknari aðstæðum einstakra barna. Framkvæmd verkefnisins er á ábyrgð MMS með stuðningi ráðuneytisins, í mikilli samvinnu við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Samtökin Móðurmál, Ungmennaráð, nemendur og eftir atvikum fleiri. Sérstakur samhæfingarstjóri var ráðinn af ráðuneytinu sem heldur utan um verkefnið í samvinnu við alla aðila.

## Fjárhagsleg áhrif

### Breytingar á fjárhagsramma SFS 2025

Við framframsetningu á fjárhagsramma 2025 er gert ráð fyrir að öll ný eða breytt verkefni rúmist innan núverandi fjárheimilda sviðsins og sé því hagrætt fyrir þeim. Eina viðbótin sem kemur fram er aukið framlag til dagforeldra og hvílir á ákvörðun og framkvæmd sem var gerð í ársbyrjun 2024, fjárhæð þess er um 130 m.kr. Fjárheimildir og rekstur sem færast frá SFS til MÍR er vegna Klébergslaugar 50 m.kr. og Miðstöðvar útivistar og útináms 82,9 m.kr. Við skipulagsbreytingar á FAS þá færast fjárheimildir frá SFS til FAS að fjárhæð 32 m.kr. Grunnskólalíkan er uppfært miðað við forsendur þess um fjölda nemenda, fjölgun barna sem þurfa stuðning og aðrar þær magnbreytingar sem eiga við innan grunnskólalíkans auk þess að skólamáltíðir verði gjaldfrjálsar.

Aðrar breytingar á fjárhagsramma tengjast kjarasamningsbundnum breytingum. Ekki koma neinar fjárheimildir til að lagfæra liði sem hafa verið í viðvarandi halla síðustu ár, s.s. rekstur Klettaskóla, akstur fatlaðra, sértækt frístundastarf, rekstur leikskólanna, skólaakstur, afleysingakostnaður vegna langtímaveikinda kennara o.fl. Innan fjárhagsáætlunar þarf því að bregðast við þessum aðstæðum með því færa til fjárheimildir innan SFS.

Helstu aðgerðir til hagræðingar í rekstri og koma til skoðunar og aðrar sem fara í framkvæmd eru m.a eftirfarandi, skipt eftir þjónustuþáttum:

Verkefni er tengjast allri starfsemi sviðsins:
- Fresta fyrirhuguðu verkefni  - Fyrr í frístundaheimili 300 m.kr.
- Fresta fyrirhugaðri innleiðingu - Nurture, 100 m.kr.
- Fresta fyrirhuguðu verkefni - áfallateymi og fjölmenningarráðgjöf í miðstöðvum, 265 m.kr.
- Fresta fyrirhuguðu verkefni: Hækkun framlags til grunnskóla vegna ísl.2.
- Þróunarstyrkir menntastefnu lækka tímabundið úr 100 m.kr. Í 50 m.kr.
- Tækjakaupasjóður lækkaður tímabundið  um 70 m.kr.
- Styrkir lækkaðir um 15 m.kr.
- Hagræðing í miðlægri þjónustu, 50 m.kr.
- Rýni á túlkaþjónustu og breytingar í tengslum við aukna tækni og netþjónustu.

Verkefni tengd frístundastarfsemi:
- Fækka frístundafræðingum, 28 m.kr.
- Skrifstofustjóri á frístundamiðstöð, 10 m.kr.
- Rýna að hætta þjónustu frístundaheimila á löngum dögum, 44 m.kr.
- Rýna að loka í sumarfrístund í 5 vikur í stað 4 vikna, 23 m.kr.
- Rýna að stytta opnunartíma frístundaheimila frá skólabyrjun til skólaslita um 30 mín, 73 m.kr.
- Rýna þarf óútfærða hagræðingarkröfu á frístundarhluta að fjárhæð 45 m.
- Endurnýja reiknilíkan frístundastarfs.

Verkefni tengd grunnskólastarfsemi:
- Hagræðing í rekstri Brúarskóla,  30 m.kr.
- Rýni ytri ráðgjafa á reiknilíkani grunnskóla.

Verkefni tengd leikskólastarfsemi:
- Rýni á sumarlokun leikskóla, til skoðunar í tengslum við nýtt líkan.
- Rýni á að stytta opnunartíma leikskóla, til skoðunar í tengslum við nýtt líkan.
- Rýni ytri ráðgjafa á reiknilíkani leikskóla.

Verkefni tengd listastarfsemi:
- Rýni á fækkun keyptra kennslustunda af tónlistarskólum, 75 m.kr.
- Breytingar á samningi við Myndlistarskólann, 15 m.kr.

## GJALDSKRÁR – VERÐLAGSBREYTINGAR

Gert er ráð fyrir:

- Að gjaldskrár hækki um 3,5% þann 1. janúar 2025. Upphaflegar gjaldskrár 2024 voru lækkaðar um 2% í júní 2024 í tengslum við gerð kjarasamninga.
- Að tölvuþjónusta (gjaldskrá UTR) hækki í samræmi við áætlaðan útgjaldaramma deildarinnar.
- Að reiknaðar séu verðbætur á almennan rekstrarkostnað 3,2%
- Að viðbætur vegna kjarasamningsbreytinga 1.123 m.kr. koma inn í hækkun fjárhagsramma 2025. Við fjárhagsáætlunargerð var aðeins búið að semja við Eflingu og Sameyki, áhrif vegna áhrifa frá öðrum félögum eru ekki í fjárhagsáætlun, stærstu félögin sem á eftir að semja við eru félög innan KÍ.
- Að hætt verði að innheimta fyrir skólamáltíðir í grunnskólum.

## ÓVISSA Í REKSTRI

Vakin er athygli á eftirfarandi þáttum í starfsemi SFS sem skapa óvissu í rekstri sviðsins:

- Heilbrigði og vellíðan: Áskoranir tengdar líðan barna og unglinga, einelti, ofbeldi, hatursorðsumræðu og fleiri þátta. Einnig áskoranir sem tengjast álagi á starfsfólk og fjarvistum vegna veikinda.

- Faglegt samstarf og þróun: Áskoranir tengdar mönnun í starfsemi sviðsins og hlutfalli fagmenntaðra starfsmanna.
- Áskoranir tengdum viðhaldi og endurnýjun húsnæðis starfseininga sviðsins og rekstrartruflanir vegna framkvæmda.
- Vanfjármögnun frá ríkinu: Sérkennsla og stuðningur við fatlaða auk stuðnings við börn af erlendum uppruna.
- Kjarasamningar.

## Frístundamiðstöðvar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar

Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á að börnum og unglingum í Reykjavík standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu. Frístundamiðstöðvar stýra starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem reka starfsemi sína á grundvelli reglna um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Þjónustan fer fram allt árið um kring og er unnin í þéttu samstarfi við grunnskóla borgarinnar.

Frístundamiðstöðvar setja fram í starfsáætlunum sínum ár hvert útlistun á áherslum starfsins og fylgst er grannt með líðan barna og ungmenna í þeim rannsóknum sem lagðar eru fyrir. Þjónustutími starfseminnar er bundinn við samþykktar reglur um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva og fjárhagsrammi starfsstaða í samræmi við þær.

Frístundamiðstöðvarnar eru fjórar sem reka 37 frístundaheimili og 25 félagsmiðstöðva, þar af fjórar sértækar. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að gjaldskrár hækki um 3,5% þann 1. janúar 2025. Upphaflegar gjaldskrár 2024 voru lækkaðar um 2% í júní 2024 í tengslum við gerð kjarasamninga.
- Breytingar verði á skipulagi og þjónustu til að hagræða í rekstri.

## Leikskólar og dagforeldrar

Áherslur í leikskólastarfi í Reykjavík er að leikskólar Reykjavíkur verði framúrskarandi menntastofnanir fyrir yngstu börnin í borginni. Að þar verði fyrirmyndar starfsaðstæður fyrir börn og starfsfólk sem auðveldi öllum að hámarka þroska sinn og getu í leik og starfi. Helstu breytingar sem áætlaðar eru í leikskólum Reykjavíkur eru fjölgun leikskólaplássa og þá um leið starfsmanna í kjölfar áframhaldandi stækkunar eldri leikskóla með viðbótarhúsnæði, endurnýjun eldri leikskóla og opnun nýrra leikskóla.

Leikskólar setja fram í starfsáætlunum sínum ár hvert áherslur starfsins ásamt umbótaáætlun og öðrum áætlunum sem snerta starfsemina svo sem varðandi málþroska og sköpun.

Borgarreknir leikskólar eru 71 þar af þrír sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru um 19 og þar af tveir sem aðeins eru með 5 ára deildir. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að gjaldskrár hækki um 3,5% þann 1. janúar 2025. Upphaflegar gjaldskrár 2024 voru lækkaðar um 2% í júní 2024 í tengslum við gerð kjarasamninga.
- Að fjölgun verði á börnum í sjálfstætt starfandi leikskólum vegna aukinnar aðsóknar.
- Að það verði um 375 börn að meðaltali hjá dagforeldrum á árinu 2025.
- Við gerð fjárhagsáætlunar voru nýir samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla í vinnslu, væntanleg áhrif nýrra samninga eru ekki sett fram í fjárhagsáætlun.

Vinna við nýtt leikskólalíkan er langt komin. Markmið þess er að fjárheimildir hvers leikskóla endurspegli raunkostnað við rekstur leikskóla. En á síðustu árum hafa fjárheimildir leikskóla ekki verið í takt við rekstrarútgjöld og því verið mikill rekstrarhalli. Fjármögnun og fjármálastjórn í leikskólum verður traustari með nýju úthlutunarlíkani. Væntanleg áhrif af nýju líkani koma ekki fram í fjárhagsáætlun 2025.

## Grunnskólar

Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á að í grunnskólum í Reykjavík verði unnið markvisst og einhuga að því að innleiða menntastefnu Reykjavíkurborgar; að allir nemendur í grunnskólum borgarinnar njóti afburða góðrar kennslu og færniþjálfunar, s.s. eflingu tilfinninga-, samskipta- og sjálfsþekkingargreindar. Áhersla er á læsi nemenda í víðu samhengi og að nemendur verði virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

Allir grunnskólar setja fram í starfsáætlunum sínum ár hvert útlistun á áherslum skólastarfsins ásamt umbótaáætlun og öðrum áætlunum sem snerta skólastarfið. Fylgst er grannt með líðan barna og ungmenna í þeim rannsóknum sem lagðar eru fyrir.

Borgarreknir grunnskólar eru 38, þar af eru 2 sérskólar og 5 grunnskólar sem eru sameinaðir leikskólum/frístundaheimilum/tónlistarskóla. Sjálfstætt starfandi grunnskólar eru 6 auk eins sjálfstætt starfandi sérskóla sem borgin er með samning við.

Gert er ráð fyrir:

- Að fjárheimildir grunnskólar borgarinnar verði uppfærðar samkvæmt grunnskólalíkani, en í því felst m.a. að fjárheimildir skóla taki mið af breytingu á fjölda barna í hverjum skóla. Hækkun framlags er vegna fjölgunar barna sem þurfa stuðning.
- Að skólamáltíðir verði gjaldfrjálsar.
- Reiknilíkan grunnskóla sé rýnt með það fyrir augum að hagræða í rekstri.

# KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna þeirra þjónustuþátta sem fá nýtt fjármagn eða dregið úr fjármagi til þjónustuþátta var gerð skimun samkvæmt gátlista um jafnréttisskimun, sbr. skjal nr. FMS-LBE-156. Vinnsla KFS í tengslum við fjárhagsáætlun var unnin í samræmi við verklagsreglur og leiðavísi um jafnréttismat. Með því að koma KFS skimun inn í verkferli í áætlun er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglinga. Með það að leiðarljósi er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustuþáttum sviðsins.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| Lykiltölur | Raun 2021 | Raun 2022 | Raun 203 | Útkspá 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|
| Starfsstaðir | | | | | |
| **Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)** | 83 | 89 | 90 | 91 | 91 |
| Leikskólar Reykjavíkur (þar af 3 sameinaðir leik- og grunnskólar) | 63 | 68 | 69 | 70 | 70 |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar (þar af 2 fimm ára deildir) | 20 | 21 | 21 | 21 | 21 |
| **Fjöldi grunnskóla í Reykjavík** | 44 | 44 | 44 | 44 | 44 |
| Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012) | 38 | 38 | 38 | 38 | 38 |
| Sjálfstætt starfandi grunnskólar | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 |
| **Fjöldi skólahljómsveita** | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| **Tónlistarskólar** | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 |
| Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng | 17 | 17 | 17 | 17 | 17 |
| Tónlistaskólar sem fá gr. frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurb. vegna framhaldsn. í hljóðfæraleik og mið-/framhaldsnáms í söng | 15 | 13 | 13 | 13 | 13 |
| **Frístundamiðstöðvar** | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 |
| Frístundaheimili | 34 | 37 | 37 | 37 | 37 |
| Sértækar félagsmiðstöðvar (áður frístundaklúbbar) | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 |
| Félagsmiðstöðvar | 21 | 23 | 21 | 21 | 21 |
| Barnið, nemandinn, unglingurinn | | | | | |
| **Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík** | 6.407 | 6.608 | 6.674 | 6.723 | 7.040 |
| Leikskólar Reykjavíkur | 4.947 | 5.059 | 5.175 | 5.234 | 5.362 |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar | 1.240 | 1.290 | 1.250 | 1.249 | 1.408 |
| Sameinaðir leik- og grunnskólar | 220 | 259 | 249 | 240 | 270 |
| **Fjöldi reykvískra barna í leikskólum utan Rvk.** | 45 | 23 | 23 | 19 | 20 |
| **Fjöldi barna með lögheimili utan R. sem dvelja í leikskóla í Reykjavík** | 35 | 26 | 26 | 37 | 35 |
| **Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík** | 68.855 | 70.336 | 72.593 | 72.492 | 73.175 |
| Leikskólar Reykjavíkur | 53.206 | 54.275 | 56.125 | 56.765 | 55.479 |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík | 13.333 | 13.694 | 13.834 | 13.239 | 14.925 |
| Sameinaðir leik- og grunnskólar | 2.316 | 2.367 | 2.634 | 2.488 | 2.771 |
| **Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavík** | | | | | |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur | 441 | 393 | 393 | 444 | 420 |
| **Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík** | 51.040 | 52.101 | 53.357 | 52.769 | 54.874 |
| Leikskólar Reykjavíkur | 40.636 | 40.855 | 42.579 | 42.410 | 43.208 |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík | 8.482 | 8.711 | 8.800 | 8.422 | 9.494 |
| Sameinaðir leik- og grunnskólar | 1.922 | 2.535 | 1.978 | 1.937 | 2.172 |
| **Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur** | | | | | |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur | 301 | 268 | 268 | 303 | 287 |

| Lykiltölur framhald | Raun 2021 | Raun 2022 | Raun 203 | Útkspá 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|
| Barnið, nemandinn, unglingurinn frh. | | | | | |
| **Dagforeldrar** | | | | | |
| Fjöldi barna hjá dagforeldrum | 515 | 450 | 420 | 420 | 420 |
| **Grunnskólar / sérskólar** | | | | | |
| Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn | 14.475 | 14.449 | 14.474 | 14.531 | 14.491 |
| Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn | 184 | 184 | 184 | 190 | 200 |
| Fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi sérskólum á vor | 7 | 12 | 12 | 12 | 14 |
| Fjöldi nemenda í grunnskólum á haustönn | 14.475 | 14.449 | 14.474 | 14.531 | 14.491 |
| Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn | 184 | 184 | 184 | 190 | 200 |
| Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum | 691 | 742 | 752 | 755 | 760 |
| Fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi sérskólum á haust | 11 | 12 | 12 | 12 | 14 |
| **Tónlistarskólar / skólahljómsveitir** | | | | | |
| Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum | 521 | 521 | 521 | 521 | 521 |
| **Frístundamiðstöðvar** | | | | | |
| Fjöldi barna á frístundaheimilum | | | | | |
| Fjöldi barna á frístudnaheimilum, vorönn | 4.129 | 4.105 | 4.083 | 3.965 | 3.829 |
| Fjöldi barna á frístudnaheimilum, haustönn | 4.129 | 4.105 | 4.083 | 3.965 | 3.829 |
| Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun | | | | | |
| Á vorönn | 3.607 | 3.586 | 3.567 | 3.844 | 3.852 |
| Á haustönn | 3.607 | 3.586 | 3.567 | 3.844 | 3.852 |
| Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð | | | | | |
| Á vorönn | 199 | 200 | 203 | 205 | 244 |
| Á haustönn | 199 | 200 | 203 | 205 | 244 |
| Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun | | | | | |
| Á vorönn | 181 | 181 | 196 | 198 | 201 |
| Á haustönn | 181 | 181 | 196 | 198 | 201 |



# UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

## LEIÐARLJÓS

*Leiðarljós umhverfis- og skipulagssviðs eru aukin lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg*

## SKIPURIT




## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

### USK aðalsjóður

| | Raun 2023 | Esk. áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | -5.775.466 | -5.845.443 | -6.760.938 |
| **Tekjur samtals** | **-5.775.466** | **-5.845.443** | **-6.760.938** |
| Laun og launatengd gjöld | 3.728.544 | 4.034.400 | 4.133.456 |
| Annar kostnaður | 13.326.053 | 13.439.391 | 15.025.256 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **17.054.597** | **17.473.791** | **19.158.712** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **11.279.131** | **11.628.348** | **12.397.775** |

### USK eignasjóður

| | Raun 2023 | Esk. áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | -1.051.788 | -964.730 | -964.730 |
| Rekstrartekjur fluttar í aðalsjóð | 197.408 | 177.600 | 177.600 |
| **Tekjur samtals** | **-854.380** | **-787.130** | **-787.130** |
| Laun og launatengd gjöld | 2.501.061 | 2.740.012 | 2.923.149 |
| Annar kostnaður | 7.372.081 | 6.855.780 | 7.228.870 |
| Rekstur fluttur í aðalsjóð | -5.398.386 | -4.754.922 | -5.444.393 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **4.474.756** | **4.840.870** | **4.707.626** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **3.620.376** | **4.053.740** | **3.920.496** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarniðurstaða alls** | **14.899.507** | **15.535.650** | **16.318.271** |

## STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útksp. 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 455 | 478 | 481 |
| Fjöldi fastra stöðugilda | 426,6 | 444,1 | 447,45 |
| Fjöldi sumarstarfsmanna | 330 | 340 | 323 |
| Fjöldi nemenda í vinnuskólanum | 3133 | 3387 | 3000 |
| Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum: | | | |
| Sviðstjóri | 4 | 4 | 6 |
| Skrifstofa stjórnsýsla og gæða | 14 | 18 | 18 |
| Skrifstofa mannauðs | 6 | 6 | 8 |
| Skrifstofa fjármála | 5 | 5 | 5 |
| Skrifstofa þjónustu og samskipta | 16,8 | 16,8 | 17 |
| Skipulagsfulltrúi | 17,5 | 17,5 | 18 |
| Byggingafulltrúi | 20 | 20 | 18 |
| Samgöngur og borgarhönnun | 43 | 42 | 42 |
| Heilbrigðiseftirlit | 23,7 | 23,7 | 24,85 |
| Umhverfisgæði | 80 | 95,5 | 95 |
| Framkvæmdir og viðhald | 55 | 55 | 58 |
| Verkefnastofa | 6 | 7 | 6 |
| Rekstur borgarlands | 135,6 | 132,6 | 131,6 |

## SKIPTING REKSTRAR 2025









## HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölþættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu, líkt og garðyrkju og grasslætti, snjómokstri og hreinsun.

Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Bílastæðasjóður er einnig hluti af umhverfis- og skipulagssviði sem og Grasagarður Reykjavíkur. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því nýtt aðalskipulag til ársins 2030 tók gildi og er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Það hefur nú verið uppfært og endurbætt til ársins 2040. Þar birtist sá græni þráður sem skal endurspeglast í öllu starfi sviðsins. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg. Sviðið er umhverfisvottað og leggur áherslu á að veita borgarbúum og öðrum viðskiptavinum góða þjónustu.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Á umhverfis-og skipulagssviði hefur starfsárið 2024, líkt og árin þar áður, einkennst af verkefnaþunga á öllum skrifstofum. Stór og flókin verkefni hafa einkennt starfsárið, t.a.m. undirbúningur að Sundabraut og uppfærsla samgöngusáttmálans, skipulag á Veðurstofuhæð og Leirtjörn, stórar áskoranir í viðhaldi skóla og leikskóla auk húsnæðisátaks sem hófst snemma árs ásamt breytingum á úrgangsmálum og vetrarþjónustu.

Nokkuð var um skipuritsbreytingar á sviðinu þar sem verkefni voru flutt á milli skrifstofa og verklagi breytt, en sviðið leggur mikla áherslu á skilvirkni og að bæta verklag. Umgjörð þess hluta sviðsins sem staðsettur er á Höfðatorgi er einnig breytt, sætaval er frjálst og meira flæði milli skrifstofa og starfsfólks,

sem leitt hefur til aukinnar samvinnu og samstarfs. Lögð er áhersla á teymisvinnu enda er oft um flókin verkefni að ræða sem snerta fjölmargar starfseiningar.

Fyrirhuguð er innleiðing gæðastjórnunarkerfis á sviðinu öllu þar sem áhersla er lögð á bætta þjónustu, aukna skilvirkni og skýrari ferla. Þeirri vinnu er forgangsraðað í þágu þjónustu við borgarana og framgangs stórra verkefna þvert á svið og borg. Einnig verður innleidd víðtæk umbótavinna í skipulagi öryggismála og áfram verður unnið að breytingum á verklagi og verkefnum Vinnuskólans en þær breytingar sem gerðar voru á sl. ári tókust vel.

Starfsárið 2025 mun því áfram einkennast af hraða, magni og metnaði. Þá vill umhverfis-og skipulagssvið vera í fararbroddi í því að innleiða stefnumiðaða stjórnun, skilgreindar aðferðir verkefnastjórnunar, nýja þjónustuferla, stafræna umbreytingu og aukna teymisvinnu.

Á umhverfis-og skipulagssviði er Græna planið ásamt öðrum stefnum borgarinnar um kolefnishlutlausa framtíð haft til hliðsjónar og þá vísar aðalskipulag Reykjavíkur veginn enda stefna um þróun borgarinnar til ársins 2040. Húsnæðismál, vistvænar samgöngur, torg og græn svæði skipa þar stærstan sess en lykilstefið er græn og réttlát þróun borgarinnar fyrir öll.

Unnið er að margskonar verkefnum sem varða þróun borgarinnar bæði í úthverfum og meðfram samgönguás Borgarlínu. Sem dæmi má nefna vinningstillögu FOJAB arkitekta um Keldnasvæðið sem þegar hefur verið lögð til grundvallar þróunaráætlunar um svæðið og setur nýjan tón þegar brjóta á nýtt land. Tillagan endurspeglar áherslur borgarinnar um manneskjulegan mælikvarða, þétta og fjölbreytta byggð, vandað umhverfi, græn svæði og náttúru sem grundvöll skipulagsvinnu.

Húsnæðisátak til tveggja ára var svo sett á laggirnar í byrjun árs og hafa fyrstu drög að þéttingu byggðar í Grafarvogi verið kynnt. Vinna við þróunarreiti í Breiðholti er hafin og vonir standa til að þar liggi fyrir deiliskipulag í árslok. Sérstök áhersla er lögð á skipulagsgerð sem tengist lóðaúthlutun borgarinnar á sama tíma og stórir sem smáir skipulagsreiti verða þróaðir með einkaaðilum.

Þung áhersla er lögð á að hraða íbúðauppbyggingu en jafnframt þarf að draga úr kolefnisspori byggingariðnaðarins og tryggja gæði til framtíðar. Huga þarf að nýsköpun í byggingariðnaði og taka þátt í að þróa og prófa ný efni og aðferðir. Afgreiðslutími erinda getur verið langur og er ný umsóknargátt mikilvægur liður í bættri þjónustu byggingarfulltrúa. Um er að ræða gátt sem opnar fyrir rafrænar umsóknir um byggingarleyfi og verður tekin í notkun í ársbyrjun 2025. Gáttin leysir af hólmi eldri umsóknargátt sem er flókin bæði fyrir umsækjendur og starfsfólk byggingarfulltrúa. Nýja umsóknargáttin er verkefni sem leitt er af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í samvinnu við sveitarfélög.

Vænta má að meiri kraftur verði settur í verkefni sem unnin eru í samvinnu við ríkið á komandi ári.Þar má nefna verkefni samgöngusáttmálans og undirbúning Sundabrautar. Einnig verður áfram unnið að kappi við að undirbúa byggingu Þjóðarhallar. Breytingar í kringum Hlemm er í fullum gangi en fyrirhugað er að leggja enn frekari áherslu á Reykjavík sem gönguvæna borg og mun sú stefna, sem mótuð verður á fyrri hluta ársins, birtast í fjárfestingum borgarinnar fljótlega. Stöðugt er unnið að því að auka hlutfall gangandi og hjólandi innan borgarinnar og áhersla er lögð á gott umhverfi, öryggi og lífsgæði íbúa. Vinna við borgarhönnunarstefnu er að ljúka og hefst innleiðing strax í kjölfarið. Einnig verður settur aukinn

kraftur í innleiðingu aðgerðaáætlunar um líffræðilegan fjölbreytileika sem hefur mótandi áhrif á borgarumhverfið, jafnt náttúru sem manngert umhverfi.

Árið 2025 verður átaksár í viðhaldi, jafnt í fasteignum borgarinnar sem og götum, gangstéttum og göngustígum. Viðhaldsverkefni í leik- og grunnskólum hafa aldrei verið fleiri né stærri en á sama tíma er verið að undirbúa byggingu nýrra skóla í nýjum hverfum.

Laugardalurinn verður stórt verkefni, undirbúningur og uppsetning á svokölluðu skólaþorpi, viðhald þriggja grunnskóla auk undirbúnings að uppbyggingu safnskóla. Haldið verður áfram með framkvæmdir á nýjum byggingarsvæðum s.s. við Elliðavog- Vogabyggð, Hlíðarenda, Gufunes, Bryggjuhverfi, Ártúnshöfða og þá má gera ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í Skerjafirði.

Unnið verður að frekari hönnun á nýjum grunnskóla í Vogabyggð og hönnunarsamkeppni um Hafnarhús og Dans-og Fimleikahús í Breiðholti verður undirbúin.

Nauðsynlegt er að undirbúa byggingu nýrrar þjónustumiðstöðvar borgarlandsins í austurhluta borgarinnar, þar sem á Stórhöfða á að rísa íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að á árinu verði undirbúningi lokið og vonast er til að hægt verði að hefjast handa við byggingaframkvæmdir á árinu 2026.

Ný útboð í vetrarþjónustu gatna hafa verið innleidd en haldið verður áfram með endurskoðun vetrarþjónustunnar og nú einblínt á göngu- og hjólastíga og ný útboð í þeim verkefnum.

Úrgangsmál voru í brennidepli á árinu 2024. Lokið var við innleiðingu á breyttri hirðu á grenndarstöðvum á árinu 2024 til samræmis við svokölluð hringrásarlög sem tóku gildi í upphafi árs 2023. Hirða á átta úrgangsflokkum við heimili eða grenndarstöðvar hefur þá verið innleidd en eftir er að hefja söfnun á spilliefnum í nærumhverfi sem verður unnið að árið 2025.

## Loftslagsmál og aðalskipulag

Reykjavík hefur skuldbundið sig til að flýta markmiði um kolefnishlutleysi til ársins 2030. Það er gert með þátttöku í Evrópusamstarfi sem segir til um 112 kolefnishlutlausar og snjallar borgir árið 2030 ásamt gerð loftslagsborgarsamnings. Fyrsta útgáfa loftslagsborgarsamnings liggur nú fyrir. Reykjavíkurborg hefur verið þátttakandi í loftslagssáttmála sveitarfélaga (Global). Með þátttökunni skuldbindur borgin sig til að setja fram aðgerðir og sýna fram á hvernig gengur með því að skila loftslagsbókhaldi á hverju ári með tilheyrandi gagnaöflun. Skuldbindingin fer vel saman við þátttöku Reykjavíkur í Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030. Borgirnar eru um leið miðstöðvar nýsköpunar og rannsókna með það að markmiði að aðrar borgir Evrópu geti nýtt sér þá reynslu til að verða kolefnishlutlausar árið 2050. Reykjavík hefur sett sér stefnu um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 og ítarlega aðgerðaáætlun sem nær til ársins 2025. Með þátttöku í verkefninu er verið að herða á þeirri stefnu og flýta kolefnishlutleysi til ársins 2030. Það markmið næst ekki nema með breiðri þátttöku. Þátttakendur í fyrsta loftslagsborgarsamningnum skuldbinda sig til að leggja fram eina eða fleiri aðgerðir sem draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Samningurinn er nú í yfirlestri og samþykki Evrópusambandsins mun liggja fyrir á vormánuðum 2025. Aðgerðir verða útfærðar nánar í samvinnu við þátttakendur á árinu..

Vegna þátttöku Reykjavíkur í Evrópusamstarfinu hefur borgin forgang að styrktarmöguleikum. Alls eru fjögur verkefni í rekstri sem hafa hlotið styrk, þrjú þeirra ná þvert yfir öll svið borgarinnar og eru rekin af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Eitt verkefni snýr að nýsköpun í loftslagsmálum og er í rekstri hjá umhverfis- og skipulagssviði frá hausti 2024 til ársins 2026. Sviðið hlaut einnig styrk frá Bloomberg Philanthropiestil að stofna Loftslagssjóð ungs fólks og studdi við fjölbreytt verkefni ungs fólks á árinu 2024. Áform eru um að úthlutað verði úr sjóðnum árlega.

Helstu aðalskipulagsverkefni komandi árs verða m.a mótun breytinga vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í landi Keldna og Keldnaholts, á grundvelli vinningstillögu skipulagssamkeppninnar 2023. Unnin verða ítarleg aðalskipulagsákvæði (rammahluti) sem verða forsendur deiliskipulagsgerðar og áfangaskiptingar uppbyggingar á svæðinu. Keldnaverkefnið snýr einnig að skipulagi Borgarlínu frá Krossamýrartorgi að Keldum og mögulegum breytingum á landnotkun innan áhrifasvæðis hennar í austurhluta borgarinnar. Fyrsta lota Borgarlínu, Ártúnshöfði – Fossvogur, rammahluti aðalskipulags, sem hefur verið í vinnslu undanfarin misseri með Kópavogsbæ og Borgarlínustofu, mun væntanlega verða staðfest í byrjun árs 2025. Einnig er hafinn undirbúningur umfangsmikillar aðalskipulagsbreytingar á Kjalarnesi, bæði á landbúnaðarsvæðum, í dreifbýlinu almennt svo og varðandi þróun þéttbýlis í Grundarhverfi, en gert er ráð fyrir að sú vinna klárist fyrir lok árs 2025. Þá er í vinnslu aðalskipulagsbreyting á Álfsnesi og Esjumelum sem varðar skipulag atvinnusvæða og landþörf iðnaðar og er hún unnin samhliða mótun frekari hugmynda um uppbyggingu hringrásargarðs á Álfsnesi og þar eru áformuð verklok vorið 2025. Aðalskipulagsbreyting vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sundabraut er ennfremur í vinnslu og hófst sú vinna haustið 2023, en stefnt er að klára þá breytingu fyrir vorið 2025, en það er þó háð framvindu.

## Helstu fjárhagslegu breytingar á milli ára

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að rekstrarrammi sviðsins hækki um 783 m.kr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2024. Stærsta breytingin er sú að viðbótarfjármagn upp á 547 m.kr. kemur inn í rekstraramma sviðsins vegna innri leigu og af því eru 415 m.kr. vegna leigu gatna og opinna svæða. Því til viðbótar er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna kjarasamningsbundinna hækkana að upphæð 375 m.kr. og verðbóta á annan rekstrarkostnað að upphæð 238 m.kr. Gert er ráð fyrir hækkunum vegna gjaldskrártekna að upphæð 57 m.kr. Viðbótarfjármagni er bætt í ramma vegna vetrarþjónustu að upphæð 44 m.kr. og vegna sumars- og jólaborgarinnar að upphæð 39,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að kostnaður við sorphirðu hækki um 432 m.kr. á milli ára og kostnaður við gjaldfært viðhald fasteigna lækki um 128 m.kr. milli ára.

## Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Skrifstofa stjórnsýslu og gæða heldur utan um miðlæga þjónustu, almenna rekstrarþjónustu, stjórnsýslu og lögfræðiþjónustu, gæðamál og útgáfu afnotaleyfa auk eftirlits með leyfum og afnotum borgarlandsins. Skrifstofan hefur forystu og frumkvæðishlutverk við eflingu stjórnsýslu á sviðinu öllu. Þjónusta við umhverfis- og skipulagsráð og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur auk ýmissa innri stjórnsýslu- og rekstrarmála heyra beint undir skrifstofustjóra en að öðru leyti skiptist skrifstofan í eftirfarandi deildir: Lögfræðideild, Gæðadeild og Deild afnota og eftirlits.

Lögfræðideild sér um lögfræðiþjónustu til annarra skrifstofa og eininga innan sviðs auk samstarfs við borgarlögmann og fyrirsvars gagnvart stjórnsýslunefndum, ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum eftir því sem við á. Áhersla verður áfram á skilvirkni, skýrari ferla og eflingu góðrar þjónustu við borgarana, ekki síst í tengslum við stafræna umbreytingu borgarinnar og endurskoðun þjónustuferla.

Gæðadeild heldur utan um gæðakerfi sviðsins. Stærsta verkefnið er innleiðing gæðastjórnunarkerfis á sviðinu öllu þar sem áhersla er lögð á bætta þjónustu, aukna skilvirkni og skýrari ferla. Þeirri vinnu er forgangsraðað í þágu þjónustu við borgarana og framgangs stórra verkefna þvert á svið og borg.

Afnota- og eftirlitsdeild sinnir útgáfu afnotaleyfa og eftirliti með þeim, eftirliti með byggingarleyfisskyldum framkvæmdum (skilmálaeftirliti) fyrir byggingarfulltrúa og eftirliti með framkvæmdaleyfum sem gefin eru út af skipulagsfulltrúa auk annars tilfallandi eftirlits. Deildin bregst við ábendingum frá borgarbúum er berast um ábendingavefinn og er áhersla lögð á skýra verkferla, upplýsingagjöf, góða þjónustu og styttingu afgreiðslutíma auk samstarfs innan sviðs til að draga úr sóun og leysa mál við uppsprettu þeirra.

## Skrifstofa mannauðsmála

Skrifstofa mannauðsmála mun haustið 2024 ljúka endurskipulagningu á verkefnum og starfa eftir nýju skipulagi frá 1. janúar 2025. Innan skrifstofunnar verða tvær deildir, deild ráðningar og starfsumhverfis og deild ráðgjafar og starfsþróunar. Á sama tíma mun utanumhald öryggismála á sviðinu færast yfir á skrifstofuna, en í því felst ábyrgð á samræmingu í öryggis- og vinnuverndarmálum, verklagi, fræðslu og vistun gagna. Áherslur skrifstofu mannauðsmála fyrir 2025 eru m.a. umbótavinna í skipulagi öryggismála, áframhaldandi framþróun skipulags fræðslustarfs til að fylgja eftir innleiðingu Torgsins fræðslukerfis og þróun atvinnutengdra verkefna s.s. starfsnáms á starfsstöðvum sviðsins.

Markmið skrifstofu mannauðsmála snýr að fræðslumálum og er að auka hlutfall starfsfólks sem nýtir sér Torgið fræðslukerfi. Markmiðinu verður náð með jöfnu og þéttu upplýsingaflæði um framboð á fræðslu og stuðningi við fræðslustarf á sviðinu. Mælingar á árangri fari fram reglulega á árinu 2025 og verði bornar saman við samtölu ársins 2024 um hlutfall þeirra sem sóttu fræðslu á Torginu. Markmiðið er að í árslok 2025 hafi notkun á Torginu aukist, bæði hjá starfsfólki sem nýtir sér Torgið að einhverju leyti og einnig það sem sækir sér ítrekað fræðslu og leiðbeiningar. Markmiðið er að ýta undir starfsþróun og starfsánægju starfsfólks.

## Vinnuskóli Reykjavíkur

Árið 2024 tók skrifstofa mannauðsmála við rekstri Vinnuskóla Reykjavíkur og var lagður grunnur að umbótavinnu varðandi skipulag starfseminnar. Hlutverk Vinnuskólans er fyrst og fremst að veita unglingum í efstu bekkjum grunnskóla uppbyggileg sumarstörf og starfstengda fræðslu í öruggu starfsumhverfi. Sumarið 2024 var nýtt skráningakerfi innleitt en eins voru gerðar töluverðar breytingar á fræðslu til nemenda. Fræðslan var að öllu leyti starfstengd og áhersla lögð á að kenna nemendum gagnlega þætti sem snúa að framtíðarþátttöku þeirra í atvinnulífinu. Markmið Vinnuskólans árið 2025 er að halda áfram að innleiða starfstengda fræðslu og eins að efla umhverfisvitund ungs fólk með áherslu á ábyrga neysluhegðun og mikilvæg áhrif á umhverfið.

## Skrifstofa þjónustu og samskipta

Skrifstofa þjónustu og samskipta styður sviðið við að veita framúrskarandi þjónustu. Skrifstofan sinnir verkefnum tengdum þjónustu, upplýsingum,miðlun og markaðsmálum þvert á sviðið auk verkefna Landupplýsinga og Landmælinga.

Markmið skrifstofunnar er að efla þjónustumenningu á sviðinu í samræmi við þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og að það endurspeglist í þjónustuupplifun borgarbúa. Áhersla er lögð ámiðlun þjónustustefnu borgarinnar, stuðningur við innleiðingu á stafrænni þjónustu í samstarfi við ÞON, samstarf við þjónustuver Reykjavíkur, endurskoðun þjónustuferla og innleiðing á þjónustuumbætum á öllum skrifstofum. Skoðað verður hvar tækifæri til bættrar þjónustu liggja t.d. með því að nýta upplýsingar frá starfsfólki, þjónustuveri og frá ábendingakerfi hverju sinni. Þjónustumælingar verða efldar og kynntar á fundum stjórnenda og fyrir starfsfólki. Fræðsla og þjálfun starfsfólks sem tengist innri og ytri þjónustu verður aukin.

Hlutverk samskiptateymis er að hafa fumkvæði við að koma upplýsingum um verkefni sviðsins á framfæri, svara fyrirspurnum og sinna umfjöllun sem tengist starfseminni. Boðið er upp á stuðning við kynningu á verkefnum sviðsins og fréttaflutning. Áherslan verður áfram á upplýsingaflæði um verkefni og þannig stutt við jákvæða ímynd sviðsins og borgarinnar. Gæði miðlunar og upplýsingagjafar til borgarbúa verða áfram í fyrirrúmi.

Vefur borgarinnar reykjavik.is gegnir lykilhlutverki í miðlun og þá hefur notkun samfélagsmiðla verið aukin. Áhersla verður á fjölbreytta miðlun, m.a. sjónræna miðlun eins og myndir og myndbönd tengt völdu efni og stöðum í borgarlandinu. Fréttaskrif og samskipti við fjölmiðla eru stór þáttur í upplýsingamiðlun frá sviðinu.

Skrifstofan þjónustar aðrar skrifstofur sviðsins með gerð auglýsinga- og kynningarefnis, birtingar og viðburði. Unnið verður í takt við vörumerkjastefnu borgarinnar til að bæta faglega ímynd og gæta samræmis. Skrifstofan metur í samstarfi við stjórnendur bestu útfærslur á kynningum og samráði vegna verkefna og unnið verður með samskiptateymi Reykjavíkurborgar þegar það á við. Áfram verður unnið að því að auka gæði samráðs- og íbúafunda um verkefni sviðsins.

## Landupplýsingakerfi

Unnið verður að því að nýta betur möguleika á notkun upplýsinga úr Fasteignaskránni, Þjóðskránni, Fyrirtækjaskrá skattsins og gögnum Heilbrigðiseftirlits.

Skráningar landfræðilegra gagna sem verða til við hverfisskipulagsvinnu munu halda áfram. Unnið verður við að skrá landfræðileg gögn deiliskipulags samkvæmt kröfum frá Skipulagsstofnun. Nýjum þemum verður bætt við og eldri þemum breytt eftir þörfum. Haldið verður áfram vinnu við að koma götulýsingargögnum inn í Main Manager og LUKR.

Þróun nýrra veflausna sem byggðar eru á ArcGIS hugbúnaði mun halda áfram. Þessar lausnir gera starfsfólki kleift að skoða, safna og uppfæra landupplýsingagögn úti í mörkinni sem skila sér jafnharðan í miðlæga gagnagrunna LUKR. Aukið verður við birtingu og greiningu upplýsinga úr LUKR í mælaborðum sem sérhugbúnaður ArcGIS býður upp á.

Stefnt er að því að birta þrívíddarlíkön af húsum í Reykjavík á vefnum.

## Landmælingar

Opnað verður fyrir aðgengi að mæliblöðum í Borgarvefsjánni á rafrænu AutoCAD formi. Þetta mun bæta þjónustu við viðskiptavini deildarinnar og spara tíma við afgreiðslu erinda. Sveitarfélagsmörk Reykjavíkurborgar í LUKR eru ónákvæm eða óljós á nokkrum stöðum. Farið verður í endurskoðun á þessum mörkum í samvinnu við lögfræðinga sviðsins og nærliggjandi sveitarfélög. Lögð verður aukin áhersla á samræmingu lóðastærða í gagnagrunnum mælingadeildar, LUKR og í Fasteignaskránni með það að markmiði að útrýma að mestu misræmi sem er til staðar í dag.

Aukin áhersla verður lögð á hnitsetningu eldri lóða í hnitakerfi Reykjavíkur og skoðaðir verða möguleikar á að auka afköst hnitsetningar. Mörk Faxaflóahafna eru ónákvæm á nokkrum stöðum. Farið verður í endurskoðun á þessum mörkum í samvinnu við Faxaflóahafnir.

## Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Verkefnum skipulagsfulltrúa verður hér skipt upp í sex meginþætti, en þörf er á því að skilgreina enn frekar forgangsröðun verkefna og tengja betur saman með álagsprófun innviða hverju sinni. Þróunaráætlanir á við um stærri svæði, jafnvel borgarhluti eins og Keldur þar sem gera þarf betri greiningu á áætluðum innviðum og kostnaðarskiptingu. Þá þurfa eldri svæði eins og t.d. Múlahverfið að ganga í endurnýjun lífdaga en þar sem að eignarhald er mjög dreift er erfitt að áætla tímalínuna.

Hér verða mismunandi þættir útskýrðir, og er þeim stillt upp í skala – frá borgarhlutunum og niður í einstaka lóðir.

**Þróunaráætlanir**

Unnið verður áfram í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á lóðum og löndum í Reykjavík sem eru í eigu ríkisins í samræmi við viljayfirlýsingu ríkis og borgar. Dæmi um þessi verkefni: Keldnaland og ríkislóðir eins og Vegagerðareitur og Landhelgisgæslureitur og HÍ svæðið. Önnur skipulagsverkefni sem

þurfa þróunaráætlun sökum eignarhalds og flækjustigs með áherslu aukin á gæði og græn svæði eru t.d. Gufunes, Mjóddin, Múlarnir og Spöngin.

### Húsnæðisáætlanir/lóðarúthlutanir

Ráðgert er að fara í nokkrar samkeppnir og hugmyndleitir á árinu. Þar ber hæst svæði í og við Borgarspítalann, í Safamýri á íþróttasvæði Víkings og BSÍ reit. Leirtjörnin er í vinnslu og er áætlað að deiliskipulag fyrir fyrsta áfanga á vesturhluta verði í fyrsta ársfjórðungi 2025.

### Hverfisskipulag

Samkvæmt verkefnaáætlun fyrir árið 2024 var lokið við gerð hverfisskipulags fyrir borgarhlutann Hlíðar (BH3). Á árinu var einnig unnið að lokafrágangi við hverfisskipulagi Háaleiti, Bústaði (BH5). Einnig var unnið að uppfærslum á nokkrum leiðbeiningum hverfisskipulags sem heita Svalir og útlitsbreytingar, Þakbreytingar, Fjölgun íbúða og Starfsemi innan íbúðarbyggðar. Að auki var unnið að leiðbeiningum sem heita Aðrar byggingar á lóð og Viðhald og endurbætur. Á árinu 2025 er áætlað að hefja vinnu við hverfisskipulag í Vesturbæ (BH1), Laugardal (BH4) og á Kjalarnesi (BH10).

### Innviðir - deiliskipulagsáætlanir

Helstu skipulagsverkefnin tengjast innviðum meðfram Borgarlínu, eða vegaframkvæmdum skv. samgöngusáttmála. Þá eru fjöldi minni deiliskipulagsáætlana tengdar skóla og leikskólauppbyggingu á dagskrá. Einnig verður unnið að gerð þróunaráætlunar fyrir Sæbraut og Miklubraut í stokk og skipulagsáætlana fyrir gatnamótum Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar. Dæmi: Deiliskipulagsgerð fyrir einstaka kafla á 1. áfanga Borgarlínu, skipulag vegna Suðurlandsvegar og deiliskipulagsgerð vegna Ævintýraborga hvers konar.

### Borgarþróunarverkefni

Helstu áskoranir sviðsins eru að þróa stærri reiti í samvinnu við einkaaðila. Hér þarf að vinna að skýrum ferlum og áherslum sem verið er að þróa. Þróunaráætlanir hverskonar eru það verkfæri sem gefið hefur góða raun, sem nota má til að búta svæði niður og vinna þannig fleiri áætlanir, bæði minni og stærri. Dæmi um slík verkefni: Bensínstöðvalóðir, Ártúnshöfðinn, Malarhöfðinn, BM Vallá lóðin, þá eru „lífsgæðakjarnar“ fyrir eldri borgara í vinnslu í samstarfi við uppbyggingaraðila.

### Deiliskipulagsáætlanir

Fjölmargar deiliskipulagsáætlanir eru í bígerð á vegum einkaaðila og í samstarfi við borgaryfirvöld. Unnið er með uppbyggingarsamninga jafnt við einstakar breytingar eða uppfærslur á svæðum og lóðum hverju sinni. Dæmi um slík verkefni sem eru í vinnslu: Kringlan, Skeifan, Bensínstöðvarlóðir og lóðir á Hlíðarenda. Unnið verður áfram að skipulagsgerð í Elliðaárvogi, Ártúnshöfða, Gufunesi, Skerjafirði, Veðurstofuhæð og á Hólmsheiði.

**Annað**

Skrifstofan  mun á árinu leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í að efla umræðu um skipulagsmál í borginni. Einnig verða gefnir út formlegir umhverfisvísar fyrir skipulagsgerð, sem þróaðir voru í upphafi vinnu við gerð þróunaráætlana, deiliskipulagsgerðar og hverfisskipulags.

## Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar vinnur að framgangi samgöngumála og borgarhönnunar í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar og sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar, að borgin geti vaxið og dafnað, og að íbúum og störfum fjölgi án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli. Rík áhersla er á gott umhverfi, öryggi og lífsgæði íbúa. Skrifstofan skiptist í þrennt: Samgöngur, Borgarhönnun og Bílastæðasjóð.

Undirbúningur verkefna fjárfestingaráætlunar sem og samgöngusáttmálans og Sundabrautar eru veigamikill hluti starfssemi skrifstofunnar. Undirbúningur Borgarlínu heldur áfram í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ríkið. Aðlögun á leiðakerfi Strætó, með hliðsjón af Borgarlínu, verður unnin áfram með Strætó og aðgerðir til að bæta aðgengi allra að biðstöðvum Strætó undirbúnar. Áfram verður unnið að undirbúningi framkvæmda við stíga, göturými, torg og göngugötur í miðborginni, þar með talið í Kvosinni, sem og annarsstaðar. Unnið hefur verið er að gerð borgarhönnunarstefnu og gert er ráð fyrir að tillaga að henni verði lögð fram í upphafi 2025. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að vinna hefjist við að móta stefnu/aðgerðaráætlun um gönguvæna borg. Skrifstofan mun áfram koma að gerð hönnunarhandbóka fyrir stærri deiliskipulagssvæði. Umferðaröryggismál eru einn af megin málaflokkum skrifstofunnar sem hefur áhrif í öllum verkefnum. Gert er ráð fyrir að tillaga að nýrri umferðaröryggisáætlun verði lögð fram fyrri hluta árs 2025. Í samræmi við Hjólreiðaáætlun 2021-2025 verður aukin áhersla á ýmsar „mýkri“ aðgerðir til viðbótar við lagningu hjólreiðastíga eins og að vinna að því að heimilt sé að hjóla á móti einstefnu á fleiri stöðum í borginni og stuðla að gerð öruggra og yfirbyggðra hjólastæða. Gert er ráð fyrir endurskoðun á hjólreiðaáætlun eigi sér stað á árinu. Í samvinnu við Vegagerðina verður áfram unnið að bættum umferðarljósastýringum m.a. með samstarfshópi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar um umferðarljósastýringar, sem vinnur á grundvelli niðurstöðu úttektar á stöðu búnaðar, viðhalds og rekstrar umferðarstýringa 2020.

## Bílastæðasjóður

Hjá Bílastæðasjóði hefur markvisst verið unnið að því að bæta þjónustu og gera hana skilvirkari. Gert er ráð fyrir að sú vinna haldi áfram á árinu 2025 m.a. með því að greina og bæta þjónustuferla starfseminnar. Á árinu 2024 var m.a. álagning gjalda tengd inn á Island.is og komið upp möguleika til að greiða fyrir gjald gegnum heimasíðu borgarinnar.  Áfram verður unnið að innleiðingu á aðgangsstýringar- og gjaldbúnaði fyrir bílahús. Nýtt aðgangsstýringarkerfi mun auka sveigjanleika í áskriftarleiðum og þjónustu s.s. aðgengi að bílahúsum og nýtingu. Gjaldskrá bílahúsa, samningar við langtímanotendur, áskriftarleiðir og fleira verður tekið til endurskoðunar um leið og nýtt aðgangsstýringarkerfi hefur verið innleitt. Unnið er að uppfærslu eftirlitskerfis með bifreiðastöðum svo það verði skilvirkara. Það hefur í

för með sér endurskipulagningu á tilhögun eftirlits. Áfram verður unnið í samræmi við samþykktar verklagsreglur um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur og um verðbreytingu gjaldsvæða sem samþykktar voru 2019 sem og samþykkt borgarráðs vegna skila starfshóps um betri rekstur og afkomu bílahúsanna þar sem kemur fram að gjaldskrá bílahúsa skuli endurskoða þannig að rekstur húsanna standi undir sér. Á sama tíma er gjaldskrá bílastæða í borgarlandi (gjaldskyld svæði) endurskoðuð meðal annars til að ná markmiði um að minnka þörf fyrir bílastæði í borgarlandi. Gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða getur því bæði hækkað og lækkað og gjaldskyldutími lengst eða styst eftir niðurstöðum reglubundinna talninga á nýtingu bílastæða og breytinga á gjaldskrá bílahúsa.

## Skrifstofa byggingafulltrúa

Stöðugt er unnið að því að bæta vinnuferli við afgreiðslu fyrirspurna og umsókna til byggingarfulltrúa með það að leiðarljósi að stytta tímann sem afgreiðsla erinda tekur og bæta þjónustu við viðskiptavini. Mikilvægur liður í bættri þjónustu byggingarfulltrúa er að ný umsóknagátt fyrir rafrænar umsóknir um byggingarleyfi verður tekin í notkun í byrjun árs 2025, gáttin leysir af hólmi eldri umsóknargátt sem er flókin í meðförum bæði hjá umsækjendum og starfsmönnum byggingarfulltrúa. Nýja umsóknargáttin er verkefni sem leitt er af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í samvinnu við sveitarfélög. Reykjavíkurborg verður sveitarfélag númer tvö til að taka í notkun hina nýju umsóknargátt en í árslok 2024 tók Reykjanesbær fyrst sveitarfélaga gáttina í notkun.

Uppsetning á nýju kerfi verður í stöðugri þróun svo móttaka, afgreiðsla og varðveisla skjala og upplýsinga verði með sem besta móti, ásamt því að vinnulag og verklagsreglur gæðakerfis byggingarfulltrúa verður endurskoðað og aðlagað.

Áfram er unnið að því að tryggja rétta skráningu byggingarstiga, sem m.a. felst í því að skoða og taka á óleyfisframkvæmdum.

## Skrifstofa Umhverfisgæða

Lokið var við innleiðingu á breyttri hirðu á grenndarstöðvum á árinu 2024 til samræmis við svokölluð hringrásarlög sem tóku gildi í upphafi árs 2023. Hirða á átta úrgangsflokkum við heimili eða grenndarstöðvar hefur verið innleidd en eftir er að hefja söfnun á spilliefnum í nærumhverfi sem verður unnið að árið 2025. Unnið hefur verið að endurnýjun hirðubíla Reykjavíkurborgar. Á síðustu tveim árum hafa verið keyptir átta hirðubílar og von er á tveimur til viðbótar árið 2025. Um 67% af hirðubílum borgarinnar verða þá innan við tveggja ára gamlir sem eykur áreiðanleika og skilvirkni hirðunnar. Stefnt er að því að koma magnskynjurum í alla djúpgáma við heimili á næsta ári svo hefja megi hirðu eftir magni í gámum í stað fastrar hirðutíðni og ná þannig nokkurri hagræðingu við losun gámanna. Þá verður unnið að því að koma örflögum á sorpílát sem skrá losun sorptunna en slíkt kerfi bætir verulega upplýsingagjöf til íbúa, bætir verkstýringu við hirðu og utanumhald um fjölda sorpíláta og greiðslu sorphirðugjalda. Unnið verður með Sorpu og nágrannasveitarfélögum að endurskoðun og framtíðarfyrirkomulagi endurvinnslu- og grenndarstöðva en endurvinnslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru orðnar rúmlega þrjátíu ára og tímabært að endurgera þær svo mæta megi nýjum áherslum í stefnu sveitarfélaganna og löggjöf. Einnig verður unnið með skrifstofu borgarlandsins að bættri úrgangsflokkun í almannarými.

Árið 2024 var ráðið að nýju í stöðu verkefnisstjóra líffræðilegs fjölbreytileika en beðið var með ráðningu í rúmt ár vegna vegna hagræðingar. Þannig verður aukinn kraftur settur í innleiðingu aðgerðaáætlunar um líffræðilegan fjölbreytileika á næsta ári í samræmi við stefnu um málefnið.

Greind verða tækifæri til að efla enn frekar borgarbúskap í borginni og styðja við myndun samfélaga í kringum ræktun í þéttbýli. Þá verður skoðað hvernig hvetja megi fjöleignarhús til að nýta sínar lóðir í þessum tilgangi.

Á ræktunarstöð Reykjavíkurborgar er unnið að færslu ræktunarsvæða og verður unnið að því áfram á næsta ári þ.a. þjappa megi saman starfssvæðinu og ná fram hagræðingu við ræktun og viðhald ræktunarsvæða.

Unnið verður með dýraþjónustu Reykjavíkurborgar og starfsfólki hverfaskipulags að eflingu dýrasvæða í borginni, fjölgun hundagerða og lausagöngusvæða fyrir hunda.

Unnið hefur verið að fjölgun hleðslustöðva í borgarlandi og við götustæði á árinu 2024 í samvinnu við Orkuveituna og Veitur. Unnið verður að áframhaldandi uppbyggingu hleðslustöðva árið 2025 en lagt mat á hvort bjóða megi út aðstöðu án innviða sem borgin og Veitur hafa lagt til. Þá mun skrifstofa umhverfisgæða hvetja til orkuskipta í rekstri borgarinnar og meta hvernig styðja megi frekar við orkuskipti hjá bílaleigum og íbúum.

Skrifstofa umhverfisgæða tók að hluta við verkefnum loftgæða á árinu 2024. Skrifstofan mun vinna að aðgerðum stýrihóps um aðgerðaáætlun um loftgæði þegar þær liggja fyrir auk annarra aðgerða sem stuðla að bættum loftgæðum.

## Skrifstofa heilbrigðiseftirlits

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) er áætluð 2025 með hefðbundnu sniði í samræmi við lögboðin verkefni eftirlitsins. Meginstarfsemi HER fer fram skv. starfs- og eftirlitsáætlun, með reglubundnu eftirliti í starfsleyfisskyld fyrirtæki, eftirfylgni mála og útgáfu starfsleyfa og annarra leyfa til samræmis við lög og reglugerðir. Rannsóknir og eftirlit vegna ábendinga og kvartana er stór liður í starfseminni, ásamt þjónustu og leiðbeiningum til íbúa borgarinnar. Umfang og fjöldi umsagna um ýmis mál hefur aukist á undanförnum árum og ekki er gert ráð fyrir að breyting verði þar á, enda aðkoma HER mikilvæg til að tryggja heilnæmi hinna ýmsu verkefna. Breyting á ákveðnum fyrirtækjaflokkum sem eru nú skráningaskyldir í stað leyfisskyldir og innleiðing á þeim reglum hefur aukið flækjustig eftirlits og innleiðing ekki orðið eins og best verður á kosið.

HER hefur lagt áherslu á að tryggja rétta forgangsröðun verkefna en aukinn fjöldi umfangsmikilla og tímafrekra verkefna, fjölgun stjórnsýslukæra og annarra kærumála í kjölfar betra aðgengis að kæruleiðum, og fjölgun í kvörtunum vegna hávaða og ónæðis hefur valdið því að erfitt hefur verið að uppfylla lögbundnar skyldur reglubundins eftirlits. Nauðsynlegt er að tryggja að HER geti sinnt auknum lögbundnum verkefnum og þyngri stjórnsýsluverkefnum, og að mönnun sé í samræmi við það. Töluverðar mannabreytingar voru hjá HER árið 2024 sem hefur valdið því að embættið hefur verið

undirmannað hluta árs og talsverður tími farið í þjálfun nýrra heilbrigðisfulltrúa. Þetta hefur haft áhrif á starfsemi heilbrigðiseftirlitsins en á hinn bóginn verður meiri ró í mannauðsmálum HER árið 2025.

Á árinu verður áfram lagður kraftur í samstarf við ÞON og stafrænan fulltrúa USK varðandi að fá hugbúnað/eftirlitskerfi sem uppfyllir lagalegar kröfur sem gerðar eru m.a. til gagnaöflunar og birtingu gagna. Sú vinna er nú komin vel á veg og gert er ráð fyrir því að nýtt eftirlitskerfi verði innleitt strax á nýju ári. Einnig verður áframhaldandi áhersla lögð á þjónustuúrbætur sem hófust árið 2022 m.a. í átt að einföldun ferla og áherslu á stafrænar lausnir.Önnur af loftgæðamælistöðvum HER hefur verið óstarfhæf hluta árs 2024 vegna bilunar, en gert er ráð fyrir því að tvær loftgæðamælistöðvar verði virkar árið 2025, auk þess sem óskað hefur verið eftir fjárveitingu fyrir þriðju mælistöðinni.

## Skrifstofa framkvæmda og viðhalds mannvirkja

Á árinu 2025 verður áhersla áfram lögð á viðhaldsátak leik- og grunnskóla sbr. forgangsáætlun, þar sem meginmarkmiðið er að búa notendum eignanna tryggt, öruggt og heilnæmlegt húsnæði. Samhliða þeirri vinnu verður unnið að langtíma viðhaldsáætlun fasteigna með það að sjónarmiði að viðhald eignarsafnsins komist að sem mestu leyti í reglubundið viðhald og að halda tilfallandi viðhaldi í lágmarki.

Þá er einnig unnið áfram að viðhaldsáætlun gatna, stíga og hraðahindrana, þar sem áhersla verður m.a. lögð á viðhald stíga og viðhald/endurgerð hraðahindrana.

Eins og áður leggur skrifstofa framkvæmda og viðhalds áherslu á að gott verklag sé viðhaft við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum sviðsins. Leitast er við að upplýsingar og kynningar varðandi framkvæmdir séu skilmerkilega fram settar og að fagleg vinnubrögð séu ávallt viðhöfð við undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna. Aukin áhersla verður lögð á gerð kostnaðaráætlana og gerð skilamata vegna framkvæmdaverkefna. Innleidd verður samræmd og skilgreind aðferðafræði við gerð kostnaðaráætlana fyrir byggingar og almennar framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar. Flokkunarkerfi áætlana grundvallast á því hversu langt skilgreiningar vegna verkefnisins eru komnar þegar kostnaðaráætlun er gerð og áætlanir eru gefnar upp með vikmörkum eftir þroskastigi verkefnisins. Nánar á https://kostnadur.is/

Í samræmi við áherslur „Græna plansins“ verða áfram þróaðar kröfur vegna umhverfisþátta í framkvæmdum á vegum sviðsins. Aðilum sem vinna að framkvæmdaverkefnum er gert að skila inn upplýsingum um orkunotkun, úrgangsmál o.fl. sem tengist þeim verkefnum sem unnið er við. Aukin áhersla verður á umhverfisvottun við nýbyggingar og meiriháttar endurgerð fasteigna.

Á árinu 2025 verður áfram unnið við endurgerð og ýmsar lagfæringar á lóðum við leik- og grunnskóla á árinu.

Á árinu 2025 verður haldið áfram með framkvæmdir á nýjum byggingarsvæðum s.s. við Elliðavog-Vogabyggð, Hlíðarenda, Gufunes, Bryggjuhverfi, Ártúnshöfða o.fl. Þá verður haldið áfram með framkvæmdir vegna verkefna Hjólreiðaáætlunar samkvæmt áætlun.

Á árinu 2024 voru lögð ný malbikslög á um 18 km af götum í Reykjavík auk hefðbundinna malbiksviðgerða. Þá var einnig unnið við malbikun á þeim skilavegum skv. sérstökum samningi Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.

## Skrifstofa borgarlandsins

Stærsta verkefnið á árinu verður að undirbúa byggingu nýrrar þjónustumiðstöðvar borgarlandsins í austurhluta borgarinnar. Ráðgert er að nýja þjónustumiðstöðin verði byggð á lóð Laxalóns við Vesturlandsveg. Þá er gert ráð fyrir að á árinu verði undirbúningi lokið þ.e. að þarfagreina, gera deiliskipulag fyrir lóðina og bjóða verkefnið út þannig að hægt verði að hefjast handa við byggingaframkvæmdir á árinu 2026.

Nýtt útboðskerfi í vetrarþjónustu gatna verður innleitt og er verulega hagkvæmara en verið hefur undanfarin ár. Þá verður haldið áfram með endurskoðun vetrarþjónustunnar og nú einblínt á göngu- og hjólastíga og ný útboð í þeim verkefnum.

Lögð verður áhersla á að halda áfram með skoðun á hagkvæmustu leiðunum í rekstri tækniþjónustu borgarlandsins sem felur í sér verkefni á sviði viðhalds gatnalýsingar, umferðarljósa og hitakerfa í götum og stígum. Skrifstofa borgarlandsins tók með skömmum fyrirvara við öllum rekstri gatnalýsingar árið 2023 en áður hafði ON, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, annast rekstur verkefnisins fyrir hönd borgarinnar. Í fyrstu áætlunum um endurskipulagningu starfsemi skrifstofunnar var ekki gert ráð fyrir svo stóru og umfangsmiklu verkefni og verður því árið notað til að skoða og koma verkefninu betur til skila.

Á árinu munu ákveðin útboð í hreinsun borgarlandsins renna sitt skeið. Hér opnast ákveðin tækifæri til að skoða hvort hægt sé að bjóða ákveðin verkefni út með hagkvæmari hætti en áður. Skrifstofan mun áfram leita leiða að bættri úrgangsflokkun í almannarými sem er orðið brýnt verkefni. Þá er gert ráð fyrir að starfsemi Borgarskóga styrkist verulega, verklag verður endurskoðað og fagleg nálgun mun eflast verulega með sérhæfingu.

## Verkefnastofa

Markmið verkefnastofu er að efla og bæta verkefnastýringu, minnka sóun og auka gæði. Unnið er að því að efla teymisvinnu þvert á sviðið til að tryggja gott samráð milli skrifstofa, auka skilvirkni og þar með auka líkur á árangursríkum verkefnum.

Verkefnastofa leiðir þrenns konar þjónustu þvert á sviðið: verkefnastjórnun, vinnustofur og svo þjálfun, fræðslu og ráðgjöf. Starfsfólk verkefnastofu hefur umsjón með og stýrir stórum verkefnum þvert á skrifstofur sviðsins. Dæmi um verkefni sem unnin eru á verkefnastofu eru stór uppbyggingarsvæði s.s. Ártúnshöfði, Skerjafjörður og Gufunes sem og verkefni samgöngusáttmálans, s.s. Borgarlínan, Sæbrautar- og Miklubrautarstokkur. Þessi verkefni eru flókin, ganga þvert á ýmsar einingar borgarinnar og eru umfangsmikil.

Áfram þarf að styrkja stoðir skrifstofunnar, manna laus stöðugildi og byggja upp verkferli verkefnastjórnunar. Þá er brýnt að finna verkefnastjórnunarkerfi fyrir allt sviðið og verður það skoðað á árinu ásamt uppsetningar verkefnaskrár.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustuþátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Greiningu á þjónustuþætti skipulagsfulltrúa lýkur á árinu 2024. Einnig skilaði starfshópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins og sinnti eftirfylgni með tillögðum aðgerðum úr eldri greiningum. Neðangreind tafla sýnir þá þjónustuþætti sem stefnt er að því að greina árið 2025.

| Þjónustuþáttur | Ábyrgðaraðili | Greiningartímabil | Áætluð skil |
|---|---|---|---|
| Heilbrigðiseftirlit | Sviðsstjóri | Janúar-maí | 15. maí 2025 |
| Rekstur hverfastöðva austur og vestur | Sviðsstjóri | September-nóvember | 30. nóvember 2024 |

Ávinningur verkefnisins er hvað skýrastur í greiningum á forgangsröðun og nýjum verkefnum þar sem KFS-teymi USK greinir jafnréttisáhrif tillagna um forgangsröðun verkefna og fjármuna og dregur fram styrkleika og veikleika þeirra í jafnréttissamhengi. Greiningarnar eru svo kynntar fyrir kjörnum fulltrúum fagráðs sem geta á grundvelli þeirra tekið upplýstar ákvarðanir með upplýsingar um mismunandi jafnréttisáhrif eftir forgangsröðun verkefna.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | Raun 2021 | Raun 2022 | Raun 2023 | Útksp. 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|
| Byggingarfulltrúi | | | | | |
| Samþykktir m3 | 805.520 | 695.151 | 775.621 | 800.000 | 850.000 |
| Byggðir m3 (lokið við) | 579.345 | 634.662 | 596.268 | 800.000 | 800.000 |
| Samþykktir m2 | 222.835 | 167.089 | 183.765 | 200.000 | 250.000 |
| Byggðir m2 (lokið við) | 145.545 | 103.497 | 159.287 | 200.000 | 200.000 |
| Fullgerðar íbúðir | 1.252 | 1.062 | 874 | 900 | 1.000 |
| Hafin smíði nýrra íbúða | 1.065 | 913 | 690 | 1.000 | 1.100 |
| Fjöldi úttekta | 1.626 | 1.148 | 388 | 400 | 450 |
| Yfirferð uppdrátta | 31.023 | 25.034 | - | 30.000 | 32.000 |
| Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir | 409/243 | 414/168 | 233 | 230 | 230 |
| Móttekin og afgreidd bréf vegna erinda | 23.952 | 20.953 | - | 24.000 | 25.000 |
| Fjöldi mála á afgreiðslufundum | 3.550 | 2.957 | 2.218 | 2.000 | 2.100 |
| Heilbrigðiseftirlit | | | | | |
| Útgefin starfsleyfi | 549 | 496 | 368 | 372 | 370 |
| Skráning | - | 6 | 65 | 140 | 140 |
| Tóbakssöluleyfi | 40 | 38 | 33 | 36 | 35 |
| Sóttvarnavottorð | 25 | 33 | 40 | 40 | 40 |
| Fjöldi eftirlitsferða | 3.892 | 3.301 | 3.357 | 3.180 | 3.500 |
| Fjöldi kvartana | 1.100 | 868 | 1.117 | 1130 | 1150 |
| Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar) | 11 | 3 | 5 | 8 | 8 |
| Gæði neysluvatns (hlutfall sýna sem standast ekki kröfur reglugerð | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% |
| Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örve | 21.0% | 5,40% | 7% | 9% | 9% |
| Rekstur og umhirða | | | | | |
| Bekkir | 1.291 | 1.337 | 1.343 | 1.349 | 1.355 |
| Stampar | 1.542 | 1.599 | 1.610 | 1.620 | 1.631 |
| Sláttur - flatarmál (m2) | 4.644.969 | 4.721.724 | 4.724.623 | 4.727.521 | 4.730.420 |
| Sláttur - fjöldi sláttusvæða | 10.359 | 10.751 | 10.785 | 10.818 | 10.852 |
| Hitakerfi - flatarmál (m2) | 229.935 | 243.229 | 243.093 | 242.957 | 243.011 |
| Vetrarþjónusta gatna - ökulengd (km) | 966 | 970 | 486.550 | 972.130 | 973.195 |
| Vetrarþjónusta gönguleiða (km) | 832 | 856 | 432.227 | 863.597 | 867.396 |
| Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2) | 5.782.046 | 5.831.958 | 5.859.137 | 5.886.316 | 5.913.495 |
| Útgefin afnotaleyfi | 1.215 | 1.235 | 1.307 | 1.281 | 1.290 |
| Skipulagsfulltrúi | | | | | |
| Fjöldi mála á afgreiðslufundi | 2.014 | 1.738 | 1.660 | 1.650 | 1.700 |
| Deiliskipulag auglýst í B-deild | 123 | 112 | 100 | 100 | 100 |
| Grk. / þar af v. byggingarl.ums. | 91. /41 | 96 / 45 | 70 / 30 | 60 / 18 | 60 / 30 |
| Bílastæðasjóður | | | | | |
| Fjöldi bílastæða við götukanta | 3.643 | 3.643 | 3.853 | 4.100 | 4.400 |
| Fjöldi bílastæða í bílahúsum | 1.265 | 1.265 | 1.265 | 1.145 | 1.145 |
| Fjöldi aukastöðugjalda | 55.326 | 57.322 | 46.268 | 50.000 | 55.000 |
| Fjöldi stöðubrota | 15.432 | 21.236 | 20.543 | 22.000 | 25.000 |
| Fjöldi endurupptökumála | 5.072 | 5.649 | 4.723 | 5.000 | 5.500 |
| Fjöldi samþykktra endurupptökumála | 4.132 | 4.378 | 3.468 | 3.600 | 4.000 |
| Fjöldi hafnaðra endurupptökumála | 940 | 1.269 | 1.255 | 1.400 | 1.500 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Samgöngur | | | | | |
| Lengd hjólaleiða (stígar, reinar) (km) | 36 | 42 | 46 | 48 | 51 |
| Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km) | 17 | 18 | 20 | 22 | 25 |
| Banaslys í umferðinni | 3 | 2 | 1 | - | - |
| Umferðaróhöpp með alvarlegum meiðslum | 47 | 43 | 38 | 45 | 45 |
| Umferðaróhöpp þar sem einhver slasast | 274 | 299 | 301 | 290 | 290 |
| Börn yngri en 18 ára sem slasast í umferðaslysi | 31 | 54 | 45 | 45 | 45 |
| Fjöldi umferðarljósa | 119 | 120 | 117 | 118 | 118 |
| Fjöldi gönguljósa | 40 | 42 | 36 | 37 | 37 |
| Nagladekkjanotkun (hlutfall í viku 4, viðkomandi ári) | 40 | 42 | 45 | 40 | 40 |
| Náttúra og garðar | | | | | |
| Skráðir safngripir í Grasagarði | 4.816 | 4.902 | 4.803 | 4.800 | 5.000 |
| Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins | 3.802 | 4.150 | 5.757 | 5.500 | 5.000 |
| Heildarfjöldi gesta í Grasagarði | 165.418 | 178.302 | 160.742 | 170.000 | 200.000 |
| Ræktunarstöð - fjöldi framleiddra sumarblómabakka | 4.483 | 4.421 | 3.754 | 4.052 | 4.100 |
| Ræktunarstöð - fjöldi framleiddra sumarblómapotta | 7.116 | 7.028 | 7.386 | 9.142 | 9.142 |
| Sorphirða | | | | | |
| Fjöldi grárra tunna og kerja, blandaður úrgangur [tunnuígildi] | 31.490 | 31.309 | 16.778 | 16.210 | 16.616 |
| Fjöldi spartunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi] | 1.713 | 1.776 | 849 | 347 | 356 |
| Fjöldi tvískiptra tunna blandaður úrgangur /matarleifar [tunnuígildi] | | | 10.834 | 11.108 | 11.386 |
| Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [stk] | 185 | 248 | 283 | 368 | 377 |
| Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [tunnuígildi] | 3.566 | 4.716 | 5.417 | 6.751 | 6.920 |
| Blandaður úrgangur [tonn] | 17.611 | 17.540 | 14.560 | 11.151 | 11.497 |
| Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa] | 132 | 129 | 103 | 78 | 78 |
| Fjöldi tvískiptra tunna plast og pappír [tunnuígildi] | | | 4.229 | 4.421 | 4.532 |
| Fjöldi blárra tunna og kerja [tunnuígildi] | 16.243 | 16.701 | 19.216 | 19.447 | 19.934 |
| Pappír- og pappi safnað í hirðu við heimili [tonn] | 2.489 | 2.428 | 2.391 | 2.948 | 3.085 |
| Fjöldi grænna tunna [tunnuígildi] | 6.604 | 7.036 | 14.451 | 15.054 | 15.431 |
| Plast safnað í hirðu við heimli [tonn] | 446 | 505 | 835 | 1.299 | 1.367 |
| Fjöldi brúnna tunna [tunnuígildi] | 41 | 119 | 6.713 | 7.280 | 7.462 |
| Matarleifar í brúnar tunnur [tonn] | 76 | 102 | 2.163 | 4.924 | 5.063 |
| Grenndarstöðvar | | | | | |
| Fjöldi grenndarstöðva | 57 | 57 | 57 | 57 | 58 |
| Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn] | 1196 | 1.078 | 416 | 317 | 325 |
| Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn] | 186 | 179 | 121 | 77 | 79 |
| Gleri skilað á grenndarstöðvar (tonn) | 230 | 245 | 302 | 308 | 316 |
| Málmum skilað á grenndarstöðvar | | | 20 | 39 | 40 |
| Endurvinnslustöðvar | | | | | |
| Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 |
| Móttekið magn úrgangs. [tonn] | 53.556 | 47.229 | 48.517 | 55.308 | 56.691 |
| Aðalskipulag og loftslagsmál | | | | | |
| Losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavik, tonn CO2 ígilda, samfé | 598.090 | 621.335 | 596.227 | 496.856 | 397.485 |
| Skrifstofa mannauðsmála | | | | | |
| Nemendur í Vinnuskóla | 3.294 | 2.968 | 3.133 | 3.387 | 3.428 |



# VELFERÐARSVIÐ

## LEIÐARLJÓS

*Virðing – virkni – velferð*

## SKIPURIT




## HLUTVERK

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar stuðlar að auknum lífsgæðum sérhvers íbúa Reykjavíkur með því að sýna frumkvæði og bregðast við fjölbreyttum þörfum einstaklinga og fjölskyldna fyrir velferðarþjónustu.

Velferðarsvið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs og vinnur í samstarfi við stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila að auknum lífsgæðum íbúa borgarinnar. Sviðið ber ábyrgð á rekstri, áætlanagerð, samhæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu, eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og stefnu velferðarráðs í velferðarmálum. Einnig sér sviðið um mat á árangri og þróun velferðarþjónustu og nýrra úrræða.

Verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru meðal annars félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barna- og farsældarþjónusta, málefni eldri borgara, málefni fatlaðs fólks, málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir, sérhæfð húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimaþjónusta, heimastuðningur, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, akstursþjónusta fatlaðs fólks og eldri borgara, stuðningsþjónusta, forvarnir og almenn upplýsingagjöf. Dagleg framkvæmd velferðarþjónustunnar fer fram á miðstöðvum í hverfum borgarinnar, á Norðurmiðstöð, Suðurmiðstöð, Austurmiðstöð og Vesturmiðstöð. Einnig í Rafrænni

miðstöð sem er fyrsti viðkomustaður borgarbúa hjá velferðarsviði, hjúkrunarheimilum, hjá Barnavernd Reykjavíkur og hjá Keðjunni sem veitir stuðningsþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra og rekur skammtímadvalir og heimili fyrir börn. Undir miðstöðvar sviðsins heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem heimaþjónusta og heimahjúkrun, heimili fyrir fatlað fólk, þjónustuíbúðir, félagsmiðstöðvar og dagþjónusta fyrir eldri borgara. Undir þær heyrir jafnframt ráðgjöf og þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN VELFERÐARSVIÐS

| | Raun 2023 | Esk. áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Þjónustutekjur | 3.194.164 | 3.450.807 | 2.967.717 |
| Tekjur vegna verkefna frá ríki | 7.130.740 | 5.763.143 | 6.066.429 |
| **Tekjur samtals** | **10.324.904** | **9.213.950** | **9.034.146** |
| Laun og launatengd gjöld | 29.887.553 | 30.655.562 | 31.176.255 |
| Annar rekstrarkostnaður | 23.273.585 | 23.757.126 | 24.727.445 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **53.161.138** | **54.412.688** | **55.903.699** |
| **Rekstarniðurstaða** | **42.836.234** | **45.198.739** | **46.869.553** |

## STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 4.716 | 4.317 | 4.153 |
| Fjöldi stöðugilda | 2.405 | 2.447 | 2.423 |
| **Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:** | | | |
| Búsetuþjónusta | 976 | 1.014 | 986 |
| Dagþjónusta | 88 | 97 | 90 |
| Félagsmiðstöðvar | 35 | 33 | 33 |
| Heimahjúkrun | 154 | 152 | 167 |
| Heimastuðningur | 212 | 216 | 211 |
| Hjúkrunarheimili | 146 | 141 | 129 |
| Nefndir og ráð* | 2 | 2 | 0 |
| Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf | 377 | 402 | 409 |
| Stuðnings- og stoðþjónusta | 181 | 180 | 188 |
| Ýmis úrræði | 54 | 50 | 49 |
| Þjónusta við flóttafólk og hælisleitendur | 47 | 26 | 25 |
| Þjónustuíbúðir | 133 | 133 | 136 |

*Umdæmaráðs barnaverndar tilheyrir nú Ráðhúsinu

Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir 2.423 stöðugildum en litlar breytingar hafa orðið frá áætlun ársins 2024. Þegar útkomuspá/áætlun 2024 er skoðuð þá eru þar öll greidd stöðugildi á sviðinu og þar með talin stöðugildi í veikindum. Aukning stöðugilda í búsetuþjónustu skýrist af opnun nýrra úrræða á árinu 2024 eða alls 35 stöðugildi, úrræðin eru á Vesturgötu og Laugarvegi en þar var ekki áætlað niður á laun á árinu 2024. Lækkun stöðugilda á hjúkrunarheimilum kemur til að því að fækkað hefur verið rýmum í Seljahlíð og gerður hefur samningur við Sjúkratryggingar Íslands um að hjúkrunarheimilið hætti rekstri um mitt ár 2025. Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf hækka úr 377 í 409 og skýrist það af

stöðugildum sem greidd eru af ríkinu s.s. flóttamannaverkefni, frístundastyrk og farsæld barna en áætlað var fyrir þeim stöðugildum í áætlun 2025 hjá miðstöðvunum, enda lækkar liðurinn um þjónustu við flóttafólk og hælisleitendur um 22 stöðugildi á móti. Skammtímadvalir fyrir fötluð börn falla undir þjónustuþáttinn stuðnings- og stoðþjónusta, aukning er um 7 stöðugildi sem skýrist af lagfæringum í áætlunum skammtímadvala en fjárheimild sem var í öðrum rekstrarkostnaði var færð yfir í laun. Gera má ráð fyrir að einhverjar breytingar verði á stöðugildum eftir að búið er að gera breytingar á ætlun á milli umræðna.

## SKIPTING REKSTRAR 2025




## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Ein af megináherslum sviðsins til næstu fimm ára er að framfylgja velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan var samþykkt á árinu 2021 og gildir til ársins 2030. Velferðarstefnan er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn. Stefnan er hugsuð sem vegvísir fyrir borgarbúa og um leið fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu. Einkunnarorð stefnunnar er Reykjavík – fyrir okkur öll.

Fjárhagsrammi velferðarsviðs árið 2025 byggir á frumvarpi ársins 2024 auk viðbóta vegna kjarasamningshækkana og verðlagshækkana á annan rekstrarkostnað.

Nettó hækkun ramma 2025 frá frumvarpi 2024 er 3.5 ma.kr. að meðtöldum bundnum liðum. Gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækka um 3,5%. Áætlun vegna þjónustutekna lækkar um 483 m.kr. á árinu 2025 og munar þar mestu um niðurlagningu hjúkrunarrýma í Seljahlíð en til stendur að hætta rekstri hjúkrunarrýma á árinu 2025. Viðbætur vegna hækkunar kjarasamninga og endurmats starfa nema 2.103 m.kr. Í september 2025 er búið að semja við Sjúkraliðafélag Íslands, Eflingu og Sameyki. Verðbætur vegna samninga við þriðja aðila eru ekki bættar sérstaklega heldur er 3,2% hækkun reiknuð á allan annan

rekstarkostnað sviðsins. Innri leiga hækkar um 4,5% en vegna minni húsnæðiskostnaðar vegna hælisleitenda og flóttamanna þá lækkar innri leiga sem nemur 35 m.kr. milli ára. Viðaukar sem samþykktir voru á árinu 2024 og halda áfram á árinu 2025 eru 664 m.kr. Sviðum ber að fjármagna ófyrirséð og samkvæmt ákvörðun velferðarráðs 11. október er reiknað með 2,5% tilfærslu á ófyrirséð af öllum liðum velferðarsviðs utan bundinna liða, NPA, barnaverndar og liða fjármagnaðra af ríkinu. Með því eru 814 m.kr. færðar á ófyrirséð. Eftir stendur að úfæra tilfærsluna á milli umræðna. Áætlun bundinna liða, þ.e. fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur er 5.578 m.kr. og hækkar um 312 m.kr. vegna verðlags og reglubreytinga.

## MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Fyrir fjárhagsáætlun 2025 var unnið í fyrsta skipti eftir nýju verklagi sem tekur mið af fjármálastefnu Reykjavíkurborgar, gildandi fimm ára áætlun og fjárhagslegu svigrúmi borgarsjóðs við úthlutun fjárhagsramma. Forgangsröðun fjárheimilda var unnin eins og áður með þátttöku velferðarráðs með áherslu á lögbundna þjónustu og með hagkvæmi að leiðarljósi. Helstu áskoranir velferðarsviðs á árinu 2025 snúa einkum að verkefnum sem fjármögnuð eru að hluta til af ríkinu en óvíst er með hvernig fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks og þá þeim þáttum sem skildir voru eftir s.s þjónusta við ungt fólk á hjúkrunarheimilum, þjónusta við börn og ungmenni með fjölþættan vanda, öryggisvistun og uppbygging húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk.

Á árinu 2025 verður áfram unnið eftir aðgerðaráætlun velferðarstefnu sviðsins ásamt stefnum og aðgerðaáætlunum í einstaka málaflokkum. Sem stendur er verið að endurskoða stefnur í málefnum eldra fólks og endurskoðuð aðgerðaáætlun í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir var kynnt fyrir velferðarráði í september 2024. Auk þess er unnið að mótun virknistefnu og hafin verður vinna við nýja stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum.

Rafræn miðstöð velferðarsviðs hefur tekið yfir alla símsvörun frá miðstöðvunum og áfram verður unnið að stafrænni umbreytingu á árinu 2025 til að bæta þjónustu velferðarsviðs. Fjölmargir þjónustuþættir hafa verið færðir frá miðstöðvum borgarinnar yfir á Rafræna miðstöð með það að markmiði að bæta þjónustu við íbúa, samræma verklag, einfalda afgreiðslu og auka skilvirkni.

Innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn heldur áfram og hefur stóraukið samstarf velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs skilað góðum árangri. Áfram verður unnið að verkefninu í anda nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Leiðarstefið í lögunum og Betri borg fyrir börn er snemmtækur stuðningur og öflugri þjónusta við börn á fyrsta þjónustustigi í leik- og grunnskólum. Um er að ræða viðamiklar breytingar í þjónustu og gengur vel að efla og samþætta þjónustuna.

Stýrihópur vinnur að tillögum um heildstæða stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2030 en árið 2018 var samþykkt stefna sem var í gildi til 2022. Lögð verður áhersla á að greina núverandi stöðu í þjónustu við eldra fólk, móta stefnu og setja fram aðgerðaáætlun um nauðsynlegar breytingar.

## ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN OG FJÖLSKYLDUR

Á miðstöðvum borgarinnar er veitt umfangsmikil ráðgjafaþjónusta við börn og fjölskyldur þeirra. Á grundvelli verkefnisins Betri borg fyrir börn og innleiðingar laga um samþætta þjónustu i þágu farsældar barna 86/2021 verður innleiðingaráætlun á verkefninu Betri borg fyrir börn fram haldið á árinu. Markmið verkefnisins er markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, í öllum þjónustuhverfum borgarinnar. Í gegnum verkefnið hafa verkefnastjórnir velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs það hlutverk að innleiða löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Lögunum er ætlað að stuðla að farsæld barna með því að tryggja snemmtækan stuðning og samþætta þjónustu. Nýmæli er að öll börn og foreldrar sem þurfa á þjónustu að halda hafi aðgang að aðila sem aðstoðar þau við að fá viðeigandi þjónustu án hindrana. Í fyrsta lagi er um að ræða sérstakan tengilið sem hefur það hlutverk að veita upplýsingar og styðja við samþættingu þjónustu á fyrsta stigi. Tengiliðir verða á heilsugæslustöðvum, og í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir málstjórum á miðstöðvum Reykjavíkurborgar sem koma til sögunnar ef barn þarfnast frekari stuðnings á öðru stigi á grundvelli stuðningsteyma og stuðningsáætlunar en hlutverk málstjóra er að leiða samþættingu þjónustu og veita frekari upplýsingar og ráðgjöf og Reykjavíkurborg, eins og önnur sveitarfélög, hefur fengið vilyrði fyrir tímabundnu fjármagni vegna innleiðingar farsældarlaganna. Fjárheimild sem nemur 160 m.kr. fékkst og hefur velferðarsvið nýtt fjármagnið til að ráða í stöður málstjóra á miðstöðvum og ráðgjafa í málefnum barna og fjölskyldna í Rafrænni miðstöð. Gert er ráð fyrir að sviðið fái áfram þá fjárheimild á meðan á innleiðingu stendur. Auk þess hefur mennta- og barnamálaráðuneytið fjármagnað stöðugildi verkefnastjóra innleiðingar farsældar barna með samningi við velferðarsvið.

Keðjan er rekin sem sér eining þvert á borgina og veitir stuðningsþjónustu fyrir börn og unglinga og fjölskyldur þeirra, og rekur jafnframt skammtímadvalir og heimili fyrir fötluð börn. Hlutverk Keðjunnar er að þróa og bjóða þjónustu sem uppfyllir þarfir þjónustunotenda með áherslu á „heildstæða og samfellda“ þjónustu fyrir börn (0–18 ára) og fjölskyldur þeirra. Um 1.100 börn og fjölskyldur þeirra njóta árlega stuðningsþjónustu á vegum velferðarsviðs. Meðal verkefna Keðjunnar er foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf, námskeið og smiðjur ásamt umsjón með stuðningsfjölskyldum. Markmið Keðjunnar er að vinna áfram að því að auka sérþekkingu í þjónustu við tiltekinn hóp barna, t.d. börn af erlendum uppruna, börn flóttafólks og fötluð börn.

### Barnavernd Reykjavíkur

Barnavernd Reykjavíkur vinnur nú út frá nýrri Framkvæmdaáætlun í Barnavernd fyrir árin 2024 -2027 og kynnt verður í velferðarráði nú í október. Að auki tekur Barnavernd Reykjavíkur virkan þátt í innleiðingu á farsældarlögunum undir formerkjum Betri borgar fyrir börn og leggur mikið upp úr samstarfi við önnur þjónustukerfi innan borgarinnar. Tekið hefur verið upp samstarf við Barna- og fjölskyldustofu varðandi vinnulag í barnavernd undir heitinu Öryggismerki og verður það vinnulag innleittá næstu árum.

Mánaberg vistheimili barna flytur í annað og stærra húsnæði sem hentar starfseminni betur en úrræðið hefur verið yfirfullt síðustu ár.

Fjárheimildir vegna vistgreiðslna og vegna vistunar barna og ungmenna á grundvelli barnaverndarlaga eru kostnaðarsamar og standa vonir til að tillögur stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda nái fram að ganga. Þar er m.a. gert ráð fyrir að vistunarúrræði á þriðja þjónustustigi verði kostuð og á ábyrgð ríkisins.

# FJÁRHAGSAÐSTOÐ OG VIRKNI

## Fjárhagsaðstoð

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir einstaklingum fjárhagsaðstoð á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjárhagsáætlun fjárhagsaðstoðar byggir á sögulegum gögnum síðustu þriggja ára og út frá þeim er gerð spá fyrir árið 2025. Gert er ráð fyrir 1.311 einstaklingum að meðaltali á mánuði og að flóttamenn verði um 40-50% notenda.

## Virknihús

Virknihús heldur utan um virkniúrræði á vegum sviðsins eins og Grettistak, Tinnu og starf með stuðningi (IPS – Individual Placement Support). Virknihús heldur einnig utan um áfangaheimili fyrir konur og karla sem lokið hafa áfengis- og vímuefnameðferð. Atvinnu- og virknimiðlun, sem var tveggja ára tilraunaverkefni, til loka apríl 2024 mun halda áfram rekstri og er starfrækt í Virknihúsi. Áfram verður ráðningum fjölgað tímabundið hjá Reykjavíkurborg og einstaklingum veittur kostur á vinnu eða virkni. Markmið úrræða Virknihúss er almennt að stuðla að valdeflingu og hjálp til sjálfshjálpar meðal þeirra sem hafa þurft að reiða sig á fjárhagsaðstoð til langs tíma sem og að koma virkni- og vinnuaðgerðum í framkvæmd eftir því hvernig staða á vinnumarkaði þróast.

Mikill árangur er af starfi atvinnu- og virknimiðlunar. Eftir fyrra starfsár verkefnisins voru 53% þeirra einstaklinga sem fengu þjónustu ekki lengur á fjárhagsaðstoð. Auk fjárhagslegs ávinnings við að aðstoða einstaklinga við að komast út á vinnumarkaðinn er ávinningurinn aukin trú einstaklinga á eigin getu og valdefling, m.a. að þeir hafi hlutverki að gegna og séu að skila til og taka þátt í samfélaginu.

# HEIMILISLAUSIR MEÐ MIKLAR OG FLÓKNAR ÞJÓNUSTUÞARFIR

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir var samþykkt í velferðar- og borgarráði árið 2019. Frá þeim tíma hefur verið unnið út frá aðgerðaáætlun stefnunnar en hún var endurskoðuð á árinu 2024. Í september 2024 voru drög að aðgerðum nýrrar aðgerðaráætlun kynnt fyrir velferðarráði sem ráðið mun forgangsraða á haustmánuðum.

Aðstæður þeirra sem teljast til hóps heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir eru sárar, skortur er á eða bið eftir viðeigandi úrræðum velferðar- og heilbrigðiskerfis og enn hefur ríkið ekki mótað stefnu í málaflokknum. Önnur sveitarfélög hafa haldið að sér höndum varðandi uppbyggingu í málaflokknum. Reykjavíkurborg hefur hins vegar á undanförnum árum ráðist í ýmsar aðgerðir sem bætt hafa þjónustu og stuðning við hópinn og ber í raun hitann og þungan af málaflokknum.

Mikil uppbygging hefur orðið í málaflokkum og til ársins 2028 verður áfram lögð áhersla á þrepaskipta þjónustu og fjölgun búsetuúrræða en nýtt þrepaskipt úrræði tók til starfa á árinu.

## ÞJÓNUSTA VIÐ FLÓTTAFÓLK OG UMSÆKJENDUR UM ALÞJÓÐLEGA VERND

Samningur um samræmda móttöku flóttafólks sem gilti til 31. desember 2023 var framlengdur til 31. desember 2024 og unnið er að endurnýjun samnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Samningurinn kveður á um 1.500 notendur í þjónustu. Í apríl 2023 samþykkti velferðarráð nýtt skipurit alþjóðateymisins. Tilgangurinn með breytingunum var að tryggja samræmi í þjónustuveitingu á milli miðstöðva borgarinnar og tryggja samvinnu milli sviða og stofnana. Nýtt skipulag styður hugmyndafræði borgarinnar um hverfaskipulag og ráðgjafar samræmdrar móttöku eru staðsettir á miðstöðvum þar sem flóttafólk leitar eftir þjónustu.

Samningur um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd rann út 30. nóvember 2023 en var framlengdur út árið 2024 og er einnig unnið að endurnýjun á þeim samningi. Núverandi samningur kveður á um þjónustu við allt að 300 umsækjendur á hverjum tíma.

Undirbúningur vegna samningagerðar og samningsmarkmiða hófst haustið 2023 og ljóst er að aukið fjármagn þarf að koma frá ríki til þess að hægt sé að standa undir þeirri þjónustu sem samningarnir kveða á um. Sér í lagi á þetta við um samninginn um samræmdu móttökuna þar sem fjármagn skortir vegna leik- og grunnskóla og aukinnar þjónustu við flóttafólk.

## ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK

Á árinu 2025 verður áfram unnið að því að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og tryggja að hann endurspeglist í öllu starfi til samræmis við áherslur í samstarfssáttmála Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar. Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013–2023 er að renna sitt skeið og stefnt að því að hefja vinnu við nýja stefnu á árinu 2025.

Stoð- og stuðningsþjónusta fyrir fullorðið fatlað fólk er í þróun en slík þjónusta er mikilvæg til að koma í veg fyrir þörf á sértækari þjónustu fyrir þá sem geta búið sjálfstætt með áreiðanlegri og öruggri stoð- og stuðningsþjónustu. Gert er ráð fyrir að endurskoðun á vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu verði lokið á árinu 2024 en sviðið rekur í dag fjóra vinnustaði fyrir fatlað fólk þar sem unnið er að því að auka fjölbreytni úrræða og skapa tengingar við atvinnulífið.

Samningar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) hjá Reykjavíkurborg eru nú 41 talsins. Innleiðingartímabil NPA var framlengt til loka árs 2024 með lögum nr. 125/2022 og er þá áætlað að NPA samningar á landinu öllu verði orðnir 172 talsins. Sveitarfélögum er lögum samkvæmt skylt að vinna að innleiðingu þjónustunnar á innleiðingartímabilinu. Ríkið hefur á þessu ári boðið mótframlag fyrir þó nokkurn fjölda nýrra samninga og er kostnaðarskipting milli þessara aðila alveg skýr, ríkið greiðir 25% mótframlag með hverjum samningi. Ekki hefur enn náðst samkomulag við ríkið um fjárframlag til NPA samninga vegna heilbrigðisþjónustu sem veitt er í samningana. Auk þess er beðið reglugerðar sem gerir sveitarfélögum kleift að ná að setja skýrari ramma um samninga. Það er ljóst að Reykjavíkurborg þarf að

fjölga samningum umtalsvert en 37 einstaklingar eiga samþykktar umsóknir um NPA og eru á biðlista hjá Reykjavíkurborg. Ekki hefur fengist fjárheimild til aukningar samninga á árinu 2025.

Skipaður hefur verið starfshópur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), beingreiðslusamninga og húsnæði fyrir fatlað fólk. Hlutverk hópsins er að endurskoða fyrirkomulag afgreiðslu umsókna og úthlutun samninga um NPA, beingreiðslusamninga og sértæks húsnæðis hjá Reykjavíkurborg.

Á árinu 2022 var samþykkt endurskoðuð uppbyggingaráætlun í málefnum fatlaðs fólks til viðbótar við gildandi áætlun frá 2018. Um er að ræða áframhaldandi uppbyggingarátak og áætlunin gerir ráð fyrir 20 nýjum íbúðakjörnum á næstu árum með allt að 120 íbúðum auk þess sem gert er ráð fyrir að keyptar verði íbúðir fyrir allt að 48 manns sem fá stuðning frá færanlegu teymi. Áhyggjuefni er að uppbyggingaráætlunin er ekki fjármögnuð.

Notendasamráð og samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks verður áfram í öndvegi á árinu 2025.

## HÚSNÆÐISMÁL

Velferðarsvið hefur það að leiðarljósi að tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði og áherslur um fjölbreytileika, gæði og félagslega blöndun í uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Velferðarsvið hefur unnið markvisst að því að efla samvinnu við þær skrifstofur og stofnanir innan og utan Reykjavíkurborgar sem koma að húsnæðismálum til að hraða öllum ferlum sem snúa að skipulagi og uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Miðað er við að hlutfall leiguhúsnæðis á vegum Félagsbústaða sé um 5% af íbúðarhúsnæði í borginni. Áætlun Félagsbústaða fyrir árin 2025 - 2029 gerir ráð fyrir fjölgun um 75 almennra félagslegra leiguíbúða á ári en biðlisti eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði er um 680 manns. Áfram verður unnið að uppbyggingu í samræmi við húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar, uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk og fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar.

### Sérstakur húsnæðisstuðningur

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Það sem af er árinu 2024 hafa tekju- og eignamörk hækkað um 8,2%. Í aðgerðum stjórnvalda til stuðnings við fjögurra ára kjarasamninga var meðal annars lögð áhersla á aukinn stuðning við leigjendur. Til að draga úr íþyngjandi húsnæðiskostnaði leigjenda voru húsnæðisbætur ríkisins hækkaðar frá og með 1. júní 2024. Aðgerðirnar voru tvíþættar, annars vegar voru húsnæðisbætur hækkaðar um 25% og hins vegar var tekið aukið tillit til fjölskyldustærðar við útreikning á skerðingu vegna tekjumarka með fjölgun fjölskylduhópa. Breytingar voru gerðar á 5. gr. reglna um sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við breytingar á tekjumörkum.

Fjárhagsáætlun sérstaks húsnæðisstuðnings fyrir árið 2025 byggir á sögulegum gögnum síðustu ára, kostnaðarmati á reglubreytingum ársins 2024 auk hækkunar á tekjumörkum í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunargerðar. Einnig er gert ráð fyrir hækkun á heildarbótafjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings um 10.000 kr. Fjöldatölur einstaklinga á félagslegum og almennum markaði voru áætlaðar með þriggja ára meðaltali.

## ÞJÓNUSTA VIÐ ELDRA FÓLK

Á velferðarsviði hefur undanfarin ár verið lögð áhersla á samþættingu heimastuðnings og heimahjúkrunar í Heimaþjónustu Reykjavíkurborgar og er sú samþætting að stórum hluta fyrirmynd verkefnisins „Gott að eldast" sem nú er unnið að í samvinnu nokkurra ráðuneyta á landsvísu.

Heimaþjónustan er umfangsmikil og sinnir félags- og hjúkrunarþörfum þúsunda Reykvíkinga á degi hverjum. Velferðarsvið leggur mikla áherslu á innleiðingu nýjunga, s.s. með velferðartækni, hjúkrun heimilislausra, þróun fíkniráðgjafar, endurhæfingu og aukinni sérhæfingu í heimahúsi svo eitthvað sé nefnt. Unnið verður áfram að þessum verkefnum auk þess sem sérstök áhersla verður á fjarvöktun einkenna hjá einstaklingum með langvinna sjúkdóma, frekari innleiðingu skjáheimsókna og lyfjaskammtara á árinu 2025. Heimahjúkrun mun á næstu árum leggja aukna áherslu á að styrkja sérfræðiþekkingu hjúkrunarfræðinga með því að bjóða upp á starfsþróun og sérfræðileið. Fjölgun nema frá því sem áður hefur verið liggur fyrir og því mun jafnhliða þessum verkefnum verða ráðinn kennslustjóri í 50% stöðugildi. Þrjú endurhæfingarteymi eru starfrækt með góðum árangri í hverfum borgarinnar. Teymin eru annars vegar fjármögnuð af Reykjavíkurborg sem stendur undir 50% af kostnaði og hins vegar með samningi við Sjúkratryggingar Íslands sem greiða 50% af kostnaði. Ætla má að áhrif teymanna sjái m.a. í minni fjölgun þjónustuþega í bæði heimahjúkrun og heimastuðningi.

Segja má að SELMA, sem er sérhæft hreyfanlegt öldrunarteymi, sé nú orðin hraðall nýsköpunar og klínískt sértækra verkefna á vegum heimaþjónustu Reykjavíkurborgar. Teymið hefur sannað gildi sitt en því er meðal annars ætlað að draga úr komum hrumra aldraðra á bráðamóttöku Landspítalans og var því stækkað til að stuðla enn frekar að því verkefni. Auk hjúkrunarfræðinga og lækna starfar næringarfræðingur með teyminu og þróun í heilbrigðisþjónustu við heimilislausa hefur gengið vel. Aukning hefur verið í aðkomu SELMU að verkefnum tengdum einstaklingum með geðfötlun í nánu samstarfi við skrifstofu málefna fatlaðs fólks. Framundan er stefnt að enn frekari sérfræðiþekkingu á sviðum hjúkrunar sem og áhersla verður á bætta lyfjaumsýslu, m.a. með bættri nýtingu lyfjaskammtara og horft er til þess að þróa þjónustu með aðkomu lyfjatækna og klínísks lyfjafræðings. Öll þjónusta SELMU er fjármögnuð með samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Á árinu 2023 hefur í stýrihópi verið unnið að tillögu að heildstæðri stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2026, til þess að skapa aðstæður í borginni sem bæta félagslega, andlega og líkamlega heilsu þess. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni og heilbrigði þannig að eldra fólk geti búið heima jafnframt því sem umönnun þess sé tryggð þegar hennar er þörf.

Á árinu 2024 hefur verið unnið að markaðskönnun vegna heimsends matar og matar sem borinn er fram í félagsmiðstöðvum og þjónustuíbúðum fyrir eldra fólk. Gert er ráð fyrir niðurstöðu þeirrar könnunar í október.

Hafin er innleiðing á eldhúsumsjónarkerfinu Matilda sem inniheldur upplýsingar um allt hráefni (innihald og næringargildi), uppskriftir, matseðla, notendur, birgja, pantanir, innkaup, framleiðslu og afhendingu á mat og máltíðum, ásamt annarri starfsemi í eldhúsinu. Eldhúsumsjónarkerfið mun leysa af hólmi eldra

kerfi sem hefur verið í notkun hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar um árabil en með tilkomu þess mun tryggt að umgjörðin í kringum þjónustuna verði í samræmi við nútímakröfur á þessu sviði.

Innleiðing á nýju heimaþjónustu- og búsetukerfi velferðarsviðs hófst í byrjun árs en samningur var gerður að undangengnu útboði við hugbúnaðarfyrirtækið Gangverk um þjónustuna. Kerfið, dala.care, heldur utan um daglegan rekstur þjónustu á vettvangi og mun auka skilvirkni og yfirsýn starfsmanna, stjórnenda og notenda á veitingu þjónustunnar.

Í ljósi þess að gera má ráð fyrir vaxandi þörf fyrir þjónustu við eldra fólk og fleiri aðila í heimahúsum hafa skrifstofa um málefni eldra fólks og skrifstofa málefna fatlaðs fólks tekið höndum saman um þróun "Velferðarskóla". Þar er gert ráð fyrir þróun náms frá algerri grunnfærni starfsmanna í þjónustu við fólk í heimahúsum upp í möguleika á starfsþróun sem félagsliði eða sjúkraliði. Unnið er að verkefninu í samstarfi við sérhæfða aðila á þessu sviði, s.s. Starfsmennt og Framvegis.

## RAFRÆN MIÐSTÖÐ

Hlutverk Rafrænnar miðstöðvar er tvíþætt. Í fyrsta lagi að veita framúrskarandi þjónustu til íbúa sem leitast eftir eða þiggja velferðarþjónustu borgarinnar. Í öðru lagi að vinna að umbótum og innleiða nýjar stafrænar lausnir og velferðartækni.

Þjónustuteymi og ráðgjafarteymi Rafrænnar miðstöðvar sinna framlínuþjónustu velferðarsviðs. Í dag svarar miðstöðin nær öllum erindum sem berast á miðstöðvar í formi símtals, tölvupósts eða netspjalls. Jafnframt sér miðstöðin um vakthafandi ráðgjöf til íbúa sem nálgast sviðið með þessum leiðum.

Á árinu 2025 er stefnt að yfirfærslu framlínuþjónustu heimaþjónustunnar til Rafrænnar miðstöðvar þ.m.t. símsvörun og móttaka beiðna og umsókna. Samhliða því verður unnið að yfirfærslu allrar fjárhagsaðstoðar, líka órafrænna umsókna, til Rafrænnar miðstöðvar ásamt áframhaldandi vinnu við aukna einföldun, samræmingu og skilvirkni í framlínuþjónustu Rafrænnar miðstöðvar.

Rafræn miðstöð rekur skjáver þar sem veitt er heimahjúkrun og heimastuðningur í formi skjáheimsókna ásamt fjarvöktun hjartabilunareinkenna og lyfjaskammtara.

Á árinu 2025 er stefnt að fjölgun lyfjaskammtara og að skjáverið taki við allri umsjón þeirra þ.m.t. áfyllingu. Jafnframt verður unnið að því að hækka hlutfall skjáheimsókna innan heimaþjónustunnar í samvinnu við starfsfólk miðstöðvanna. Markmiðið er að ávallt sé reynt að nýta fjarheimaþjónustu, hjálpartæki eða velferðartækni áður en veitt er þjónusta með hefðbundnum hætti.

Umbótateymi velferðarsviðs og velferðartæknismiðja Reykjavíkurborgar eru einnig hluti af Rafrænni miðstöð. Teymin vinna að umbótum innan sviðsins þar sem litið er sérstaklega til þarfa íbúa og starfsfólks, einföldunar og skilvirkni.

Umbótateymið vinnur í sprettum og snúa núverandi verkefni að starfsemi deildar virkni og ráðgjafar á miðstöðvum borgarinnar. Verkefnin ganga út á að auka skilvirkni starfseminnar og bæta þjónustu við íbúa. Lausnir sem hafa verið innleiddar eru m.a. sameinaðir ákvörðunarfundir þvert á miðstöðvar, samræming við skráningu mála, endurbætt flæði erinda til ráðgjafa og uppsetning mælaborðs um

starfsemi deildanna. Á árinu mun jafnframt ljúka kortlagningu og skráningu á notendahópi deildarinnar og úrræðum sem þeim standa til boða.

Velferðartæknismiðjan mun vinna að því að færa verkefni sem hafa verið í prófunum yfir í rekstur þ.e. ef prófunarverkefnin sýna fram á árangur. Verkefni í prófunum í dag eru fjarvöktun hjartabilunareinkenna og fjarþjálfun. Jafnframt mun teymið vinna að umbótum á ferlum og skipulagi innan heimaþjónustunnar ásamt því að hefja ný prófunarverkefni á velferðartæknilausnum.

## MANNAUÐSÞJÓNUSTA

Velferðarsvið leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem eflir starfsgleði og frumkvæði starfsfólks sem ýtir undir góða þjónustu við borgarbúa. Velferðarsvið vill stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks með skýrum boðleiðum og virku upplýsingastreymi. Mannauðsráðgjafar eru staðsettir á öllum miðstöðvum Reykjavíkurborgar ásamt því að vera í heimastuðningi á tveimur stöðum. Það hefur reynst mjög vel og stuðlar að betra aðgengi stjórnenda og starfsfólks að mannauðsráðgjafa. Áfram verður stuðningur við stjórnendur efldur á árinu sem stuðlar að öruggari stjórnendum og betri stjórnun á hverjum starfsstað. Að auki verða verkferlar í mannauðsmálum gerðir sýnilegri og aðgengilegri stjórnendum í hverju hverfi. Móttaka nýrra stjórnenda verður styrkt og bætt með auknum stuðningi mannauðsráðgjafa og nýjum fræðslulínum í Torginu fyrir alla stjórnendur velferðarsviðs. Áframhaldandi innleiðing, þróun og nýjungar í ráðningar- og umsóknakerfi, innri vef, ásamt stafrænu fræðslukerfi mun gagnast stjórnendum og starfsfólki sviðsins.

Öllu starfsfólki velferðarsviðs stendur til boða fjölbreyttir möguleikar til fræðslu og starfsþróunar. Með það að markmiði er lögð áhersla á framsækna fræðsluáætlun sem stjórnendur taka þátt í að móta, með óskir starfsfólks og þarfir vinnustaðarins að leiðarljósi. Á árinu 2025 verður áfram unnið að því að allt starfsfólk velferðarsviðs sæki sér fræðslu inn á Torginu þar sem öll eiga að geta sótt sér fræðslu hvenær og hvar sem er. Með tilkomu kerfisins er aðgengi að fræðslu og eftirfylgni í fræðslumálum aukið. Áfram verður lögð áhersla á nýliðafræðslu og boðið verður upp á sérsniðna fræðslu til starfsfólks í heimastuðningi og umönnun út frá nýlegri og ýtarlegri kortlagningu á fræðsluþörfum þess starfsfólks. Unnið verður að því að tryggja að allt starfsfólk velferðarsviðs fari í gegnum nauðsynlega fræðslu til að tryggja gæði og öryggi í þjónustu sviðsins. Farið verður í fræðsluátak varðandi gerð vaktskráa til bæði starfsfólks og stjórnenda til að tryggja betri fyrirsjáanleika, öryggi og heilsu bæði notenda sem og starfsfólks og að jafnvægi vinnu og einkalífs verði í forgrunni. Horft verður til þarfa starfsstaðar, jafnræðis innan starfsmannahópsins sem og óska einstakra starfsmanna við gerð vaktskráa og þá verður lögð áhersla á að samtal fari fram um gerð vaktskrár á starfsstöðum borgarinnar. Unnið verður að þróun "Velferðarskóla" þar sem gert verður ráð fyrir þróun náms frá algerri grunnfærni starfsmanna í þjónustu við fólk í heimahúsum sem lið í möguleika á starfsþróun í starf félagsliða eða sjúkraliða. Námið er hugsað til viðbótar annarri fræðslu sem velferðarsvið býður upp á. Markmið með náminu er að starfsfólk öðlist dýpri skilning á þörfum notenda og hæfni til að mæta þeim þörfum með velferð notenda að leiðarljósi. Sótt verður í sjóði stéttarfélaga til að standa undir kostnaði við fræðsluáætlun sviðsins.

Á árinu verður unnið að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi starfsfólks og settir verða á laggirnar starfshópar til að skoða sérstaklega starfsaðstæður og starfsumhverfi með það að markmiði að setja fram tillögur að úrbótum og aðgerðum. Stjórnendur hafa fengið fræðslu um viðverustjórnun ásamt geðheilbrigði á vinnustöðum og áfram verður unnið að því að styðja við stjórnendur í að innleiða ferla viðverustjórnunar á sínum vinnustöðum. Mannauðsþjónustan mun veita markvissan stuðning til stjórnenda og sérstaklega til þeirra þar sem fjarvistir vegna veikinda eru miklar, með það að markmiði að draga úr veikindum og minnka veikindahlutfallið. Heilsustefna fyrir Reykjavíkurborg hefur verið samþykkt og hefur verið kynnt stjórnendum og starfsfólki á sviðinu. Lögð verður áhersla á að stjórnendur vinni eftir heilsustefnunni og innleiði hana á sínum starfsstöðum. Tilgangurinn er að gera vinnustaðinn enn betri og auka aðdráttarafl borgarinnar fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk, eins og segir í mannauðsstefnunni. Ávinningur heilsustefnu er gagnkvæmur. Vinnustaðurinn nýtur góðs af betri heilsu starfsfólks, aukinni viðveru og minni starfsmannaveltu. Einstaklingurinn nýtur sömuleiðis góðs af með betri heilsu, auknum lífsgæðum og starfsánægju.

Ný stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO) í starfsumhverfinu er nýlega samþykkt og verkferlar uppfærðir í takt við samfélagslega þróun í þeim málum. Unnið verður að því að kynna stefnuna fyrir öllu starfsfólki og stjórnendum og meðal annars verður framboð á fræðslu um þessi mál aukið og verður þetta fræðsluefni birt í Torginu og víðar. Mannauðsþjónustan ber ábyrgð á þessum málaflokki og að styðja við innleiðingu á nýuppfærðri EKKO stefnu.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) á velferðarsviði Reykjavíkurborgar hyggst breyta áherslum í greiningum sviðsins á næstu árum. Áherslur næstu ár verða á minni og sérhæfðari verkefni en ekki þjónustuþætti í heild sinni. Einnig verður lögð áhersla á eftirfylgni þeirra greininga sem þegar hafa verið gerðar og að tryggja að aðgerðaráætlunum sé fylgt til enda. Frá því að innleiðing sem hófst á árinu 2011 hefur velferðarsvið tekið fullan þátt og lokið rýningu allra þjónustuþátta.

Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Greiningar á þjónustuþáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í megindráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa.

Velferðarsvið hefur jafnréttisskimað og metið fjárfestingar- og fjárhagsáætlun sviðsins frá árinu 2018 og að auki eru allar tillögur til velferðarráðs jafnréttisskimaðar.

# ÁHERSLUR OG AÐGERÐIR 2025

| Stefnumarkandi áherslur | Forgangsáherslur | Aðgerðir |
|---|---|---|
| **1 Engin tvö eru eins** | 1.1 Skilgreina einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu | Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk |
| | 1.2 Útfæra og innleiða einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu | Endurskoða verklagsreglur |
| | 1.3 Mæta fólki af erlendum uppruna | Sérhæft teymi um málefni fólks af erlendum uppruna • Upplýsingar aðgengilegar á fleiri tungumálum • Endurskoða hæfniskröfur vegna starfa |
| **2 Nálægð og aðgengileiki** | 2.1 Útfæra breytingar á þjónustunni | Rafræn þjónustumiðstöð |
| | 2.2 Efla notkun stafrænna lausna | Allar umsóknir rafrænar • Endurskoða og rafvæða alla þjónustuferla • Setja upp gagnvirkar „Mínar síður“ • Endurnýja grunnkerfi og tryggja samþættingu |
| | 2.3 Nota vandað, skýrt og auðskilið mál | Yfirfara öll stöðluð bréf • Yfirfara efni með áherslu á skýrt málfar |
| **3 Þjónustulipurð og skilvirkni** | 3.1 Endurskoða skipulag velferðarsviðs | Rafræn þjónustumiðstöð • Þjónustusvæði verði fjögur • Betri borg fyrir börn yfirfært á önnur svæði • Skipurit þjónustumiðstöðva samræmd • Sérhæfð teymi sett á laggirnar • Hlutverk fagskrifstofa og stoðþjónustueininga eflt |
| | 3.2 Tryggja að notendur séu alltaf í forgrunni | Skilgreina þjónustuþætti sem mældir verða reglubundið • Sjálfvirkni í þjónustukönnunum í kjölfar þjónustuveitingar • Gagnvirkar „Mínar síður“ |
| | 3.3 Meta þarfir ólíkra samfélagshópa | Skilgreina ólíka samfélagshópa • Árleg aðgengiskönnun |
| | 3.4 Skilgreina heildarþjónustu | Kortlagning samstarfsaðila • Verkferlar um samvinnu velferðarsviðs og helstu samstarfsaðila |
| | 3.5 Samræma þjónustustig | Meta samræmi í þjónustuveitingu |
| **4 Virðing og umhyggja** | 4.1 Auka áherslu á valdeflingu | Auka valkosti innan virkni- og endurhæfingarúrræða • Fjölga vinnustöðum sem taka þátt í atvinnu- og virknimiðlun |
| | 4.2 Efla traust | Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk |
| | 4.3 Vinna gegn fordómum | Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk |
| **5 Frumkvæði og forvarnir** | 5.1 Efla forvarnir | Lágþröskuldaþjónusta við börn og fjölskyldur • Endurnýja stefnu í forvarnamálum |
| | 5.2 Auka frumkvæði | Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk • Endurskoða verklag svo að starfsfólk fái rýmra umboð til athafna |
| | 5.3 Efla gagnadrifna ákvarðanatöku | Greiningar á samfélagshópum • Spár um þróun samfélagshópa og langtíma kostnaðaráætlanir • Mælaborð með rauntíma tölfræði um þjónustu og ánægju |
| **6 Samtal og samráð** | 6.1 Skipuleggja virkt samráð við hagsmunaaðila | Kortlagning hagsmunahópa og verkferill samráðs |
| | 6.2 Styrkja miðlun upplýsinga | Ritstjórn og ritstjóri • Nýr vefur • Fjölbreyttar leiðir til upplýsingamiðlunar • Verklagsreglur um samskipti við fjölmiðla |
| | 6.3 Skoða strauma og stefnur á markvissari hátt | Vöktun og miðlun á straumum og stefnum • Umræðuvettvangur fyrir starfsfólk, hagsmunaaðila og háskólasamfélag |
| | 6.4 Tryggja reglubundna endurgjöf frá notendum | Hagsmunaaðilar geti komið athugasemdum á framfæri með rafrænum hætti • Greiningar á samfélagshópum • Sjálfvirkni í þjónustukönnunum í kjölfar þjónustuveitingar • Mælaborð með rauntíma tölfræði um þjónustu og ánægju |
| **7 Fagmennska og framsýni** | 7.1 Skapa framsækið vinnuumhverfi | Verkefnastjórnunartól fyrir stjórnendur og starfsfólk • Innleiða „starfatorg“ vegna starfsþróunar |
| | 7.2 Styðja við þekkingardrifna vinnustaðamenningu | Fræðsluáætlun sem endurspeglar óskir starfsfólks og þarfir vinnustaða. |
| | 7.3 Auka margbreytileika í hópi starfsfólks | Endurskoða ráðningarferli, starfsauglýsingar og hæfniskröfur • Kortleggja aðgengi allra starfseininga • Starfsfólk geti sótt íslenskukennslu • Ráðningar starfsfólks með tungumálakunnáttu sem nýtist í starfi • Ráðningar fólks af erlendum uppruna í ábyrgðarstöður |
| | 7.4 Styrkja innri upplýsingamiðlun | Workplace og Workplace Knowledge Library • Verk- og þjónustuferlar í gæðahandbók uppfærðir |

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | Raun 2022 | Raun 2023 | Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|
| **Fjárhagsaðstoð** | | | | |
| Fjárhagsaðstoð - Heildarkostnaður | 2.786.184 | 2.641.025 | 3.589.514 | 3.828.344 |
| Fjárhagsaðstoð til framfærslu - Kostnaður | 1.546.321 | 1.467.543 | 2.310.999 | 2.619.972 |
| Framfærsla vegna náms - Kostnaður | 141.769 | 121.670 | 162.865 | 121.772 |
| Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni - Kostnaður | 1.098.094 | 1.051.813 | 1.115.650 | 1.086.600 |
| Fjárhagsaðstoð - Fjöldi notenda | 4.558 | 4.456 | 4.244 | 4.042 |
| **Sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði** | | | | |
| Heildarupphæð | 638.594 | 653.642 | 738.131 | 763.633 |
| Fjöldi heimila | 2.351 | 2.373 | 2.397 | 2.421 |
| **Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða** | | | | |
| Fjöldi úthlutana | 134 | 178 | 180 | 182 |
| Fjöldi á biðlista í árslok | 797 | 691 | 698 | 705 |
| Sérstakar húsaleigubætur v/íbúða Félagsbústaða - upphæð | 771.210 | 851.923 | 938.863 | 986.702 |
| **Þjónustuíbúðir** | | | | |
| Fjöldi úthlutana | 66 | 71 | 71 | 71 |
| Fjöldi á biðlista í árslok | 119 | 80 | 80 | 70 |
| Fjöldi íbúða | 385 | 390 | 390 | 400 |
| **Hjúkrunarrými** | | | | |
| Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum | 82 | 82 | 82 | 82 |
| Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir | 1.898.033 | 1.902.597 | 1.964.164 | 2.038.654 |
| Meðalkostnaður á notað rými á dag | 63 | 64 | 66 | 68 |
| Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum | 40 | 44 | 45 | 47 |
| Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð | 20 | 14 | 14 | 14 |
| Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild | 469.529 | 450.487 | 455.357 | 232.176 |
| Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð | 64 | 88 | 89 | 89 |
| Framlag ríkissjóðs á rými á dag | 40 | 60 | 66 | 73 |
| **Heimastuðningur** | | | | |
| Heimastuðningur - Heildarkostnaður | 2.168.037 | 2.485.358 | 2.761.368 | 2.472.895 |
| Heimastuðningur - Fjöldi notenda | 3.570 | 3.434 | 3.497 | 3.497 |
| Heimahjúkrun | | | | |
| Heimahjúkrun - Heildarkostnaður | 2.400.912 | 2.571.542 | 2.588.835 | 2.914.800 |
| Heimahjúkrun - Fjöldi notenda | 2.905 | 2.826 | 2.875 | 2.926 |
| **Stuðnings- og stoðþjónusta** | | | | |
| Stuðnings- og stoðþjónusta - Heildarkostnaður | 3.335.235 | 3.494.696 | 3.274.773 | 3.515.465 |
| Stuðnings- og stoðþjónusta - Fjöldi notenda | 412 | 416 | 430 | 430 |
| Stoðþjónusta - Heildarkostnaður | 203.938 | 353.909 | 295.417 | 295.009 |
| Stoðþjónusta - Fjöldi notenda | 284 | 306 | 322 | 322 |
| Stuðningsþjónusta - Heildarkostnaður | 951.201 | 924.072 | 812.257 | 1.101.859 |
| Stuðningsþjónusta - Fjöldi notenda | 296 | 328 | 341 | 341 |
| Stuðningsfjölskyldur - Heildarkostnaður | 158.796 | 171.893 | 84.949 | 84.100 |
| Stuðningsfjölskyldur - Fjöldi barna | 229 | 221 | 254 | 254 |
| Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður | 217.996 | 209.019 | 168.333 | 166.650 |
| Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna | 188 | 178 | 191 | 191 |

| Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) | | | | |
|---|---|---|---|---|
| NPA - Heildarkostnaður | 1.347.741 | 1.630.145 | 2.168.935 | 2.255.923 |
| Fjöldi samninga | 35 | 35 | 41 | 41 |
| **Búsetuþjónusta** | | | | |
| Búsetuþjónusta - Heildarkostnaður | 12.294.187 | 13.498.488 | 14.325.788 | 14.430.778 |
| **Matarþjónusta** | | | | |
| Fjöldi notenda með heimsendan mat | 1.018 | 1.005 | 1.005 | 1.005 |
| Fjöldi heimsendra máltíða | 141.571 | 141.061 | 141.061 | 141.061 |
| **Þjónusta við börn** | | | | |
| Fjöldi barnaverndartilkynninga | 4.953 | 5.171 | 5.171 | 5.171 |
| Heildarkostnaður við varanlegt fóstur | 417.239 | 492.326 | 472.021 | 414.861 |
| Fjöldi barna í varanlegu fóstri | 153 | 153 | 155 | 155 |
| Heildarkostnaður við tímabundið fósturs og fósturs skv. 84 gr. bvl. | 250.288 | 261.463 | 225.975 | 301.248 |
| Fjöldi barna í tímabundnu fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl. | 91 | 84 | 90 | 90 |



# ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

## STEFNULJÓS

*Fólk í fyrsta sæti*

*Kjarni allrar okkar starfsemi miðar að því að einfalda fólki lífið. Öll þjónusta borgarinnar á að vera hönnuð út frá þörfum notenda hennar. Við vinnum saman sem samræmdur vinnustaður sem veitir heildstæða þjónustu upplifun gagnvart þeim sem til okkar leita.*

*Einu skrefi á undan*

*Við byggjum allt okkar starf á traustum grunni sérþekkingar. Við tökum greindar og gagnadrifnar ákvarðanir út frá fyrirliggjandi upplýsingum. Við hugsum nokkra leiki fram í tímann til að geta örugg tekist á við verkefni framtíðarinnar.*

*Aldrei hætta að þora*

*Við höfum hugrekkið til að taka af skarið og leiða breytingar í krefjandi aðstæðum. Við vinnum í skapandi umhverfi þar sem traust, endurgjöf og teymisstarf búa til nærandi jarðveg fyrir faglegan vöxt. Við erum fyrirmyndir í verki og leiðum með því að gera.*

## SKIPURIT



## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

| | Raun 2023 | Esk. áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 1.939.965 | 2.313.111 | 2.477.380 |
| **Tekjur samtals** | **1.939.965** | **2.313.111** | **2.477.380** |
| Laun og launatengd gjöld | 1.459.909 | 1.462.392 | 1.986.829 |
| Annar kostnaður | 4.573.607 | 4.971.719 | 4.941.629 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **6.033.517** | **6.434.111** | **6.928.458** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **4.093.551** | **4.121.000** | **4.451.078** |

## STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| **Fjöldi stöðugilda** | **184** | **176** | **169** |
| Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum: | 88 | 91 | 131 |
| Skrifstofa | 6 | 7 | 7 |
| Skrifstofa gagnaþjónustu | 3 | 3 | 10 |
| Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu | 27 | 29 | 35 |
| Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur | 6 | 6 | 31 |
| Skrifstofa þjónustu og umbreytinga | 30 | 30 | 34 |
| Skrifstofa skjalastýringar | 8 | 8 | 7 |
| Borgarskjalasafn Reykjavíkur | 8 | 8 | 7 |
| Færist á fjárfestingu: | 96 | 85 | 38 |
| Fjöldi starfsmanna vegna stafrænnar vegferðar og umbreytingu ferla* | 92 | 81 | 38 |
| Fjöldi starfa v. Bloomberg** | 4 | 4 | 0 |

## SKIPTING REKSTRAR 2025



## HLUTVERK

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) er eitt af þremur kjarnasviðum Reykjavíkurborgar. Meginhlutverk sviðsins er að annast innri og ytri þjónustu Reykjavíkurborgar og stuðla að nýsköpun í starfsemi hennar. Sviðið starfar þvert á fagsvið borgarinnar og ber til að mynda ábyrgð á upplýsingatækni, gagnastjórnun, nýsköpun, tæknilegum umbótum og þjónustu. Þá leiðir sviðið innleiðingu á gildandi þjónustustefnu- og upplýsingatæknistefnu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera ábyrgð á rekstri stjórnsýslubygginga og fara með rekstur Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Sviðið gegnir lykilhlutverki í samhæfingu tækni-, gagna-, þjónustu- og rekstrarmála Reykjavíkurborgar og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Þjónusta við íbúa borgarinnar er sett í forgang með fjárfestingu í starfrænni umbreytingu, notkun nýrrar tækni og aukin áhersla lögð á miðlæg innkaup til að ná hagræðingu í rekstri. Leiðarljósið eru grænar áherslur, sjálfbærni til skemmri og lengri tíma, betri rekstur og skilvirkari þjónusta. Áhersla er á að verkefnin hafi stoð í Græna planinu ásamt því hafa til hliðsjónar breytt efnahagsumhverfi. Rík áhersla er lögð á að færa starfsemi borgarinnar í nútímalegra horf með stafrænni umbreytingu og heilsteyptari nálgun er varðar upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og fyrirtæki í borginni.

Í fjárhagsáætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs er gert ráð fyrir óbreyttum fjárhagsramma vegna ársins 2025, þó með viðaukum vegna kjarasamninga og samningsbundinna skuldbindinga við þriðja aðila annars vegar. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur vaxi á milli ára og skýrist það einkum af gjaldskrárhækkun skrifstofu upplýsingatækniþjónustu (UT-þjónusta) sem tekur mið af sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar, þ.e. launahækkunum, verðbótum á samningsbundnar skuldbindingar við þriðja aðila. Breyting á rekstrargjöldum milli ára skýrist m.a. af kjarasamningsbundnum hækkunum, samningum við þriðja aðila er fylgja breytingu á vísitölu annars vegar eða á gengi íslensku krónunnar hins vegar og svo hækkun á innri leigu.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur samanstendur af verkefnastofu, vef- og vöruþróunardeild, teymi stafrænna leiðtoga og gæða og stjórnsýsluteymi.

Skrifstofan ber ábyrgð á verkefnaráði og verkefnaskrá sviðsins sem og umsýslu verkefnastjórnunar (e. Project governance). Umsýsla í tengslum við stjórnsýslu og stafrænt ráð borgarinnar, svörun pólitískra fyrirspurna og ábyrgð á stafrænni stefnu borgarinnar er einnig á borði skrifstofunnar.

Lögfræðingar sviðsins eru staðsettir á skrifstofunni og sinna erindum í tengslum við fyrirspurnir, innkaup á tækni- og hugbúnaði og stafrænni persónuvernd vegna fjárfestingaverkefna.

Stafrænir leiðtogar eru staðsettir á öllum sviðum borgarinnar en eru rekstrarlega reknir frá skrifstofu stafrænnar Reykjavíkur. Fram til ársins 2025 hefur launakostnaður þeirra verið eignfærður sem fjárfesting vegna stafrænna umbreytinga borgarinnar en frá janúar 2025 verður kostnaður vegna

stafrænna leiðtoga rukkað til sviðanna í gegnum gjaldskrá ÞON. Hlutverk þeirra er að styðja við svið borgarinnar í stafrænni vegferð til þess að ná utan um og móta þær stafrænu áskoranir sem sviðin standa frammi fyrir ásamt því að koma þeim í framkvæmd. Það er gert með því að setja upp verkefnaráð, verkefnaskrár og forgangsröðun verkefna hvers sviðs fyrir sig þegar kemur að fjárfestingum í stafrænum lausnum, uppfærslu, útfösun eldri kerfa og framsækna þróun nýrra lausna. Stafrænir leiðtogar tryggja flæði verkefna inn í rétta strauma, styðja við innleiðingar og tryggja samráð á milli sviða og nálgast stafrænar lausnir út frá heildarhagsmunum borgarinnar ásamt því að vera til ráðgjafar fyrir yfirstjórnir sviða borgarinnar.

Verkefnastjórar verkefnastofu stafrænnar Reykjavíkur stýra stafrænum verkefnum. Stafræn verkefni eru verkefni sem fela í sér innkaup og innleiðingu á tækni eða hugbúnaði. Slík verkefni innihalda yfirleitt þarfagreiningar, innkaupaferla og innleiðingu. Verkefnastjórar setja upp verkefnahópa í samstarfi við eigendur hvers verkefnis eða lausnar sem unnið er að hverju sinni.

Vörustjórar eru skipaðir á nýjar hugbúnaðarlausnir sem þróaðar hafa verið eða teknar í rekstur. Vörustjórar bera ábyrgð á framþróun lausnanna eftir að þær eru komnar í rekstur hjá upplýsingatækniþjónustu borgarinnar. Þeirra hlutverk er að koma í veg fyrir að tækniskuld myndist með tilheyrandi kostnaði og tryggja framþróun. Kostnaður við vörustjórnun hefur fram til þessa verið eignfærður sem hluti af stafrænum umbreytingum hvers verkefnis en verður frá janúar 2025 hluti af gjaldskrá Þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Verkefna- og vörustjórar starfa þvert á svið borgarinnar og vinna þannig með eigendum verkefna, þjónustu eða vara úti á kjarnasviðum borgarinnar. Náið samstarf, fagmennska og traust er því lykilatriði til að tryggja hagkvæmni í rekstri og framþróun þeirra lausna sem keyptar, eða þróaðar eru.

Vef- og vöruþróunardeild stafrænnar Reykjavíkur fer meðal annars með ábyrgð á framþróun og viðhaldi á vefsvæðum borgarinnar í samstarfi við skrifstofu upplýsingatækniþjónustu. Miðlægur vefur borgarinnar er orðinn helsta vinnutól margra sem starfa hjá borginni. Flestar veflausnir og einstaka vefir í rekstri borgarinnar hafa verið færðir undir miðlægan vef reykjavik.is. Með þeirri tilfærslu hefur öryggi veflausnanna verið tryggt sem og mælingar á notkun og hegðun notenda. Viðmót á vefnum verður þróað áfram á grundvelli notendarannsókna með að markmiði að gera notkun hans einfaldari og þægilegri ásamt því að auka og væta virkni til að mæta breyttum þörfum notenda. Litið er á miðlægan vef sem eina mikilvægustu kjarnavöru sem er í rekstri og þróun hjá borginni. Mínar síður sem tóku við af Rafrænni Reykjavík hafa gjörbylt þjónustuviðmóti og áframhaldandi rekstur og þróun á hönnunarkerfi, ábendingavef, mannauðslausnum og öðrum sér þróuðum vörum verður fyrirferðarmikill í starfsemi skrifstofu Stafrænnar Reykjavíkur.

Ein af stærstu áskorunum skrifstofunnar árið 2025 verður að innleiða gjaldskrá Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og aðlaga reksturinn að henni. Með nýrri gjaldskrá verður skrifstofunni kleift að færa vöruþróun og stýringu upp á næsta stig, koma verkefnum fyrr í rekstur úr fjárfestingu, auka fræðslu og handleiðslu við innleiðingu á tækni- og hugbúnaði og draga úr líkum á því að borgin lendi í tækniskuld með hugbúnaðarsafn sitt. Áframhaldandi þróun á ákvörðunarferli verkefnaráðs og þeim tólum sem

henta best til verkefnaumsýslu verður einnig fyrirferðarmikil á árinu, sú vinna mun nýtast öllum sviðum borgarinnar.

## Skrifstofa þjónustu og umbreytinga

Þjónusta og starfsemi skrifstofunnar er tvíþætt. Annars vegar er það framlínuþjónusta við íbúa og starfsmenn sem fer fram innan þjónustuvers og hins vegar er starfsemi sem miðar breyttri og bættri þjónustu í gegnum stafræna ferla og þjónustuupplifun íbúa

Í þjónustuveri fer fram þjónusta við íbúa borgarinnar og starfsmenn í gegnum fimm gáttir; síma, netspjall, tölvupóst, ábendingavef og einnig er veitt þjónusta í persónu. Þjónustuverið sinnir einnig móttöku gesta í Höfðatorg og Ráðhús. Áherslur ársins 2025 í þjónustuverinu eru áframhaldandi vinna við straumlínulögun ferla og aukin skilvirkni í takt við stafræna umbreytingu á þjónustu borgarinnar, bæði innri og ytri ferlar. Innleiðing stafrænna lausna s.s. stafrænt vinnuafl í samstarfi við önnur svið borgarinnar og innleiðing beiðnakerfis svo hægt sé að fylgja betur eftir málum innan borgarkerfisins. Áfram verður áhersla lögð á aukið umboð þjónustuversins til úrlausnar mála fyrir íbúa, með það að markmiði að auka gegnsæi í þjónustu sem og hraða og skilvirka stjórnsýslu. Áfram verður unnið að skilgreiningu þjónustustiga í öflugu samstarfi við svið borgarinnar og leitað markvisst að tækifærum til umbóta og hagræðingar í rekstri sem skila sér í bættri þjónustu til þjónustuþega.

Innan deild umbreytinga verður áfram unnið ötullega í verkefnum sem snúa að stafrænni þjónustuumbreytingu í nánu samstarfi við aðrar skrifstofur ÞON, öll svið og einingar borgarinnar sem og aðra hagsmunaaðila s.s. íbúa, fyrirtæki og verktaka sem koma að vinnunni hverju sinni. Vinna deildarinnar byggir á þjónustustefnu borgarinnar sem og samþykktum Græna plansins um stafræna umbreytingu. Deildin styður við framkvæmd og innleiðingu á þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og heildarþjónustuupplifun íbúa og vinnur að því að tryggja að upplifun notenda sé höfð að leiðarljósi í allri þjónustuveitingu. Megin verkefni deildarinnar árið 2025 verða áframhaldandi þróun á þjónustuferlum inn í kjarnavörur borgarinnar, greining á þjónustuferlum og umbætur, innleiðing og fræðsla á lyklum að góðri þjónustu, þjónustumælingar og aukin þjónustumeðvitund starfsfólks Reykjavíkurborgar.

## Skrifstofa gagnaþjónustu

Gagnaþjónusta Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á gagnastjórnun og hagnýtingu gagna í starfsemi borgarinnar. Markmið Gagnaþjónustunnar er að auka gagnavitund innan borgarinnar og vera drifkraftur í hagnýtingu upplýsinga til ákvarðanatöku og bættrar þjónustu við starfsfólk, íbúa og fyrirtæki borgarinnar.

Hlutverk gagnaþjónustunnar er að skapa virði úr gögnum með því að vera drifkraftur í hagnýtingu þeirra. Með því að nýta gögn stuðlum við að betri ákvarðanatöku og getum veitt íbúum, starfsfólki og öðrum sem leita til borgarinnar betri þjónustu. Gagnaþjónustan veitir einnig gagna og tölfræðiráðgjöf, , sem og þjálfun í grunnvinnslu og greiningu gagna, tryggir aðgengi að réttum stoðgögnum og setur fordæmi fyrir gagnastefnu borgarinnar

Gagnaþjónustan er leiðandi í að endurhugsa framsetningu gagna borgarinnar út frá stafrænu aðgengi fyrir öll. Gott aðgengi að auðskiljanlegum upplýsingum stuðlar að samfélagslegri inngildingu fyrir fólk

óháð samfélagsstöðu auk þess sem aukið aðgengi að gögnum til greininga gefur tækifæri á fjölbreyttari og betri þjónustu fyrir alla íbúa borgarinnar. Með því að hanna framsetningu gagna út frá fjölbreyttum aðgengiskröfum stuðlar að gagnsæi og skýrleika í kerfinu og auðveldar gagnadrifna ákvarðanatöku, einnig tryggjum við heildrænt útlit og framsetningu gagna þvert á alla miðla borgarinnar.

Skrifstofan mun á árinu 2025 halda áfram að þróa og ítra stafrænar gagnavörur borgarinnar sem gefnar voru út árið 2024, þar má helst nefna;

- Gagnahlaðborð Reykjavíkur en sú vara mun vera í áframhaldandi þróun og enn meiri vexti en Gagnahlaðborðið fylgir þeirri stefnu að miðlun gagna sé hugsuð og unnin út frá aðgengissjónarmiðum og að saga gagnanna sé sögð með einföldum hætti í texta, myndum og tölum.
- Opna gagnagátt þar sem hægt er að nálgast hrágögnin á bakvið sögurnar ásamt öðrum gagnasöfnum borgarinnar á stafrænu formi, hlaða þeim niður eða tengjast þeim í gegnum API vefþjónustur.
- Uppbygging gagnalandslags Reykjavíkurborgar heldur áfram þar sem markmiðið er heildstæð nálgun á uppbyggingu gagna borgarinnar, smíði gagnaviðmóta og -pípa. Tilgangur þeirra er að tryggja flæði gagna. Það er gert með því að einfalda og skýra ferla, samræma verklag og lagfæra gögn eins nálægt upptökum þeirra og hægt er. Þetta er mjög viðamikil vinna sem snertir öll svið borgarinnar.
- Áframhaldandi þróun á miðlægu vöruhús gagna þar sem að aðgengi að helstu rekstrargögnum borgarinnar verður einfaldað, byggt á traustum og áreiðanlegum grunni þar sem auðvelt er fyrir sérfræðinga að gera greiningar á gögnum þvert á svið. þar með tryggjum við að greiningar borgarinnar séu byggðar á sameiginlegum grunni gagna, með því aukum við gæði, traust og fjölbreytni greininga á starfsemi borgarinnar.
- Innleiðing á öryggisflokkun gagna, tilmæli frá Ríkinu, ásamt aðgangsstýringum
- Innleiðing á hugtakasafni borgarinnar ásamt hugtakaskilgreiningum. Þarfir verkefna eru ólíkar og hagnýting gagna ekki alltaf samræmd á milli þeirra. Það getur leitt til þess að mismunandi heiti eru notuð fyrir sömu hugtökin í ólíkum verkefnum. Þetta flækir mjög flæði upplýsinga og styður ekki við samræmt verklag. Gagnaþjónustan hefur því unnið að sameiginlegu hugtakasafni (e. business glossary) sem skilgreinir þjónustuhugtök borgarinnar. Samræmd hugtakanotkun leiðir af sér áreiðanlegri gagnauppbyggingu, tryggir gagnagæði og veitir sameiginlegan skilning á hugtökum. Til að skýra betur þjónustuferlið og samræma upplýsingagjöf allt frá fyrstu snertingu við íbúann, þar til við tökum ákvarðanir byggðar á greiningum á gögnum úr gagnagrunnum, þá er mikilvægt að sömu hugtök séu notuð í gegnum allt ferlið og sameiginlegur skilningur sé á hugtakanotkuninni óháð því hvort um ræði sérfræðinga í framlínuþjónustu eða tæknisérfræðinga sem sjá um útfærslu á stafrænum þjónustum.
- Útleiðing fjölda þjóðskráa úr stafrænu umhverfi borgarinnar, innleiða eina þjóðskrá (single source of truth) og smíða nýjar gagnapípur til allra kerfa sem þurfa að sækja upplýsingar í þjóðskránna.
- Rekstur á gagnavinnslustöð og þeim gagnapípum, reiknilíkönum, greiningum og gervigreindarmódelum sem þar keyra.
- Þróun og innleiðing á verklagi þegar kemur að greiningum og birtingum gagna með PowerBI ásamt því að klára að útleiða QlikSense.

- Þróun og innleiðing á verklagi þegar kemur að því að setja gagnavörur í rekstur.

Einnig mun skrifstofan áfram spila lykilhlutverk í þróun fleiri spálíkana fyrir borgina, þróun fleiri kortalausna, gagnvirkt yfirlit yfir húsnæðis- og atvinnuuppbyggingu í Reykjavík, mælaborð fyrir birtingu mikilvægra stjórnendaupplýsinga, þróun á gröfum sem uppfylla aðgengiskröfur og hafa samræmt útlit þvert á borgina, þróun og smíði gagnapípa, tryggja einn uppruna grunnupplýsinga og svo margt fleira. Sé unnið með markvissum hætti að hagnýtingu gagna verður einnig unnt að leggja mat á fjárfestingarþörf og líklega arðsemi fjárfestinga borgarinnar, leggja mat á samfélagslega stöðu fólks innan jaðarsettra hópa, skipuleggja og meta áhrif tiltekinna stjórnvaldsaðgerða sem og aðgerða annarra aðila á borgarkerfið og varpa ljósi á hver staða kynjanna og eða jaðarsettra hópa er innan borgarkerfisins, með því getum við betur fylgst með því hvaða áhrif ákveðnar aðgerðir innan borgarkerfisins hafa á þessa hópa, borið kennsl á hvort verið sé að uppfylla þjónustuþarfir ákveðinna hópa til jafns við aðra, tekið betri og upplýstari ákvarðanir og gripið fyrr til mótvægisaðgerða.

## Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar

Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar ber ábyrgð á faglegri skjalastjórnun borgarinnar, framkvæmd skjalastefnu og endurskoðun hennar. Skrifstofan hefur umsjón með skjalamálum miðlægrar stjórnsýslu og skrifstofum sviða sem hafa aðsetur í Höfðatorgi og í Ráðhúsi Reykjavíkur og sinnir daglegri upplýsingagjöf til þeirra og þjónustu, svo sem við skráningu, skönnun og afgreiðslu gagnabeiðna.

Helstu verkefni skrifstofunnar 2024 verða að innleiða samræmdar reglur um skjalastjórnun Reykjavíkurborgar þannig að skjalastjórnun sé framkvæmd með öruggum hætti í allri starfsemi borgarinnar óháð starfsstöðum og tegund rekstrar. Þá verður áfram unnið að því að samræma notkun upplýsingakerfa ólíkra starfseininga þegar kemur að vistun skjala á öðrum vistunarstöðum en í Hlöðunni í samræmi við skjalavistunaráætlanir.

Með því skapast enn fleiri tækifæri til að breyta starfsháttum þvert yfir borgina og renna frekari stoðum undir vandaða stjórnsýslu sem getur brugðist hraðar við erindum og tekið ákvarðanir byggðar á öllum viðeigandi gögnum og upplýsingum hverju sinni.

Innleiðing á skjala- og málakerfi í alla miðlæga stjórnsýslu og stoðsvið borgarinnar heldur áfram í 3. áfanga við að innleiða Hlöðuna hjá undirstofnunum SFS samhliða tæknilegri samræmingu á grunnkerfum. Verkefnið miðar að því að koma miðlægu og notendavænu upplýsingastjórnunarkerfi í almenna virkni hjá skóla- og menntastofnunum og samræma verklag þegar kemur að meðferð stjórnsýsluerinda og reksturs. Unnið verður frekar að samþættingu Hlöðunnar við önnur kerfi til að fækka handtökum, bæta ferla og hagræða í störfum notenda.

Unnið verður frekar að þróun og viðhaldi Smiðjuviðmóts Hlöðunnar, viðmót fyrir starfsfólk byggingafulltrúa og skipulagsfulltrúa með umbótum á tengingu við rafrænar byggingaleyfisumsóknir og rafræna undirritun teikninga. Lokið verður við átaksverkefni í teikningaskönnun. Það verkefni miðar að því að gera allar verkfræðiteikningar byggingarfulltrúa Reykjavíkur aðgengilegar á teikningavef Reykjavíkurborgar.

Vinna heldur áfram við frágang og skil eldri upplýsingakerfa þegar starfseiningar sem skjalastýring þjónustar taka Hlöðuna í notkun. Gert verður átak í frágangi pappírsgagna til varðveislu.

## Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu

Upplýsingatækniumhverfi og innviðir Reykjavíkurborgar eru í sífelldri þróun sem hluti af stafrænni umbreytingu samhliða daglegum rekstri og starfsemi Reykjavíkurborgar. UT-innviðir Reykjavíkurborgar eiga sér fáar hliðstæður á landinu hvað varðar fjölbreytileika og þjónustustig. Allir starfsstaðir borgarinnar sækja tækniþjónustu og stuðning til skrifstofunnar þvert á sviðin. Helstu áskoranir UT-þjónustunnar er að viðhalda, rekstri og þróun tæknilegra innviða til að tryggja að tæknilegur þáttur í daglegum rekstri á starfsstöðum borgarinnar gangi sem best.

Verkefni og ábyrgð skrifstofunnar skiptist í fjórar deildir: Áherslurnar í upplýsingatækniþjónustu árið 2025 felast í því að halda áfram að innleiða framtíðarsýn í kerfishögun UT - umhverfisins svo að það geti verið sú stoð sem það þarf að vera í fyrirsjáanlegum áskorunum. Auknar áherslur á öryggi tölvukerfa þurfa að finna sinn stað á þann hátt að notendur séu meðvitaðir um kosti þess og gæði sem þarf sífellt að gæta að. Innleiðing á vinnu frá 2022 með sérfræðingum KPMG á Íslandi og Finnlandi hefur staðið yfir síðustu ár og  má gera ráð fyrir að útfærsla og innleiðing á þeirri vinnu haldi áfram 2025. Þær kerfisbreytingar sem eru í farvatninu koma til með að undirbúa tækniumhverfið til að ná fram hagræðingu á fjármagni en ekki síst þjóna starfsfólki og íbúum á skilvirkari hátt með það að leiðarljósi að minnka sóun á tíma og peningum. Á sama tíma þarf svo að tryggja að kerfin séu undirbúin fyrir vaxandi umhverfi netógna á þann hátt að árásir þeirra hafi sem minnst áhrif.

Deild hugbúnaðarþróunar sér um að móta til, smíða og samþætta lausnir fyrir þjónustu fagsviðanna sem hluti af stafrænni umbreytingu. Ein helsta áskorunin er að tryggja samþættingu kerfa og lausna sem skili sér í aukinni framlegð og hagræðingu í sjálfri þjónustuveitingunni jafnt fyrir starfsfólk og þjónustuþega. Það þýðir t.d að upplifun notenda sé sem oftast sú sama óháð því hvar eða hverjum þjónustan tilheyrir innan borgarinnar. Samræming á starfslagi þróunarteyma við hugbúnaðarþróun tryggir lausnir séu hannaðar og smíðaðar frá grunni til að passa inn í annars fjölbreytilegt rekstrar og lagalegt umhverfi borgarinnar. Helstu verkefni deildarinnar á árinu 2025 eru áframhaldandi hugbúnaðarþróun og ítrun á þeim, lausnum sem til eru og bæta við þær eftir þörfum í samráði við þá sem eiga þá þjónustu sem lausnirnar þjóna, og á sama tíma tryggja persónuvernd, áreiðanleika, öryggi og aðgengi upplýsinga.

Deild tæknireksturs sér um að tryggja daglegan UT - rekstur, öryggi og uppitíma á UT - innviðum borgarinnar. Undir það fellur þjónusta við um 980 upplýsingatæknikerfi auk þess að hafa umsjón með um 50 vefsvæðum borgarinnar, 2 vélasölum, hýsingu gagna og kerfa borgarinnar, símkerfum og u.þ.b. 2500 netskiptum og beinum í um 317 netskápum víðs vegar um starfstaði í borgarlandinu, svo fátt eitt sé nefnt. Líkt og fyrri ár munu umbætur halda áfram á UT -  innviðum borgarinnar á árinu 2025. Helstu áskoranir felast í að ná utan um alla UT - innviði sem borgin nýtir sér í daglegum störfum. Hönnun við að setja upp rekstrarumhverfi fyrir skýjaþjónustu og kortlagning á því er hafin og mun halda áfram, innleiðing á þjónustuferlum frá þróun til UT – þjónustu verður innleitt, frekari aðkoma að standsetningu starfsstaða borgarinnar í samstarfi þvert á svið, einfalda umhverfi með lén borgarinnar eru á meðal

helstu verkefna deildarinnar ásamt því að koma upp nýju fyrirkomulag við rekstur á gangageymslum og hýsingum. Aukið eftirlit og breytt fyrirkomulag á víðneti borgarinnar ásamt útskiptum á netskápum til að tryggja nútímafyrirkomulag í takt við öryggisstaðla. Þá er ötullega unnið að því að ná utan um öryggismyndavélar í borgarlandinu og rekstur á þeim.

Innkaup og umsýsla á UT - innviðum er í dag á  margvíslegum stöðum innan borgarinnar. En er talsvert af tækjabúnaði verslaður án vitneskju eða í samstarfi við skrifstofuna sem felur í sér miklar áskoranir við að viðhalda gæðum í þjónustu umfram auðlindir. Tækifæri eru til að koma innkaupum og umsýslu á einn stað með víðtæku samstarfi við sviðin og fræðslu, og ná þannig fram hagræðingu og yfirsýn á upplýsingatækniinnviðum sem og fjármagni til tæknikaupa.

Deild tækniþjónustu mun halda áfram uppbyggingu og aðlögun nýs þjónustuumsjónarkerfis þar sem erindi og öll úrvinnsla og samskipti vegna þeirra eru skráð í beiðnakerfi. Þannig verður í fyrsta sinn til yfirsýn yfir alla notenda- og aðgangsumsjón í kerfum borgarinnar. Í kjölfarið af innleiðingu á skýrara verklagi þjónustuferla hefur þjónustubeiðnum fjölgað verulega samhliða auknu þjónustustigi og auknu vægi tækni lausna í starfseminni sem nær til alls starfsfólks,  kjörinna fulltrúa og nemenda í skólum Reykjavíkurborgar eða 29.500 virkra notenda og þeirra 20.000 tækja sem tengjast tölvuumhverfi borgarinnar á yfir 300 starfsstöðum. Árið 2025 verður haldið áfram með nýtt eignaumsjónarkerfi og bætt við það aðgangi og hugbúnaðarleyfum. Tekið verður upp nýtt verklag við afgreiðslu og afhendingu sem kemur til með að einfalda alla yfirsýn og afgreiðslu búnaðar. Þá verður verklag endurskoðað og tilkynningakerfi innleitt til að koma upplýsingum betur til notenda. Nýlega lauk útboði og í kjölfarið verður gerður samningur við þjónustuaðila varðandi aðgangsstýrðri prentþjónustu eftir miklar tafir á síðasta ári vegna kærumála.. Þar verður deildin í lykilhlutverki við að innleiða þá nýjung í samstarfi við starfsstaði borgarinnar og ná fram því hagræði fyrir borgina sem stefnt er að. Lágmörkun rekstrarkostnaðar og öryggi gagna verður stórbætt m.a. því ómögulegt verður að prenta út skjal og gleyma því  prenttækjum.

Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa færðist til skrifstofu UT-þjónustu í september 2024 og ber ábyrgð á rekstri, eftirliti, öryggismálum og sjálfbærni í stjórnsýsluhúsum borgarinnar. Rekstrarþjónusta starfar náið með öllum skrifstofum og sviðum sem hafa þar starfsstöðvar. Á árinu 2025 verður lögð aukin áhersla á innri úrbætur og hljóðvist. Unnið verður með innri hagsmunaaðilum að endurnýjun lykilinnviða sem taka til hússtjórnar, loftgæða, hita og bættrar starfsaðstöðu.

## Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur var stofnað árið 1954 og hefur verið rekið sem sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands með hlutverk skilgreint í lögum. Það hefur farið með ráðgjöf og fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn og sinnt eftirliti með skjalastjórn borgarinnar. Borgarskjalasafn hefur tekið við eldri skjölum stofnana borgarinnar og einkaaðila til varðveislu og veitt aðgang að þeim skv. gildandi lögum.

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 7. mars 2023 var ákveðið að verkefni Borgarskjalasafns Reykjavíkur og safnkostur þess yrði færður til Þjóðskjalasafns Íslands og í kjölfarið Borgarskjalasafn lagt

niður í núverandi mynd. Á fundi menningar- og viðskiptaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Þjóðskjalasafns Íslands 24. apríl 2023 var Þjóðskjalasafni falið að setja af stað vinnu í samvinnu við Borgarskjalasafn til að greina stöðu verkefna Borgarskjalasafns og gera tillögu að aðgerðaráætlun um tilfærslu verkefna og safnkosts þess til Þjóðskjalasafns.

Samkvæmt aðgerðaráætlun dags. 14. júní 2023 sem verið fram eru nú er unnið eftir eru meginverkefni Borgarskjalasafns fram til nóvember 2025 að undirbúa safnkost þess til yfirfærslu og flutnings til Þjóðskjalasafns Íslands.

Mikilvægt er að ekki verði þjónusturof við notendur safnkosts og afhendingarskylda aðila Reykjavíkurborgar og því mikilvægt að tryggja að yfirfærsla Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns hafi ekki áhrif á þá þjónustu sem ber að því ber að veita samkvæmt aðgerðaráætlun.

Helstu verkefni komandi árs eru áframhaldandi undirbúningur og vinna vegna tilfærslu safnkosts til Þjóðskjalasafns, úrvinnsla fyrirspurna og afgreiðsla úr safnkosti við og viðhald og rekstur vefsíðu.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | Raun 2021 | Raun 2022 | Raun 2023 | Útksp. 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skrifstofa þjónustu og umbreytinga** | | | | | |
| Fjöldi símtala | 106.311 | 93.149 | 87.374 | 84.550 | 65.000 |
| Fjöldi netsamtala | 9.418 | 12.362 | 13.415 | 16.320 | 17.500 |
| Fjöldi ábendinga | 6.652 | 16.735 | 11.740 | 12.240 | 13.500 |
| Fjöldi tölvupósta | - | - | 23.168 | 26.250 | 5.000 |
| Fjöldi útgefinna rafrænna skilríkja | - | - | - | - | 250 |
| Samtöl við vefaðstoð | - | - | - | - | 7.500 |
| Fjöldi afgreiddra beiðna | - | - | - | - | 50.000 |
| Fjöldi heimsókna í Þjónustuver í Borgartúni | 13.492 | 12.290 | 13.843 | 5.400 | 6.000 |
| **Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa** | | | | | |
| Seldar máltíðir í mötuneyti Ráðhúss | 16.849 | 17.834 | 17.283 | 18.000 | 18.000 |
| Seldar máltíðir í mötuneyti Höfðatorgs | 53.876 | 63.239 | 71.674 | 68.000 | 72.000 |
| Fjöldi viðburða í Ráðhúsi | 36 | 80 | 73 | 80 | 80 |
| Fjöldi viðburða í Höfða | 13 | 23 | 17 | 40 | 20 |
| **Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu** | | | | | |
| Þjónustuborð - Fjöldi símtala | 22.645 | 23.890 | 22.306 | 25.000 | 23.000 |
| Fjöldi afgreiddra verkbeiðna | 41.150 | 42.161 | 43.398 | 44.000 | 44.250 |
| Fjöldi útstöðva - Borðtölvur | 2.557 | 1.192 | 1.152 | 800 | 1.000 |
| Fjöldi útstöðva - Fartölvur | 5.097 | 4.599 | 4.525 | 4.800 | 6.200 |
| Fjöldi útstöðva - Spjaldtölvur og Chromebook | 12.037 | 10.500 | 11.000 | 12.000 | 12.000 |
| Fjöldi nettengdra prentara | 964 | 734 | 748 | 550 | 400 |
| Fjöldi skráðra virkra notenda í kerfum | 29.004 | 29.612 | 30.926 | 31.000 | 30.800 |
| Fjöldi þráðlausra senda | - | 1.920 | 2.120 | 3.000 | 2.450 |
| Fjöldi netskipta og beina | - | 1.018 | 1.033 | 1.250 | 1.100 |
| **Skrifstofa skjalastýringar** | | | | | |
| Fjöldi mála stofnuð í GoPro brunnum | 12.292 | 4.195 | 4.184 | 3.500 | 1.000 |
| Fjöldi skráðra skjala í GoPro brunnum | 134.840 | 41.353 | 38.486 | 30.000 | 10.000 |
| Fjöldi mála stofnuð í Hlöðunni | 2.545 | 11.927 | 12.025 | 15.000 | 16.000 |
| Fjöldi skráðra skjala í Hlöðunni | 29.282 | 105.464 | 173.429 | 180.000 | 190.000 |

| Skrifstofa gagnaþjónustu | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi gagnavara í rekstri | - | 14 | 24 | 18 | 20 |
| Fjöldi vefheimsókna - gagnavörur | - | 695.508 | 439.635 | 150.000 | 170.000 |
| **Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur** | | | | | |
| Fjöldi heimsókna á vefinn Reykjavik.is | 2.336.794 | 2.010.414 | 3.091.473 | 2.110.935 | 2.533.122 |
| Fjöldi vefja í eigu Reykjavíkurborgar | 208 | 121 | 78 | 90 | 25 |
| Vörur í stýringu Saas | - | - | 19 | 22 | 25 |
| Fjöldi nýrra ferla | - | 46 | 5 | 0 | 5 |
| Fjöldi endurskoðaðra ferla | - | 4 | 24 | 50 | 15 |
| **Borgarskjalasafn** | | | | | |
| Hillumetrar af mótteknum skjölum | 53 | 167 | 210 | 0 | 0 |
| Fjöldi fyrirspurna | 1.533 | 1.054 | 1.715 | 1.200 | 1.350 |

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Markmið ÞON með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu. Jafnréttisskimun er orðin sjálfsagður hlutur í ákvörðunarferli um ný verkefni auk þess sem byggt er á niðurstöðum skimunar við forgangsröðun fjármagns í stafrænni vegferð og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða. Á árinu 2025 verður unnið út frá samþykktri áætlun um greiningu á þjónustuþáttum, með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem verður greindur að þessu sinni er nýr vefur Reykjavik.is.

## FJÁRFESTINGAÁÆTLUN ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐS 2025

Stafræn umbreyting nær til allrar starfsemi Reykjavíkurborgar og felur í sér samstarf allra sviða til þess að mæta þjónustuþörf íbúa og fyrirtækja borgarinnar á skilvirkan máta og svara kröfu um aukna áherslu á sjálfbærar lausnir og öryggi upplýsingatækniinnviða. Fjárfestingaráætlun sviðsins skiptist því í:

1. Hugbúnað og ný upplýsingakerfi.
2. Vöruþróun og stafvæðing ferla
3. Stjórnsýsluhúsin
4. Upplýsinga- og gagnastýringu.
5. Notendabúnað og öryggi upplýsingatækniinnviða.

Verkefnaráð sviðsins heldur utan um stýringu verkefnanna. Í ráðinu sitja sviðsstjóri ÞON ásamt skrifstofustjórum þjónustu og umbreytingar, upplýsingatækniþjónustu, og stafrænnar Reykjavíkur ásamt verkefnaskrárstjóra sem er starfsmaður ráðsins. Verkefnaráð hefur það hlutverk að meta verkefni sem óskað er eftir að séu framkvæmd út frá stefnum og áherslum sviðsins ásamt því að tryggja að fjárfestingar séu virðisaukandi og í samræmi við heildaráherslur og stefnur borgarinnar hverju sinni. Verkefnaskrá ÞON er stjórntæki ráðsins og því er ætlað að stuðla að betri yfirsýn allra helstu hagsmunaaðila og felur það í sér skráningu, forgangsröðun og aðhald með framgangi verkefna.

## Nánar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2025

### Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi

Stafrænir leiðtogar á sviðum borgarinnar taka saman áskoranir og stafræn verkefni hvers sviðs og fá samþykki yfirstjórnar viðkomandi sviðs. Þegar svið hefur tekið ákvörðun um forgangsröðun verkefna keyra stafrænir leiðtogar verkefnin í gegnum verkefnaráð ÞON í samráði við verkefnaskrárstjóra. Verkefnaráð ÞON forgangsraðar verkefnatillögum með heildarhagsmuni borgarinnar að leiðarljósi og skorar verkefnin eftir matslíkani sem kallað er Fylkið. Fylkið er vegið þannig að skori verkefnið hátt þegar kemur að framfylgd lagalegra krafna fær verkefnatillagan mest vægi. Skori verkefnið hátt þegar kemur að framfylgd samþykktra stefna og áætlana borgarinnar og áhrif á notendur þjónustu eða starfsfólk skorar það næst hæst o.s.fr.v.

Haldið er utan um öll verkefni og verkefnatillögur á fjárfestingaráætlun í verkefnaskrá ÞON, þar er yfirsýn yfir það hverjum verkefnið tilheyrir, hver stýrir verkefninu, hverjar eru samþykktar fjárheimildir, hvar er verkefnið statt í ferlinu og hverjar eru væntar afurðir.

ÞON leggur ríka áherslu á að brýnustu verkefni sviðanna séu sett af stað hverju sinni og því getur forgangsröðunin breyst í takt við áherslur hverju sinni.

Fyrirséð er að útboð á helstu kjarnakerfum borgarinnar liggur fyrir á árinu 2025-2026, þar á meðal útboð á bókhaldskerfi, mannauðskerfi og launakerfi. Þetta eru stór, tíma- og auðlindafrek verkefni. Miklu máli skiptir að vel sé vandað til verka varðandi þarfagreiningar og tæknilegar útfærslur til að minnka líkur á tækniskuld á samningstíma.

Auk þessa munu verkefni sem koma út úr verkefnatillögum sviða borgarinnar á fyrri hluta ársins hefjast.

Þessi stafrænu verkefni, innleiðing og útfösun hugbúnaðar og kerfi er mikilvægur liður í starfsemi borgarinnar til að styðja við framsækna þróun og koma í veg fyrir úreldingu kerfa og hugbúnaðar sem getur haft í för með sér mikinn kostnað, öryggisbresti og aukið flækjustig fyrir íbúa.

### Stafræn umbreyting

Þjónustustefna borgarinnar leggur áherslu á notendamiðaða þjónustu og sjálfsafgreiðslu sem fyrsta kost fyrir þjónustuveitingu borgarinnar. Umbreytingateymi taka við áskorunum frá fag- og kjarnasviðum borgarinnar í gegnum forgangsröðun verkefnaráðs og er unnið að úrlausn þeirra í samstarfi við svið og aðra hagsmunaaðila. Árið 2024 verður áhersla á samþættingu og tengingu kerfa og lausna sem þróaðar og/eða hafa verið keyptar inn og innleiddar. Sem dæmi má nefna tengingar og áframhaldandi þróun milli *Minna síðna* og ýmissa bakvinnslu kerfa sviða og stofnana sem einfaldar verklag og eykur gegnsæi. Aukin áhersla verður lögð á innleiðingu þjónustumælinga í stafrænar lausnir sem mun fela í sér tækifæri til umbóta og lagfæringa.

Stórir ferlar og umsóknir hjá Umhverfis- og skipulagssviði verða teknir fyrir er tengjast framkvæmdum, leyfisveitingum og eftirliti.

Mínar síður – stafræn þjónustumiðja borgarinnar, fer inn í nýtt vaxtaskeið þar sem fyrsta áfanga formlega lauk lok árs 2023 með lokun rafrænnar reykjavíkur sem hefur fylgt borginni og borgarbúum í meira en áratug.

Á síðasta ársfjórðungi hófst vinna við greiningu á áskorun Skóla- og frístundasviðs er snýr að stuðningi við fjöltyngd börn og fjölskyldur þeirra og mun þróun á lausn fara í þróun árið 2024. *Ráðgjafinn* heldur áfram í þróun og mun hann þróast yfir í að halda utanum helstu málaflokka velferðasviðs ásamt skólaþjónustu sem SFS og VEL bera sameiginlega ábyrgð á. Upphaflega var Ráðgjafinn hannaður utanum málaflokk fatlaðs fólks.

### Hönnun og umbreyting þjónustu:

Innan vöruþróunar og stafvæðingu ferla verður áfram þróun lausna við áskorunum sem berast frá fag- og kjarnasviðum í gegnum verkefnaráð sviðsins, lögð verður áhersla á að þróa þessar lausnir innan vistkerfis stafrænna lausna sem þróað hefur verið á undanförnum misserum ef mögulegt er. Markmiðið með því er að tryggja einfalt umhverfi fyrir íbúa og starfsfólk, til þess að sækja sér og veita þjónustu. Unnið verður markvisst að samþættingu á milli kerfa til að fækka handtökum og tryggja öryggi gagna og upplýsinga.

Vistkerfi stafrænna lausna samanstendur helst af Mínum síðum – stafrænni þjónustumiðju fyrir íbúann og síðan helstu úrvinnslu kerfum fyrir starfsfólk, svo sem Bjargey nemendaumsýslugrunnur, Búi sem heldur utanum málaflokka á borð við þjónustu við fullorðið fatlað fólk, akstursþjónstuna, ráðgjöf og stuðning, skólaþjónustuna o.fl.. Einnig verður lögð áhersla á þróun innri þjónustugáttar fyrir starfsfólk þar sem öll þjónusta fyrir starfsfólk er á einum stað með tenginum inn í þau þjónustukerfi sem við á hverju sinni, með það að markmiðið að spara handtök og tryggja réttleika gagna.

### Stjórnsýsluhúsin:

Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsanna ber ábyrgð á rekstri, eftirliti, öryggismálum og sjálfbærni í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, og starfar náið með öllum skrifstofum og sviðum sem hafa þar starfsstöðvar. Á árinu 2025 verður lögð aukin áhersla á öryggismál, innri úrbætur og hljóðvist. Unnið verður með innri hagsmunaaðilum að endurnýjun lykilinnviða sem taka til hússtjórnar, loftgæða og hitastýringar.

### Upplýsinga- og gagnastýring:

Gagnaþjónustan er leiðandi í að endurhugsa framsetningu gagna borgarinnar út frá stafrænu aðgengi fyrir öll. Gott aðgengi að auðskiljanlegum upplýsingum stuðlar að samfélagslegri inngildingu fyrir fólk óháð samfélagsstöðu auk þess sem aukið aðgengi að gögnum til greininga gefur tækifæri á fjölbreyttari og betri þjónustu fyrir alla íbúa borgarinnar. Verkefni gagnaþjónustunnar eru öll unnin eftir því leiðarljósi að hanna framsetningu gagna út frá fjölbreyttum aðgengiskröfum til að stuðla að gagnsæi og skýrleika í kerfinu og auðveldar gagnadrifna ákvarðanatöku, einnig tryggjum við heildrænt útlit og framsetningu gagna þvert á alla miðla borgarinnar. Verið er að þróa viðmót fyrir starfsfólk til að birta gröf með einföldum hætti sem hönnuð er út frá hönnunarstaðli borgarinnar með stafrænt aðgengi í huga. Fleiri

kortalausnir sem birta flókin gögn með einföldum hætti og gera verkefni borgarinnar sýnilegri og aðgengilegri fyrir almenning sem og aðra, þar má nefna nýtt húsnæðisuppbyggingar kort, sem á sama tíma kemur til með að taka við af húsnæðisuppbyggingaráætlanablaðinu sem hefur verið gefið út í prenti í fjölda ára. Efla Gagnahlaðborð og gagnagátt borgarinnar með betri hönnun á framenda, fleiri gagnasögum, fjölbreyttari virkni og fleiri opnum gagnasöfnum. Fleiri spálíkön og önnur gervigreindarlíkön munu líta dagsins ljós, sérstaklega ef vel tekst til með áframhaldandi vinnu á uppbyggingu gagnalandslags borgarinnar sem verður áfram eitt stærsta og viðamesta fjárfestingaverkefni gagnaþjónustunnar árið 2025

**Notendabúnaður og öryggi upplýsingatækniinnviða:**

Skrifstofa UT þjónustu hefur unnið mikið átak við að koma afritunarmálum í betra horf til að geta staðist gæða- og öryggiskröfur sem eðlilegt er að hafa á jafn viðamiklum UT – innviðum og eru í tæknirekstri borgarinnar, það þarf að vinna áfram við að tryggja að þessi afritun sé sem best svo hægt sé að mæta gæðakröfum um öryggisafritun. Þá er lokið verkefni við að koma upp nútímagagnaveri eftir langan biðtíma en samhliða því er mikið af uppsöfnuðum gögnum sem loksins komast í almennilega varðveislu. Þá má gera ráð fyrir að gagnamang komi til með að aukast stöðugt á meðan við stafrænum lausnum fjölgar og hefur fjárheimildir UT þjónustu ekki aukist samhliða því.

Microsoft leyfin fara í reglulega skoðun og með auknum þjónustum innan þeirrar hugbúnaðarlausna sem borgin er áskrifandi að hefur þjónustuþörf aukist. Þá er ekki gert ráð fyrir að samningar við Microsoft verði jafn hagstæðir og áður m.a. vegna sameiningar á skóla og skrifstofu umhverfi, þó það verði óneitanlega hagræðing á vinnu og tíma við að halda uppi einu umhverfi í stað tveggja.

Regluleg koma upp verkefni hjá skrifstofu UT þjónustu sem kalla þekkingu sem þarf að sækja af markaði s.s. tæknilegri vörustýringu, verkefnastjórnun og tímabundið til að anna álagi sem getur orðið á skrifstofunni.

Umfang netreksturs eykst stöðugt og þarf að halda áfram að með stöðugar endurbætur á víðneti borgarinnar auknar tilfærslur starfsstaða (ss. vegna myglu) kallar líka eftir meiri vinnu samhliða auknum kröfum um að netsamband virki snurðulaust á sama tíma og hámarks öryggis sé gætt.

Aukinn kostnaður vegna gagnatenginga eykst líka samhliða tilfærslum og fjölgun starfsstaða.



# SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

## SKIPURIT




## HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla samanstendur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, borgarlögmanni, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og Innri endurskoðun og ráðgjöf. Miðlæg stjórnsýsla sinnir fjölbreyttum verkefnum, samhæfingu og eftirliti innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum borgarstjórnar og borgarráðs og greiðir fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum bæði inn á við og út á við. Miðlæg stjórnsýsla þjónustar borgarstjóra, fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, fer með fyrirsvar um lögfræðileg málefni, veitir stjórnendum óháða rágjöf, metur og gerir ýmsar úttektir, sér um innleiðingu miðlægrar stefnumörkunar, þ.m.t. Græna plansins, mannréttindastefnu, alþjóðastefnu, atvinnu- og nýsköpunarstefnu, húsnæðisáætlun, lýðræðisstefnu og lýðheilsustefnu, stefnu í mörkun og samskiptamálum og fleiri stefnum og heldur utan um viðburðarstjórnun á helstu viðburðum borgarinnar ásamt fleiru. Þá sinnir miðlæg stjórnsýsla samskiptum við B-hluta fyrirtæki og byggðasamlög ásamt ýmsum fleiri miðlægum verkefnum.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

| | Raun 2023 | Esk. áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 133.699 | 148.558 | 139.940 |
| **Tekjur samtals** | **133.699** | **148.558** | **139.940** |
| Laun og launatengd gjöld | 1.743.459 | 1.904.396 | 1.951.970 |
| Annar kostnaður | 478.818 | 585.608 | 589.844 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **2.222.277** | **2.490.003** | **2.541.814** |
| **Rekstarniðurstaða** | **2.088.578** | **2.341.446** | **2.401.874** |

## STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útkomuspá 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi stöðugilda | 74,6 | 72,8 | 73,1 |
| **Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:** | | | |
| Borgarlögmaður | 9,5 | 9,5 | 10,4 |
| Innri endurskoðun og ráðgjöf | 13,8 | 12,9 | 13,0 |
| Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa | 13,0 | 12,1 | 11,5 |
| Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara | 31,3 | 31,3 | 31,2 |
| Skrifstofa borgarstjórnar | 7,0 | 7,0 | 7,0 |

## SKIPTING REKSTRAR 2025




## BORGARLÖGMAÐUR

Borgarlögmaður heyrir beint undir borgarstjóra skipuriti Reykjavíkurborgar og er einn staðgengla hans, sbr. 6. mgr. 73. gr. samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, með síðari breytingum.

### STARFSFÓLK

Hjá embætti borgarlögmanns eru tíu heilsárs stöðugildi, þ.e. einn verkefnastjóri og níu lögmenn, en embættið fékk til viðbótar heilsárs stöðugildi lögmanns frá og með 1. janúar 2024.

### HLUTVERK

Borgarlögmaður er í fyrirsvari fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar um lögfræðileg málefni. Borgarlögmaður hefur með höndum málflutning og aðra réttargæslu  ásamt samningsgerð fyrir hönd

Reykjavíkurborgar. Þá fer borgarlögmaður með fyrirsvar vegna krafna um skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra.

### Yfirlit mála sem borist hafa borgarlögmanni

| Málategund | 2018 og fyrir | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2024 áætluð heild | Í vinnslu |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Almenn mál | 90 | 198 | 190 | 150 | 121 | 151 | 114 | 140 | 35 |
| Barnaverndarmál | | 36 | 48 | 38 | 40 | 31 | 17 | 21 | 10 |
| Hæstaréttarmál | | 4 | 0 | 6 | 6 | 2 | 0 | 0 | 2 |
| Landsréttarmál | | 28 | 51 | 54 | 50 | 50 | 46 | 56 | 4 |
| Lögræðismál | 33 | 84 | 104 | 106 | 114 | 138 | 106 | 130 | |
| Önnur dómsmál | | 23 | 16 | 19 | 17 | 17 | 22 | 27 | 18 |
| Útboðs- og innkaupamál | | 50 | 63 | 67 | 27 | 20 | 17 | 21 | 6 |
| Slysatryggingar | 42 | 78 | 78 | 92 | 133 | 121 | 102 | 125 | 20 |
| Slysatryggingar barna | 5 | 1 | 1 | 2 | 2 | 3 | 0 | 0 | 8 |
| 8.5.1 mál | | 8 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 6 | 3 |
| Skaðabótamál (ábyrgðartrygging) | 7 | 16 | 16 | 13 | 12 | 18 | 11 | 13 | 9 |
| **Samtals** | **177** | **526** | **574** | **549** | **525** | **560** | **440** | **539** | **115** |

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur í fjárhagsáætlun embættis borgarlögmanns árið 2025 eru hinar sömu og langtímaáherslur þess til ársins 2029, þ.e. að tryggja að embættið hafi fjárhagslega burði til að rækja hlutverk sitt hjá Reykjavíkurborg og sé í stakk búið til að veita þá þjónustu og vinna þau verkefni sem því er falið með fullnægjandi hætti. Að svo stöddu eru engar breytingar fyrirhugaðar í starfsemi embættis borgarlögmanns sem geta haft veruleg áhrif á útgjöld eða þjónustu sviðsins.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Hér á eftir fer umfjöllun um helstu þjónustuþætti hjá embætti borgarlögmanns, áherslur og eftir atvikum breytingar í þeim.

### Dómstólar

Eins og fyrr greinir fer borgarlögmaður fer með fyrirsvar og réttargæslu fyrir hönd Reykjavíkurborgar fyrir dómstólum. Þar á meðal fer borgarlögmaður með fyrirsvar vegna barnaverndarmála og lögræðismála en um er að ræða flýtimeðferðarmál sem um gilda lögbundnir frestir. Umræddir frestir eru afar knappir vegna þeirra hagsmuna sem eru undir í slíkum málum hverju sinni. Fjöldi þessara flýtimeðferðarmála hleypur á hundruðum árlega og er áfram búist við aukningu í fjölda mála af þessum toga en heildarfjöldi þeirra hefur aukist frá ári til árs síðastliðinn áratug.

Þá er jafnframt búist við aukningu í fjölda annarra dómsmála, eða almennra einkamála, sem reynast flóknari og umfangsmeiri á milli ára og hafa þannig útheimt meira vinnuframlag af hálfu starfsfólks embættisins. Þannig hefur orðið mikil aukning á fjölda almennra einkamála er varða velferðarþjónustu, sem og í því að almenn einkamál séu flutt á öllum dómstigum, þ.e. fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti. Ríkari kröfur eru gerðar til frágangs gagna o.fl., þ. á m. um innbindingu þeirra, þegar mál eru flutt fyrir áfrýjunardómstólum, en rafræn framlagning eða skil gagna í einkamálum eru ekki heimil.

## Eftirlits- og úrskurðaraðilar

Á meðal verkefna borgarlögmanns er að veita ráðgjöf á sviði opinberra innkaupa, þ. á m. við innkaupa- og framkvæmdaráð, auk þess að fara með fyrirsvar fyrir hönd Reykjavíkurborgar fyrir kærunefnd útboðsmála. Undanfarin ár hefur orðið aukning á fjölda innkaupamála bæði hjá Reykjavíkurborg og fyrir kærunefnd útboðsmála, meðal annars vegna þess að lög nr. 120/2016 um opinber innkaup, tóku um mitt árið 2019 að öllu leyti gildi gagnvart sveitarfélögum. Mál fyrir kærunefnd útboðsmála svipar oftar en ekki til dómsmála að umfangi auk þess að vera rekin með hraði og krefjast þau því skjótra viðbragða af hálfu borgarlögmanns.

Jafnframt fer borgarlögmaður með fyrirsvar og réttargæslu fyrir Reykjavíkurborg vegna frumkvæðisathugana, kvartana eða mála sem eru til umfjöllunar hjá umboðsmanni Alþingis og Eftirlitsstofnun EFTA.

## Stjórnsýslumál

Umfangsmikill þáttur í starfsemi embættis borgarlögmanns eru stjórnsýslumál, þ.e. ritun álitsgerða, minnisblaða og umsagna, sem og lögfræðileg ráðgjöf til borgastjórnar, borgarráðs, innkaupa- og framkvæmdaráðs, borgarstjóra og annarra innan stjórnkerfis og stofnana Reykjavíkurborgar. Þá er ríkur þáttur í starfsemi borgarlögmanns yfirlestur og skjalagerð fyrir framangreinda aðila, meðal annars samningar.

## Skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysatryggingar

Borgarlögmaður fer með uppgjör slysabóta og skaðabóta á grundvelli kjarasamninga starfsfólks Reykjavíkurborgar. Um skilmála slysatrygginga launþega gilda reglur sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 5. júní 1990, nr. 1/-90 vegna slysa sem starfsfólk verður fyrir í starfi og nr. 2/-90 vegna slysa sem starfsfólk verður fyrir utan starfs. Ár hvert eru á annað hundrað slík mál til meðferðar hjá embættinu. Þar af eru mál um afgreiðslu skaðabóta vegna líkamstjóns á grundvelli ákvæða kjarasamnings sífellt fleiri, flóknari og umfangsmeiri en við mat og uppgjör slíkra krafna gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

Þá hefur embætti borgarlögmanns með höndum afgreiðslu mála sem varða slysatryggingar barna eða endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa barna í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar. Auk þess veitir borgarlögmaður umsagnir vegna krafna sem gerðar eru í ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá hlutaðeigandi vátryggingafélagi hverju sinni um skaðabætur vegna líkams- eða munatjóns sökum ætlaðra mistaka eða vanrækslu af hálfu Reykjavíkurborgar eða starfsfólks borgarinnar.

Varðandi kjarasamningsbundnar slysatryggingar skal þess getið að um nokkurt skeið hefur staðið til að hefja vinnu við sameiginlega endurskoðun slysatrygginga á grundvelli bókunar í kjarasamningum. Ákveðinn undirbúningur hefur verið unninn fyrir þá vinnu en það hefur reynst tímafrekari en væntingar stóðu til að koma henni á laggirnar.

Að öðru leyti en að framan greinir taka verkefni embættis borgarlögmanns mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Meginmarkmið starfsemi embættis borgarlögmanns er að gæta hagsmuna

Reykjavíkurborgar og stofnana hennar í hvívetna og að veita vandaða lögfræðilega ráðgjöf á hlutlægan hátt um alla þætti stjórnkerfis Reykjavíkurborgar og mál tengd starfsemi sveitarfélagsins.

### Innri endurskoðun og ráðgjöf

Innri endurskoðandi fer með stjórn Innri endurskoðunar og ráðgjafar og er hann ráðinn af borgarráði að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar. Kjarnasvið skrifstofunnar eru þrjú; innri endurskoðun, ráðgjöf til borgarbúa og persónuvernd. Viðfangsefni sem snúa að innri endurskoðun taka til allrar samstæðu Reykjavíkurborgar. Verkefni ráðgjafa borgarbúa ná til A hluta auk Félagsbústaða og verkefni persónuverndarfulltrúa til A hluta.

Hlutverk innri endurskoðunar er að veita stjórnendum faglega og óháða ráðgjöf, meta og gera úttektir á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarhátta með það að markmiði að bæta rekstur og stjórnsýslu. Innri endurskoðun sinnir innri endurskoðun hjá A hluta Reykjavíkurborgar, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs., Orkuveitu Reykjavíkur sef. og dótturfélögum Carbfix, Veitur, ON og Ljósleiðara, Félagsbústöðum hf., Faxaflóahöfnum sf. og Malbikunarstöðinni Höfða hf. Auk þess hefur skrifstofan eftirlit með gæðum innri endurskoðunar hjá SORPU bs. og Strætó bs.

Hlutverk ráðgjafa borgarbúa er að veita borgarbúum ráðgjöf, greiða götu þeirra og leiðbeina þeim í samskiptum sínum við borgina. Hann fylgist með eðli kvartana borgarbúa yfir veittri þjónustu og eftir atvikum bregðast við með frumkvæðisathugunum eða beina tilmælum til starfseininga um úrbætur á málsmeðferð og starfsemi sinni. Tilgangurinn er að styrkja tengsl á milli borgarbúa og borgarstarfsfólks og stuðla að auknu réttaröryggi borgarbúa í stjórnsýsluframkvæmd. Ráðgjafi borgarbúa gegnir veigamiklu fræðsluhlutverki gagnvart framlínustarfsfólki Reykjavíkurborgar.

Hlutverk persónuverndarfulltrúa er að veita ráðgjöf um persónuvernd, fylgjast með og sjá um önnur þau verkefni sem greinir í 39. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sbr. lög nr. 90/2018. Persónuverndarfulltrúi leiðir samstarfsteymi persónuverndarsérfræðinga Reykjavíkurborgar sem er vettvangur fyrir gagnvirka fræðslu um gerð vinnslusamninga, um viðbrögð við öryggisbrestum, um fyrirfram samráð við Persónuvernd, um mat á áhrifum af vinnslu á persónuvernd („MÁP“), um staðlaða fræðslu og um stefnu á sviði persónuverndar- og öryggismála.

Auk framangreinds tekur Innri endurskoðun og ráðgjöf á móti gögnum og upplýsingum í gegnum sérstaka uppljóstrunargátt um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020.

## Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, og stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Skrifstofan ber ábyrgð á lýðræðisverkefnum, innleiðingu lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, hverfinu mínu og samráði við notendur. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa vinnur með mannréttinda- og

ofbeldisvarnarráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttinda-og lýðræðisskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Enn fremur fylgir skrifstofan eftir kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Á mannréttindaskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir: Aðgengis og samráðsnefnd fatlaðs fólks, Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar, Öldungaráð Reykjavíkurborgar og níu íbúaráð Reykjavíkurborgar. Auk þess fylgir skrifstofan eftir aðild Reykjavíkurborgar að fjölmenningarborgum (Intercultural Citiies), Nordic Safe Cities, Regnbogaborgum (Rainbow Cities), og Skjólborgarverkefninu (ICORN).

## Skrifstofa borgarstjórnar

Skrifstofa borgarstjórnar fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf og fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa, ritun fundargerða og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur, auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu. Á skrifstofunni eru 7,0 stöðugildi skrifstofustjóra og verkefnisstjóra.

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum skrifstofu borgarstjórnar en málafjöldi hefur haldist nokkuð jafn á yfirstandandi kjörtímabili. Að sama skapi er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem fara til umfjöllunar í borgarstjórn. Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar, borgarráðs og fagráða. Skjalavistunarkerfið Hlaðan hefur nú verið innleitt auk fundargerðakerfi en enn er unnið að því að sníða vankanta af kerfinu og tengja það við kerfi sem annast birtingu fundargagna á vef, svokölluðum „Saltfiski“ til að auðvelda opinbera birtingu dagskrár og fundargagna við boðun funda. Árið 2025 er gert ráð fyrir að breytingum á sal borgarstjórnar m.a. vegna uppsetningu á endanlegum fjarfundabúnaði og önnur atriði sem tengjast upptökum, útsendingum og streymi á fundum borgarstjórnar, verði lokið. Áfram verður unnið að vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta rauntímatextun og leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Skrifstofa borgarstjórnar vinnur heildarumsögn sveitarstjórnarinnar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða í mikilli samvinnu við byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið. Áfram verður unnið að þróun

verkferla í málaflokknum og lögð áhersla á að viðhalda vandaðri málsmeðferð og bæta leiðbeiningar og þjónustu við rekstraraðila enn frekar.

## Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara




*Skipurit skrifstofu borgarstjóra og borgarritara*

Borgarstjórinn í Reykjavík er framkvæmdastjóri og æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar. Borgarritari er einn af staðgenglum borgarstjóra og æðsti embættismaður borgarinnar að undanskildum borgarstjóra.

SBB vinnur reglulega starfsáætlun[1] og áherslur í starfi sem nær til áranna 2024-2028 en aðgerðaráætlun til loka 2025 og er endurskoðuð árlega. Í starfsáætluninni er skilgreint sameiginlega fyrir skrifstofuna gildi, hlutverk, framtíðarsýn og aðgerðir. Starfsáætlunin byggir á þeirri hugmyndafræði sem sett er fram í fjármálastefnu og fjárfestingarstefnu Reykjavíkurborgar og grunngildum Reykjavíkurborgar um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi sem birtast í skýrum og mælanlegum markmiðum.

### HLUTVERK

Að þjónusta borgarstjóra og undirbúa samræmda stefnumörkun Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á að innleiða Græna planið, samhæfðri og áreiðanlegri upplýsingamiðlun borgarinnar, vinnur að atvinnu- og borgarþróun Reykjavíkurborgar með hagkvæmri nýtingu borgarlands að leiðarljósi og ber ábyrgð á innleiðingu lýðheilsustefnu ásamt ýmsu fleiru.

Helstu verkefni SBB:

- Ber ábyrgð á að þjónusta borgarstjóra sem framkvæmdastjóra, æðsta yfirmann Reykjavíkurborgar og sem opinberan fulltrúa borgarinnar
- Ber ábyrgð á og fylgir eftir innleiðingu Græna plansins
- Ber ábyrgð á samræmdri stefnumörkun Reykjavíkurborgar
- Innleiðing og eftirfylgni lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar
- Ber ábyrgð á utanumhaldi um neyðarstjórn og gerð viðbragðsáætlana.

[1] Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara: Starfsáætlun og áherslur í starfi 2024-2028.

- Ber ábyrgð á samhæfðri stefnumörkun í samskipta- og upplýsingamálum
- Ber ábyrgð á mörkun og viðburðarstjórnun á stærri viðburðum borgarinnar
- Ber ábyrgð á að framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar um nýting borgarlands hverju sinni
- Þróar og innleiðir uppbyggingaráætlanir á borgarinnar
- Annast þróun, leigu og sölu á ákveðnum fasteignum og lóðum borgarinnar
- Ber ábyrgð á markaðsstarfi tengt atvinnu- og borgarþróun
- Ber ábyrgð á samstarfi við atvinnulífið og þróun slíks samstarfs
- Ber ábyrgð á innleiðingu alþjóðastefnu Reykjavíkur og þátttöku í innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og nýsköpunar

Gildi skrifstofunnar eru *fagmennska*, *þjónusta* og *samvinna*.

Leiðarljós skrifstofunnar: *Við erum framsækin, veitum áreiðanlega þjónustu og sinnum verkefnum okkar af fagmennsku*.

Fjögur teymi starfa á SBB:

**Þjónusta og stjórnsýsla -** Þjónusta og stuðningur við borgarstjóra í hlutverki sínu sem framkvæmdastjóri, æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar og sem opinber fulltrúi borgarinnar.

**Samskipti og mörkun -** Stefnumörkun í samskipta- og upplýsingamálum og tímaleg, samhæfð og áreiðanleg upplýsingamiðlun um Reykjavíkurborg og starfsemi hennar. Yfirsýn, ritstjórn og samhæfing á gerð markaðsefnis og birtingum. Skipulag, verkefnastjórnun og utanumhald stærri viðburða í Reykjavík.

**Lóðaúthlutun og samningagerð -** Að vinna að hagkvæmri nýtingu borgarlandsins og innviða þess ásamt tekjuöflun fyrir Reykjavíkurborg.

**Atvinnu- og borgarþróun -** Umsjón og ábyrgð á áherslum Græna plansins í samvinnu við fagsvið. Borgarþróun með þátttöku í þróun borgarsvæða. Tengiliður atvinnulífsins við borgina þegar kemur að atvinnuþróun og ákveðnu alþjóðasamstarfi og rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum.

Þá starfar verkefnastjóri lýðheilsu á SBB sem vinnur að þróun og framkvæmd verkefna á sviði lýðheilsu.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir sambærilegu umfangi og rekstri á starfsemi SBB en rétt er að taka fram að árið 2024 var fyrsta heila starfsárið með nýju fyrirkomulagi markaðsmála, viðburða og ferðaþjónustu hjá Reykjavíkurborg sem hefur reynst vel og verður áframhaldandi þróun á því. Úthlutun lóða, fjöldi uppbyggingasamninga og lóðavilyrði og samræmingarhlutverk SBB varðandi Græna planið, alþjóðasamstarf, atvinnuþróun, miðlun o.fl. hefur verið með hefðbundnum hætti og þá hefur gerjun verið í borgarþróun. Gert er ráð fyrir áframhaldandi öflugri þjónustu í samræmi við gildi SBB sem eru *fagmennska*, *þjónusta* og *samvinna*.

# LYKILTÖLUR

| Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara | Raun 2019 | Raun 2020 | Raun 2021 | Raun 2022 | Raun 2023 | Útksp. 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnsýsluerindi | | 687 | 451 | 238 | 206 | 221 | 217 |
| Mál til vinnslu í borgarráði | | 226 | 306 | 336 | 306 | 242 | 232 |
| Fyrirspurnir, umsagnir og tillögur úr borgarráði og öðrum ráðum | | 28 | 31 | 28 | 31 | 20 | 20 |
| Erindisbréf starfs- og stýrihópahópa borgarstjóra og borgarritara | | 20 | 16 | 22 | 21 | 21 | 20 |
| Fréttatilkynningar | 812 | 428 | 470 | 673 | 500 | 650 | 650 |
| Fjölmiðlafyrirspurnir | 350 | 357 | 712 | 734 | 1054 | 1200 | 1450 |
| Fjölgun íbúða í Reykjavík (tilbúnar íbúðir - Alls) | 1.003 | 1.572 | 1.252 | 1.062 | 874 | 850 | 1000* |
| Seldar gistinætur á hótelum á höfuðborgarsvæðinu | 2.511.000 | 727.000 | 1.154.356 | 2.531.000 | 2.771.850 | 2.700.000 | 2.800.000 |
| Hlutfall jarðhæða í miðborg í virkri notkun | 93,4% | 89,2% | 87,7% | 88,0% | 89,5% | 90,4% | 92% |
| **Húsnæðisáætlun 2025 í vinnslu* | | | | | | | |


TJARNARBÍÓ

# SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

**Styrkir og ýmis framlög** eru áætluð um 750 m.kr. Þar af eru 600 m.kr. vegna afsláttar elli– og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum. Styrkir borgarráðs nema um 13 m.kr. Lýðheilsusjóður nemur um 20 m.kr. hverfissjóður nemur um 10 m.kr. og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 106 m.kr.

**Framlög til atvinnumála** eru áætluð 75 m.kr. Þar af verði um 60 m.kr. varið til atvinnuátaksverkefna og 15 m.kr. til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

**Rekstur miðlægs tölvukerfis.** Rekstur bókhalds og launakerfa er áætlaður um 200 m.kr. Þar af er rekstur miðlægs bókhaldskerfis 41 m.kr., rekstur fjármálakerfa 5 m.kr., rekstur miðlægs mannauðskerfis 60 m.kr. og rekstur miðlægs launakerfis 94 m.kr.

**Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá.** Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 1.153 m.kr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 727 m.kr. en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 380 m.kr. en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 0,006% af fasteignamati. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 46 m.kr.

**Starfsmannakostnaður.** Undir liðinn launa og starfsmannakostnaður eru vistuð miðlægt útgjöld sem eiga eftir að færast til fagsviða samtals 3.268 m.kr. Þar eru m.a. áætluð útgjöld vegna samnings við ASÍ um lífeyrisaukaframlag, vegna ýmissa samninga sem hreyfast með útgjöldum Reykjavíkurborgar á einkareknum stofnunum grunnskóla, leikskóla og velferðarúrræða og vegna áhrifa kjarasamninga á árinu 2025 um 2.984 m.kr. Slysabætur eru áætlaðar 184 m.kr. Breytingar á orlofsskuldbindingum er áætlað 100 m.kr.

**Kosningar**. Engar fyrirhugaðar kosningar eru á árinu 2025 og því er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni á þennan lið í fjárhagsáætlun 2025.

**Ýmis kostnaður** er áætlaður 7.420 m.kr. Þar af hefur verið tekið frá fjármagn af liðnum ófyrirséð; sem nemur 4.587 m.kr. vegna verkefna sem ekki eru farin af stað eða kostnaðarmat ekki ljóst. Má þar m.a. nefna opnun nýrra leikskóla og vegna vetrarþjónustu. Áætlaðar eru um 2.582 m.kr. í innri leigu áhalda og tækja, sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leiga hugbúnaðar. Áætlað er að verja 53 m.kr. til reksturs Höfða og 57 m.kr. við Umdæmisráð barnaverndar. Kostnaður við ytri

endurskoðun er áætlaður 25 m.kr. og 22 m.kr. við endurskoðunarnefnd. Tryggingar eru áætlaðar 29 m.kr. móttökur og viðburðir 5 m.kr. Nýsköpunarsjóður námsmanna 15 m.kr. og ýmis önnur mál 45 m.kr.

**Breyting lífeyrisskuldbindinga.** Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 2.550 m.kr. árið 2025. Að auki eru gjaldfærðar 385 m.kr. af fyrirfram greiddu uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar í greinargerð fjármálasviðs um frumvarp að fjárhagsáætlun.

# EIGNASJÓÐUR

## LEIÐARLJÓS

*Eignasjóður er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignaumsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánu samstarfi við aðra sem málið varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.*

## HLUTVERK OG VERKASKIPTING

Eignasjóður Reykjavíkurborgar er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 400 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar, svo sem lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað og fellur undir A-hluta í rekstri borgarinnar.

Eignasjóður annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað) og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2040 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. Eignasjóður ber ábyrgð á meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaráætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið auk þess að hafa eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaráætlunar.

Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum núverandi verkaskiptingu vegna verkefna eignasjóðs.

### EIGNASKRIFSTOFA

- *Ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað).*
- *Þróar og innleiðir mælikvarða til samanburðar á rekstri fasteigna og gerir þá aðgengilega til stýringar.*
- *Ber ábyrgð á skráningu eigna og meðhöndlun í Eignakerfi.*
- *Ber ábyrgð á tryggingum eigna og meðhöndlun á tjónum í samstarfi við USK.*
- *Ber ábyrgð á gerð fjárfestingaráætlunar og aðgengi að sundurliðuðum upplýsingum í fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar þvert á verkefni, ár og útgáfur til eftirlits og skýrslugerðar.*
- *Hefur eftirlit með stjórnsýslulegri meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaráætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið.*
- *Hefur eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaráætlunar.*
- *Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna eigna, reikningagerð og samskiptum við leigutaka.*
- *Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna framleigueigna, eftirfylgni með þeim og samskiptum við leigusala.*
- *Annast kaup og sölu eigna.*
- *Ber ábyrgð á tekjuáætlun í samráði við skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara.*

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ (USK)

- Ber ábyrgð á verklegum framkvæmdum og fylgir eftir fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar. Í því felst þarfagreining fyrir notendur vegna einstakra verka, framsetning og mat á valkostum, gerð og framlagning kostnaðaráætlana, gerð áhættumats, framvinduskýrslna og skilamats.
- Ber ábyrgð á að setja fram líftímagreiningu (life cycle kostnaðarmat) við undirbúning framkvæmda og nýta við mat á valkostum.
- Ber ábyrgð á stjórnsýslulegri meðhöndlun framkvæmda- og viðhaldsverkefna, þ.e. framlagningu í borgarráði og/eða öðrum ráðum í samræmi við reglur borgarinnar og skilyrði sveitarstjórnarlaga um meðhöndlun fjárheimilda.
- Ber ábyrgð á reglubundinni skýrslugjöf um stöðu framkvæmda- og viðhaldsverkefna í samanburði við áætlanir þvert á verkefni, ár og útgáfur.
- Annast eftirlit með ástandi fasteigna og metur viðhaldsþörf þeirra.
- Ber ábyrgð á gerð viðhaldsáætlana fasteigna og forgangsraðar í samræmi við fjárheimildir, leggur fram til samþykktar og fylgir þeim eftir.
- Ber ábyrgð á samskiptum við notendur fasteigna vegna viðhalds.
- Ber ábyrgð á breytingum og endurnýjun lóðarleigusamninga.
- Ber ábyrgð á framkvæmd á niðurrifi fasteigna Eignasjóðs.

## SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU Í EIGNASJÓÐI

- Ber ábyrgð á eigna- og atvinnuþróunarverkefnum.
- Vinnur að þróun og nýtingu borgarlandsins í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur.
- Tekur þátt í ramma- og deiliskipulagsvinnu þróunarsvæða og skipulagsgerð með utanaðkomandi þróunaraðilum eftir því sem við á.
- Annast tillögugerð til borgarráðs vegna úthlutunar lóða og sölu byggingarréttar.
- Ber ábyrgð á stofnun lóða, gerð lóðaleigusamninga og fylgir eftir innheimtu vegna þeirra.
- Ber ábyrgð á samstarfsverkefnum um atvinnuþróun, t.d. vegna frumkvöðlasetra í Reykjavík.
- Ber ábyrgð á stefnumótun og markaðssetningu á tækifærum í Reykjavík til fyrirtækja, fjárfesta og stofnana o. fl.

## ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ (ÞON)

- Ber ábyrgð á þróun og rafvæðingu þjónustuferla borgarinnar.
- Ber ábyrgð á þróun og innleiðingu á vefum og veflausnum borgarinnar.
- Ber ábyrgð á tæknilegri umbótastofu sem annast m.a. viðskiptaþróun og val á tæknilegum notendalausnum.
- Ber ábyrgð á gagnastjórnun og uppbyggingu á viðskiptagreindarbúnaði og lausnum.
- Ber ábyrgð á hugbúnaðarþróun í samræmi við viðskiptaþróun og -hagsmuni.
- Ber ábyrgð á upplýsingatækniinnviðum og öryggi þeirra.
- Ber ábyrgð á notendabúnaði borgarinnar, skráningu hans og aldursgreiningu, og endurnýjunaráætlun.
- Ber ábyrgð á rekstri stjórnsýslubygginga, öryggiskerfum og aðgangsstýringu þeirra.

# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

| Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.) | Raun 2023 | Esk. áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Skipting áætlunar 2025 Eignaskrifstofa | Skipting áætlunar 2025 Skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu | Skipting áætlunar 2025 USK eignasjóði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 30.263 | 31.885 | 36.515 | 36.515 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur | 4.046 | 11.597 | 4.273 | 486 | 3.000 | 787 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **34.309** | **43.482** | **40.788** | **37.001** | **3.000** | **787** |
| Laun og launatengd gjöld | 2.658 | 3.054 | 3.142 | 117 | 101 | 2.923 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7.362 | 9.975 | 8.163 | 5.821 | 258 | 2.084 |
| Afskriftir | 8.776 | 9.361 | 10.200 | 10.200 | 0 | 0 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **18.796** | **22.390** | **21.505** | **16.139** | **359** | **4.708** |
| Fjármagnsliðir | -12.441 | -11.145 | -10.063 | -10.063 | 0 | 0 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **3.072** | **9.947** | **9.220** | **10.799** | **2.641** | **-3.921** |

Áætlaðar leigutekjur eignasjóðs á árinu 2025 eru 36.515 m.kr. Tekjur af sölu byggingarréttar eru áætlaðar 3.000 m.kr. og söluhagnaður af sölu fasteigna 300 m.kr.

# FJÁRFESTINGAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2025

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2025 gerir ráð fyrir að 25.345 m.kr. verði varið til fjárfestinga. Er það 2.478 m.kr. hækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2024.

| Fjárfesting *(fjárhæðir í þús. kr.)* | Áætlun 2025 |
|---|---|
| Byggingarframvæmdir | |
| Menningar- og íþróttasvið, Menningarmál | 232.000 |
| Skóla- og frístundasvið, grunnskólar | 4.860.000 |
| Skóla- og frístundasvið, leikskólar | 6.170.000 |
| Menningar- og íþróttasvið, Íþrótta- og tómstundamál | 3.630.000 |
| Velferðarsvið | 20.000 |
| Ýmsar fasteignir | 75.000 |
| Bílastæðasjóður | 0 |
| Byggingarframvæmdir samtals | 14.987.000 |
| Gatna- og umhverfisframkvæmdir | |
| Þjóðvegir, hluti Rvk. og aðrar umferðargötur | 1.679.000 |
| Nýbyggingahverfi | 2.425.000 |
| Miðborgin | 865.000 |
| Umhverfi- og aðgengismál | 915.000 |
| Umferðaröryggismál | 550.000 |
| Umhverfissvið- Ýmsar framkvæmdir | 1.778.000 |
| Gatna- og umhverfisframkvæmdir | 8.212.000 |
| Lóðir, lönd og skipulagseignir | 0 |
| Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni | 290.000 |
| Áhöld, tæki og hugbúnaður | 1.856.000 |
| FJÁRFESTING SAMTALS | 25.345.000 |
| Gatnagerðargjöld | -3.100.000 |
| FJÁRFESTING NETTÓ | 22.245.000 |

## HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 2025

**Menningar– íþróttasvið, Menningarmál:** Farið verður í utanhússviðgerðir á Ásmundasafni. Undirbúningur á breytingum á Grófarhúsi halda áfram og einnig undirbúningur stofnun á safni Nínu Tryggvadóttur sem verður til húsa í Hafnarhúsi ásamt Listasafni Reykjavíkur.

**Skóla– og frístundasvið, grunnskólar**: Áfram verður haldið með átak í viðhaldsmálum skólahúsnæðis á má þar nefna Hólabrekkuskóla, Vesturbæjarskóla, Vogaskóla, Álftamýraskóla o.fl.. Undirbúningur og uppsetning bráðabirgðaskólahúsnæði í Laugardal sem notað verður á meðan viðhaldsframkvæmdum stendur í Laugardalsskólunum. Reiknað er með að fara í viðhald á einum skóla í einu og verður starfsemin flutt í bráðabirgðahúsnæðið á meðan. Undirbúningur við nýjan safnskóla í Laugardal og 1.áfanga Vogabyggðaskóla heldur áfram. Framlag til stofnkostnaðar framhaldsskóla, vegna stækkunar verknámshúss Fjölbrautaskóla Breiðholts. Undirbúningur að breytingu á Korpuskóla í sérskóla.

**Menningar– íþróttasvið, Íþrótta– og tómstundamál:** Undirbúningur þjóðarhallar heldur áfram í samstarfi við ríkið. Framkvæmdir við fjölnota knatthús KR munu hefjast á árinu og áfram haldið verður áfram með endurnýjun gervigrasvalla og flóðljósa hjá íþróttafélögum borgarinnar. Gervigras á Laugardalsvöll. Framkvæmdir við Vetrargarð í Breiðholti halda áfram. Viðhald á sundlaugum. Framkvæmdir við áhorfendastúku Laugardalsvallar. Þá verður áfram fé varið til annarra verkefna vegna stofnana sviðsins s.s. endurnýjun áhalda og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum. Undirbúningur að dans- og fimleikahúsi í Breiðholti. Framkvæmdir við áhaldahús Fram í Úlfarsdal og undirbúningur að knatthúsi.

**Skóla– og frístundasvið, leikskólar**: Uppbygging leikskóla heldur áfram á næstu árum, með nýjum leikskólum og stækkunum við eldri leikskóla. Áfram verður haldið með átak í viðhaldsmálum skólahúsnæðis og má þar helst nefna Árborg, Grandaborg, Garðaborg o.fl.

**Velferðarsvið:** Breytingar á nýju leiguhúsnæði fyrir vistheimili barna og konukot. Endurskoðun á hönnun fyrir nýtt vistheimili barna.

**Ýmsar fasteignir:** Undirbúningur vegna nýrrar hverfisbækistöðvar í austurhluta borgarinnar sem ætlað er að leysa af hverfisbækistöðina á Stórhöfða.

## AÐRAR FJÁRFESTINGAR

**Áhöld, tæki og hugbúnaður:** Fjárfestingaráætlun vegna áhalda, tækja og hugbúnaðar verða áfram helstar í stafrænni umbreytingu sem skiptist í rannsóknir og nýsköpun, rafvæðingu ferla, hugbúnað og ný upplýsingakerfi, upplýsinga- og gagnastýringu, upplýsingatækniinnviði og notendabúnað og loks stjórnsýsluhús og sjálfbærni þeirra. Mikil áhersla er lögð á upplýsingatækni og stafrænar lausnir svo eitthvað sé nefnt.

Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækjum vegna Umhverfis- og skipulagssviðs þar sem mikil áhersla er lögð á orkuskipti tækja. Endurnýjun sorpbíla með aukna flokkunarmöguleika heldur áfram.

**Lóðir, lönd og skipulagseignir:** Engar fjárfestingar fyrirhugaðar.

**Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni:** Betri hverfi – Hverfapottar halda áfram í uppbyggingu og framkvæmdum sem og þróun og endurbætur á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

## GATNA- OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2025

Helstu verkefni gatna- og umhverfisframkvæmda á árunum 2025-2029 verða verkefni tengd þéttingu byggðar, umhverfis- og aðgengismál, fjölgun götutrjáa og vistvænni samgöngur. Undirbúningur Borgarlínu, fjölgun hjólastíga og úrbóta í samgöngum verður haldið áfram með samgöngusáttmálanum auk tengdra verkefna. Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2025 eru eftir sem áður á íbúasvæðunum í Vogabyggð, Ártúnshöfða, Bryggjuhverfi, Gufunesi, Úlfarsárdal, Hlíðarenda, Skerjafirði og Veðurstofureit.

Haldið verður áfram að vinna að bættu umferðaröryggi almennt í borginni skv. umferðahraðaáætlun, umferðaöryggisáætlun og endurnýjun hraðahindrana.  Þá verður haldið áfram uppbyggingu á  nýjum göngu- og hjólastígum í borginni í samræmi við markmið hjólreiðaáætlunar sem og endurnýjun á göngustígum í samræmi við göngustígaáætlun.

Haldið verður áfram með ýmis verkefni eins og fjölgun grenndarstöðva í borginni og endurnýjun og bætt aðgengi að biðstöðvum strætó. Malbiksframkvæmdir, yfirlög og endurgerð á götum borgarinnar halda áfram samkvæmt áætlun þar um. Við Bæjarháls-Bitruháls er áætlað að setja hringtorg í stað umferðarljósa.

Í miðborginni verður framkvæmdum við Hlemm haldið áfram (götur, torg og nágrenni).

## GRÆNAR FJÁRFESTINGAR 2025-2029

Áfram er mikið af grænum fjárfestingum í nýrri áætlun. Má nefna hjólareiðaáætlun Reykjavíkurborgar í þessu samhengi, svo og Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010 – 2030 þar sem kveðið er á um friðun grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningssamgangna, vistvænar lausnir í sorphirðu og kröfur um visthæfar lausnir við nýbyggingar. Á næstu fimm árum er ráðgert að meirihluti fjárfestinga Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum, með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.) | Raun 2021 | Raun 2022 | Raun 2023 | Útkomusp. 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignarekstur** | | | | | |
| Fjöldi fasteigna í rekstri | 526 | 543 | 556 | 534 | 500 |
| Flatarmál fasteigna í rekstri m2 | 596.727 | 614.860 | 626.812 | 628.676 | 607.301 |
| Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs | 101 | 105 | 106 | 103 | 100 |
| Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs | 6 | 12 | 17 | 18 | 20 |
| **Úthlutun og sala byggingaréttar** | | | | | |
| Fjöldi lóðaúthlutanna | 25 | 12 | 7 | 6 | 6 |
| - þar af fjölbýlishús | 4 | 7 | 5 | 5 | 5 |
| - þar af íbúðakjarni | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| - þar af einbýli | 9 | 0 | 0 | 6 | 0 |
| - þar af rað-, par- og tvíbýlishús | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| - þar af atvinnulóðir | 4 | 4 | 3 | 2 | 2 |
| Fjöldi íbúða í lóðaúthlutun | 299 | 729 | 303 | 494 | 667 |
| **Uppbyggingarsamningar** | | | | | |
| - Fjöldi samninga | 3 | 6 | 5 | 3 | 5 |
| - Fjöldi íbúða | 108 | 589 | 305 | 150 | 300 |
| - Fjöldi leigu- og búseturéttaríbúða á uppbyg | 37 | 119 | 80 | 40 | 75 |
| - Kaupréttur Félagsbústaða | 4 | 29 | 16 | 8 | 15 |
| Lóðarvilyrði - Fjöldi | 9 | 20 | 5 | 6 | 8 |
| - þar af fjölbýlishús | 4 | 15 | 2 | 1 | 4 |
| - þar af íbúðakjarni | 2 | 4 | 1 | 0 | 2 |
| - þar af atvinnulóðir | 3 | 1 | 3 | 5 | 2 |



# FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

## SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins árið 2025 eru áætluð 1.670,2 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlag verði 1.580 m.kr. framlag til Almannavarna verði 24,6 m.kr. og framlag í fjárfestingasjóð verði 65,6 m.kr.

Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda árið 2025 nemi 2.976 m.kr. að 44 m.kr. fari til Almannavarna og 117 m.kr. fari í fjárfestingasjóð.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjálögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2025 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

| *Framlög eigenda 2025 (þ.kr.)* | Hlutfalsleg skipting m.v. íbúafjölda | Rekstrarframlag | Framlag til Almannavarna | Framlag til fjárfestingasjóðs | Samtals framlög |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 56% | 1.579.926 | 24.668 | 65.667 | 1.670.262 |
| Kópavogur | 16% | 453.975 | 7.088 | 18.869 | 479.932 |
| Hafnarfjörður | 13% | 353.347 | 5.517 | 14.686 | 373.550 |
| Garðabær | 8% | 220.299 | 3.440 | 9.156 | 232.895 |
| Mosfellsbær | 6% | 154.687 | 2.415 | 6.429 | 163.531 |
| Seltjarnarnes | 2% | 52.767 | 824 | 2.193 | 55.784 |
| Kjósarhreppur | 0% | 0 | 48 | 0 | 48 |
| **Samtals** | **100%** | **2.815.001** | **44.000** | **117.000** | **2.976.002** |

## STRÆTÓ BS.

Heildarframlög Reykjavíkurborgar til Strætó BS. eru áætluð 3.974 m.kr. Framlag vegna Pant þjónustu og næturstrætó er áætlað 32 m. kr. en rekstrarframlag sem skiptast á milli eigenda er áætlað 3.941 m.kr. Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að hefðbundin rekstrarframlög eigenda nemi 6.386 m.kr.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með hlutfallslegri kostnaðarskiptingu, sem tilgreind er í eigendasamkomulagi. Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó.

| *Framlög eigenda 2025 (þ.kr.)* | Hlutfalsleg skipting | Samtals framlög 2025 |
|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 62% | 3.941.072 |
| Kópavogur | 14% | 881.967 |
| Hafnarfjörður | 10% | 620.123 |
| Garðabær | 7% | 478.344 |
| Mosfellsbær | 5% | 347.422 |
| Seltjarnarnes | 2% | 117.510 |
| **Samtals** | **100%** | **6.386.440** |

# B-HLUTA FYRIRTÆKI

# FAXAFLÓAHAFNIR SF.

## LEIÐARLJÓS

*Faxaflóahafnir sf. verði leiðandi fyrirtæki í hafnarþjónustu, þróun hafnarinnviða og lands og þróist áfram sem öflug alþjóðleg viðskipta- og þjónustumiðstöð. Faxaflóahafnir nýti náttúru- og staðarkosti, eignir fyrirtækisins og þekkingu starfsmanna í þágu atvinnulífs og viðskipta verði leiðandi og til fyrirmyndar í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum og að vinna að stöðugum umbótum í því skyni að auka öryggis, heilbrigðis- og umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna og þannig lágmarka áhættu starfseminnar.*

## SKIPURIT




## HLUTVERK

Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera drifkraftur viðskipta- og atvinnulífs á Faxaflóasvæðinu, að skapa virði í samfélaginu með þróun hafnarinnviða og hafnarsvæða og að veita skilvirka þjónustu við skip.

Framtíðarsýn Faxaflóahafna er að vera meðal fremstu hafna í Norður-Atlantshafi og með áherslu á uppbyggingu hafnarinnviða styrkja Faxaflóahafnir samkeppnisstöðu Íslands. Faxaflóahafnir eru grænar, öruggar og skilvirkar hafnir með sjálfbærni að leiðarljósi. Skipulagning svæða er með grænum áherslum

fyrir fjölbreytt samfélag og nýsköpun í hafnsækinni starfsemi. Stefnuáherslur félagsins styðja við hlutverk og framtíðarsýn.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025-2029

| **Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]** | **2024Á** | **2024Ú** | **2025Á** | **2026Á** | **2027Á** | **2028Á** | **2029Á** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sala á vörum og þjónustu | 5.684 | 6.203 | 6.521 | 6.697 | 6.864 | 7.036 | 7.212 |
| Rekstrargjöld | -3.963 | -4.425 | -4.646 | -4.772 | -4.891 | -5.013 | -5.139 |
| **EBITDA** | **1.721** | **1.779** | **1.875** | **1.925** | **1.973** | **2.023** | **2.073** |
| Afskriftir | -887 | -885 | -949 | -1.005 | -1.030 | -1.056 | -1.082 |
| **EBIT** | **834** | **894** | **925** | **920** | **943** | **967** | **991** |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 250 | 283 | 120 | -41 | -107 | -208 | -260 |
| Óreglulegir liðir (Sala eigna) | 0 | 39 | | 600 | | | |
| **Rekstrarniðurstaða** | **1.084** | **1.216** | **1.045** | **1.480** | **837** | **759** | **731** |

**Á föstu verðlagi*

Líðandi ár hefur skilað nokkurri aukningu tekna, m.a. í vörugjöldum auk þjónustuliða tengdum farþegaskipum. Rekstrargjöld hækka nokkuð frá áætlun og þar ber helst að nefna að rekstrarverkefni voru umfangsmeiri en undanfarin ár vegna frestunar á Covid tímabilinu. Einnig er kostnaður vegna farþegaskipa m.a. öryggisaðgerðir á Skarfabakka vegna byggingaframkvæmda og rútuferða frá Skarfabakka með farþega, flutningur á töskum og frágangur á tjöldum og búnaði.

Útkomuspá ársins gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði um 1.779 m.kr. í stað 1.721 m.kr. í samþykktri áætlun.  Þessi útkomuspá er lögð til grundvallar áætlunargerð næsta árs með breytingum sem taldar eru upp hér á næstu síðum.

Helstu óvissuþættir sem ekki er tekið tillit til en vert er nefna:

- Áhrif skattabreytinga á skemmtiferðaskip eru enn óljós og gæti haft neikvæð áhrif á fjölda farþegaskipta
- Aukin rafmagnssala vegna landtenginga í gömlu höfninni
- Frávik í breytingum á verðskrá hafnarþjónustu
- Krafa Reykvíkurborgar um yfirtöku á lífeyrisskuldbindingum enn til skoðunar hjá lögmanni

# STARFSFÓLK

| Faxaflóahafnir sf. [m.kr.] | 2024 | 2025 |
|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 79 | 79 |
| Fjöldi stöðugilda | 78,6 | 78,6 |
| **Stöðugildi eftir þjónustuþáttum** | | |
| Stjórnendur | 7 | 7 |
| Hafnarþjónusta | 39 | 40 |
| Innviðasvið | 15,6 | 14,6 |
| Hliðgæsla | 5 | 5 |
| Framkvæmdasvið | 5 | 5 |
| Skrifstofa | 7 | 7 |

Á árinu 2024 var aukning um eitt stöðugildi hjá félaginu. Ekki er fyrirhugað að bæta við fleiri stöðugildum á komandi ári. Áhersla hefur verið lögð á símenntun starfsfólks í liðum sem snúa að öryggismálum auk þess að styrkja það í færni á nýjum kerfum og nýrri tækni.

# SKIPTING REKSTRAR 2025

| Faxaflóahafnir sf. [m.kr.] | 2024Á | 2024Ú | 2025Á | 2026Á | 2027Á | 2028Á | 2029Á |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vörugjöld | 1.599 | 1.713 | 1.797 | 1.846 | 1.892 | 1.939 | 1.988 |
| Aflagjöld | 221 | 246 | 258 | 265 | 271 | 278 | 285 |
| Skipagjöld | 845 | 980 | 1.028 | 1.055 | 1.082 | 1.109 | 1.136 |
| Farþegagjald | 51 | 133 | 139 | 143 | 147 | 150 | 154 |
| Eignatekjur | 1.367 | 1.381 | 1.462 | 1.501 | 1.539 | 1.577 | 1.617 |
| Hafnarþjónusta | 1.124 | 1.199 | 1.258 | 1.291 | 1.324 | 1.357 | 1.391 |
| Siglingavernd | 477 | 552 | 580 | 595 | 610 | 625 | 641 |
| **Tekjur samtals** | **5.684** | **6.203** | **6.521** | **6.697** | **6.864** | **7.036** | **7.212** |

Í áætlun 2025 er gengið út frá útkomuspá 2024 og stuðst við forsendur Reykjavíkurborgar um verðlagsþróun.

Helstu breytur tekna á komandi ári




- Vörugjöld: Nýir samningar voru undirritaðir við Norðurál á árinu um vöruflutninga til Grundartanga. Almenn magnaukning var á árinu 2024 bæði til og frá landinu
- Aflagjöld: Tekið er mið af meðalári í verði og magni á afla
- Skipagjöld: Hækkun í tekjum má aðallega rekja til skemmtiferðaskipa, því þrátt fyrir fækkun á komum, eru skipin stærri og skila því hærri tekjum ásamt hærra hlutfalli farþegaskipta. Hér ber þó að hafa í huga að á móti koma hærri afslættir vegna aukningar í tekjum.

- Eignatekjur hækka, lóðaleiga sbr. fasteignamat og húsaleiga sbr. BVT, auk lóðaleigu af nýjum úthlutunum.
- Hafnarþjónusta: Auknar tekjur má rekja til aukningar farþegaskipta skemmtiferðaskipa og þjónustum því tengdu
- Siglingavernd: Eykst í takt við aukin umsvif þar sem um reiknaða stærð af vöruflutningum og farþegafjölda er að ræða.

| Faxaflóahafnir sf. [m.kr.] | 2024Á | 2024Ú | 2025Á | 2026Á | 2027Á | 2028Á | 2029Á |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laun og tengd gjöld | 1.896 | 1.921 | 2.020 | 2.074 | 2.126 | 2.179 | 2.234 |
| Rekstrarkostnaður | 1.930 | 2.209 | 2.318 | 2.380 | 2.440 | 2.501 | 2.563 |
| Stjórnun | 137 | 294 | 309 | 317 | 325 | 334 | 342 |
| **Gjöld samtals** | **3.963** | **4.425** | **4.646** | **4.772** | **4.891** | **5.013** | **5.139** |

Helstu breytur gjalda á komandi ári

- Launáætlun tekur gerir ráð fyrir almennum launahækkunum haust 2024 (3,5%) og apríl 2025 (4,0%.)
- Þá tekur launaáætlun mið af væntingum sviðsstjóra um fjölda stöðugilda og öðrum þáttum sem kunna að hafa áhrif s.s. orlofsuppbóta og íþróttastyrkja.




- Önnur gjöld byggja á útkomuspá 2024 og lykilforsendum um verðlagsþróun.

## STEFNUÁHERSLUR



## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun ársins 2025, ásamt tilheyrandi langtímaáætlun, er leiðarljós fyrirtækisins í þróun og verkefnum. Stærri verkefni á vegum Faxaflóahafna sf. munu standa yfir um nokkurn tíma og miða að því að bæta aðstöðu, auk endurnýjunar mannvirkja, sem ætlað er að sinna þjónustu við skip og fyrirtæki til lengri tíma. Þættir sem hafa áhrif á þessar áætlanir eru m.a. nýjar þarfir, breyttar aðstæður, opinbert regluverk, þróun vöruflutninga, stærð og fjöldi skipa, auk breytinga á starfsemi fyrirtækja á landi Faxaflóahafna. Umhverfismál og sjálfbærni hafa sífellt meira vægi í okkar samfélagi. Faxaflóahafnir sf. vilja vera leiðandi í þessum málaflokkum og munu rekstur og framkvæmdir félagsins bera þess merki. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangsröðun á hverju ári, en þau nema um 5-10% af rekstrartekjum fyrirtækisins. Framkvæmdir áranna 2025 – 2029 byggir á þeirri fjárfestingaáætlun sem liggur fyrir.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna.

Faxaflóahafnir munu áfram kappkosta að veita örugga og skilvirka hafnarþjónustu. Auk þess þróar fyrirtækið land og lóðir og viðheldur hafnarvirkjum og öðrum eignum.

Aukin áhersla er á umhverfisþætti og loftslagsmál þar sem áfram verður unnið að því að koma upp búnaði til landtengingar flutningaskipa og farþegaskipa í höfnum Faxaflóahafna. Mikil áhersla á öryggismál er og verður í allri starfsemi fyrirtækisins og stöðugt verið að vinna í málaflokknum. Einnig er aukin áhersla lögð á upplýsingatækni og snjalllausnir til að tryggja skilvirkni, jafnt í rekstri sem í þjónustuþáttum fyrirtækisins og verður sýnileg á næstu árum.

Framundan eru mikilvæg fjárfestinga- og viðhaldsverkefni sem munu skapa verðmæti og jákvæð samfélagsáhrif fyrir fyrirtækið og eigendur þess. Fjárhagsáætlun 2024 og fjárfestingaráætlun 2024 – 2028 bera merki viðspyrnu og framsækni til hagsbóta fyrir alla hagaðila Faxaflóahafna.

# FJÁRFESTINGAR

| Faxaflóahafnir sf. [m.kr.] | 2024Á | 2024Ú | 2025Á | 2026Á | 2027Á | 2028Á | 2029Á |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Forgangsverkefni** | | | | | | | |
| Farþegaaðstaða Skarfabakka | 1.350 | 1.200 | 1.600 | 800 | | | |
| Færsla spennistöðvar á Skarfabakka | 70 | 140 | | | | | |
| Landtengingar Skarfabakka | | | 200 | 850 | 300 | | |
| Nýtt hafnarhús | | | 45 | 300 | 560 | 550 | |
| Sundabakki 2. áfangi | | | 20 | 100 | 500 | 480 | |
| Vatnagarðar þróun | 50 | 15 | 150 | 700 | 700 | 500 | 500 |
| Dýpkanir í Sundahöfn | | | 700 | | | | |
| Bílastæði landfyllingu Klettagarðar | 65 | 31 | | | | | |
| Austurbakki, Miðbakki. Endurnýjun lagna | 90 | 195 | | | | | |
| Landfylling við Norðurgarð | | | | 10 | 500 | 1.000 | 290 |
| Tangabakki, hækkun baksvæðis | 100 | 150 | | | | | |
| Tangabakki 4. áfangi, lengdur til suðvesturs | | | | | 100 | 700 | 700 |
| Akranes, Aðalhafnargarður | 470 | 215 | 500 | 300 | | | |
| Kaup á Álfsnesi (bryggja og land) | | | | | | 500 | 500 |
| Endurnýjun lýsingar, LED væðing | 140 | 95 | | | | | |
| Rafmagnsdráttarbátur | | | 300 | 1.100 | 600 | | |
| Önnur verkefni | 1.620 | 229 | 860 | 1.365 | 490 | 840 | 800 |
| **Samtals forgangsverkefni** | **3.955** | **2.270** | **4.375** | **5.525** | **3.750** | **4.570** | **2.790** |
| **Lækkun** | | | **70%** | **70%** | **70%** | **70%** | **70%** |
| **Samtals fjárfestingar** | | | **3.063** | **3.868** | **2.625** | **3.199** | **1.953** |

Fjárfestingaáætlun Faxaflóahafna var samþykkt á stjórnarfundi 20. september 2024. Að frumkvæði félagsins var ákveðið að raða forgangsverkefnum hvert ár upp

- Heildareignir félagsins eru áætlaðar 26.697 m.kr. í lok spátímabils í takt við umtalsverðar fjárfestingar á spátímabili.
- Fjárfestingar taka hér þó aðeins mið af því að 70% verkefna náist á hverju ári. Þetta er gert til að stilla af arðgreiðslur og fyrirbyggja uppsöfnun sjóðs umfram þarfir. Sjá nánar í yfirferð um efnahag og sjóðsstreymi.

Útkomuspá 2024 gerir ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði 2.270 m.kr. í stað 3.955 m.kr. skv. áætlun. Frávik eru m.a. seinkun dýpkunar í Sundahöfn vegna tafa á leyfum vegna meðhöndlunar á menguðu dýpkunarefni. Framvinda við lengingu aðalhafnargarðs á Akranesi hefur gengið hægar en reiknað var með m.a. vegna fyllingarmála og tafa verktaka. Kaup á rafmagnsbát á árinu er komið styttra á veg en áætlað var og einnig fór bygging farþegamiðstöðvar seinna af stað vegna tafa í hönnun. Verktaki stefnir þó að því að vinna tafirnar upp þannig að ekki verði frestun á verklokum.

Á árinu 2025 verður áhersla á áframhaldandi byggingu á farþegamiðstöðinni í Skarfabakka og lengingu hafnarbakkans á Akranesi. Stefnt er að framkvæmd dýpkunar í Sundahöfn ef öll tilskilin leyfi fást. Byrjað verður á undirbúningi vegna kaupa á rafmagnsbát og undirbúningur á landtengingu á Skarfabakka fyrir stærri skemmtiferðaskip heldur áfram. Áhersla er lögð á þróun Vatnagarða og Sundabakka.

# FJÁRHAGSLEG STAÐA

| Sjóðstreymi (m.kr.) | 2023 | 2024Á | 2024Ú | 2025Á | 2026Á | 2027Á | 2028Á | 2029Á |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri:** | | | | | | | | |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | 1.537 | 831 | 1.216 | 1.045 | 1.480 | 837 | 759 | 731 |
| **Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjársteymi:** | | | | | | | | |
| Afskriftir | 974 | 988 | 885 | 949 | 1.005 | 1.030 | 1.056 | 1.082 |
| (Söluhagnaður) tap | -420 | 0 | 0 | 0 | -600 | 0 | 0 | 0 |
| Verðbætur og gengismunur langtímalána/ krafna | -3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Veltufé frá rekstri** | **2.088** | **1.819** | **2.101** | **1.995** | **1.885** | **1.867** | **1.814** | **1.813** |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | | | | | | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | -56 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | -38 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | **-94** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Handbært fé frá rekstri** | **1.994** | **1.819** | **2.101** | **1.995** | **1.885** | **1.867** | **1.814** | **1.813** |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | -1.432 | -3.995 | -2.270 | -3.063 | -3.868 | -2.625 | -3.199 | -1.953 |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 1.405 | 0 | 0 | 0 | 600 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | 44 | 22 | 22 | 11 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | **18** | **-3.973** | **-2.248** | **-3.051** | **-3.268** | **-2.625** | **-3.199** | **-1.953** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | | |
| Ný langtímalán | 0 | 0 | 0 | 0 | 900 | 1.400 | 2.200 | 1.100 |
| Greiddar afborganir langtímaskulda | 0 | 0 | 0 | 0 | -25 | -66 | -133 | -176 |
| Arður til eigenda | -1.646 | -85 | -86 | -651 | -595 | -590 | -602 | -729 |
| | **-1.646** | **-85** | **-86** | **-651** | **280** | **743** | **1.465** | **195** |
| Hækkun / lækkun á handbæru fé | 366 | -2.239 | -232 | -1.707 | -1.103 | -15 | 80 | 55 |
| Handbært fé í byrjun tímabils | 3.685 | 3.950 | 4.051 | 3.818 | 2.111 | 1.008 | 994 | 1.074 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | **4.051** | **1.712** | **3.818** | **2.111** | **1.008** | **994** | **1.074** | **1.129** |

| Skuldakennitölur | Viðmið | 2024Ú | 2025Á | 2026Á | 2027Á | 2028Á | 2029Á |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eiginfjárhlutfall (%) | >= 70% | 97,2% | 97,2% | 93,5% | 88,2% | 81,2% | 78,4% |
| Nettó skuldir/EBITDA | <= 2 | 0,00 | 0,00 | 0,00 | 0,62 | 1,58 | 1,96 |
| EBITDA/Vaxtagjöld | >= 4,5 | 0,00 | 0,00 | 47,26 | 18,53 | 9,71 | 7,97 |

Gert er ráð fyrir að félagið skili áfram hagnaði en á næstu árum eru miklar fjárfestingar framundan og þrátt fyrir góða afkomu er horft til þess að fjármagna þurfi ný verkefni með lántöku. Vaxtakostnaður hefur því nokkur áhrif á hagnað á seinni hluta áætlunartímabils.

Fjárfestingar í framsettri áætlun miðast við 70% af fjárhagsáætlun á hverju ári. Þetta er gert til að draga úr áhrifum mögulegra seinkana framkvæmda á arðgreiðslu ásamt áhrifa á lánaviðmið.

- Gangi verkefni hraðar en áætlað er, munu stjórnendur leggja fyrir stjórn beiðni um frekari fjárveitingar.

Miðað við ofangreint er gert ráð fyrir lántöku árið 2026 upp á 900m.kr. Arðgreiðslur taka mið af arðgreiðslustefnu og gera ráð fyrir 651 m.kr. arði á árinu 2025.

- Í arðgreiðslustefnu Faxaflóahafna er miðað við að eiginfjárhlutfall fari ekki undir 70% í lok áætlunartímabils samhliða því að nettó skuldir á móti EBITDA sé undir 2 og EBITDA á móti vaxtagjöldum sé yfir 4,5.
- Arðgreiðslur eru stilltar jafnt í takt við ofangreint svo viðmið haldist á áætlunartímabili.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| Þjónustuþáttur | Raun 2022 | Raun 2023 | 2024 YTD | Útksp. 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi skipa >100 brt. | 1.450 | 1.553 | 1.021 | 1.427 | 1.427 |
| Brúttótonn skipa í þús.tonna | 13.592 | 20.744 | 16.148 | 20.863 | 20.863 |
| Heildarflutningar í þús.tonna | 3.720 | 3.564 | 2.176 | 3.603 | 3.603 |
| Innflutningur - annað en stóriðja | 1.437 | 1.338 | 873 | 1.456 | 1.456 |
| Innflutningur til stóriðju | 1.083 | 994 | 519 | 840 | 840 |
| Útflutningur - annað en stóriðja | 423 | 417 | 290 | 484 | 484 |
| Útflutningur frá stóriðju | 364 | 370 | 193 | 306 | 306 |
| Landaður afli verðmæti í m.kr. | 32.326 | 28.352 | 15.010 | 22.515 | 22.515 |
| Skemmtiferðaskip | 184 | 262 | 228 | 258 | 240 |
| Fjöldi farþega | 170.770 | 306.311 | 248.734 | 300.140 | 298.383 |
| Fjöldi starfsmanna | 76 | 78 | 79 | 79 | 79 |
| Eignaland | 885 | 885 | 885 | 885 | 885 |
| Lóðir skv. skipulagi | 326 | 326 | 326 | 326 | 326 |
| Lengdir hafnarbakka | 8.273 | 8.273 | 8.273 | 8.273 | 8.273 |





# FÉLAGSBÚSTAÐIR

## LEIÐARLJÓS

*Félagsbústaðir tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík; öruggu og vistlegu húsnæði og veita leigjendum góða þjónustu. Í heiðri eru höfð gildi um samvinnu, virðingu og þjónustu.*

## SKIPURIT




## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025-2029

| | | Útkomuspá/ | | Fimm ára áætlun | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fjárhæðir í þús.kr.* | Raun 2023 | Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
| Rekstrartekjur | 6.459.231 | 7.059.220 | 7.659.766 | 8.279.410 | 8.837.932 | 9.390.564 | 9.837.025 |
| **Tekjur samtals** | **6.459.231** | **7.059.220** | **7.659.766** | **8.279.410** | **8.837.932** | **9.390.564** | **9.837.025** |
| Laun og launatengd gjöld | 456.363 | 504.594 | 532.334 | 573.247 | 596.875 | 621.444 | 646.994 |
| Annar kostnaður | 3.618.913 | 3.475.413 | 3.836.565 | 4.107.350 | 4.359.688 | 4.579.465 | 4.832.419 |
| Afskriftir | 17.209 | 17.650 | 18.288 | 18.288 | 15.288 | 14.688 | 14.688 |
| **Gjöld samtals** | **4.092.485** | **3.997.656** | **4.387.186** | **4.698.885** | **4.971.851** | **5.215.596** | **5.494.101** |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði** | **2.366.745** | **3.061.564** | **3.272.580** | **3.580.525** | **3.866.082** | **4.174.967** | **4.342.924** |
| Fjármagnsliðir | -5.725.598 | -3.466.992 | -3.783.856 | -3.519.693 | -3.622.922 | -3.871.095 | -3.927.539 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir skatta** | **-3.358.852** | **-405.428** | **-511.276** | **60.832** | **243.160** | **303.872** | **415.385** |
| Tekjuskattur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Matsbreytingar | 4.741.486 | 4.806.926 | 7.695.965 | 9.256.340 | 5.904.567 | 6.087.725 | 6.251.453 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **1.382.633** | **4.401.498** | **7.184.689** | **9.317.172** | **6.147.727** | **6.391.597** | **6.666.838** |

## STARFSFÓLK

Hjá Félagsbústöðum starfar fjölbreyttur hópur starfsmanna við samskipti við leigjendur, gerð leigusamninga, standsetningar íbúða við leigjendaskipti, viðhald innan húss og utan, byggingaframkvæmdir, fasteignaviðskipti, fjármál og fl.

| | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 29 | 28 | 29 |
| Fjöldi stöðugilda | 29 | 28 | 29 |
| Stöðugildi eftir þjónustuþáttum: | | | |
| Viðhaldssvið | 10 | 10 | 10 |
| Fjármálasvið | 7 | 7 | 7 |
| Skrifstofa framkvæmdastjóra | 3 | 3 | 3 |
| Þjónustusvið | 9 | 8 | 9 |

## SKIPTING REKSTRAR 2025




## HLUTVERK

Hlutverk Félagsbústaða er að vera öflugt þjónustufyrirtæki á húsnæðismarkaði í Reykjavík með sérþekkingu á uppbyggingu, rekstri og útleigu félagslegra leiguíbúða. Í hlutverkinu felst að framfylgja áherslum eigandans, Reykjavíkurborgar, að tryggja húsnæðisöryggi, velsæld og fjölbreytileika í hverfum borgarinnar með því að eiga, reka og leigja út íbúðir til einstaklinga og fjölskyldna sem úthlutað hefur verið félagslegu leiguhúsnæði af velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

# MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Eftirfarandi er frumvarp að fjárhagsáætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2025-2029 og útkomuspá fyrir árið 2024. Áætlunin er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar heldur endurmetnar í samræmi við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takti við vísitölur eins og skilgreint hefur verið af fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2025 til 2029 auk þess sem hún gerir ráð fyrir að vísitala íbúðaverðs hækki um 8,1% árið 2024, 5,0% árin 2025 og 2026 og svo 3% á ári eftir það. Þá er líkt og fram kemur í samþykktum um Félagsbústaði gert ráð fyrir að reksturinn sé sjálfbær, skili jákvæðri breytingu á handbæru fé öll ár áætlunar, m.ö.o. að veltufé frá rekstri nægi fyrir afborgunum langtímalána ár hvert. Til að ná markmiðum um sjálfbærni er gert ráð fyrir að leiguverð verði hækkað innan ársins að því marki sem þarf til að tryggja sjálfbærnina.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að almennum félagslegum leiguíbúðum fjölgi um 60 á árinu 2024 og 75 á ári næstu ár eða þannig að 5% íbúðarhúsnæðis í borginni sé félagslegt leiguhúsnæði eins og kveðið er á um í húsnæðisáætlun borgarinnar.

Á árinu 2025 er áætlað að festa kaup á einum sjö íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í fjölbýli auk fjórum annarra á áætlunartímabilinu. Lokið verður við byggingu stakstæðs húss fyrir fatlað fólk í Brekknaási 6 í byrjun árs 2025. Áætlað er að hefja framkvæmdir á Nauthólsvegi 83 og við Stekkjarbakka 5 um mitt ár 2025. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að einum eldri íbúðakjarna verði breytt til að uppfylla kröfur um húsnæðið og að ráðist verði í byggingu á 4 öðrum stakstæðum íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk en þó með fyrirvara um fjármögnun á rekstri starfseminnar. Gera má ráð fyrir að verkefni Félagsbústaða verði tekin til skoðunar svo fremi sem fjármagn til rekstrarins hafi verið tryggt.

Leitast verður við að fylgja stefnu borgarinningar um jafna dreifingu félagslegs leiguhúsnæðis í hverfum borgarinnar en fjölgun íbúða er þó mest í nýbyggingum þar sem Félagsbústaðir kaupa alla jafna 5% íbúða sem kveðið er á um í úthlutunarskilmálum borgarinnar.

Á árinu 2025 er stefnt að því að hefja endurbætur á ytra byrði á húsunum við Yrsufell 5 til 15 og við Lönguhlíð 3. Þá er einnig stefnt á setja upp djúpgáma við Furugerði 1, Írabakka 2-16 og Meistaravelli 19-29 ásamt því að endurnýja lyftur í Austurbrún 6 og Norðurbrún 1. Áfram verður unnið að skipulögðu viðhaldi á ytra byrði fjölbýlishúsa í eigu Félagsbústaða. Einnig verður unnið að breytingum og endurnýjun eldri fjölbýlishúsa, viðhaldi íbúða í búsetu og standsetningum á íbúðum milli leigjendaskipta.

Líkt og áður verður rík áhersla lögð á að tryggja leigjendum faglega og tímasetta þjónustu, auka þátttöku og ábyrgð leigjenda í húsfélögum, efla tengsl við íbúa í fjölbýlishúsum Félagsbústaða og taka örugglega á þungum nábýlismálum sem ógna kunna öryggi og vellíðan.

| *Fjárhæðir í þús.kr.* | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Fimm ára áætlun 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 5.962.346 | 6.542.738 | 7.122.760 | 7.709.624 | 8.230.800 | 8.746.492 | 9.163.026 |
| Aðrar tekjur | 496.885 | 516.482 | 537.006 | 569.786 | 607.132 | 644.072 | 673.999 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **6.459.231** | **7.059.220** | **7.659.766** | **8.279.410** | **8.837.932** | **9.390.564** | **9.837.025** |
| Rekstur fasteigna | 672.296 | 710.703 | 782.405 | 830.448 | 885.130 | 939.222 | 983.090 |
| Viðhald og framkvæmdir | 1.994.999 | 1.703.122 | 1.933.839 | 2.081.941 | 2.196.984 | 2.285.109 | 2.426.469 |
| Fasteigna og brunabótaiðgjöld | 741.934 | 837.874 | 881.273 | 948.561 | 1.020.420 | 1.092.216 | 1.153.963 |
| **Rekstur og viðhald eignasafns samtals** | **3.409.229** | **3.251.699** | **3.597.518** | **3.860.951** | **4.102.534** | **4.316.547** | **4.563.522** |
| Laun og launatengd gjöld | 456.363 | 504.594 | 532.334 | 573.247 | 596.875 | 621.444 | 646.994 |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 151.043 | 169.289 | 184.047 | 191.399 | 197.154 | 202.917 | 208.897 |
| Framlag í afskriftareikning viðskiptakrafna | 58.641 | 54.425 | 55.000 | 55.000 | 60.000 | 60.000 | 60.000 |
| **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals** | **666.047** | **728.308** | **771.381** | **819.647** | **854.028** | **884.361** | **915.891** |
| **Rekstrargjöld samtals** | **4.075.276** | **3.980.006** | **4.368.898** | **4.680.597** | **4.956.562** | **5.200.908** | **5.479.413** |
| **Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskrift eigna** | **2.383.955** | **3.079.213** | **3.290.868** | **3.598.813** | **3.881.370** | **4.189.655** | **4.357.612** |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 4.741.486 | 4.806.926 | 7.695.965 | 9.256.340 | 5.904.567 | 6.087.725 | 6.251.453 |
| Afskrift eigna til eigin nota | -17.209 | -17.650 | -18.288 | -18.288 | -15.288 | -14.688 | -14.688 |
| **Rekstrarhagnaður** | **7.108.231** | **7.868.490** | **10.968.545** | **12.836.865** | **9.770.648** | **10.262.693** | **10.594.377** |
| Fjármunatekjur | 20.599 | 17.164 | 16.646 | 17.398 | 18.364 | 19.403 | 20.279 |
| Vaxtagjöld | -1.333.557 | -1.406.670 | -1.454.114 | -1.562.178 | -1.690.025 | -1.819.186 | -1.779.526 |
| Verðbótagjöld | -4.412.639 | -2.077.486 | -2.346.389 | -1.974.913 | -1.951.261 | -2.071.312 | -2.168.291 |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | **-5.725.598** | **-3.466.992** | **-3.783.856** | **-3.519.693** | **-3.622.922** | **-3.871.095** | **-3.927.539** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **1.382.633** | **4.401.498** | **7.184.689** | **9.317.172** | **6.147.727** | **6.391.597** | **6.666.838** |
| | | | | | | | |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir verðbætur og matsbreytingu** | **1.053.787** | **1.672.058** | **1.835.113** | **2.035.745** | **2.194.421** | **2.375.184** | **2.583.677** |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir matsbreytingu** | **-3.358.852** | **-405.428** | **-511.276** | **60.832** | **243.160** | **303.872** | **415.385** |

## Tekjur og gjöld

Rekstrartekjur ársins 2025 eru áætlaðar 7.660 m.kr. sem er 8,5% aukning m.v. útkomuspá fyrir árið 2024 sem gerir ráð fyrir að tekjur verði 7.059 m.kr. Leigutekjur aukast um 8,5% milli ára og skiptist áætluð aukning tekna á milli 3,2% hækkunar vegna verðlagsbreytinga og um 5,3% vegna magnaukningar, sem er bæði komin til vegna stækkunar eignasafnsins og fyrirhugaðrar hækkunar á leigu umfram verðlag á árinu 2025, ef miðað er við áætlaðar tekjur 2024. Rekstrartekjur aukast svo um 8,1% árið 2026, um 6,8% árið 2027, um 6,3% árið 2028 og 4,8% árið 2029.

Rekstrargjöld 2025 eru áætluð 4.369 m.kr. og aukast um 9,8% m.v. útkomuspá 2024. Rekstrargjöld skiptast í rekstur og viðhald eignasafnsins og skrifstofu- og stjórnunarkostnað. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um á bilinu 5% til 7% á árunum 2026 til 2029.

Rekstur og viðhald eignasafnsins skiptist í þrjá megin flokka þ.e. rekstur fasteigna sem samanstendur af húsfélagsgjöldum stakra íbúða, rafmagni, hita íbúða, lóðaumhirðu, rekstur öryggis- og eftirlitskerfa og annars tilfallandi rekstrarkostnaðar leigueininga þar sem Félagsbústaðir eiga allt fjölbýlishúsið og sjá um rekstur sem er í höndum húsfélaga þar sem félagið á stakar eignir. Í öðru lagi er viðhalds- og framkvæmdakostnaður, þar á meðal er framkvæmdakostnaður húsfélaga þar sem félagið á stakar íbúðir, verktakakostnaður þ.e. efnis-, vinnu-, aksturs- og tækjakostnaður iðnaðarmanna auk tilfallandi kostnaðar vegna framkvæmda s.s. leyfisgjöld og hönnunarkostnaður. Nánar er gerð grein fyrir verktakakostnaði í kaflanum framkvæmdir og viðhald. Í þriðja lagi eru lögbundin opinber gjöld þ.e. fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld og brunatrygging fasteigna.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 43 m.kr. frá útkomuspá eða um 5,9%. Hækkunin skýrist af hækkun launa og launatengdra gjalda um 28 m.kr. og hækkun annars skrifstofukostnaðar um 15 m.kr. Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að stöðugildi verði stöðug milli 29 og 30. Stærstu útgjaldaliðir annars skrifstofukostnaðar eru ýmis sérfræðiþjónusta, upplýsingatæknikostnaður og annar skrifstofu- og starfsmannakostnaður. Afskrifaðar tapaðar kröfur eru áætlaðar 55 m.kr. á árinu 2025.

# Fjármagnskostnaður

Áætlaðar afborganir af langtímalánum nema 1.785 m.kr. á árinu 2025, áætlaðar vaxtagreiðslur lánanna nema 1.440 m.kr. Greiðslubyrði lána nemur því 3.225 m.kr., gert er ráð fyrir að lántökur aukist í samhengi við auknar fjárfestingar. Vaxtagjöld á tímabilinu 2026 til 2029 aukast í takti við aukna lántöku en haldast nokkuð stöðug í hlutfalli við rekstrartekjur eða um 19%. Afborganir langtímalána taka hins vegar að aukast meira á tímabilinu 2026 til 2029 og aukast sem hlutfall af rekstrartekjum úr 23,3% árið 2025 í 25,6% árið 2029.

| *Þróun undirliða* | 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Fimm ára áætlun 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Leigutekjur** | **12,7%** | **9,7%** | **8,9%** | **8,2%** | **6,8%** | **6,3%** | **4,8%** |
| **Aðrar tekjur** | **10,4%** | **3,9%** | **4,0%** | **6,1%** | **6,6%** | **6,1%** | **4,6%** |
| **Rekstur og viðhald eignasafns** | **26,0%** | **-4,6%** | **10,6%** | **7,3%** | **6,3%** | **5,2%** | **5,7%** |
| Rekstur fasteigna | 10,7% | 5,7% | 10,1% | 6,1% | 6,6% | 6,1% | 4,7% |
| Viðhald og framkvæmdir | 37,6% | -14,6% | 13,5% | 7,7% | 5,5% | 4,0% | 6,2% |
| Fasteigna og brunabótaiðgjöld | 14,3% | 12,9% | 5,2% | 7,6% | 7,6% | 7,0% | 5,7% |
| **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** | **13,1%** | **9,3%** | **5,9%** | **6,3%** | **4,2%** | **3,6%** | **3,6%** |
| Laun og launatengd gjöld | 11,4% | 10,6% | 5,5% | 7,7% | 4,1% | 4,1% | 4,1% |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 23,6% | 12,1% | 8,7% | 4,0% | 3,0% | 2,9% | 2,9% |
| **Útgjöld í hlutfalli af rekstrartekjum** | | | | | | | |
| **Rekstur og viðhald eignasafns** | **52,8%** | **46,1%** | **47,0%** | **46,6%** | **46,4%** | **46,0%** | **46,4%** |
| Rekstur fasteigna | 10,4% | 10,1% | 10,2% | 10,0% | 10,0% | 10,0% | 10,0% |
| Viðhald og framkvæmdir | 30,9% | 24,1% | 25,2% | 25,1% | 24,9% | 24,3% | 24,7% |
| Fasteigna og brunabótaiðgjöld | 11,5% | 11,9% | 11,5% | 11,5% | 11,5% | 11,6% | 11,7% |
| **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** | **10,3%** | **10,3%** | **10,1%** | **9,9%** | **9,7%** | **9,4%** | **9,3%** |
| Laun og launatengd gjöld | 7,1% | 7,1% | 6,9% | 6,9% | 6,8% | 6,6% | 6,6% |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 2,3% | 2,4% | 2,4% | 2,3% | 2,2% | 2,2% | 2,1% |
| Framlag í afskriftarreikning viðskiptakrafna | 0,9% | 0,8% | 0,7% | 0,7% | 0,7% | 0,6% | 0,6% |
| **Vaxtagjöld** | **20,6%** | **19,9%** | **19,0%** | **18,9%** | **19,1%** | **19,4%** | **18,1%** |
| **Afborganir langtímalána** | **22,3%** | **23,4%** | **23,3%** | **24,0%** | **24,6%** | **25,2%** | **25,6%** |

# Efnahagur og sjóðstreymi

Áætlað verðmæti heildareigna félagsins í árslok 2025 er 179.117 m.kr. Þar af er áætlað að verðmæti fjárfestingareigna verði 178.730 m.kr. Eigið fé er áætlað 95.736 m.kr. í árslok 2025 og skuldir og skuldbindingar 82.381 m.kr. og er eiginfjárhlutfall því 54,0%. Fjárfestingareignir vaxa áfram í takti við fjárfestingaráætlun og þróun vísitölu íbúðaverðs auk þess sem skuldir og skuldbindingar félagsins halda áfram að hækka. Gert er ráð fyrir að eiginfjárhlutfallið hækki úr 54,0% í 54,4% árið 2029.

| *Fjárhæðir í þús.kr.* | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Fimm ára áætlun 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingareignir | 157.178.393 | 164.225.621 | 178.489.997 | 193.690.567 | 205.617.538 | 217.791.895 | 229.604.877 |
| Eignir til eigin nota | 220.168 | 202.518 | 184.230 | 165.942 | 150.654 | 135.966 | 121.278 |
| Langtímakröfur | 51.149 | 53.775 | 55.725 | 57.254 | 58.706 | 60.167 | 61.669 |
| **Fastafjármunir samtals** | **157.449.711** | **164.481.914** | **178.729.953** | **193.913.763** | **205.826.898** | **217.988.028** | **229.787.825** |
| Viðskiptakröfur | 124.708 | 104.396 | 104.396 | 104.396 | 104.396 | 104.396 | 104.396 |
| Kröfur vegna stofnframlaga | 478.643 | 67.227 | 67.227 | 67.227 | 67.227 | 67.227 | 67.227 |
| Aðrar skammtímakröfur | 100.247 | 110.776 | 110.776 | 110.776 | 110.776 | 110.776 | 110.776 |
| Handbært fé | 429.241 | 48.226 | 104.197 | 162.328 | 188.498 | 203.046 | 272.285 |
| **Veltufjármunir samtals** | **1.132.838** | **330.626** | **386.597** | **444.728** | **470.898** | **485.446** | **554.685** |
| **Eignir samtals** | **158.582.549** | **164.812.540** | **179.116.550** | **194.358.491** | **206.297.796** | **218.473.474** | **230.342.510** |
| | | | | | | | |
| **Eigið fé** | **85.149.367** | **89.550.866** | **96.735.554** | **106.052.726** | **112.200.453** | **118.592.050** | **125.258.888** |
| | | | | | | | |
| **Skuldbindingar** | **10.507.335** | **11.598.083** | **14.045.619** | **15.915.432** | **17.599.501** | **19.304.322** | **20.863.867** |
| **Langtímaskuldir** | **60.443.924** | **61.208.806** | **65.680.713** | **69.549.027** | **69.830.916** | **77.369.553** | **80.878.488** |
| **Skammtímaskuldir** | **2.481.922** | **2.454.785** | **2.654.664** | **2.841.306** | **6.666.926** | **3.207.549** | **3.341.266** |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **158.582.549** | **164.812.540** | **179.116.550** | **194.358.491** | **206.297.796** | **218.473.474** | **230.342.510** |

Veltufé frá rekstri er áætlað 1.851 m.kr., áætlaðar fjárfestingar nema 5.951 m.kr., en nánar er fjallað um þær í kaflanum framkvæmdir og viðhald á bls. 7-8. Fjármögnunarhreyfingar nema 4.156 m.kr. Þar af eru nýjar lántökur, að frádregnum lántökukostnaði, áætlaðar 4.121 m.kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri aukist 2026 til 2029 og að það dugi fyrir afborgunum langtímalána öll árin.

| *Fjárhæðir í þús.kr.* | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Fimm ára áætlun 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi** | **1.382.633** | **4.401.498** | **7.184.689** | **9.317.172** | **6.147.727** | **6.391.597** | **6.666.838** |
| **Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:** | | | | | | | |
| Afskriftir eigna til eigin nota | 17.209 | 17.650 | 18.288 | 18.288 | 15.288 | 14.688 | 14.688 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 5.725.598 | 3.466.992 | 3.783.856 | 3.519.693 | 3.622.922 | 3.871.095 | 3.927.539 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | -4.741.486 | -4.806.926 | -7.695.965 | -9.256.340 | -5.904.567 | -6.087.725 | -6.251.453 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 0 | 12.196 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | **2.383.955** | **3.091.410** | **3.290.868** | **3.598.813** | **3.881.370** | **4.189.655** | **4.357.612** |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | 141.918 | -182.557 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Nettó greidd vaxtagjöld | -1.321.060 | -1.374.211 | -1.439.418 | -1.546.308 | -1.673.113 | -1.801.244 | -1.760.750 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **1.204.813** | **1.534.641** | **1.851.450** | **2.052.505** | **2.208.256** | **2.388.412** | **2.596.862** |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | **-3.639.643** | **-1.354.548** | **-5.951.475** | **-5.623.823** | **-6.018.251** | **-6.082.543** | **-5.557.896** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | **2.858.444** | **-561.108** | **4.155.996** | **3.629.449** | **3.836.164** | **3.708.680** | **3.030.273** |
| **Breyting á handbæru fé** | **423.614** | **-381.015** | **55.971** | **58.131** | **26.170** | **14.548** | **69.239** |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | **5.627** | **429.241** | **48.226** | **104.197** | **162.328** | **188.498** | **203.046** |
| **Handbært fé í lok tímabils** | **429.241** | **48.226** | **104.197** | **162.328** | **188.498** | **203.046** | **272.285** |
| Veltufé frá rekstri | 1.062.895 | 1.717.199 | 1.851.450 | 2.052.505 | 2.208.256 | 2.388.412 | 2.596.862 |
| Afborganir langtímalána (hluti af fjármögnunarhreyfingum) | 1.438.653 | 1.652.103 | 1.785.177 | 1.984.189 | 2.171.241 | 2.362.508 | 2.517.618 |

# SÓKNARÁÆTLUN OG MEGINMARKMIÐ

Í sóknaráætlun Félagsbústaðar fyrir tímabilið 2025 til 2029 eru sett fram 5 meginmarkmið byggð á framtíðarsýn og hlutverki félagsins.

Framtíðarsýn:

Félagsbústaðir eru virt, ábyrgt og öflugt fyrirtæki á húsnæðismarkaði sem vex samhliða fjölgun íbúðarhúsnæðis í borginni. Félagið er þekkt fyrir að stuðla að fjölbreytileika og velsæld í borginni, fyrir góða þjónustu, gæði, hagkvæmni og sjálfbæran rekstur. Undir meginmarkmiðum eru sett fram fjölmörg starfsmarkmið og aðgerðir.

Meginmarkmið 1

Tryggja húsnæðisöryggi og lífsgæði með uppbyggingu og þróun eignasafns.

Meginmarkmið 2

Veita vandaða og áreiðanlega þjónustu sem stuðlar að velsæld.

Meginmarkmið 3

Ásýnd og viðhald fasteigna styðji við vellíðan.

Meginmarkmið 4

Umhverfi, þróun og gæði

Meginmarkmið 5

Yfirsýn, gegnsæi og ábyrgur rekstur

# FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingaáætlun næsta árs gerir ráð fyrir fjárfestingu sem nemur 5.951 m.kr. og að 4.121 m.kr. af þeirri fjárhæð verði aflað með lánsfé. Í áætluninni er gert ráð fyrir að stofnframlög fáist frá ríki og Reykjavíkurborg vegna fjárfestinga í félagslegu leiguhúsnæði, alls 30% af stofnvirði. Fjárfestingaáætlun ársins 2025 og fyrir restina af áætlunartímabilinu má sjá sundurliðaða hér að neðan.

| | | Útkomuspá/ | | Fimm ára áætlun | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fjárfesting* | 2023 | Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
| Íbúðakaup | 2.786.184 | 588.568 | 4.078.545 | 4.013.580 | 4.460.293 | 4.594.110 | 4.816.371 |
| Nýframkvæmdir | 963.170 | 974.874 | 1.311.448 | 1.151.110 | 1.139.425 | 1.075.000 | 370.000 |
| Eignfært viðhald og standsetn. | 193.953 | 84.781 | 458.000 | 350.000 | 350.000 | 350.000 | 350.000 |
| Eignfærður fjármagnskostnaður | 68.930 | 105.978 | 103.481 | 109.134 | 68.533 | 63.433 | 21.525 |
| **Fjárfesting samtals** | **4.012.237** | **1.754.201** | **5.951.475** | **5.623.823** | **6.018.251** | **6.082.543** | **5.557.896** |

Félagsbústaðir leigja nú út 3.100 íbúðir en það telst vera ríflega 5% af heildarfjölda íbúða í Reykjavík. Uppbyggingaráætlun Félagsbústaða er gerð með hliðsjón áherslum borgaryfirvalda um aukningu framboðs af félagslegu leiguhúsnæði þannig að það sé á hverjum tíma 5% íbúðarhúsnæðis í borginni. Áætlað er að festa kaup á a.m.k. 75 íbúðum á hverju ári. Mest er þörfin er fyrir 2ja herbergja íbúðir.

Þá verður unnið að því að ná markmiðum Reykjavíkurborgar um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk. Gert er ráð fyrir 7 stakstæðum íbúðakjörnum með 6-7 íbúðum og 36 íbúðum í dreifðum íbúðakjörnum. Alls eru þetta 87 íbúðir á tímabilinu auk 12 íbúða undir starfsmannaaðstöðu.

Nýframkvæmdaverkefni má greina í þrennt; bygging stakstæðra íbúðakjarna, viðbyggingar og breytingar á húsnæði sem ekki uppfyllir kröfur reglugerða, breytinga á húsnæði til fjölgunar almenns leiguhúsnæðis. Áætlaður heildarkostnaður á árinu 2025 er 1.311 m.kr.

Nýframkvæmdir í byggingu:

Brekknaás 6. Áætlað er að framkvæmdum ljúki snemma árs 2025.

Nýframkvæmdir; undirbúningur og hönnun á áætlunartímabilinu:

Nauthólsvegur 83. Áætlað er að framkvæmdum ljúki í lok árs 2026.

Stekkjarbakki 5. Áætlað er að framkvæmdum ljúki snemma árs 2027.

Holtavegur 29b. Hönnun og undirbúningur haustið 2025. Áætluð verklok 2027.

Nauthólsvegur 79. Hönnun og undirbúningur haustið 2026. Áætluð verklok 2028.

Hverafold 7. Hönnun og undirbúningur haustið 2026. Áætluð verklok 2028.

Leirtjörn. Hönnun og undirbúningur haustið 2027. Áætluð verklok 2029.

Viðbyggingar og breytingar á húsnæði:

Jöklasel 2. Breytingar og endurbætur í samræmi við reglugerð um húsnæði fatlaðs fólks. Áætluð verklok 2026.

Viðhaldskostnaður er eignfærður þegar um er að ræða framkvæmd sem felur í sér virðisaukningu á verðmati eignar og standsetningarkostnað vegna nýkeyptra eigna. Eignfærður viðhaldskostnaður er áætlaður 379 m.kr. og eignfærður standsetningarkostnaður nýkeyptra íbúða er áætlaður 79 m.kr.

Á áætlunartímabilinu verður lögð aukin áhersla á að fegra ásýnd fjölbýlishúsa félagsins og umhverfi þeirra. Þá verður lögð áhersla á að efla sífellt þjónustu, samráð og samtal við leigjendur vegna viðhalda og annarra mála sem snerta leigjendur.

Helstu eignfærðu viðhaldsverkefnin á árinu 2025 eru:

Austurbrún 6. Endurnýjun á lyftum.

Norðurbrún 1. Endurnýjun á lyftum.

Furugerði 1. Uppsetning á djúpgámum.

Írabakki 2-16. Uppsetning á djúpgámum.

Meistaravellir 19-29. Uppsetning á djúpgámum.

Yrsufell 5-15. Endurbætur á utanhúsklæðningu.

# FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku annars vegar og stofnframlögum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Reykjavíkurborg hins vegar. Í tilfelli íbúðakaupa og nýbygginga fæst í flestum tilfellum stofnframlag fyrir 30% af stofnvirði en annars kostnaður eins og t.d. eignfært viðhald er fjármagnaður að fullu með lántöku. Hér að neðan má sjá lántökuáætlun félagsins fyrir árið 2025 og áætlaða lántöku árin 2026 til 2029 ásamt áætlun um þau stofnframlög sem félagið gerir ráð fyrir að fá á tímabilinu.

| | | Útkomuspá/ | | Fimm ára áætlun | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fjármögnun* | 2023 | Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
| Stofnframlög | 1.180.044 | 599.899 | 1.830.598 | 1.549.407 | 1.679.915 | 1.700.733 | 1.555.911 |
| Lántaka | 3.114.640 | 1.154.302 | 4.120.877 | 4.074.417 | 4.338.336 | 4.381.810 | 4.001.984 |

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | | Útkomuspá/ | | Fimm ára áætlun | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Lykiltölur* | 2023 | Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
| EBITDA í hlutfalli af rekstrartekjum | 36,9% | 43,6% | 43,0% | 43,5% | 43,9% | 44,6% | 44,3% |
| Eiginfjárhlutfall | 53,7% | 54,3% | 54,0% | 54,6% | 54,4% | 54,3% | 54,4% |
| **Sjóðstreymi** | | | | | | | |
| Nettó greidd vaxtagjöld | 1.321.060 | 1.374.211 | 1.439.418 | 1.546.308 | 1.673.113 | 1.801.244 | 1.760.750 |
| Afborun langtímalána | 1.438.653 | 1.652.103 | 1.785.177 | 1.984.189 | 2.171.241 | 2.362.508 | 2.517.618 |
| Breyting afborganna langtímalána | 135.043 | 213.450 | 133.074 | 199.011 | 187.053 | 191.267 | 155.109 |
| Afborganir langtímalána í hlutfalli af tekjum | 22,3% | 23,4% | 23,3% | 24,0% | 24,6% | 25,2% | 25,6% |
| Breyting á veltufé frá rekstri | -259.192 | 654.304 | 134.252 | 201.055 | 155.751 | 180.155 | 208.450 |
| Veltufé frá rekstri í hlutfalli af afborgunum langtímalána | 73,9% | 103,9% | 103,7% | 103,4% | 101,7% | 101,1% | 103,1% |
| **Önnur lykilhlutföll** | | | | | | | |
| Arðsemi eigin fjár | 1,7% | 5,2% | 8,0% | 9,6% | 5,8% | 5,7% | 5,6% |
| Veltufjárhlutfall | 0,46 | 0,13 | 0,15 | 0,16 | 0,07 | 0,15 | 0,17 |
| Vaxtaþekja | 1,80 | 2,24 | 2,29 | 2,33 | 2,32 | 2,33 | 2,47 |
| Skuldaþekja | 0,86 | 1,02 | 1,02 | 1,02 | 1,01 | 1,01 | 1,02 |
| Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum | 16,5% | 24,3% | 24,2% | 24,8% | 25,0% | 25,4% | 26,4% |
| **Viðhald** | | | | | | | |
| Gjaldfært viðhald | 1.994.999 | 1.703.122 | 1.933.839 | 2.081.941 | 2.196.984 | 2.285.109 | 2.426.469 |
| Eignfært viðhald | 193.953 | 84.781 | 458.000 | 350.000 | 350.000 | 350.000 | 350.000 |
| **Viðhald samtals** | **2.188.952** | **1.787.903** | **2.391.839** | **2.431.941** | **2.546.984** | **2.635.109** | **2.776.469** |

Gert er ráð fyrir að vaxta- og skuldaþekjur haldist yfir viðmiðum allt áætlunartímabilið en áætlað er að vaxtaþekja verði í 2,29 og skuldaþekja verði í 1,02 fyrir árið 2025. Hagnaður fyrir matsbreytingu og afskrift eigna til eigin nota, EBITDA, sem hlutfall af tekjum lækkar frá útkomuspá og er 43,0% fyrir árið 2025 og afborganir langtímalána lækka lítillega sem hlutfall af tekjum.

# MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.

## LEIÐARLJÓS

*Malbikunarstöðin Höfði hf., er traust fyrirtæki, sem vinnur stöðugt að endurbótum á framleiðsluvörum sínum, þjónustu og framkvæmdum á vegum fyrirtækisins*

## SKIPURIT

Malbikunarstöðin Höfði skiptist eins og áður í 4 deildir, sjá skipurit. Fjölgað var í stjórn félagsins á aðalfundi nú í vor og ein breyting hefur orðið í stjórnendateymi félagsins eins og fram kemur í skipuriti félagsins, fyrir árið 2024.

Birkir Hrafn Jóakimsson tók við starfi framkvæmdastjóra um áramót af Ásbergi K. Ingólfssyni sem lét af störfum. Í vor tók Pétur Þór Gunnlaugsson við stöðu deildarstjóra framkvæmdadeildar Höfða af Kristjáni G. Leifssyni sem lét af störfum. Á aðalfundi félagsins var stjórn endurkjörin. Stjórnina skipa:

- Helgi Geirharðsson, formaður
- Sigurður Ágúst Sigurðsson, varaformaður
- Kristín Vala Matthíasdóttir, ritari
- Marta Guðjónsdóttir, meðstjórnandi
- Sabine Leskopf, meðstjórnandi

Eftir þessar breytingar þá er skipurit félagsins eftirfarandi:



Fyrirtækið fer að lögum og reglugerðum og framfylgir stöðlum varðandi framleiðsluvörur sínar. Fyrirtækið selur viðskiptavinum sínum góða vöru og veitir þeim jafnframt góða þjónustu og reynir ávalt að uppfylla kröfur og óskir viðskiptavina sinna.

Malbikunarstöðin Höfði er með vottuð gæðakerfi sem eru tekin út af óháðum aðila á því sviði.

Malbikunarstöðin Höfði hefur byggt upp gæðakerfi sem uppfylla kröfur eftirfarandi kröfustaðla:

- ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnun
- ÍST EN ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnun
- ÍST EN ISO 45001:2018 Öryggis og heilbrigðisstjórnun
- ÍST 85:2012- Jafnlaunastaðall Jafnlaunavottun

## STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 32 | 26 | 28 |
| Fjöldi stöðugilda | | | |
| Stöðugildi eftir þjónustuþáttum: | | | |
| Framleiðsludeild | 4 | 4 | 4 |
| Framkvæmdadeild | | 15 | 17 |
| Rannsóknadeild | 1 | 1 | 1 |
| Skrifstofa | 6 | 6 | 6 |

## HLUTVERK

Malbikunarstöðin Höfði hf. er með eina malbikunarstöð í rekstri og er hún staðsett að Álhellu 34 í Hafnarfirði. Malbikunarstöð félagsins framleiðir malbik í samræmi við ÍST EN staðla og eru malbiksblöndur gerðarprófaðar og CE merktar samkvæmt CEN stöðlum. Við innkaup á steinefnum sem eru notuð í framleiðslu malbiks þá er eingöngu keypt inn steinefni sem eru CE merkt og prófuð í samkvæmt CEN stöðlum en þetta bæði við innlend – og erlend steinefni.

Höfði hf. hefur hætt rekstri grjótmulningsstöðvar á Sævarhöfða en í stað hennar þá er notaður nýlegur steinefnabrjótur sem getur mulið bæði steinefni úr námu og endurunnið malbik sem notað er í framleiðslu á malbiki. Efnisvinnsla á gömlu malbiki hefur aukist mikið á síðustu tveimur árum með tilkomu á steinefnabrjót og samhliða því hefur verið mögulegt að auka nýtingu á þeim steinefnum í framleiðslu á malbiki. Vonast er til að áfram verði hægt að auka hlutfall á endurunnu malbiki í framleiðslu malbikunarstöðvar en það er mikilvægt að nýta gamalt malbik áfram í mannvirkjagerð en þetta efni fellur til við ýmsar framkvæmdir.

Framkvæmdadeild Höfða leggur út malbik á sumrin og þegar aðstæður leyfa aðra mánuði ársins. Yfir vetrartímann vinna starfsmenn framkvæmdadeildar við verkefni er snúa að vetrarþjónustu s.s. hálkueyðingu og snjómokstur.

Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun á malbiksblöndum sem eru prófaðar á rannsóknarstofu félagsins í samræmi við kröfur kröfur verkkaupa og ÍST EN staðla.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins, bæði malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndum vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er vottunaraðili fyrirtækisins.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 voru sameinuð tvö borgarfyrirtæki Malbikunarstöð - og Grjótnám Reykjavíkurborgar í eitt hlutafélag.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur félagsins á næsta ári verða verkefni er snúa að frágangi - og mannvirkjum á lóð malbikunarstöðvar að Álhellu í Hafnarfirði. Meðal verkefna á lóðinni á næsta ári er að útbúa skýli yfir steinefni og endurunnið malbik en markmiðið með þeirri aðgerð er að minnka raka í þessum hráefnum. Raki í steinefnum hefur mikil áhrif á orkunotkun við þurrkun hráefna í malbikunarstöð og ef það er mögulegt að minnka rakainnihald þess þá minnkar það notkun á jarðefnaeldsneyti sem þarf til að þurrka steinefni áður þau eru blönduð við bindiefni í framleiðslu á malbiki.

Innan skamms tíma þarf skrifstofa – og framkvæmdadeild Höfða að víkja af svæðinu á Ártúnshöfða vegna uppbyggingar nýrrar íbúðabyggðar. Félagið mun því skoða valkosti sem í boði eru fyrir aðstöðu framkvæmdadeildar – og skrifstofur Höfða en ný aðstaða þarf henta bæði fyrir starfsmenn - og tæki Höfða ásamt því að vera vel staðsett m.t.t. þeirra verkefna fyrirtækið starfar við hér á höfuðborgarsvæðinu.

Árið 2024 er þriðja árið sem malbik er framleitt í malbikunarstöð á lóð Höfða að Álhellu 34 og hefur framleiðsla gengið nokkuð vel frá því hún hófst að nýju vorið 2022. Starfsleyfi fyrir malbikunarstöð að Álhellu 34 gildir til júní 2034.

Vonast er til að hægt verði að halda að mestu óbreyttri starfsemi að Sævarhöfða á meðan verið er að finna annað athafnasvæði og húsnæði fyrir framkvæmdadeild og skrifstofur félagsins.

Stefnt er að því að fjarlægja mannvirki og tæki sem tilheyra grjótmulningsstöð að Sævarhöfða, nú í vetur. Vinna við þá verkþætti eru ekki hafnar því erfitt hefur verið að fá verktaka til að taka þetta verkefni að sér en vonast er til að þessi framkvæmd hefjist innan skamms. Ekki er hægt að flytja grjótmulningsstöðina og setja upp að nýju í þeirri mynd sem verið hefur. Höfði greiðir allan þann kostnað sem til fellur við rif og hreinsun á lóð í samræmi við samkomulag þess efnis. Gert er ráð fyrir að ýmis búnaður og einingar á lóð þurfi að fara í brotajárn eða aðra endurvinnslu en því verki verður lokið árið 2025.

Framleiðsla Malbikunarstöðvarinnar Höfða árið 2024 stefnir í að verða töluvert minni en gert var ráð fyrir í upphafi árs. Fyrirtækið náði nokkrum verkefnum sem voru í boði á höfuðborgarsvæðinu og ásamt

verkefnum á Suðurlandi og Suðurnesjum. Nokkur verkefni verða framkvæmd nú í október og nóvember en vonast er til að aðstæður til þeirra framkvæmda verði hagstæðar á næstu vikum.

# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Hráefnadeild

Steinefnabrjótur hráefnadeildar mylur steinefni úr námu og gamalt malbik sem notað er í framleiðslu á malbiki. Deildin mun áfram gegna lykilhlutverki í rekstri fyrirtækisins með vinnslu á endurunnu malbiki. Mikil sérþekking er innan fyrirtækisins á framleiðsluferli steinefna og með tilkomu á steinefnabrjóts er vonast til að vinnsla á endurunnu malbiki muni áfram aukast á næstu árum því töluvert magn af malbiki fellur til við breytingar á gatna- og vegakerfinu, hér á höfuðborgarsvæðinu. Reiknað er með að hægt verði að tryggja næg innlend – og erlend steinefni í malbiksframleiðslu á hagstæðu verði á næstu árum þar sem vinnsla í gömlu grjótmulningsstöðinni hefur verið formlega hætt.

## Framleiðsludeild

Framleiðsludeild framleiðir nú malbik í einni malbikunarstöð sem er af gerðinni Benninghoven. Deildin framleiðir allar tegundir malbiks, þ.e. með endurunnu malbiki, steinríkt malbik og malbik með ýmsum tegundum íblöndunarefna. Í fjárhagsáætlun er miðað við að áfram verði fjárfest i ýmsum búnaði fyrir Benninghoven stöðina en ýmis búnaður hefur nú þegar verið betrumbættur samhliða flutningi á stöðinni.

## Framkvæmdadeild

Framkvæmdadeildin sinnir malbiksútlagningu á sumrin og vetrarþjónustu á veturna. Framkvæmdadeildin er vel tækjum búin til malbiksútlagna og hefur yfir að ráða nokkrar vörubifreiðar sem sinna flutningum á malbiki og steinefnum á sumrin en hálkueyðingu og snjómokstri á veturna. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist að mestu óbreytt við flutning fyrirtækisins og að hún verði áfram staðsett að Sævarhöfða, í vetur.

## Rannsókna- og þróunardeild

Rannsókna- og þróunardeild þjónustar allar deildir fyrirtækisins með steinefnarannsóknum, hönnun malbiksuppskrifta, eftirlit með framleiðslu malbiks og rannsóknir á útlögðu malbiki. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist óbreytt við flutning fyrirtækisins.

## Skrifstofa

Skrifstofan inniheldur afgreiðslu, sölu- og markaðsdeild ásamt yfirstjórn fyrirtækisins.



# ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

## Hlutverk og stefna

Orkuveitan er orku-, veitu- og nýsköpunarfyrirtæki sem veitir meirihluta landsmanna og stórum hluta atvinnulífs í landinu grunnþjónustu. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Gildi Orkuveitunnar eru

**Frumkvæði | Framsýni | Hagsýni | Heiðarleiki**

**Aflvaki sjálfbærrar framtíðar** er yfirskrift nýrrar heildarstefnu Orkuveitunnar, sem staðfest var af eigendum fyrirtækisins í júní 2024. Áherslur stefnunnar eru fjórar þar sem hver styður aðra.




- **Fyrir viðskiptavininn**, þar sem ánægja fjölbreyttra viðskiptavina með snjalla og örugga þjónustu er sett í forgang.
- **Aukið framboð og sjálfbærar lausnir**, þar sem áhersla er á aukna orkuframleiðslu með ábyrgri auðlindanýtingu og minnkandi kolefnisspori á sama tíma og veitukerfin styðja við sjálfbæra þróun.
- **Nýsköpun og öflugt samstarf** við hagsmunaaðila að virðisaukandi lausnum sem eru innleiddar með kvikum og skilvirkum hætti.
- **Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur** sem miðar að traustum fjárhag undir framsýnni forystu fjölbreyttrar liðsheildar.

Stefnumótun og markmiðssetning Orkuveitunnar byggir á eigendastefnu sem upphaflega var samþykkt í sveitarstjórnum eigenda árið 2012. Hún hefur verið uppfærð síðan og nú stendur yfir endurskoðun hennar meðal annars m.t.t. nýrrar heildarstefnu fyrir fyrirtækið.

Heildarstefna Orkuveitunnar er stefna samstæðunnar. Svið og dótturfélög hafa jafnframt mótað sér framtíðarsýn og stefnu um hvernig þau uppfylla best hlutverk sitt innan samstæðunnar til sameiginlegs árangurs.

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Um leið og Orkuveitan eflir samfélög til sjálfbærni gætir hún að því að eigin starfsemi standist strangar kröfur og viðmið um sjálfbæran rekstur. Fyrirtækið nýtur margvíslegrar alþjóðlegar vottunar á því sviði og starfar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstakri áherslu á sex þeirra.




Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efld




Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu




Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði




Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð




Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra




Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

## Skipulag

Skipulag Orkuveitunnar ræðst meðal annars af þeim breytingum sem gerðar voru á raforkulögum í ársbyrjun 2014. Orkuveitan er samstæða fyrirtækja þar sem móðurfélagið veitir í senn forystu og sameiginlega þjónustu. Dótturfélögin eru;

- Veitur, sem sjá um uppbyggingu og rekstur vatns-, hita-, raf- og fráveitukerfa sem flest eru starfsrækt með sérleyfi.
- Orka náttúrunnar, sem rekur orkuver sem gefa af sér rafmagn og heitt vatn. Rafmagnið er selt á samkeppnismarkaði og ON er í forystu um sölu rafmagns til orkuskipta í samgöngum.
- Ljósleiðarinn byggir upp og rekur gagnaflutningskerfi sem er grunnstoð samkeppni á fjarskiptamarkaði.
- Carbfix, sem er nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur að útbreiðslu á samnefndri aðferð til kolefnisbindingar og þróuð var innan Orkuveitunnar í samstarfi við innlent og erlent vísindafólk.

## Orkuveitan




Orkuveitan er sameignarfyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 136/2013. Eigendur Orkuveitunnar eru þrír; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Sveitarstjórnir eigendanna kjósa fyrirtækinu stjórn sem er hvort tveggja skipuð sveitarstjórnarfólki og fólki sem er óháð eigendunum.

## Eigendur Orkuveitunnar




Forstjóri Orkuveitunnar fer með eigendafyrirsvar í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins eru þrjú svið sem þjóna allri samstæðunni; *Mannauður og tækni*, *Rannsóknir og nýsköpun* og *Fjármál*. Undir forstjóra heyra einnig *Samskipti* og *Lög, lendur og áhætta* og starfar hvor tveggja með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

## Skipurit Orkuveitunnar í október 2024



## Inngangur

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitunnar fyrir árið 2025 og langtímaspá fyrir árin 2026-2029 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin; Veitur, Orku náttúrunnar, Ljósleiðarann og Carbfix. Spá dótturfélaga hlýtur samþykki stjórnar viðkomandi félags áður en samstæðuspáin er samþykkt í stjórn Orkuveitunnar.

Orkuveitan beitir stefnumiðaðri spágerð. Í því felst að spáin er afleiðing af skráðri stefnu fyrirtækjanna. Ný heildarstefna Orkuveitunnar er stefna um vöxt. Það er í takti við vöxt samfélagsins sem fyrirtækin í samstæðunni þjóna. Þar fjölgar íbúum ört, húsnæðisuppbygging er veruleg, ferðafólki fjölgar og aukin umsvif í atvinnulífi kalla á meiri orku.

Um leið og Orkuveitan er aflvaki með því að vörur hennar og þjónusta efla vöxt samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi, er þess gætt að grunnþjónusta sé áreiðanleg, á sanngjörnu verði og að hún þróist með nýrri tækni og nýjum lausnum.

### Þjónustuöryggi veitnanna




*Mynd 1 - þróun þjónustuöryggis Veitna*

Þjónustuöryggi er reiknað þannig að samanlagðri tímalengd ófyrirséðra truflana sem viðskiptavinir verða fyrir er deilt niður á alla viðskiptavini hverrar veitu. Einstakar umfangsmiklar bilanir valda helst sveiflum milli ára. 50 mínútur án þjónustu svara til 99,99% afhendingaröryggis. Þjónusturof vegna viðhalds er hér ekki meðtalið.

## Þróun gjaldskrár sérleyfisþjónustu 2014-2024




*Mynd 1 – Þróun gjaldskrár*

Frá því að Orkuveitunni var skipt upp að lagaboði í ársbyrjun 2014 hafa gjaldskrár sérleyfisþjónustu Veitna ýmist lækkað talsvert eða nánast staðið í stað að raungildi. Línuritið sýnir þróun gjaldskráa miðað við vísitölu neysluverðs, sem sýnd er sem lárétt lína. Einungis gjaldskrá hitaveitu hefur haldið raungildi. Ræðst það einkum af yfirstandandi átaki í öflun aukinnar orku.

## Fjárfest til framtíðar

Miklar fjárfestingar eru framundan hjá fyrirtækjunum innan samstæðu Orkuveitunnar. Aukinnar orku verður aflað fyrir atvinnulíf og heimili, fleiri heimili tengd veitukerfum og veitukerfin þróuð og uppfærð með nýrri tækni, meðal annars með tilliti til þeirrar aðlögunar að loftslagsbreytingum sem nauðsynleg er. Loftslagsvánni verður einnig mætt með útbreiðslu Carbfix-tækninnar og áframhaldandi þróun hennar við hentugar jarðfræðilegar aðstæður.

Ný heildarstefna Orkuveitunnar birtist í fjárfestingum á spátímabilinu. Þar má nefna nýtingu nýrra orkukosta á borð við vind, birtu og sjávarföll. Kostir þar eru ýmist á tilrauna- eða rannsóknastigi en fyrirsjáanlegri eru fjárfestingar í aukinni nýtingu jarðhitans. Á meðal nýsköpunarverkefna í jarðhitanýtingu er sameiginlegt verkefni fyrir Orku náttúrunnar og Veitur til að hægt verði að blanda saman í hitaveitukerfi höfuðborgarsvæðisins heitu vatni sem framleitt er í virkjunum og vatni sem nýtt er beint frá lághitasvæðum. Það stuðlar í senn að hagkvæmum rekstri, traustara aðgengi viðskiptavina að gæðum jarðhitans og ábyrgri auðlindanýtingu. Þarna sameinast því umhverfislegir, samfélagslegir og fjárhagslegir lykilþættir sjálfbærrar starfsemi.

Ýmsar umbætur á núverandi veitum og virkjunum og rekstri þeirra, sem verið hafa í undirbúningi um hríð, eru nú í fjárfestingaspá. Bakþrýstivél, sem nýtir betur jarðhitavökvann sem tekinn er upp fyrir Hellisheiðarvirkjun, er þar á meðal og ný orkuöflun Veitna á lághitasvæðum fyrir hitaveitur fyrirtækisins er þar sömuleiðis. Dregið er úr fjárfestingum Ljósleiðarans, miðað við fyrri spár, en að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir nýjum heimilistengingum í sveitarfélögum öðrum en þeim sem þegar er þjónað.

Átaki Veitna í uppsetningu snjallmæla hjá viðskiptavinum lýkur á spátímabilinu. Fjárfestingin hefur verið fjárfrek og nú er að skýrast hvernig þessir síritar um orkunotkun nýtast til að efla ekki aðeins rekstur veitnanna frá degi til dags heldur ekki síður að gera spágerð og þar með áætlanir um þróun raf- og hitaveitna gleggri.

## Óviss tímasetning ýmissa fjárfestinga

Tímasetning talsverðs hluta fjárfestinga Orkuveitunnar ræðst af ákvörðunum annarra, til dæmis ríkis og sveitarfélaga. Hraði uppbyggingar íbúða- og atvinnusvæða er að mestu í höndum sveitarfélaga og byggingaraðila. Nýverið dró nokkuð úr óvissu um uppbyggingarhraða Borgarlínu með endurnýjun Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins. Leyfisveitingaferli hafa einnig afgerandi áhrif á hvenær af einstökum fjárfestingum í orkuöflun og kolefnisförgun getur orðið. Viðbúið er að verkefni – einkum þau sem gert er ráð fyrir síðla spátímabilsins – kunni að falla utan þess eða færast til innan spátímabilsins. Því er réttara að líta á fjárfestingahluta fjárhagsspárinnar sem áform um fjárfestingarstig samstæðu Orkuveitunnar fremur en tímasett áform um einstök fjárfestingaverkefni.

## Græn fjármögnun

Fjármögnun fjárfestinga Orkuveitunnar síðustu ár hefur alfarið verið byggð á grænum fjármögnunarramma fyrirtækisins. Haustið 2024 er verið að uppfæra þennan fjármögnunarramma, m.a. með tilliti nýlegra laga og reglna um græna fjármögnun og græna skýrslugjöf. Markmið þeirrar lagaumgjörðar, sem rekja má til *Græns sáttmála Evrópusambandsins,* er að sporna við grænþvotti og beina fjármagni frekar í græn verkefni en önnur. Áratugalöng skipuleg vinna innan Orkuveitunnar að umhverfis- og loftslagsmálum auk vottaðrar starfsemi samkvæmt fjölda alþjóðlegra staðla kemur sér vel við innleiðingu nýrra reglna. Það skapar fyrirtækinu tiltekið forskot á fjármagnsmarkaði og á að skila því hagstæðari fjármögnun en ella. Grænn fjármögnunarrammi Orkuveitunnar er grundvöllur útgáfu fyrirtækisins á grænum skuldabréfaflokkum en einnig við beina lántöku, sem stöðugt er til skoðunar, m.a. af erlendum stofnanabönkum.

## Aukið samstarf

Í gildi er heimild til aukningar og sölu hlutafjár í tveimur félögum innan samstæðunnar; Ljósleiðaranum og Carbfix. Fjárfestingaráform félaganna eru ástæða þess að Orkuveitan fékk heimild eigenda til að fara þessa leið í fjármögnun þeirra. Í báðum tilvikum er reiknað með því að nýs hlutafjár sé aflað í takti við fjárfestingar félaganna. Nú hafa áætlanir Ljósleiðarans breyst og því eru áform um aukningu hlutafjár í endurskoðun. Hvað Carbfix varðar er unnið af krafti í undirbúningi Coda Terminal förgunarstöðvarinnar við Straumsvík og samhliða að eiginfjármögnun með aðkomu fjárfesta. Slík fjármögnun er enda forsenda fjárfestinganna.

## Forsendur og framvinda

Helstu utanaðkomandi tölulegar forsendur fjárhagsspárinnar eru raktar að neðan. Þar er gert ráð fyrir hjaðnandi verðbólgu og að álverð hækki, en hluti raforkusölu er tengdur álverði. Á næstu árum renna nokkrir slíkir samningar út og stefnt er að því að selja raforkuna þar að baki á hærra verði en hingað til.

Orkuveitan hefur lokið gerð kjarasamninga við öll stéttarfélög starfsfólks. Gert er ráð fyrir vaxandi arðgreiðslum yfir spátímabilið.

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2025 og fjögurra ára spá 2026–2029 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.

## Áherslur 2025-2029

| | VEITUR | ON | LJÓSLEIÐARINN | Carbfix |
|---|---|---|---|---|
| Hlutverk | Veitur eru framsækið þjónustufyrirtæki sem tryggir aðgengi að rafmagni, hita, vatni og fráveitu. Með nýsköpun og samstarfi eru veitt lífsgæði til framtíðar. | Orka náttúrunnar á og rekur virkjanir sem framleiða rafmagn fyrir fyrirtæki, heimili og farartæki um landið allt og heitt vatn fyrir veitusvæði Veitna. | Tilgangur Ljósleiðarans er uppbygging og rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi. | Carbfix spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og uppbyggingu kolefnisbindingar í bergi. |
| Megináherslur 2025-29 | Mikil uppbygging húsnæðis, Borgarlína og önnur orkuskipti eru allt samfélagsleg verkefni sem Veitur munu eiga mikla aðkomu að á næstu árum. Til þess að styðja við þau vaxandi samfélög sem Veitur þjóna er nauðsynlegt að byggja upp og viðhalda líkönum sem kerfisáætlanir til lengri og skemmri tíma byggja á. Áhersla verður á aukið samtal við almenning og nýsköpun til að mæta nýjum tímum, leiða þróun og hafa áhrif á sjálfbæra framtíð. | Ábyrg nýting jarðhitans og fjölbreyttari not af honum, m.a. til orkuskipta, eru megináherslur ON á spátímabilinu. Stöðugur rekstur Orku náttúrunnar og vaxandi tekjur einkenna tímabilið þar sem tækifæri til nýrra viðskipta opnast og íslenskur raforkumarkaður þróast ört. Nýsköpun verður meðal áherslna og ON mun byggja á hugviti og umhverfisáherslum fyrirtækisins til að halda forystu í sjálfbærri starfsemi. | Megin áherslur Ljósleiðarans eru að auka arðsemi og hámarka nýtingu þeirra fjárfestinga sem félagið hefur farið í á undanförnum árum. | Áfram verður unnið að uppskölun á nýtingu Carbfix tækninnar í gegnum ný framkvæmdaverkefni, bæði innanlands og erlendis. Áfram verða byggðir upp ferlar og verklag í starfseminni til að auka skilvirkni og gera vöxt félagsins áreiðanlegan. Rekstrargrundvöllur er treystur með staðfestu í rekstri, auknum umsvifum og breiðum tekjugrunni. Unnið er að langtímafjármögnun. |

| | Veitur | ON | Ljósleiðarinn | Carbfix |
|---|---|---|---|---|
| Helstu fjárfestingar | Á tímabilinu mun átaksverkefni innleiðingar snjallmæla ljúka. Gögnin sem koma frá nýjum snjallmælum munu veita nýja innsýn í starfsemina með auknum tækifærum til úrbóta í áætlanagerð, auknu rekstraröryggi og enn ábyrgari auðlindanýtingu.<br>Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis kallar á stækkun veitukerfa og verkefni tengd Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins kalla á miklar fjárfestingar vegna aðlögunar veitukerfanna. Jafnframt verður unnið að hefðbundnara viðhaldi vaxandi kerfa, m.a. endurnýjun stofnæða og aukin flutningsgeta þeirra. Til að tryggja nægt heitt vatn á veitusvæðum Veitna til langrar framtíðar er fjárfesting í rannsóknum og aukinni auðlindaöflun á spátímabilinu. | Gufuöflun verður aukin við báðar jarðgufuvirkjanir ON og hreinsun jarðhitagass frá þeim aukin. Stefnt er á að Hellisheiðarvirkjun nái allt að 90% minnkun á kolefnislosun fyrir árslok 2025 auk hreinsunar á brennist.vetni. Nýir kostir í orkuöflun með betri nýtingu á núverandi orku á Hellisheiði verða kannaðir áfram. Blöndun virkjanavatns frá varmast. virkjana mun efla framleiðslu á heitu vatni ásamt stækkun varmastöðvar á Hellisheiði. Á Nesjavöllum er unnið að endurnýjun stjórnkerfis. Í Jarðhitagarði ON er hringrásar-hagkerfið áfram eflt með fjölnýtingu og nýsköpun. ON heldur forystu í orkuskiptum í samgöngum, með fjárfestingum í hleðslubúnaði og frekari nýtingu stafrænna lausna í þróun þjónustu | Ljósleiðarinn hefur lækkað sína fjárfestingaspá frá fyrra ári. Fyrirtækið mun leggja kapp á að fylgja eftir vexti byggða á starfssvæði Ljósleiðarans til hagsbóta fyrir heimili, fyrirtæki og fjarskiptafyrirtæki.<br>Tæknikerfi verða uppfærð til að mæta aukinni þörf viðskiptavina fyrir meiri bandvídd og háhraða gagnaflutning.<br>Unnið er að endurfjármögnun fyrirtækisins á grunni breyttra áforma um fjárfestingar. | Á spátímabilinu er uppbygging á Coda Terminal, miðstöð fyrir móttöku og bindingu $CO_2$, stærsta verkefnið. Áfram verður unnið með prófanir á nýtingu sjávar til kolefnisbindingar í bergi. Fjárfest verður í tækifærum til að koma af stað uppbyggingu á áhugaverðum verkefnum sem falla að stefnu félagsins. |

## Forsendur fjárhagsspár 2024-2029

Forsendur útkomuspár 2024 og fjárhagsspár 2025-2029 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í júní 2024 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, og Orkuveitunni. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við vaxtaspár er miðað við fólgna framvirka vexti (e. Implied forward rates) eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

### Forsendur

| Lýsing | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vísitala neysluverðs, breyting (%) | 6,0% | 3,9% | 2,7% | 2,5% | 2,5% | 2,5% |
| Byggingavísitala (%) | 4,7% | 4,7% | 3,6% | 3,0% | 2,9% | 2,9% |
| Launavísitala, breyting (%) | 6,6% | 5,8% | 4,4% | 4,0% | 4,0% | 4,1% |
| Gengisvísitala, breyting (%) | 0,3% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Álverð, meðalverð ársins ($) | 2.331,2 | 2.396,9 | 2.524,8 | 2.705,6 | 2.876,1 | 2.961,3 |

## Forgangsröðun og mat á fjárfestingum

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar forgangsröðunar fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa hlotið ítarlega umfjöllun innan fyrirtækisins. Fjárfestingarákvarðanir hvers félags fara í gegnum nokkur stig í undirbúningi með reglulegri viðkomu í ákvörðunarhliðum (e. Stage-Gate) þar sem hvert og eitt fjárfestingarverkefni þarf í senn að standast samræmdar kröfur til slíkra verkefna og samanburð við önnur verkefni, meðal annars hvað varðar hagkvæmni og ávinning.

Þegar verkefni hefur staðist slíkt mat fer það í samþykktarferli hvers fyrirtækis innan samstæðunnar og jafnvel til móðurfyrirtækis eða eigenda, sé umfang þess slíkt.

Stærri fjárfestingarákvarðanir eru í höndum stjórnar hvers dótturfélags nema þær fari yfir 5% eigin fjár félagsins samkvæmt nýjasta árshlutauppgjöri. Í því tilviki skal ákvörðunin hljóta staðfestingu hlutahafafundar. Fari fjárfestingarákvörðun yfir 5% af eigin fé samstæðunnar skal hún hljóta staðfestingu sveitarstjórna eigenda.

## Fjárhagsspá 2025-2029

### Rekstur




*Mynd 2 – Milljarðar króna*

Tekjur vaxa á spátímabilinu 2025-2029 um 17,0 milljarða kr. eða 23,9%. Helstu skýringar eru áframhaldandi uppbygging á stærstu tekjustofnum innan samstæðu Orkuveitunnar í takti við uppbyggingu og markaðsforsendur ásamt nýjum tekjustofnum og hagstæðari samningum.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður samstæðunnar án afskrifta aukist á tímabilinu um 4,8 milljarða kr. eða 16,2%. Aukningin er í takti við þær markaðsforsendur sem eru áætlaðar yfir spátímabilið.

## EBITDA framlegð




*Mynd 3 – EBITDA / Rekstrartekjur*

EBITDA stendur fyrir framlegð reksturs án fjármagnsliða, afskrifta og skatta.

Framlegð reksturs Orkuveitunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í Orkuveitunni. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar.

Samkvæmt spá eykst árleg EBITDA á spátímabilinu um 12,2 milljarða eða 29,4%.

## Vaxtagjöld




*Mynd 4 – Milljarðar króna*

Verðbólga og gengisáhrif skýra að mestu breytingar á vaxtagjöldum milli ára. Hækkun markaðsvaxta hefur einnig áhrif á vaxtagreiðslur þó ekki veruleg vegna samsetningar fjármögnunar Orkuveitunnar.

## Afkoma / Hagnaður eftir skatta




*Mynd 5 – Milljarðar króna*

Eins og sjá má á Mynd 6 – Milljarðar króna er gert ráð fyrir að afkoma samstæðunnar batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 12,8 milljarð kr. árið 2029.

Hafa ber í huga að reiknaðir fjármagnsliðir án áhrifa á sjóðstreymi, eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga, geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins. Árið 2024 er gert ráð fyrir 438 m.kr. áhrifum til lækkunar á afkomu.

## Eignir og eiginfjárhlutfall




*Mynd 6 – Eignir í milljörðum króna*

Áætlað er að eignir hækki á næstu árum vegna aukinna fjárfestinga þvert á Orkuveituna. Eiginfjárhlutfall helst stöðugt á tímabilinu, þ.e. frá því að vera 51,5% í 52,2% í lok tímabilsins, en jafnframt er gert ráð fyrir vaxandi arðgreiðslum yfir tímabilið

## Handbært fé 2025-2029 með bundnum innstæðum og markaðsverðbréfum




*Mynd 7 – Milljarðar króna*

Handbært fé frá rekstri er einkum nýtt til fjárfestinga og afborgana af lánum. Þrátt fyrir áætlun um 226 ma.kr. fjárfestingu á tímabilinu er einungis gert ráð fyrir 36,8 ma.kr. lántöku umfram afborganir lána.

Að teknu tilliti til tekjuskattgreiðslna og arðgreiðslna er gert ráð fyrir að handbært fé og bundnar innstæður í árslok 2029 verði 25,2 milljarðar kr.

Heildar arðgreiðslur á tímabilinu eru áætlaðar 33,5 milljarðar kr.

## Heildar fjárfestingar




*Mynd 8 – Milljarðar króna*

Fjárfestingar á tímabilinu 2025-2029 eru í samræmi við fyrri fjárhagspá og gerir fjárhagsspáin ráð fyrir 226,6 milljarða kr. fjárfestingu á tímabilinu. Sýnir mynd hér að ofan hvernig áætlaðar fjárfestingar Orkuveitunnar eru innan spátímabilsins.

Af ofangreindum fjárfestingum er gert ráð fyrir að hlutdeild Carbfix verði 17,8%.

## Lántökur




*Mynd 9 – Milljarðar króna*

Á tímabilinu 2025-2029 er gert ráð fyrir að ný lántaka nemi um 145,4 milljörðum kr.

Á sama tíma er gert ráð fyrir að greiða niður lán um 108,6 milljarða kr.

## Afborganir langtímaskulda og handbært fé frá rekstri




*Mynd 10 – Milljarðar króna*

Árlegar afborganir skulda eru áætlaðar á bilinu 19-25 milljarða kr. á árunum 2025-2029, samtals 108,6 milljarðar kr.

Handbært fé frá rekstri stendur vel undir þeim afborgunum en á móti eru fjárfestingar á tímabilinu miklar sem kallar á viðbótarlántöku.

## Nettó vaxtaberandi skuldir og fjármögnunarhreyfingar




*Mynd 11 – Milljarðar króna*

Nettó vaxtaberandi skuldir endurspegla stöðu vaxtaberandi skulda á móti handbæru fé, markaðsverðbréfum og bundnum innlánum.

Nettó vaxtaberandi skuldir hækka um 17,2 milljarða kr. á árinu 2024, þar af eru verðbætur áætlaðar 4,8 milljarða kr. Gert er ráð fyrir hækkun nettó vaxtaberandi skulda á tímabilinu um 51,2 milljarða kr., þar af 21,7 milljarða kr. vísitöluhækkun verðtryggðra lána á sama tímabili.

## Eigið fé




*Mynd 13 – Milljarðar króna*

Eigið fé Orkuveitunnar eykst um 31,0 milljarða kr. á tímabilinu 2025-2029. Til viðbótar hækkuninni myndast hlutdeild minnihluta í eiginfé Orkuveitunnar að fjárhæð 30,1 milljarða kr. árið 2029.

## Lykiltölur

Markvisst er unnið að því að styrkja fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að ná og viðhalda settum markmiðum um stöðu lykiltalna í rekstri s.s. veltufjárhlutfall, eiginfjárhlutfall, vaxtaþekju o.fl.

Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum til samræmis við áherslur í eigendastefnu Orkuveitunnar og beitt er stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond Budgeting).

Í samræmi við eigendastefnu Orkuveitunnar eru í gildi arðgreiðsluskilyrði fyrir fyrirtækið. Þau fela í sér að fjárhagsleg markmið arðgreiðsluskilyrða, sem sjá má hér til hliðar, skulu uppfyllt áður en ákveðið er að greiða arð til eigenda og eftir að arður hefur verið greiddur.

Arðgreiðslur eru áætlaðar 33,5 milljarðar kr. á tímabilinu og gera spár samstæðunnar ráð fyrir því að öll arðgreiðsluskilyrði séu uppfyllt á sama tíma.




*Markmið > 40%*




*Markmið > 3,5*




*Markmið > 1,0*




*Markmið > 13%*









# SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

## LEIÐARLJÓS

*Leiðarljós Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.*

## SKIPURIT

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) er skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna sex sem eru eigendur liðsins. Slökkviliðsstjóri sér um daglega stjórn SHS. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Starfsemi SHS skiptist í tvö kjarnasvið, aðgerðasvið og forvarnasvið, og þrjár stoðeiningar. Stjórnendur sviða og stoðeininga skipa framkvæmdastjórn SHS ásamt slökkviliðsstjóra.



# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025-2029

Að teknu tilliti til hækkun verðlags, fjölgun starfsmanna, kjarasamningsbundinna launahækkana og launaþróunar er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar verði samkvæmt eftirfarandi töflu.

| *Fjárhæðir í þús.kr.* | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Fimm ára áætlun 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | | | | | | |
| **Tekjur samtals** | **4.786.924** | **5.185.200** | **5.672.000** | **5.794.500** | **5.934.500** | **6.171.500** | **6.171.500** |
| Laun og launatengd gjöld | 3.862.868 | 4.301.000 | 4.704.000 | 4.819.500 | 4.951.500 | 5.083.500 | 5.083.500 |
| Annar kostnaður | 628.744 | 762.000 | 730.000 | 737.000 | 745.000 | 850.000 | 850.000 |
| Afskriftir | 134.279 | 160.000 | 220.000 | 220.000 | 220.000 | 220.000 | 220.000 |
| **Gjöld samtals** | **4.625.891** | **5.223.000** | **5.654.000** | **5.776.500** | **5.916.500** | **6.153.500** | **6.153.500** |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði** | **161.033** | **-37.800** | **18.000** | **18.000** | **18.000** | **18.000** | **18.000** |
| Fjármagnsliðir | 47.457 | 20.000 | -13.000 | -13.000 | -13.000 | -13.000 | -13.000 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir skatta** | **208.490** | **-17.800** | **5.000** | **5.000** | **5.000** | **5.000** | **5.000** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **208.490** | **-17.800** | **5.000** | **5.000** | **5.000** | **5.000** | **5.000** |

# STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 230 | 230 | 236 |
| Fjöldi stöðugilda | 222 | 225 | 236 |
| Stöðugildi eftir þjónustuþáttum: | | | |
| Aðgerðasvið | 193 | 193 | 203 |
| Forvarnasvið | 14 | 17 | 17 |
| Stoðsvið | 15 | 15 | 16 |

# SKIPTING REKSTRAR 2025




# HLUTVERK

Hlutverk SHS er að sinna eldvarnaeftirliti, forvörnum og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt að sinna björgun fastklemmds fólks og öðrum þeim störfum sem því er falið samkvæmt lögum og samningum þar að lútandi. SHS sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu skv. samningi við ríkið.

# MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING 2025

## Rekstrartekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2025 eru um 5.672 m.kr., sem er 10,8% hækkun miðað við áætlun 2024 en um 94% hækkun miðað við útkomuspá.

Tekjur frá eigendum eru 2.976 m.kr. eða ríflega 52% af heildartekjum og hækka samtals um 324 m.kr. (12,2%) frá 2024. Tekjur af sjúkraflutningum eru tæplega 43% af heild eða um 2.429 m.kr. og hækka um 232 m.kr. (10,6%). Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 267 m.kr. eða um 5% af heildartekjum.

## Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Framlag til rekstrar verði 2.815 m.kr. sem er um 297 m.kr. (11,8%) hækkun á milli ára, þar vegur þyngst um 165 m.kr. hækkun vegna fjölgunar um tíu stöðugildi í varðliðinu skv. ákvörðun stjórnar frá 28. júní 2024. Byggir sú fjölgun á athugasemdum HMS um að ófullnægjandi mönnun valdi því að viðbragðsgeta liðsins standist ekki viðmið og telur stjórn SHS rétt að bregðast við strax, fremur en að bíða með fjölgun starfsfólks fram að fyrirhugaðri fjölgun slökkvistöðva á þjónustusvæðinu í samræmi við samþykkt stjórnar og eigenda um framtíðaruppbyggingu SHS. Önnur hækkun kemur til vegna hækkunar á launa- og neysluvísitölu og vegna aukins launakostnaðar í tengslum við fyrirsjáanlega launaþróun starfsmanna varðliðsins vegna menntunar og starfsþróunar 2025.

## Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlag vegna almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS) hækki um 20,4 m.kr. Þar vegur þyngst fjölgun um eitt stöðugildi í almannavörnum, ásamt áætlaðri hækkun launavísitölu 2025. Stjórn SHS samþykkti þann 7. febrúar 2024 að fjölga starfsmönnum AHS um einn, en fyrir var einn starfsmaður starfandi að málefnum nefndarinnar ásamt framkvæmdastjóra AHS sem er einnig slökkviliðsstjóri. Álag og verkefni almannavarna á höfuðborgarsvæðinu hafa aukist til muna á undanförnum árum, m.a. vegna aukinna áherslna sveitarfélaga á málaflokkinn. Verkefnin fela m.a. í sér skipulag og samræmingu verklags, reglubundið mat áhættu og áfallaþols, skilgreiningu leiða til áhættuminnkunar og útgáfu áhættumats, viðbragðs- og neyðaráætlana, leiðbeininga og fræðsluefnis.

## Framlag í fjárfestingarsjóð

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarframlag eigenda fyrir árið 2025 verði 117 m.kr., miðað við gengi SDR 9. ágúst 2024, sem er 6,9 m.kr. (6,3%) hækkun miðað við árið á undan.

## Tekjur af sjúkraflutningum – ríkissjóður

Heildartekjur af sjúkraflutningum 2025 eru áætlaðar 2.429 m.kr. sem er um 232 m.kr. (10,6%) hækkun miðað við áætlun 2024 og um 8,8% miðað við útkomuspá 2024., þar af er um 6,6% vegna áætlaðrar hækkunar á vísitölum. Frá og með 1. janúar 2025 hækka verð í samningnum í samræmi við vegna meðaltalshækkun launavísitölu (86%) og neysluvísitölu (14%), miðað er við nóvembervísitölu ár hvert. Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir að fjöldi almennra sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda

flutninga 2024 auk hlutfallslegrar fjölgunar íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (2,6%) en fjöldi millispítalaflutninga standi í stað á milli ára og því verði meðaltalsfjölgun tæplega 1,7%. Samningur SHS um sjúkraflutninga við Sjúkratryggingar Íslands gildir til loka febrúar 2027 og heimilt er að framlengja um allt að þrjú ár.

### Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur lækki um 9,5 m.kr. milli ára. Meginástæða er óvissa um framtíðarhlutverk björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð, þar sem almannavarnadeild RLS og Neyðarlínan hafa ákveðið að leita að nýju húsnæði fyrir sína starfsemi.

### Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur hækki í takt við verðlag og verði um 137 m.kr. 2025.

### Rekstrargjöld

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 5.434 m.kr. á árinu 2025 sem er um 491 m.kr. (9,9%) hækkun frá áætlun 2024 og um 7,3% miðað við útkomuspá. Laun og launatengd gjöld hækka um 438 m.kr. (10,3%) og annar rekstrarkostnaður um 53 m.kr. (7,8%) frá áætlun 2024, en um 2,5% miðað við útkomuspá ársins.

### Launakostnaður

Gert er ráð fyrir að heildarlaunakostnaður hækki um 438 m.kr. (10,3%) 2025 miðað við áætlun 2024 og um 9,4% m.v. útkomuspá, vegna áætlaðrar launahækkunar, fjölgunar stöðugilda og launaþróunar. Áætlunin gerir ráð fyrir að ríflega fjórðungur varðliðsmanna fari upp um launaflokka vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar 2025. Kjarasamningar eru lausir frá því í mars 2024, en gert er ráð fyrir að hækkun launa verði í takt við þjóðhagsspá Hagstofunnar frá apríl 2024, þ.e. launakostnaður hækki um 5% á ársgrundvelli.

### Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði. Undir þennan lið falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (5,0%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (3,2%), s.s. matarkostnaður, vinnufatnaður, námskeið, tryggingar og tölvubúnaður. Áætlunin gerir ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði um 730 m.kr. 2025, sem er hækkun um 53 m.kr. (7,8%) miðað við áætlun 2024, en um 32 m.kr. (-4,2%) lækkun miðað við útkomuspá.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Fjárhagsáætlun 2025 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 16. apríl 2024. Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftar ef þörf er á. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur þó reglubundið eftirlit með mönnun og viðbragðstíma, búnaði og tækjum, menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og stöðu reykkafara.

Núverandi brunavarnaáætlun var framlengd fram á haust 2024. Vinna við nýja áætlun stendur yfir og gert er ráð fyrir að hún liggi fyrir á næstu mánuðum. Fjárhagsáætlun 2025 er því með fyrirvara um breytingar á mönnun, meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja, en samþykki HMS á brunavarnaáætluninni er háð því að SHS uppfylli þau viðmið sem lögð eru þar til grundvallar. Kjarasamningur SHS og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna rann út 31. mars sl., enn er ósamið en gert er ráð fyrir að samið verði á næstu viku.

Stjórn SHS samþykkti á fundi sínum 28. júní sl. að fjölga um tíu stöðugildi í varðliðinu árið 2025 og sjö árið 2026 til þess að mæta viðmiðum um viðbragðsgetu liðsins, en jafnframt m.t.t. áætlaðrar fjölgunar starfsfólks í samræmi við samþykkt stjórnar og eigenda um framtíðaruppbyggingu SHS. Einnig var samþykkt að fjölga um eitt stöðugildi vegna almannavarna vegna aukins álags og fjölgunar verkefna. Fjárhagsáætlun ársins gerir ráð fyrir að launahækkanir starfsmanna SHS á næsta ári og aðrar verðlagshækkanir verði í takt við það sem kemur fram í þjóðhagsspá Hagstofu frá apríl 2024.

Helstu verkefni aðgerðasviðs eru slökkvistörf og sjúkraflutningar. Heildarfjöldi boðana á árinu 2025 er áætlaðar ríflega 43 þúsund, sem skiptist í tæplega 42 þúsund boðanir sjúkrabifreiða og ríflega 1 þúsund boðanir slökkvibifreiða.

Stoðeiningar SHS sinna bókhaldi, launum, innheimtu, uppgjörum og áætlanagerð, vinna greiningar á rekstri og aðrar stjórnendaupplýsingar, sinna stjórnsýslulegum erindum, stefnumótun, innra eftirliti, mannauðsmálum, rekstri tölvukerfa og þróun hugbúnaðar fyrir rekstur, aðgerðir og forvarnir. Stoðeiningarnar vinna náið saman og með starfsmönnum aðgerðasviðs og forvarnasviðs að uppbyggingu og viðhaldi þjónustu liðsins við eigendur þess og almenning á höfuðborgarsvæðinu.

## FRAMLÖG

| Greiðslur sveitarfélaga | Á-2024 | Á-2025 | Breytingar | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Vegna reksturs SHS | 2.518.500 | 2.815.000 | 296.500 | 11,8% |
| Vegna fjárfestinga SHS | 110.100 | 117.000 | 6.900 | 6,3% |
| Vegna reksturs almannavarna AHS | 23.600 | 44.000 | 20.400 | 86,4% |
| Alls: | 2.652.200 | 2.976.000 | 323.800 | 12,2% |
| **Sundurliðun á sveitarfélag** | | | | |
| **Reykjavík** | 1.490.214 | 1.670.261 | 180.047 | 12,1% |
| Vegna reksturs SHS | 1.415.103 | 1.579.926 | 164.823 | 11,6% |
| Vegna fjárfestinga SHS | 61.863 | 65.667 | 3.803 | 6,1% |
| Vegna reksturs almannavarna AHS | 13.247 | 24.668 | 11.421 | 86,2% |
| **Kópavogur** | 430.204 | 479.931 | 49.727 | 11,6% |
| Vegna reksturs SHS | 408.521 | 453.975 | 45.454 | 11,1% |
| Vegna fjárfestinga SHS | 17.859 | 18.869 | 1.009 | 5,7% |
| Vegna reksturs almannavarna AHS | 3.824 | 7.088 | 3.264 | 85,3% |
| **Hafnarfjörður** | 330.737 | 373.550 | 42.813 | 12,9% |
| Vegna reksturs SHS | 314.067 | 353.347 | 39.280 | 12,5% |
| Vegna fjárfestinga SHS | 13.730 | 14.686 | 956 | 7,0% |
| Vegna reksturs almannavarna AHS | 2.940 | 5.517 | 2.577 | 87,7% |
| **Garðabær** | 205.382 | 232.895 | 27.513 | 13,4% |
| Vegna reksturs SHS | 195.030 | 220.299 | 25.269 | 13,0% |
| Vegna fjárfestinga SHS | 8.526 | 9.156 | 630 | 7,4% |
| Vegna reksturs almannavarna AHS | 1.826 | 3.440 | 1.614 | 88,4% |
| **Mosfellsbær** | 145.262 | 163.532 | 18.270 | 12,6% |
| Vegna reksturs SHS | 137.940 | 154.687 | 16.747 | 12,1% |
| Vegna fjárfestinga SHS | 6.030 | 6.429 | 399 | 6,6% |
| Vegna reksturs almannavarna AHS | 1.291 | 2.415 | 1.124 | 87,0% |
| **Seltjarnarnes** | 50.377 | 55.784 | 5.406 | 10,7% |
| Vegna reksturs SHS | 47.838 | 52.767 | 4.928 | 10,3% |
| Vegna fjárfestinga SHS | 2.091 | 2.193 | 102 | 4,9% |
| Vegna reksturs almannavarna AHS | 448 | 824 | 376 | 84,0% |
| **Kjósarhreppur** | 24 | 48 | 24 | 100,6% |
| Vegna reksturs almannavarna AHS | 24 | 48 | 24 | |

*Fjárhæðir í þús.kr.*

## FJÁRFESTINGAR

Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals um 300 m.kr., þ.e.:

- Viðhald húsnæðis, þ.e. viðhald á útstöðvum, t.a.m. þakviðgerð á Skútahrauni, viðhald og endurbætur á stöðinni á Tunguhálsi og mögulega áframhaldandi viðhald í Skógarhlíð vegna myglu og rakavandamála.
- Reglubundin endurnýjun á ýmsum búnaði til slökkvistarfa.
- Búnaður vegna gróðurelds.
- Æfingaaðstaða fyrir varðliðið.

Tillaga starfshóps, sem skipaður var af stjórn SHS um framtíðaruppbyggingu SHS á höfuðborgarsvæðinu þar sem meginmarkmið var að bæta viðbragðstíma slökkviliðsins á svæðinu, var samþykkt á fundi stjórnar 14. desember 2023.

Tillögunni er skipt upp í þrjá áfanga, sem ná frá 2024 til 2031. Fyrsti áfangi er bygging á nýrri útkallsstöð við Tónahvarf í Kópavogi, undirbúningur er þegar hafinn. Stöðin er viðbót við þær sem fyrir eru og því mun þurfa að fjölga slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum til að manna nýja stöð. Gert er ráð fyrir að ný

stöð verði tekin í notkun 2027. Annar áfangi felur m.a. í sér að starfsemi í Skógarhlíð flyst í nýja björgunarmiðstöð og samhliða því myndi verða fundin ný staðsetning fyrir útkallstöðina í Skógarhlíð á BSÍ reitnum eða þar í nágrenni. Jafnframt er gert ráð fyrir að byggð verði ný útkallsstöð í björgunarmiðstöðinni eða þar í nágrenni sem myndi þá leysa stöðina á Tunguhálsi af hólmi. Þriðji áfangi gerir ráð fyrir að nýrri stöð verði bætt við í Hafnarfirði til að bæta viðbragðstíma á Völlunum og nágrenni.

Áhrifa af uppbyggingu á húsnæði fyrir slökkviliðið og viðhaldi núverandi húsnæðis mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur SHS er fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga.

Miðað við núverandi útkomuspá verður rekstrarniðurstaða heldur verri en áætlað var eða neikvæð um 18 m.kr.

Áætlun 2025 gerir ráð fyrir að 5 m.kr. afgangur verði að rekstur samstæðu.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | Raun 2021 | Raun 2022 | Raun 2023 | Útkpsá 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | |
| Fjöldi boðana sjúkrabifreiða | 42.154 | 40.586 | 40.305 | 41.000 | 41.700 |
| Fjöldi boðana slökkviliðs | 1.312 | 1.550 | 1.582 | 1.500 | 1.500 |
| Fjöldi skoðaanna/umsagna forvarnasviðs | 2.400 | 2.400 | 2.400 | 2.450 | 2.500 |
| | | | | | |
| Eiginfjárhlutfall | 76,5% | 74,5% | 75,4% | 74,5% | 74,5% |
| Veltufjárhlutfall | 1,7 | 1,9 | 1,9 | 1,9 | 1,5 |
| Skuldsetningarhlutfall | 8,3% | 8,5% | 7,4% | 7,1% | 7,0% |
| Uppgreiðslutími langtímaskulda | 0,3 | 2,8 | 2,8 | 1,3 | 1,3 |
| | | | | | |


STÁLAND

# STRÆTÓ BS.

## LEIÐARLJÓS

*Strætó bs. stuðlar að sjálfbærum, öruggum og skilvirkum samgöngum. Markmiðið er að bjóða upp á trausta og hagkvæma almenningssamgöngur sem dregur úr umhverfisáhrifum og stuðlar að betri lífsgæðum íbúa. Strætó leggur áherslu á að bæta þjónustu við notendur, auka aðgengi og tryggja öryggi farþega í allri starfsemi sinni.*

## SKIPURIT

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Helsta hlutverk þess er að veita almenningssamgöngur í samræmi við fjárhagsramma og nýta fjármagn á sem skilvirkastan hátt til að mæta þörfum og væntingum viðskiptavina. Strætó bs. veitir landshlutasamtökum sveitarfélaga faglega ráðgjöf um skipulag almenningssamgangna á landsbyggðinni. Þá sinnir Strætó einnig akstursþjónustu fyrir fatlaða og aldraða, sem er mikilvægur þáttur í að tryggja aðgengi að samgöngum fyrir alla hópa samfélagsins.




Pant akstur er sérsniðin þjónusta fyrir fatlaða og aldraða einstaklinga sem eiga í erfiðleikum með að nýta almenningssamgöngur eða einkabíla. Strætó sér um framkvæmd þessarar þjónustu í samræmi við samninga við Reykjavíkurborg, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Stjórn Pant er skipuð fimm fulltrúum, tveimur sérfræðingum í málefnum fatlaðra og tveimur í fjármálum sem koma frá sveitarfélögunum ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. Þjónustuhópur er skipaður tveimur fulltrúum frá stjórn Pant akstri ásamt ÖBÍ, Þroskahjálp, Hópbílum og sviðsstjóra Pant aksturs. Hlutverk þjónustuhóps er að vera samráðsvettvangur þeirra aðila sem koma að þjónustunni, hafa eftirlitshlutverk með framkvæmd þjónustunnar og fjalla um hluti sem betur mættu fara.




## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025-2029

| *Fjárhæðir í þús.kr.* | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Fimm ára áætlun 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 11.089.220 | 11.831.873 | 14.392.467 | 14.126.461 | 15.297.390 | 15.274.118 | 15.205.660 |
| **Tekjur samtals** | **11.089.220** | **11.831.873** | **14.392.467** | **14.126.461** | **15.297.390** | **15.274.118** | **15.205.660** |
| Rekstrarkostnaður | 11.039.410 | 11.365.135 | 13.907.297 | 13.826.461 | 14.997.390 | 14.974.118 | 14.905.660 |
| Afskriftir | 277.057 | 228.005 | 228.005 | 300.000 | 300.000 | 300.000 | 300.000 |
| **Gjöld samtals** | **11.316.468** | **11.593.141** | **14.135.302** | **14.126.461** | **15.297.390** | **15.274.118** | **15.205.660** |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði** | **-227.248** | **238.733** | **485.169** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| Fjármagnsliðir | -146.899 | -160.104 | -155.000 | | | | |
| **Rekstrarniðurstaða** | **-374.146** | **78.628** | **102.164** | **0** | **0** | **0** | **0** |

## STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 247 | 275 | 289 |
| Fjöldi stöðugilda | 222 | 215 | 248 |
| Stöðugildi eftir þjónustuþáttum: | | | |
| Vagnstjórar | 147 | 150 | 170 |
| Bein þjónusta við farþega | 8 | 8 | 12 |
| Leiða- og samgöngunet | 6 | 6 | 6 |
| Rekstrarþjónusta | 23 | 20 | 20 |
| Rekstrarstýring | 13 | 11 | 15 |
| Skrifstofa og stjórnun | 15 | 12 | 15 |
| Pant akstur | 10 | 8 | 10 |

## SKIPTING REKSTRAR 2025







## HLUTVERK

Hlutverk Strætó bs. felst í því að annast skipulag og framkvæmd almenningssamgangna í samræmi við opinbera stefnumörkun og þjónustusamninga. Strætó ber ábyrgð á að tryggja skilvirka, örugga og hagkvæma samgönguþjónustu með því að samræma leiðarkerfi, tímaáætlanir og aðgengi fyrir alla farþega. Mikilvægt er að nýta fjármuni samfélagsins á sem bestan hátt og stuðla að sjálfbærum ferðavenjum í samræmi við umhverfisstefnu. Að auki veitir Strætó faglega ráðgjöf og stuðning við landshlutasamtök sveitarfélaga varðandi samningagerð við verktaka sem og ráðgjöf um leiðakerfi og áætlunartíma.

Hlutverk Pant akstur er að tryggja öruggan og aðgengilegan samgöngumáta fyrir einstaklinga sem þurfa sérsniðna þjónustu í stað hefðbundinnar almenningssamgangna. Þjónustan miðar að því að auka sjálfstæði notenda með því að veita þeim aðgang að nauðsynlegri þjónustu, atvinnu, námi og félagslegum viðburðum. Markmiðið er að stuðla að bættum lífsgæðum og félagslegri þátttöku þessara hópa með því að bjóða upp á sveigjanlegan og aðlagaðan akstur sem tekur mið af sértækum þörfum hvers og eins.

# MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Forsendur fjárhagsáætlunar Strætó fyrir árið 2025 og forsendur fimm ára áætlunar 2025-2029, er unnin samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu frá júní 2024.

**Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar**

| Breytingar milli ársmeðaltala % | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 0,5 | 0,9 | 3,0 | 2,8 | 2,6 | 2,6 | 2,5 |
| Samneysla | 2,2 | 1,4 | 0,8 | 0,7 | 0,9 | 1,0 | 1,0 |
| Atvinnuleysi, % af vinnuafli | 3,4 | 4,2 | 4,2 | 4,1 | 4,0 | 4,0 | 4,0 |
| Vísitala neysluverðs | 8,7 | 5,2 | 3,2 | 2,7 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| Þróun laun | 9,8 | 6,8 | 5,0 | 4,3 | 4,1 | 4,1 | 4,1 |

Tafla 1: Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%). Ekki er spáð fyrir launavísitölu og er hún því reiknuð sem breyting á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Um það bil helmingur aksturs almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu er í höndum verktaka. Verðlagsgrunnur samninga við þessa verktaka byggist á samsettri vísitölu, sem tekur mið af bæði launaþróun og nokkrum undirvísitölum neysluverðsvísitölu, nefndri „strætóvísitala“. Viðmiðin eru mismunandi eftir því hvort samningurinn nær til dísilvagna eða vagna sem knúnir eru með hreinni orkugjöfum. Þessar vísitölur eru hannaðar til að endurspegla sem best forsendur við rekstur strætisvagna. Verðlagsgrunnur samninga við verktaka í Pant akstri byggist einnig á samsettri vísitölu, sem tekur tillit til bæði launaþróunar og undirvísitölu neysluverðsvísitölu.

Megináherslur og fjárhagslegar breytingar mótast af áskorunum síðustu ára, einkum vegna áhrifa heimsfaraldursins. Mikil verðbólga og hátt olíuverð hafa leitt til aukins rekstrarkostnaðar, á meðan eldri vagnaflotar kallar á meiri viðhaldskostnað og hefur neikvæð áhrif á öryggisstig þjónustunnar.

Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur aukist um 24%, sem skýrist helst af innkomu ríkisins í samræmi við samgöngusáttmála sem undirritaður var í ágúst 2024. En samgöngusáttmálinn snýr að uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040. Meginmarkmið sáttmálans er að bæta almenningssamgöngur, draga úr umferðarþunga auka umferðaröryggi og minnka mengun með orkuskiptum og sjálfbærum samgöngulausnum. Í september 2024 var innleidd ný greiðsluleið með snertilausum greiðslum, sem er hluti af stafrænum umbótum til að auka aðgengi að almenningssamgöngum. Með þessari nýjung er ekki lengur þörf á að nota sérstakt app til greiðslu, sem gerir þjónustuna aðgengilegri fyrir bæði ferðamenn og þá sem sjaldan nýta sér Strætó.

Á undanförnum árum hefur Strætó glímt við rekstrarerfiðleika, sem hafa leitt til samdráttar í þjónustuframboði. Vagnflotinn er kominn til ára sinna og endurnýjun hefur verið takmörkuð vegna fjárskorts. Vaxandi tíðni bilana í vögnum hefur orðið til þess að ferðir falla oftar niður en áður, sem skapar skort á tiltækum vögnum til þjónustu. Þetta hefur haft neikvæð áhrif á samgönguáætlanir og þjónustustig almenningssamgangna, sem dregur úr getu fyrirtækisins til að viðhalda eða bæta þjónustustig. Með tilkomu samgöngusáttmálans skapast nýjar fjárhagslegar forsendur til að bæta þjónustuna. Þannig mun Strætó hefja úrbætur árið 2025 með það að markmiði að auka þjónustugæði. Þjónustuaukningin felur í sér hærri tíðni ferða á ákveðnum leiðum, sem gerir það að verkum að biðtími

farþega minnkar. Auk þess verður þjónustutími lengdur á kvöldin, sem stuðlar að auknu aðgengi og sveigjanleika í almenningssamgöngum. Þessi breyting mun leiða til betri nýtingar almenningssamgangna og mæta auknum þörfum farþega.

Frá árinu 2019 hefur íbúum á stórhöfuðborgarsvæðinu fjölgað stöðugt. Fjölgun tengist bæði náttúrulegri fjölgun og innflytjendum sem hafa flutt til landsins á síðustu árum. Á þessu tímabili hefur innstigum í Strætó fjölgað einnig töluvert, en þjónustustigið hefur ekki þróast í takt við þessa fjölgun. Afleiðingin er að aukin eftirspurn eftir almenningssamgöngum hefur ekki fengið fullnægjandi svar í formi bættrar þjónustu. Þetta misræmi getur leitt til takmarkaðs aðgengis að ferðum og yfirálags á innviði, þar sem framboð þjónustu nær ekki að mæta vaxandi þörfum farþegahópsins á viðeigandi hátt. Gjaldskrárhækkanir hjá Strætó hafa verið reglulegar síðustu ár til að mæta vaxandi kostnaði vegna hækkandi aðfangaverðs, launakostnaðar og annarra rekstrarútgjalda. Verðlagningin virðist nú hafa náð þeim mörkum þar sem mögulegar frekari hækkanir eru takmarkaðar til að halda þjónustunni á viðráðanlegu verði fyrir notendur.

Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir fjárfestingu í nýjum rafmagnsvögnum til að bregðast við bráðavanda í vagnflotanum og tryggja að þjónustuaukning geti hafist. En til að lágmarka truflanir á leiðakerfi Strætó hefur fyrirtækið tekið nokkra vagna á leigu, þar á meðal einn 18 metra langan vagn. Á háannatímum eru vagnar oft fullsetnir, og því þarf að senda út aukavagna til að mæta eftirspurn. Stefnt er að skoða möguleika á rekstrarleigu vagna til að brúa bilið á meðan beðið er eftir nýjum vögnum, þar sem afhendingartími þeirra er langur, eða um 9 til 12 mánuðir.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

**Vagnstjórar:** gegna lykilhlutverki í almenningssamgöngum og eru ábyrgir fyrir því að flytja farþega á öruggan og skilvirkan hátt samkvæmt áætlunum. Vagnstjórar þurfa að hafa góða akstursfærni, faglega þjónustulund og getu til að bregðast við óvæntum aðstæðum á ferðinni. Með því að viðhalda fagmennsku og samvinnu stuðla þeir að jákvæðri upplifun farþega og heildargæðum almenningssamgangna.

**Bein þjónusta við farþega:** sér um að veita farþegum beinan stuðning, til dæmis með upplýsingagjöf, aðstoð við aðgengi og samskiptum við viðskiptavini. Hlutverk hennar er að tryggja jákvæða upplifun farþega og bregðast við fyrirspurnum.

**Leiða- og samgöngunet:** sér um skipulagningu og hönnun leiðarkerfa, þar með talið ákvarðanir um staðsetningu áfangastaða, tíðni ferða og tengingu milli mismunandi samgöngumáta. Markmið hennar er að tryggja skilvirka flutninga og hámarka aðgengi fyrir farþega, í samræmi við mótaða stefnu.

**Rekstrarþjónusta:** felur í sér viðhald og umsjón með öllum rekstrarbúnaði, þar á meðal strætisvögnum. Deildin tryggir að búnaður og farartæki séu í góðu ástandi, og séu tilbúin til notkunar hvenær sem er.

**Rekstrarstýring:** er ábyrg fyrir samræmingu allra rekstrarþátta, þar með talið flotastjórnunar, mönnunar og vakta. Deildin sér um að tryggja jafnvægi í starfsemi með því að stýra auðlindum og mönnum á skilvirkan hátt, ásamt því að leysa úr daglegum áskorunum.

Skrifstofa og stjórnun: Þessi deild er miðstöð stefnumótunar, fjármálastjórnunar og stjórnsýslu innan almenningssamgangna. Hún ber ábyrgð á áætlanagerð, rekstrar- og fjárhagsstýringu, sem og eftirfylgni með stefnu og árangursmælingum. Hlutverk hennar er að tryggja að allt starf fyrirtækisins sé í samræmi við sett markmið og lögbundnar kröfur.

Þessar deildir vinna saman að því að skapa samræmda og árangursríka þjónustu, sem stuðlar að aukinni notkun almenningssamgangna og bættri upplifun farþega.

Vegna aukningar á þjónustuframboði verður nauðsynlegt að ráða fleiri vagnstjóra. Jafnframt er stefnt að því að styrkja skrifstofu og stjórnunarlið Strætó, þar sem umfangsmikill sparnaður hefur verið við lýði á undanförnum árum. Með þessum aðgerðum er ætlunin að bæta stjórnunarferla og auka getu fyrirtækisins til að mæta kröfum um aukna þjónustu og þróun innan samgöngukerfisins. Þetta mun stuðla að betri samhæfingu og rekstri innan fyrirtækisins til að tryggja skilvirkari stjórnun og þjónustu. Strætó hefur lögbundna heimild til að sekta farþega sem ekki greiða rétt fargjald, misnota afsláttarkjör eða nota falsaða miða. Þrátt fyrir að þessi heimild sé fyrir hendi hefur verið takmarkað eftirlit vegna fjárskorts, sem hefur hamlað framkvæmdinni. Stefnt er þó að því að bæta úr þessu með því að ráða fleiri eftirlitsmenn á árinu 2025. Þessir eftirlitsmenn munu hafa það hlutverk að fylgjast betur með fargjaldagreiðslum og tryggja að reglur séu virtar, sem mun styrkja eftirlitið til muna.



# SORPA BS.

## LEIÐARLJÓS

*Gildi SORPU, sem eru leiðarljós starfsmanna fyrirtækisins, voru ákvörðuð af öllum starfsmönnum. Gildi SORPU eru frumkvæði, traust og samheldni.*

## SKIPURIT

SORPA bs. hefur gengið í gegnum þó nokkrar breytingar á undanförnum fjórum árum. Allt kapp hefur verið lagt á að endurmarka tilgang SORPU gagnvart eigendum og almenningi og byggja upp traust. Í stofnsamþykktum SORPU bs. og eigendasáttmála er skýrt tilgreint að tilgangur SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr 55/2003 fyrir stofnaðila samlagsins. Önnur grein stofnsamþykkta SORPU bs. tilgreinir tilgang SORPU bs.: *„Tilgangur byggðarsamlagsins er að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr 55 / 2003 fyrir sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem eru öll stofnaðilar að því.“*

Árið 2021 samþykkti Alþingi frumvarp sem fól í sér innleiðingu á Evróputilskipan til að skapa skilyrði fyrir myndum hringrásarhagkerfis. Þetta leiddi til töluverðra breytinga á lögum nr 55/2003 sem skilgreina skyldur sveitarfélaga sem SORPA bs. hefur unnið að í samráði við eigendur og tæknimenn þeirra.

Þeim flokkum sem ekki er safnað með sorphirðu við heimili ber sveitarfélögunum skylda til að tryggja að tekið sé við þeim úrgangi á söfnunar- eða móttökustöð sem íbúðar hafa aðgang að. Til að uppfylla þessa lagaskyldu sína hefur SORPA bs. með samningi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu rekið grenndargámakerfi og sex endurvinnslustöðvar. Einnig rekur SORPA bs. móttöku- og flokkunarstöð sem sérhæfir sig í móttöku sérsafnaðs úrgangs og kemur honum í ábyrga úrvinnslu. Með vísan í hringrásarhagkerfi og forgangsröðun í úrgangsmálum þá hafa úrgangsforvarnir fengið stærri sess en áður hefur verið, en að meginstofni til er leitast við að koma úrgangi í betri úrgangsmeðhöndlun sbr. úrgangsþríhyrninginn.

Skipurit SORPU bs. tók nokkrum breytingum á árinu 2024 til að endurspegla vilja eigenda og áherslur í starfseminni. Rekstur móttöku- og flokkunarstöðvar, og urðunarstaðar rann saman á vormánuðum í svið móttöku og flokkunar. Urðun verður mun minni stærð í rekstri SORPU bs. í ár og á komandi árum en hún var fram til loka árs 2023, og var því talið rétt að straumlínulaga og einfalda stjórnskipulag SORPU bs. með þessum hætti.

Undir lok sumars urðu breytingar á stjórnskipulagi endurvinnslu- og grenndarstöðva, og skrifstofu framkvæmdastjóra. Svið samskipta- og viðskiptaþróunar, sem var starfrækt á skrifstofu framkvæmdastjóra, tók yfir rekstur endurvinnslu- og grenndarstöðva og nefnist eftir samrunann þjónustu- og samskiptasvið. Með þessari breytingu verður horft heildrænt á þjónustuhlutverk endurvinnslustöðva og grenndarstöðva og verður starfsemin betur mörkuð af stefnumarkandi áformum stjórnar og eigenda SORPU bs. en áður.

Með breytingum á skipulagi er stigið það skref að færa undir eina stjórn heildarsamræmi málaflokksins, sbr. þjónustusýn SORPU bs., sem skilgreind er í eigendastefnu félagsins, þar sem samspil hirðu við

heimili, grenndarstöðvar og endurvinnslustöðva verður markað af samræmdri sýn og að fjármunir til fræðslu og markaðstarfs nýtist málaflokknum í heild sinni. Góði hirðirinn starfar eftir sem áður sem sjálfstæð eining og mun taka alfarið við rekstri Efnismiðlunar Góða hirðisins á árinu 2025.

Áhættunefnd stjórnar SORPU bs. var auk þess komið á fót á árinu, og er henni ætlað að veita stjórn SORPU bs. og áhættustýringu SORPU bs. stuðning og aðhald.

Stofnuð var starfskjaranefnd til að meta kjör stjórnar og framkvæmdastjóra SORPU bs. með hlutlægum hætti og mun hún koma með tillögur til stjórnar SORPU bs.

Kostnaðaraðhald er mikilvægt í rekstri SORPU bs. Af þeim sökum var ráðist í verkefni með það að markmiði að draga úr kostnaði í úrgangsmeðhöndlun, þjónustuveitingu og í rekstri. Sú vinna skilaði sér í breytingum á skipulagi, en stofnuð var viðhaldsdeild sem er stoðdeild á skrifstofu framkvæmdastjóra á vormánuðum, sem sér um að halda utan um alla viðhaldsþörf á tækjabúnaði SORPU bs. og notkun verktaka og uppbyggingu þekkingar. Þessi skipulagsbreyting, ásamt öðrum  skipulagsbreytingum, skilar sér í lægri kostnaði við rekstur SORPU bs. á komandi ári.




## HLUTVERK

Byggðasamlagið SORPA er í eigu sex sveitarfélaga; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Hlutverk SORPU er að annast móttöku- og flokkun, ásamt meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna. Það felur í sér rekstur á móttöku- og flokkunarstöð, gas- og jarðgerðarstöð, urðunarstað og sex endurvinnslustöðvum. Endurvinnslustöðvar eru reknar samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin. SORPA hefur einnig umsjón með rekstri á grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna og rekur nytjamarkaðinn Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tólf talsins og eru höfuðstöðvar SORPU að Köllunarklettsvegi 1 í Reykjavík.

## LEIÐARLJÓS

Gildi SORPU, sem eru leiðarljós starfsmanna fyrirtækisins, voru ákvörðuð af öllum starfsmönnum. Gildi SORPU eru **frumkvæði**, **traust** og **samheldni**.

Stefna SORPU er að stuðla að bættri úrgangsmeðhöndlun í samræmi við markmið laga um úrgangsmeðhöndlun og hringrásarhagkerfið. Öll starfsemi SORPU og innviðauppbygging gengur út á að færa eins mikið af úrgangi úr neðri þrepum úrgangsþríhyrningsins í efri þrep og auka þannig verðmæti hans og skapa hringrás efnanna.

SORPA er leiðandi á sínu sviði er kemur að fræðslu og upplýsingamiðlun um ábyrga flokkun og meðhöndlun efnis. Það er SORPU mikið kappsmál að tryggja rekjanleika úrgangs frá uppruna til meðhöndlunar og er lögð mikil áhersla á gagnasöfnun, vinnslu og miðlun upplýsinga til eigenda, almennings og annarra hagaðila.

SORPA bs. hefur tekið að sér leiðandi hlutverk í að kanna fýsileika þess að byggð verði hátæknibrennsla á Íslandi. Fýsileikakönnun hefur leitt í ljós að töluvert hagkvæmara er að brenna blandaðan úrgang hér á landi og munu hliðgjöld lækka verulega til hagsbóta fyrir almenning og atvinnulíf. Ótalin eru jákvæð áhrif á orkuöflun þjóðarinnar en töluvert magn af háþrýstri gufu verður til sem nýst getur í raforkuframleiðslu. Einnig má finna fyrir auknum áhuga atvinnulífs á því að fá koltvísýring frá slíkri starfsemi í frekari hráefnisvinnslu t.d. til að framleiða rafeldsneyti.




## FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

Skilgreind markmið áætlunarinnar og helstu forsendur voru metnar m.t.t. þeirra forsendna sem fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar sendi frá sér til SORPU bs. til að hafa til hliðsjónar við áætlunarvinnuna. Þar var miðað við að þróun launa yrði 5% til hækkunar á næsta ári og vísitala neysluverðs myndi hækka um 3,2% á árinu 2025. Fyrir áætlun um vöxt tekna og gjalda fyrir árin 2026-2029 var notast við sömu forsendur og fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar sendi frá sér.

Lykilmarkmið sem stjórnendur SORPU bs. settu sér við áætlunarvinnuna var að bæta sjóðsstreymi SORPU bs., bæta fjárfestingargetu og að gjaldtaka fyrir þjónustuna yrði í samræmi við raunkostnað og að hún

myndi ekki hækka á milli ára þrátt fyrir umtalsverða hækkun vísitölu neysluverðs og launahækkana. Var þetta markmið talið raunhæft m.a. með miklum hagræðingar aðgerðum í rekstri árið 2024, og munu koma að fullu fram á árinu 2025. Það markmið náðist og tekst líka að lækka nokkra gjaldskrárliði.

Lykilbreyta í allri áætlanagerð SORPU bs. er spá um það magn úrgangs sem SORPA bs. fær til meðhöndlunar. Greining SORPU bs. Gerir ráð fyrir 2% magnaukningu á úrgangi á öllum starfsstöðvum. Það er hægur sígandi í magni sem berst til GAJA en áætlanir eru enn frekar varfærnar er kemur að magni. Enn eru tækifæri að ná meira af lífrænu efni úr blönduðum úrgangi frá heimilum og lögaðilum en lögin eru skýr með að sérsafna beri þessari tegund úrgangs. Einnig telja stjórnendur SORPU bs. tækifæra liggja í matvælum í umbúðum á heildsölu og smásölustigi og verður efnt til átaks og samvinnu við aðila á markaði.

Lagt var upp með að breyta kostnaðarskiptinu á yfirbyggingu SORPU bs. á einstakar deildir. Hvatinn til að gera þessa breytingu var tvíþættur; annarsvegar til að endurspegla með betri og sanngjarnari hætti þá þjónustu sem einstakar deildir fá hjá yfirstjórninni og hinsvegar að ESA sáttin gerir þá kröfu að kostnaðarskipting á þessum þætti rekstrar SORPU bs. sé gagnsæ og gerð með hlutlægum hætti. ESA sáttin mun gera það að verkum að þessi breyting í áætlanargerð er nauðsynleg, en mögulegt hefði verið að framkvæma hana fyrir áætlunina fyrir árið 2026). Stjórnendur SORPU bs. telja samt sem áður rétt að hrinda þessari breytingu strax í framkvæmd. Það eru allar líkur á að frekari breytingar verði nauðsynlegar eftir ár og því hagkvæmt að innleiða þær breytingar sem nauðsynlegar eru strax. Skoðaðar voru nokkrar leiðir og var það niðurstaðan að sú aðferðafræði sem best endurspeglaði þá raunþjónustu sem deildir eru að fá væri að skipta þessum kostnaði niður eftir veltu sem deildir hafa hlutfallslega af heildarveltu SORPU bs.

Öll verkefni SORPU bs. eru nú arðsemismetin með 12% ávöxtunarkröfu og forgangsraðað með hlutlægum hætti og hefur það áhrif á áætlunargerðina ásamt því að stefnan er sú að arðsemi eigin fjár sé 5%. Miklar afskriftir sem nauðsynlegar eru vegna flokkunarlínu, sem tekin var í gagnið árið 2021 og varð óþörf þegar sérflokkun á lífrænum úrgangi hófst á heimilum, hefur neikvæð áhrif á arðsemi fyrir árin 2024 og 2025.

Gert er ráð fyrir því í áætlunum SORPU bs. að félagið muni taka þátt í stofnun undirbúningsfélags að uppbyggingu og rekstri sorpbrennslustöðvar með stofnframlagi að fjárhæð 25 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að með-stofnendur verða Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið og Kalka sf. Áætlaður þróunartími er 2 ár og er gert ráð fyrir að félagið auki virði sitt og að þróunartíma loknum verði fjárfestum boðið að koma að félaginu. Verður þá tekin afstaða til þess hvort SORPA muni áfram eiga hlut í félaginu eða selja sinn hlut.

## ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTASVIÐ (ÁÐUR ENDURVINNSLUSTÖÐVAR)

***Nýtt sameinað svið***

Sameinað svið þjónustu og samskipta hefur tekið við rekstri endurvinnslustöðva SORPU bs.. Með því er stefnt að því að efla enn frekar þjónustu við íbúa á höfuðborgarsvæðinu og samræma enn betur þær upplýsingar sem SORPA bs. miðlar til almennings um úrgangsforvarnir, flokkun og annað er við kemur

meðhöndlun úrgangs frá heimilum. Þjónustu- og samskiptasvið heldur þannig utan um flestar snertingar SORPU bs. við almenning.

### *Svæðaskipting höfuðborgarsvæðisins*

Samhliða þessu verður aukin áhersla lögð á miðlun upplýsinga milli starfsfólks og stjórnenda á endurvinnslustöðvum. Höfuðborgarsvæðinu verður skipt upp í fjögur svæði, þar sem svæðisstjórar munu bera ábyrgð á rekstri einnar til tveggja endurvinnslustöðva á hverju svæði, og er einnig ætlað að bæta ásýnd og umhirðu um grenndarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu öllu. Við þetta verður hlutverk SORPU bs. í rekstri grenndarstöðva enn skýrara og öflugra, en hingað til hefur borið á að þetta sé ekki fyllilega skýrt í hugum íbúa.

### *Lokun á Dalvegi 1. september*

Endurvinnslustöðin við Dalveg í Kópavogi lokar 1. september 2025. Rekstraráætlun SORPU bs. endurspeglar þetta, þar sem gert er ráð fyrir að stöðugildi á endurvinnslustöðvum verði færri á síðasta ársþriðjungi ársins 2025 en fyrri tvo þriðjunga. Lokunin mun auka álag á nærliggjandi endurvinnslustöðvar, einkum stöðvarnar við Sævarhöfða og Jafnasel, sem þegar eru við þolmörk. Til að sporna við þessu verður þeim skilaboðum beint til íbúa á sunnanverðu höfuðborgarsvæðisins að nýta eins og kostur en endurvinnslustöðina við Breiðhellu í Hafnarfirði. Stöðin er sú nýjasta og öflugasta á höfuðborgarsvæðinu, og hægt að taka við fleiri viðskiptavinum þar en nú er gert. Stjórnendur SORPU bs. munu auk þess leita annarra leiða til að koma í veg fyrir þjónustuskerðingu við íbúa á austanverðu höfuðborgarsvæðinu.

### *Textíll*

SORPA bs. tók á miðju ári 2024 við söfnun og meðhöndlun á textíl frá Rauða krossinum. Kostnaður vegna þessa mun að langmestu leyti leggjast á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, og er kostnaðarauki við söfnun og meðhöndlun á textíl á endurvinnslu- og grenndarstöðvum áætlaður um 250 milljónir króna á árinu 2025.

Sérsöfnun og meðhöndlun á textíl hefur verið innleidd í flestum löndum Evrópu og eru markaðsaðstæður erfiðar í afsetningu textíls til endurnota og endurvinnslu, sem endurspeglar kostnað vegna málaflokksins í gjaldskrá félagsins. SORPA bs. og SSH gerðu með sér samning 2024 um að koma upp flokkun á textíl með það að markmiði að auka endurnot á textíl innanlands. Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið veitti styrk til verkefnisins en það verður unnið hjá Góða hirðinum.

### *Vellíðan og starfsánægja*

Vellíðan og starfsánægja starfsfólks er forgangsatriði hjá SORPU bs. og er stefnt að því að auka enn á vellíðan þess á endurvinnslustöðvum á árinu 2025. Þess vegna verður ráðist í þarfagreiningu og umbótaverkefni á sviðinu til að auka vellíðan og ánægju í starfi á endurvinnslustöðvum.

### *Efnismiðlun Góða hirðisins*

Efnismiðlun Góða hirðisins hefur undanfarin ár verið rekin á endurvinnslustöðvunum við Sævarhöfða og Breiðhellu. Töluverður árangur hefur náðst af rekstri þeirra og á sama tíma ljóst að Efnismiðlun á inni

sóknarfæri. Til að nýta þessi sóknarfæri verður rekstur Efnismiðlunar færður til Góða hirðisins, en hingað til hefur einingin verið rekin innan vébanda endurvinnslustöðva. Til að styðja við verkefnið er stefnt að því að auka sérstaka söfnun á grófum úrgangi til endurnota á endurvinnslustöðvum þar sem því verður við komið.

## GRENNDARSTÖÐVAR

Grenndarstöðvakerfi SORPU bs. er mikilvægur liður í úrgangsstjórnun á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2024 var kerfið samræmt og er nú málmi, gleri, textíl, og flöskum og dósum safnað á því sem næst öllum grenndarstöðvum SORPU bs. . Auk þess er plasti, og pappír og pappa safnað á völdum stöðvum.

Textílsöfnun er, eins og áður segir, nú á ábyrgð sveitarfélaganna, sem SORPA bs. sinnir fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Þessu verkefni fylgir aukinn kostnaður upp á samanlagt 250 milljónir króna á endurvinnslu- og grenndarstöðvum.

Samhliða því að svæðisstjórar SORPU bs. munu bera aukna ábyrgð á ásýnd og umhirðu á rusli sem safnast við grenndarstöðvar hefur SORPA bs. fengið það verkefni úr hendi Reykjavíkur og Kópavogs að starfrækja flokkabíla sem munu sækja það rusl sem skilið er eftir utan við grenndargáma. Kostnaður við verkefnið er áætlaður um 75 milljónir króna, sem færast til úr bókhaldi sveitarfélaganna til SORPU bs.. SORPA bs. mun auk þessa grípa til margþættra aðgerða til að koma í veg fyrir losun á rusli við grenndarstöðvar. Má þar nefna skýrari merkingar á stöðvunum, myndavélaeftirlit og aukna öryggisgæslu við þær stöðvar þar sem algengt er að rusl sé losað í óleyfi.

## GAJA

Stöðug úrbótaverkefni í GAJA til að auka og bæta loftræstingu og loftgæði munu halda áfram árið 2025. Stefnt er að því að helstu verkefni verði í framkvæmdarfarvegi á árinu 2025 og einhver ljúki um lok árs. Áætlaður launakostnaður lækkar um ríflega 14% m.v útgönguspá 2024, eða u.þ.b 28.m.kr og mun kostnaður við bréfpoka færast alfarið á rekstur GAJA.

Umbúðaskilja, sem tekin verður í notkun á fyrsta ársfjórðungi 2025, mun bæta gæði efnis í GAJA, þjónustu við úrgangshafa og bjóða upp á ódýrari valkost við afsetningu á lífrænum úrgangi í umbúðum ásamt því að auka móttöku og vaxtar möguleika GAJA. Nýr gjaldskrárliður verður settur í gjaldskrá um áramótin sem endurspeglar þessa þjónustu.

## GASHREINSISTÖÐ/METAN ehf.

Samþykkt var af stjórn SORPU bs. þann 30. september að Gashreinsistöðin verði aðskilin frá resktri SORPU bs. og sameinuð Metan ehf., sem er dótturfélag SORPU bs. Engin starfssemi er í Metan ehf en stefnt er að því að sú breyting taki gildi þann 1. janúar 2025. Er það fyrsta skrefið í aðskilnaði á efnahagslegri starfsemi SORPU frá lögbundinni starfsemi í samræmi við drög að sátt við ESA.

Tekjuáætlun er hóflega stillt m.v núverandi samninga og reikna má með að tekjur vænkist með nýjum samningum við kaupendur en það er mat stjórnenda SORPU eftir kostnaðargreiningu að heildsöluverð SORPU bs. til smásöluaðila þurfi að vera hærra. Aldur stöðvarinnar er farinn að segja til sín, kominn er

tími á viðhald og útskipti á ýmsum vél- og rafbúnaði og tími komin á kostnaðarsama úttekt á þrýsti hylkjum.

Stjórnendur SORPU telja að nauðsynleg þróun og viðhald hjá Gashreinsistöðinni verði á viðskiptalegum forsendum í einkahlutafélagi sem er í efnahagslegri starfsemi.

## MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ, OG URÐUNARSTAÐUR

Ákveðið var að sameina rekstur móttöku og flokkunarstöðvarinnar í Gufunesi við urðunarstaðinn í Álfsnesi og Bolaöldum. Tilgangurinn með þessu er að stjórnun og rekstur á einingum verði á sama stað til að bæta yfirsýn sem og nýtingu á mannafla og tækjum. Markmiðið er að þessi breyting muni skila bættum rekstri ásamt betri þjónustu við viðskiptavini.

Gripið hefur verið til margvíslegra hagræðingaraðgerða á árinu 2024 sem munu skila sér í bættum rekstri þessara eininga á komandi árum. Hefur SORPA bs. nú í nokkra mánuði unnið að því að minnka notkun verktaka í urðun, timburhökkun og umhirðu svæðisins í Álfsnesi og nú sér SORPA bs. um þessi verk að mestu sjálf. Mun þetta skila bættri rekstrarafkomu sem mun sjást strax á árinu 2025. Með betri nýtingu mannafla og breyttum verkferlum varð ekki þörf á að fjölga stöðugildum við þessar breytingar, en töluverð fækkun varð á fjölda verktaka sem unnu ýmis störf á svæðinu.

Timburhakkari var keyptur til að leysa af hólmi búnað sem kominn var til ára sinna og var útlit fyrir kostnaðarsamar viðgerðir á. Sá hakkari hefur verið staðsettur við Gufunes en með tilkomu nýs hakkara mun timburhökkun hætta í Gufunesi og færast yfir á Álfsnes. Þar er hugað að frekari flokkun á timbri til afsetningar á hér á landi en mest allt timbrið er sent til Svíþjóðar í orkuvinnslu.

Með breyttum lögum sem lögðu þær skyldur á herðar sveitarfélaga um söfnun á textíl er SORPA bs. nú að taka að sér söfnun og afsetningu á því efni. Er þetta kostnaðarsöm vinnsla sem kemur fram á flestum stigum í virðiskeðju SORPU bs. Þessi vinnsla eykur kostnað í grenndarstöðva, endurvinnslustöðva og hjá móttöku og flokkunarstöð, en áætlun 2025 gerir ráð fyrir að kostnaðaraukning við afsetningu og vinnslu textíls hjá móttöku og flokkunarstöð jafnist á móti tekjum.

Í kjölfar árangursríkrar innleiðingar á nýju söfnunarkerfi við heimili hefur forvinnslulínan lokið hlutverki sínu í vinnslu á heimilisúrgangi og kunnum við henni bestu þakkir fyrir sitt framlag. Almennur heimilisúrgangur hefur fundið sinn farveg í brennslu og sérsafnaðar matarleifar frá heimilum halda sína leið til GAJA. Samhliða því að hefja útflutning á sorpi til orkuvinnslu hefur urðað magn minnkað allt að 90%.

## SKRIFSTOFA FRAMKVÆMDASTJÓRA OG FJÁRMÁLASVIÐ

Gengið var frá sátt við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um aðskilnað á efnahagslegri starfsemi SORPU bs. frá lögbundinni starfsemi. Er nú verið að vinna að því að meta hvað útfærsla á starfsemi SORPU bs. verði hagkvæmust út frá sáttinni og er stefnt að því að niðurstaða úr þeirri vinnu liggi fyrir í byrjun árs 2025. Í kjölfar þess verður unnið að nauðsynlegum skipulagsbreytingum á rekstrinum á árinu. Stefnt er að því að breyttur rekstur hefjist 1. janúar 2026.

Mikil tækifæri eru til úrbóta og bættrar þjónustu við viðskiptavini SORPU bs. með því að nýta upplýsingatækni með betri og skilvirkari hætti. Fyrsta skrefið í þeirri vegferð var að ráða upplýsingatæknistjóra sem mun móta upplýsingatæknistefnu og leiða þau verkefni og tækifæri sem eru til staðar. Nokkur af þeim verkefnum sem SORPA bs. horfir til eru möguleg tenging við Ísland.is, sjálfvirk innheimta á vigtum SORPU bs. á móttökustöðvum í Gufunesi, Álfsnesi og GAJU.

Eru öll ný verkefni nú arðsemismetin með núvirðisgreiningu og áhættu og ákvörðun um framkvæmd þeirra nú tekin samkvæmt tölulegum gögnum.

Á skrifstofu framkvæmdastjóra er haldið utan um mannauð, og gæða- og umhverfismál. Einnig er verkefna- og breytingastjórnun SORPU bs. leidd á sviðinu.

## GÓÐI HIRÐIRINN

Góði hirðirinn mun á árinu 2025 halda áfram að sinna sínu mikilvæga hlutverki; að auka vægi endurnota á Íslandi. Stefnt er á að halda áfram að nota samfélagsmiðla, heimasíðu Góða hirðisins og fjölbreytta viðburði á vegum Góða hirðisins til að auka fræðslu og vekja athygli á mikilvægi hringrásarhagkerfisins. Mun uppbygging og þróun vefverslunar halda áfram á árinu 2025.

Góði hirðirinn er mikill stuðningur við endurnotamarkaðinn á Íslandi. Sem dæmi má nefna að Góði hirðirinn er mikilvæg heildsala fyrir önnur markaðstorg. Þátttaka í ýmsum samstarfsverkefnum eru til þess fallin að styðja við endurnot, endurnýtingu, viðgerðir og fræðslu. Sem dæmi um verkefni má nefna stuðning við Fríbúðina í Gerðubergi, Jazzþorpið í Garðabæ og Pop-up fatamarkað á menningarnótt í samstarfi við Reykjavíkurborg. Þá er Góði hirðinn í miklu samstarfi við menningu og listir og hefur í árabil t.d. skaffað fatnað og efni fyrir búningahönnuði, leikmuni fyrir leikhús, sjónvarp og kvikmyndir. Einnig hefur Góði hirðirinn stutt hinar ýmsu innsetningar, lánað húsgöng fyrir ráðstefnu og viðburði svo dæmi séu nefnd.

Góði hirðirinn mun áfram vinna að því að auka endurnot á húsbúnaði og heimilisvöru og öðrum efnisflokkum sem viðskiptavinir þekkja vel og mun halda áfram að vinna að tilraunaverkefnum og þróun á sölu annarra efnisflokka. Áhersla á upplifun og þjónustu við viðskiptavini Góða hirðisins verður einnig í forgrunni á árinu 2025. Um áramót mun rekstur Efnismiðlunar færast undir rekstur Góða hirðisins til að nýta betur tækifæri til að auka samlegðaráhrif, reynslu og þekkingu til að þróa verkefnið áfram. Lögð verður áhersla á að greina markaðinn og gera enn betur gangvart viðskiptavinum með fjölbreyttu vöruframboði, góðri þjónustu og aðgengileika að vöruflokkum Efnismiðlunar Góða hirðisins.

Góði hirðirinn fékk á árinu 2024 styrk frá SSH til að auka endurnot textíls og styðja við þann endurnota markað sem fyrir er. Verkefnið verður eitt af okkar áherslum á árinu 2025, þar sem Sorpa hefur nú tekið við söfnun og meðhöndlun á þessum efnisstraum. Undanfarin ár hefur orðið mikil vitundarvakning hvað varðar endurnot á textíl eins og sjá má á opnun hinna ýmissa Loppumarkaða. Markmið SORPU bs. 2025 er að auka aðgengi félagasamtaka, einkaaðila og annarra áhugasamra að þessum efnisstraum.

## VIÐHALDSDEILD

Til að bæta yfirsýn yfir rekstur á þeim tækjum sem SORPA bs. á, var ákveðið að stofna sérstaka viðhaldsdeild. Allir tæknimenn hjá SORPU bs. hafa verið færðir yfir í þessa deild og mun deildin verða stoðdeild í skipuriti SORPU bs. á skrifstofu framkvæmdastjóra. Öll þjónusta sem viðhaldsdeildin veitir mun verða rukkuð til annarra deilda samkvæmt tímagjaldi og þörf. Með þessu næst betri yfirsýn yfir kostnað SORPU bs. við rekstur og viðhald þeirra tækja sem samlagið á, ásamt því að meta hver raunveruleg mannaflaþörf er í viðhaldi og rekstri tækjanna. Mun í framtíðinni öll endurnýjun á hreyfanlegum tækjabúnaði verða hjá viðhaldsdeildinni sem mun síðan leigja tækin til viðkomandi deilda á kostnaðarverði að viðbættu 5% álagi til að fjármagna endurnýjun tækjanna.

## FJÁRFESTINGAR 2025-2029

Fjárfest verður umtalsvert á mörgum sviðum SORPU bs.

Hjá MTFS verður fjárfest fyrir um 425 milljónir króna.  Í fasteigninni og umhverfi hennar er áætlað að fjárfest verði fyrir 165 milljónir þar sem gert er ráð fyrir 60 milljónum í starfsmannaaðstöðu og svo 50 milljónum í að gera vigtarkerfið sjálfvirkt. Einnig þarf að setja upp girðingu utan um starfssvæðið fyrir um 30 milljónir króna og loks 25 milljónir í aðstöðu til að vinna með textílinn.

Í tækjum er reiknað með að fjárfesta fyrir alls 260 milljónir króna. Gert er ráð fyrir 130 milljónum í böggunarvél fyrir plast og pappír sem lið í að bæta afsetningu á þessum úrgangsflokkum, kaupum á langarmavél ásamt rykbindikerfi fyrir um 90 milljónir og vél fyrir 40 milljónir til að geta flokkað timbur með betri hætti sem skilar hærra afsetningarverði innanlands og erlendis.

Áætlað er að fjárfesta í úrbótaverkefnum í GAJA til að auka afkastagetu stöðvarinnar og lágmarka umhverfisáhrif stöðvarinnar fyrir um 100 milljónir.

Það er markmið SORPU bs. að bæta sjálfvirkni þar sem því verður við komið og auka þjónustustig við viðskiptavini.  Fjölmörg tækifæri eru þar að mati stjórnenda og er áætlað að fjárfesta um 64 milljónum í fjölmörg upplýsingatækni verkefni í þessum tilgangi.

Viðhaldsdeildin mun að mestu leiti taka við fjárfestingum á hreyfanlegum tækjum SORPU bs. og verður fjárfest fyrir um 80 milljónir í nokkrum tækjum sem er hluti af því að SORPA bs. er að taka yfir verkefni sem áður voru á hendi verktaka.

Samtals er áætlað að fjárfesta á næsta ári fyrir um 784 milljón króna.

## STARFSFÓLK

Á árinu 2025 er áætlaður fjöldi stöðugilda 173 og er það fjölgun um 9 stöðugildi.  Er fjölgunin aðallega vegna þess að SORPA bs. er að taka við þrifum á grenndargámum fyrir Reykjavík og Kópavog og er reiknað með 4 stöðugildum vegna þessa og svo 4 stöðugildi vegna meðhöndlunar á textíl sem er nýtt verkefni sem SORPA hefur tekið við.

| | Raun 2020 | Raun 2021 | Raun 2022 | Raun 2023 | Útgönguspá 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 137 | 171 | 181 | 193 | 219 | 224 |
| Fjöldi stöðugilda | 113 | 130 | 142 | 153 | 164 | 173 |
| Stöðugildi eftir þjónustuþáttum: | | | | | | |
| Góði hirðirinn | 22 | 28 | 31 | 35 | 38 | 39 |
| Álfsnes | 14 | 15 | 19 | 23 | 12 | 8 |
| GAJA | | | | | 13 | 12 |
| Gashreinsistöð | | | | | 2 | - |
| Viðhaldsdeild | | | | | | 9 |
| Endurvinnslustöðvar | 38 | 41 | 43 | 44 | 48 | 48 |
| Móttöku- og flokkunarstöð | 25 | 33 | 34 | 34 | 31 | 31 |
| Skrifstofa | 14 | 13 | 15 | 17 | 20 | 22 |
| Grenndarstöðvar  (þrifateymi) | | | | | | 4 |

## STOFNFJÁRFRAMLÖG

Ekki er gert ráð fyrir stofnfjárframlögum frá eigendum á árunum 2025-2029.

## FRAMLÖG VEGNA REKSTURS ENDURVINNSLUSTÖÐVA

Kostnaðaráætlun vegna byggingar á nýrri endurvinnslustöð við Lambhagaveg er nú áætluð á bilinu 1,7-2,3 milljarðar króna.  Ekki er búið að ákveða endanlega útfærslu á stöðinni en reiknað er með að það verði gert í lok október 2024.  Þegar það hefur verið gert mun endanleg kostnaðaráætlun verða kynnt og óskað eftir heimild til lántöku frá eigendum.

## LYKILTÖLUR

| | 2023 | 1/1 -30/6 2024 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall.......................................................... | 0.93 | 1.11 | 1.29 | 1.71 | 1.96 | 2.17 | 2.35 | 2.52 |
| Eiginfjárhlutfall.......................................................... | 59.70% | 61.49% | 62.16% | 62.98% | 65.84% | 68.14% | 70.24% | 72.14% |
| Arðsemi eigin fjár.......................................................... | 1.54% | 3.51% | 4.23% | 9.58% | 9.43% | 7.12% | 6.10% | 5.20% |
| Skuldsetningarhlutfall.................................................. | 35.21% | 33.17% | 31.49% | 30.50% | 25.59% | 21.72% | 18.33% | 15.41% |



# JAFNLAUNASTOFA SF.

## LEIÐARLJÓS

*Leiðarljós Jafnlaunastofu er að útrýma launamisrétti með því að veita sveitarfélögum stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf.*

Jafnlaunastofa sf. er sameignarfélag í eigu Reykjavíkurbogar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tók til starfa þann 1. janúar 2022. Verkefnastofa starfsmats sem áður var staðsett á mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar er staðsett á Jafnlaunastofu. Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa í meira en tvo áratugi átt í farsælu samstarfi á sviði jafnlaunamála í gegnum rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARF. Með stofnun Jafnlaunastofu er þetta samstarf styrkt og útvíkkað í þeim tilgangi að vinna gegn launamisrétti á vettvangi sveitarfélaga hér á landi.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025-2029

| | | Útkomuspá/ | | Fimm ára áætlun | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fjárhæðir í þús.kr.* | Raun 2023 | Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
| Rekstrartekjur | 91.606 | 94.6 | 101.000 | 104.535 | 107.985 | 111.548 | 115.229 |
| Aðrar tekjur | 4.21 | 9.012 | 9.000 | 9.515 | 10.622 | 11.44 | 12.768 |
| **Tekjur samtals** | **95.816** | **103.612** | **110.000** | **114.05** | **118.607** | **122.988** | **127.997** |
| Laun og launatengd gjöld | 75.389 | 87.376 | 92.881 | 96.875 | 100.847 | 104.981 | 109.286 |
| Annar kostnaður | 19.355 | 14.919 | 15.695 | 16.119 | 16.522 | 16.935 | 17.358 |
| Afskriftir | 503 | 403 | 424 | 435 | 446 | 457 | 469 |
| **Gjöld samtals** | **95.248** | **102.698** | **109** | **113.429** | **117.814** | **122.373** | **127.112** |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði** | **569** | **914** | **1.000** | **621** | **792** | **615** | **885** |
| Fjármagnsliðir | -70 | -482 | -507 | -520 | -533 | -547 | -560 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir skatta** | **499** | **432** | **494** | **101** | **259** | **68** | **325** |
| Tekjuskattur | | | | | | | |
| Matsbreytingar | | | | | | | |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | | | | | | |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga | | | | | | | |
| **Rekstrarniðurstaða** | **499** | **432** | **494** | **101** | **259** | **68** | **325** |

## STARFSFÓLK

| | Raun 2023 | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 5 | 5 | 5 |
| Fjöldi stöðugilda | 5 | 5 | 5 |
| Stöðugildi eftir þjónustuþáttum: | | | |
| Verkefnastofa starfsmats | 3 | 3,5 | 3,5 |
| Jafnlaunamál | 2 | 1,5 | 1,5 |

## SKIPTING REKSTRAR 2025




## HLUTVERK

Jafnlaunastofa hefur það hlutverk að stuðla að launajafnrétti starfsfólks sveitarfélaga og veita stjórnendum þeirra stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um að sambærilegum eða jafnverðmætum störfum hjá sveitarfélögunum séu greidd jöfn laun. Með því að efla jafnlaunastarf sveitarfélaganna er stutt við innleiðingu og viðhald jafnlaunavottunar.

Jafnlaunastofa veitir jafnframt ráðgjöf og stuðning við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti kynjanna og jaðarsettra hópa á grundvelli aðferðafræði starfsmats.

Verkefnastofa starfsmats starfar innan Jafnlaunastofu í samræmi við markmið jafnréttislaga og ákvarðanir faglegrar stjórnar starfsmatskerfisins SAMSTARF. Verkefnastofa sér um rekstur starfsmatskerfis sveitarfélaganna sem ætlað er að stuðla að jafnrétti í launasetningu og sér um starfsmat og endurmat starfa sveitarfélaga.

Jafnlaunastofu er ætlað að vera í samstarfi og byggja upp og miðla þekkingu á sviði jafnlaunamála og stuðla þannig að launajafnrétti.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Jafnlaunastofa vinnur að launajafnrétti með tvíþættum hætti. Annars vegar í gegnum Verkefnastofu starfsmats sem sér um mat og endurmat starfa sveitarfélaga auk þess að bjóða upp á fræðslu og ráðgjöf

til stjórnenda sveitarfélaga og stéttarfélaga. Hins vegar með því að vinna að jafnlaunamálum sveitarfélaganna í víðara samhengi í samræmi við jafnlaunaákvæði laga.

Langflest sveitarfélög hér á landi, þar með talið Reykjavíkurborg, hafa til langs tíma byggt launasetningu stórs hluta starfa sinna á starfsmatskerfi sem ætlað er að meta kvenlæga þætti starfa til jafns við karllæga þætti og stuðla þannig að launajafnrétti. Samið er um notkun starfsmatskerfisins í kjarasamningum. Í því felst samkomulag samningsaðila um að grunnlaunasetning starfs byggi á mati á þeirri þekkingarkröfu og færni sem gerð er til starfs, þeirri ábyrgð sem það krefst, því álagi sem því fylgir og þeim vinnuaðstæðum sem það er unnið innan. Kerfið var fengið frá Bretlandi, þýtt og staðfært fyrir rúmum 20 árum síðan. Kerfið fékk heitið Samstarf og vísar það til þess að allar ákvarðanir um kerfið, notkun þess og mat starfa byggja á samhljóða ákvörðunum stéttarfélaga og sveitarfélaga.

Á árinu hefur auk hefðbundinna verkefna verið unnið að innleiðingu nýrra stéttarfélaga sem nýlega hafa samþykkt að byggja grunnlaunasetningu á starfsmatskerfinu. Þá er einnig unnið að umbótum á vinnulagi við notkun starfsmatskerfisins í samstarfi við öll sveitarfélög og svið borgarinnar til að tryggja sem besta framkvæmd.

Frá því starfsmatskerfið Samstarf var tekið upp hefur vinnumarkaðurinn tekið töluverðum breytingum og samhliða hefur inntak starfa breyst. Í því samhengi má nefna auknar menntunarkröfur og áhrif tækniþróunar ekki síst starfrænnar þróunar á störf og starfsumhverfi. Mikilvægt er að kerfið taki breytingum í takt við þróun vinnumarkaðarins svo það þjóni markmiðum sínum um launajafnrétti. Sérstök áhersla hefur verið á að afla þekkingar og koma á tengslum við sérfræðinga sem standa framarlega í þróun virðismatskerfa til að gera Jafnlaunastofu kleift að styðja við faglega þróun starfsmatskerfisins í samstarfi við hagaðila.

Áhugi á virðismati starfa og þróun og notkun virðismatskerfa hefur farið vaxandi undanfarin misseri. Aðgerðahópur um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði hefur lagt áherslu á þróun virðismatskerfi sem leið til að draga úr þeim launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Jafnlaunastofa hefur unnið með aðgerðahópnum að þróun virðismatskerfis í þágu launajafnréttis sem kom út í byrjun árs. Um er að ræða upplegg að kerfi sem þarfnast frekari útfærslu. Kerfið er unnið að nýsjálenskri fyrirmynd og er auk þess að stuðla að kynjajafnrétti við mat á virði starfa með ríka áherslu á að styðja við inngildandi starfshætti á vinnustöðum. Vinna að kerfinu fól í sér umtalsverða greiningu á virðismatskerfum sem notuð eru víðs vegar um heim og mun reynast dýrmæt þegar til endurskoðunar á starfsmatskerfis sveitarfélaganna kemur.

Á árinu 2025 verður samhliða hefðbundnum verkefnum haldið áfram á sömu braut með áherslu á að auka skilvirkni og gæði í vinnu- og verklagi við starfsmat. Það er í samræmi við bókanir með kjarasamningum sem gerðir hafa verið á árinu. En þar kemur fram vilji samningsaðila til þess að láta framkvæma úttekt á ákvarðanatökuferlum, verk- og vinnulagi og virkni starfsmatskerfisins út frá markmiðum þess um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf.

Áfram verður lögð áhersla á að Jafnlaunastofa stuðli að aukinni vitund um mikilvægi starfsmats til að stuðla að launajafnrétti. Í þeim tilgangi verður staðið fyrir fræðslu, veitt ráðgjöf og lögð áhersla á að vera í samstarfi um virðismat og launajafnrétti.

## FRAMLÖG EIGENDA

| *Fjárhæðir í þús.kr.* | Útkomuspá/ Áætlun 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|
| Reykjavíkurborg (50%) | 47.306 | 50.500 |
| Samband íslenskra sveitarfélaga (50%) | 47.306 | 50.500 |

